

Indriði Indriðason

Merkasti íslenski
miðillinn

Erlendur Haraldsson & Loftur R. Gissurarson

Indriði Indriðason

Merkasti íslenski
miðillinn

Indriði Indriðason
Merkasti íslenski miðillinn

© Erlendur Haraldsson og Loftur R. Gissurarson
Íslensk þýðing: Guðmundur Kristinn Sæmundsson

Bókin var fyrst gefin út í Bretlandi og Bandaríkjunum af White Crow Books undir heitinu
INDRIDI INDRIDASON: THE ICELANDIC PHYSICAL MEDIUM.

Útgefandi: Almenna bókafélagið.
Almenna bókafélagið er hluti af BF-útgáfu ehf.
Reykjavík 2019
Hönnun kápu: Björn H. Jónsson
Umbrot: Guðmundur Kristinn Sæmundsson
Prentun: ScandBook, Svíþjóð

ISBN 978-9935-497-51-2

Allur réttur áskilinn. Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar. Þó má birta tilvitnanir í ritdómum um bókina.

EFNISYFIRLIT

1. kafli: Hver var Indriði Indriðason?	9
2. kafli: Mikilvægir atburðir í lífi Indriða	15
3. kafli: Upphafið – borðdans, skrift og tal	24
4. kafli: Lyfting, beint tal og ljósfyrirbæri	28
5. kafli: Eldur í Kaupmannahöfn	39
6. kafli: Einhver eðlileg skýring?	47
7. kafli: Swedenborg og eldurinn í Stokkhólmi	51
8. kafli: Leitin að Emil Jensen	55
9 kafli: Handleggur Indriða hverfur	60
10. kafli: Heilun, lyktarfyrirbæri og sýndaruppskurðir	67
11. kafli: Sannanir um tilvist	71
12. kafli: Efnisgerving og flutningur	75
13. kafli: Ofsafengnar truflanir og ljósmyndatilaun	84
14. kafli: Skemmdarverkatilræði	91
15. kafli: Venjulegir miðilsfundir	98
16. kafli: Jón verður friðsæll	104
17. kafli: Stjórnendur og framliðnir þátttakendur	107
18. kafli: Bein raddfyrirbæri – tal og söngur	111
19. kafli: Franska söngkonan og „Musica Transcedentale“	115
20. kafli: Norski læknirinn og tónskáldið Edvard Grieg	124

21. kafli: Greining á fyrirbærum Indriða	131
22. kafli: Daniel Dunglas Home, frægasti efnismiðill heims	134
23. kafli: Samanburður á Indriða og Daniel Dunglas Home	142
24. kafli: Rudi Schneider og Einer Nielsen	146
25. kafli: Gagnrýni samtímamanna	152
26. kafli: Rannsóknir dr. Guðmundar Hannessonar	165
27. kafli: Dr. Guðmundur gerir enn strangari öryggisráðstafanir	172
28. kafli: Miðilsfundur á heimili dr. Guðmundar	179
29. kafli: Síðustu tveir miðilsfundirnir með Indriða	184
30. kafli: Niðurstöður dr. Guðmundar	192
31. kafli: Síðari dæmi um lyftingu og raddfyrirbæri	202
32. kafli: Lífið fyrir handan	211
33. kafli: Ótímabær dauði	214
34. kafli: Lokaorð – sannanir um annað líf	223
Um ritun þessarar bókar	228
Heimildaskrá	230
Myndaskrá	237
Nafnaskrá	239
Atriðisorðaskrá	243
Viðaukar	244
Aftanmálgreinar: Tilvísanir í heimildir	253



Efnismiðillinn Indriði Indriðason.

1. kafli

HVER VAR INDRÍÐI INDRÍÐASON?

Miðilsstörf Indriða Indriðasonar (1883–1912) voru rannsökuð og vandlega prófuð af meðlimum Tilraunafélagsins í Reykjavík. Í samtímaskýrslum er merkilegum huglægum og efnislegum miðilsfyrirbærum hans lýst í smáatriðum frá því að miðilsstörf hans hófust árið 1905 og þar til þeim lauk í júní árið 1909.

Þessi fyrirbæri gerðust sum hver í fullri dagsbirtu og voru af margvíslegum toga. Þar má nefna tilfærslu og lyftingu margskonar hluta, hús-gagna og miðilsins sjálfs; högg á vegg og smelli í lausu lofti; lyktar-fyrirbæri og ljósfyrirbæri; efnisgervingu mannlegra vera; „ósýnilegan“ hljóðfæraleik; hlutir voru færðir til; sjálfstæðar raddir sem sungu stundum af miklum styrk; afefnisgervingu; bæði beina skrift og ósjálfráða skrift miðilsins; og loks tal í miðilstransi.

Sennilega eru til gögn um flestar tegundir þeirra fyrirbæra sem áttu sér stað hjá Indriða og í hvaða röð þau urðu. Til er mikill fjöldi ítarlegra skýrslna frá öllum fimm árum miðilsstarfs hans. Styrkur og fjölbreytni athugaðra fyrirbæra sem honum tengjast virðist svipa til þeirra sem tengjast hinum nafntogaða breska miðli Daniel Dunglas Home (1833–1886).

Engar skýrslur eru til um neinn miðil á Íslandi fyrir daga Indriða. Spíritismi var nánast óþekktur hér á landi fyrir þennan tíma og þeir einstaklingar sem gerðu tilraunir með Indriða kynntust þar í fyrsta sinn starfi og fyrirbærum efnismiðils.

Tilraunafélagið var fyrstu samtök landsins sem sinntu tilraunum sem þessum. Einar H. (Hjörleifsson) Kvaran, skáld og ritstjóri í fremstu röð, hafði lesið bókina *Human Personality and its Survival of Bodily Death* eftir Frederic W. H. Myers (1843–1901) sem gefin var út að höfundi látnum. Einar stofnaði tilraunahóp í október árið 1904 til að rannsaka staðhæfingar um miðilsstörf.¹ * Þessi hópur varð formlegt félag haustið 1905.² Einar var forseti félagsins alla tíð sem það starfaði og um hann má því með góðri samvisku segja að hann eigi heiðurinn af að hafa stofnað til sálarrannsóknna á Íslandi.³


Forystumenn Tilraunafélagsins voru afar áhugasamir um rannsóknir og gerðu tilraunir á Indriða allt frá upphafi miðilsferils hans árið 1905 þar til hann varð óvirkur árið 1909. Hann lést árið 1912. Líklega var hann einstakur á meðal merkustu miðla sökum þess að hann var uppgötvaður og hlaut þroska sinn sem miðill í höndum rannsóknarmiðaðra fræðimanna og háskólaborgara. Haraldur Níelsson, guðfræðiprófessor við Háskóla Íslands, greinir frá því⁴ að fundir hafi venjulega verið haldnir einu sinni eða tvisvar í viku hverri frá miðjum september til loka júnímánaðar. Fram kemur í þeim tveimur fundargerðabókum Tilraunafélagsins sem enn eru til að fundir hafi stundum verið haldnir enn oftar, jafnvel nokkrum sinnum í viku.

Indriða voru greidd ákveðin frekar lág árslaun af Tilraunafélaginu og fékk frítt húsnæði. Í staðinn skyldi hann ekki halda neina miðilsfundi án leyfis félagsins. Skömmu eftir andlát hans var Tilraunafélagið leyst upp en árið 1918 var það endurvakið sem Sálarrannsóknafélag Íslands.

Tilraunafélagið var í rauninni fyrst og fremst stofnað til að rannsaka þau ótrúlegu fyrirbæri sem áttu sér stað í návist Indriða.⁵ Félagið var ekki spíritískt í venjulegum skilningi þess orðs þótt margir þeirra sem þátt tóku í tilraununum virðist smátt og smátt hafa aðhyllst skýringar spíritismans.⁶

* Neðanmálgreinar (skýringar af ýmsu tagi) eru merktar með táknum, aftanmálgreinar (tilvísanir í heimildir) með tölum. Aftanmálgreinar eru aftast í bókinni (frá bls. 253).

Meðal stofnenda Tilraunafélagsins voru Haraldur Níelsson prófessor, Einar H. Kvaran skáld, Björn Jónsson (1846–1912; síðar Íslandsráðherra) og ýmsir aðrir áberandi borgarar í Reykjavík. Árið 1907 var félagið orðið svo hrifið af starfi Indriða að það lét byggja lítið hús til að geta rannsakað hann betur. Byggingin var á einni hæð með flötu þaki og gluggahlerum. Í því voru tvö herbergi fyrir fundi auk tveggja íbúðarherbergja fyrir Indriða. Húsið var kallað „Tilraunahúsið“ eða „Sambandshúsið“.



Uppdráttur Þórbergs Þórðarsonar af Tilraunahúsinu, ásamt skýringum hans.

Fundargerðabækur Tilraunafélagsins eru mikilvæg heimild um miðilsstörf Indriða. Í þær var skrifað strax eftir fundi eða næsta dag, aðallega af Haraldi Níelssyni en stundum af Einari H. Kvaran eða Birni Jónssyni sem báðir voru ritstjórar fréttablaða. Fundargerðabækurnar voru týndar í meira en hálfa öld ár en þá fundust tvær þeirra í skjalasafni Dagnýjar Auðuns (1908–1991). Hún var ekkja séra Jóns Auðuns (1905–1981) prófasts í Dómkirkju Reykjavíkur og eins af frammámönnum spíritista en hann hafði verið nemandi í guðfræði hjá Haraldi Níelssyni prófessor.

Fyrri fundargerðabókin er 46 blaðsíður og lýsir þrettán miðilsfundum milli 4. desember 1905 og 6. janúar 1906. Margar lýsinganna eru mjög nákvæmar og spanna nokkrar blaðsíður. Ein er ófullgerð og inniheldur aðeins bæn sem beðin var í upphafi miðilsfundarins.*

Síðari fundargerðabókin er 159 blaðsíður og inniheldur skýrslur um 43 miðilsfundi milli 9. september 1907 og 3. febrúar 1908. Þannig eru nú til nákvæmar bækur um níu mánuði en sennilega hafa verið til bækur með skýrslum um 25 til 30 mánuði.

Í viðbót við þessar tvær bækur sem enn eru til eru um það bil 100 lausar blaðsíður með viðbótarskýringum, drögum og athugasemdum. Efnið allt er nærri 300 blaðsíður. Það er varðveitt í handritadeild Þjóðarbókhöðunnar í Reykjavík. Frumtexti fundargerðabókanna var gefinn út árið 2015 í bókinni *Raddað myrkur* sem ritstýrt var af Karlottu J. Blöndal.⁷

Auk fundargerðabókanna eru til vitnisburðir frá fjórum einstaklingum sem fylgdust náíð með Indriða miðli og skrifuðu langar skýrslur um athuganir sínar á þeim furðufyrirbærum sem gerðust í návist hans. Þeir eru:

1. Guðmundur Hannesson (1866–1946) lækisfræðiprófessor við Háskóla Íslands.

* Þótt bæn hafi verið beðin í upphafi hvers fundar var það ekki alltaf sama bænin.

2. Einar H. Kvaran (1859–1938) ritstjóri og rithöfundur.
3. Séra Haraldur Níelsson (1868–1928) prófessor við Háskóla Íslands.
Hann tók virkan þátt í tveimur fyrstu alþjóðaráðstefnunum um sálarrannsóknir sem voru undanfari ráðstefnuhalds Alþjóða dulsálarfræðisamtakanna.
4. Brynjólfur Þorláksson (1867–1950) organisti við Dómkirkjuna í Reykjavík. Hann lék venjulega á orgel á miðilsfundum Indriða og varð náinn vinur hans.

Flestar þær heimildir sem til eru um Indriða eru skrifaðar á íslensku en sumar meginheimildirnar voru skrifaðar á eða þýddar á önnur tungumál.⁸ Auk þess hélt Haraldur Níelsson fyrirlestra um fyrirbæri Indriða miðils á fyrstu tveimur alþjóðaráðstefnunum um sálarrannsóknir, í Kaupmannahöfn árið 1921⁹ og í Varsjá 1923.¹⁰ Stutt ágríp er einnig að finna í sálarrannsóknatímaritum sem greina frá þessum tveimur ráðstefnum.¹¹

Nákvæmstu skýrslurnar um miðilsstörf Indriða, svo sem skýrslur Haraldar Níelssonar og Guðmundar Hannessonar, eru byggðar á ítarlegum skráðum samtímalýsingum. Guðmundur skrifaði sínar lýsingar á miðilsfundunum sjálfum en bætti síðan við þær eftir fundi, annaðhvort strax eða næsta morgun.¹² Haraldur notaði sömu aðferð og báðir þjálfuðu sig í að skrifa í myrkri á fundunum.¹³ Þegar það átti við öfluðu þeir skriflegra vitnisburða frá einstaklingum sem voru viðstaddir eða tengdust fyrirbærunum og felldu þá inn í fundargerðabækurnar.

Minningar Brynjólfs Þorlákssonar eru meginefni bókar Þórbergs Þórðarsonar (1888–1974) um Indriða. Hún var gefin út árið 1942 og hét einfaldlega *Indriði miðill*. Þórbergur tók sjálfstæð viðtöl við margt fólk sem verið hafði viðstatt miðilsfundina. Hann vísaði einnig til greina Einars H. Kvaran, Haraldar Níelssonar og Guðmundar Hannessonar¹⁴ en ennþá mikilvægara er að hann notaði tvær fundargerðabækur sem hann hafði aðgang að árið 1942. Fundargerðirnar voru að mestu leyti skrifaðar af Haraldi og Einari og í annarri bókinni voru fundargerðirnar einnig vottaðar af tveimur eða fleiri fundarmönnum.

Einn rannsakandi var öllum hinum fremri í umfangsmiklum öryggisráðstöfunum vegna rannsókna sinna og í gæðum og nákvæmni í skýrslum sínum. Þetta var dr. Guðmundur Hannesson sem síðar varð einn nafntogaðasti vísindamaður landsins á sínum tíma og naut mikillar virðingar jafnt hér heima sem erlendis. Á ferli sínum gegndi hann fjölmörgum embættum. Hann var meðal annars tvisvar sinnum forseti Háskóla Íslands, stofnandi Læknafélags Íslands og Vísindafélags Íslendinga, ritstjóri Læknablaðsins í alls 11 ár og alþingismaður Húnavetninga í tvö ár.

Árið 1908 bað Guðmundur Tilraunafélagið um leyfi til að gera óháða rannsókn á Indriða Indriðasyni. Hann virðist hafa verið kunnur fyrir efasemdir sínar og vantrú á fyrirbærunum. Nákvæmar rannsóknir hans stóðu allan veturinn 1908–1909 og er þeim lýst í síðari hluta bókarinnar. Fyrir Indriða gegndi Guðmundur þannig sama hlutverki og breski efnafræðingurinn og líffræðingurinn Sir William Crookes gegndi fyrir miðilinn Daniel Dunglas Home.

2. kafli

MIKILVÆGIR ATBURÐIR Í LÍFI INDRÍÐA

Indriði Indriðason fæddist 12. október árið 1883, elstur þriggja sona bóndans á Hvoli í hinni afskekktu Saurbæjarsveit í Dalasýslu. Hann kom til Reykjavíkur 21 árs gamall til að gerast aðstoðarmaður við prentun. Haraldur Nielsson¹⁵ skrifar að Indriði hafi aldrei heyrt um miðilsfyrirbæri áður en hann kom til Reykjavíkur. Ótrúlegir andlegir hæfileikar hans voru uppgötvaðir í byrjun árs 1905¹⁶ þegar honum var fyrir tilviljun boðið að sitja fund í nýstofnuðum hópi, þeim fyrsta á Íslandi, heima hjá skyldmenni sínu. Þau voru að reyna að framkvæma borðdans* þegar Indriða var boðið að taka þátt. Einar H. Kvaran¹⁷ lýsir atvikinu þannig:

Svo kom Indriði Indriðason til sögunnar. Hann var prentnemi í Ísafold. Hann var skyldur Indriða Einarssyni, og átti þar athvarf. Indriði Einarsson hafði áhuga fyrir tilraununum, en þó enn meira kona hans. Hún sat eitt sinn við „borð“ þegar Indriði kom þangað og bað hann um að taka þátt í þeirri tilraun. En Indriði var ekki fyr sestur að borðinu, en borðið tekur viðbragð mikið, og hamast. Varð Indriði skelkaður og ætlaði að hlaupa út.

En upp úr því byrjuðu tilraunirnar með Indriða. Hann kom heim til mín, og við settumst við borð. Borðið hamaðist og slóst til um alt og hætt var við að það brotnaði. Eitt sinn var borðið oltið um koll. Þá

* Borðdans (en. table-tilting) fólst í að reyna að fá skilaboð að handan með hreyfingum borðs sem fundarmenn sátu við og héldu í. Ef borðið hreyfðist í ákveðnar áttir merkti það ákveðið svar eða skilaboð. Þessu svipar nokkuð til svonefnds „andaglass“ sem margir þekkja.

studdi Indriði á plötuna, en við það kiptist borðið að honum. – Það þótti mjér merkilegt.

Haraldur Níelsson¹⁸ skrifar að Indriði hafi roðnað og nánast orðið hræddur þegar hann uppgötvaði áhrif nærveru sinnar á borðið á þessum fundi. Borðið hreyfðist greinilega kröftuglega um leið og hann snerti það. Þetta var upphaf stöðugra og kröftugra andlegra áhrifa hans sem stóðu nánast óslitið og jafn sterk í nærri fimm ár. Skömmu eftir þetta atvik urðu fleiri fyrirbæri. Þegar innt var eftir því fengu félagsmenn vitneskju um að Indriði hefði áður séð „merkilegar sýnir“ en engar nákvæmari upplýsingar eru til um eðli þessara upplifana.¹⁹

Þar sem Indriði var bóndasonur hafði hann fengið lágmarksmenntun (aðeins kennslu í að lesa og skrifa) og kunni engin erlend tungumál nema nokkur orð í dönsku sem hann kann að hafa lært eftir að hann flutti til Reykjavíkur.

Haraldur skrifar að sveitapilturinn ungi hafi aldrei séð töframann og loddarabrögð verið óþekkt á Íslandi á þessum tíma.²⁰ Á miðilsferli sínum var Indriði sennilega einn frægasti einstaklingur landsins og hann varð afar umdeildur. Af sumum var hann fyrirlitinn og hæddur en aðrir litu á hann sem uppsprettu gífurlegs andlegs krafts og / eða mann sem tengdi saman lifendur og dauða. Indriði sjálfur leit á fyrirbærin sem urðu í návist hans sem verk framliðinna anda sem hann gæti séð.²¹

Indriði var fyrsti miðill Íslands. Hann var fyrst og fremst efnismiðill^{**} og hugsanlega eini efnismiðillinn sem Ísland hefur alið. Samkvæmt þeim heimildum sem til eru þróuðust kraftur og fjölbreytni fyrirbæra hans stöðugt frá 1905 þar til þau náðu hæsta stigi sínu árið 1909 þegar hann hélt sinn síðasta miðilsfund.²² Miðilskraftur Indriða minnkaði aldrei og hann hætti aðeins vegna veikinda sinna. Flest fyrirbæri Indriða urðu þegar

* Efnismiðill er miðill sem sérhæfður er í efnislegum, sýnilegum eða heyranlegum fyrirbærum, líkt og Indriði.

hann féll í trans* á miðilsfundum en mjög öflug fyrirbæri urðu einnig þegar hann var vakandi. Auk þess urðu mörg fyrirbæri utan venjulegra funda sem fyrst voru haldnir á heimilum Einars H. Kvaran og Haraldar Níelssonar en seinna í Tilraunahúsinu.

Sumarið 1909 fór Indriði í heimsókn til foreldra sinna í sveitinni.²³ Í ferðinni veiktust hann og unnusta hans, Jóna Guðnadóttir (1892–1909), af taugaveiki. Sjúkdómurinn dró hana til dauða. Árið 1911 kvæntist Indriði Ingvaldi Brandsdóttur og áttu þau saman eitt barn sem dó í bernsku.²⁴ Indriði náði sér aldrei af taugaveikinni og fleiri miðilsfundir voru ekki haldnir. Síðar kom í ljós að hann hafði einnig sýkst af berklum sem ollu ótímabærum dauða hans á Vífilsstaðahæli 31. ágúst árið 1912. Hann varð aðeins 28 ára gamall.

Í lok þessa æviágrips Indriða á vel við að kynna til sögunnar afabróður hans sem varð áberandi í miðilsstarfi hans sem aðalstjórnandi hans fyrir handan. Þetta var Konráð Gíslason (1808–1891), einn Fjölnismanna. Hann fékk meiri menntun en aðrir í fjölskyldunni og á sérstakan hátt. Hann byrjaði sem vikapiltur fyrir



Konráð Gíslason (1808–1891) var einn af framliðnum aðalstjórnendum og þátttakendum á miðilsfundum Indriða. Konráð var prófessor í íslensku og norrænum fræðum við Kaupmannahafnarháskóla og þekktur fræðimaður, auk þess einn af Fjölnismönnum.

* Trans: Stundum kallað dá eða miðilsdá/miðilsástand og er eins konar meðvitundarleysi miðilsins en um leið ástand sem opnar leið að handan gegnum hann.

Hallgrím Scheving (1781–1861), rektor Bessastaðaskóla*. Rektorinn varð svo hrifinn af þessum unga manni að hann fékk hann til að aðstoða sig við fræðistörfin og hjálpaði honum síðan við nám í menntaskólanum. Að því loknu hélt Konráð til Kaupmannahafnar og stundaði þar nám við háskólann. Hann sneri aldrei aftur til Íslands en varð prófessor í íslensku og norrænum fræðum og vel metinn fræðimaður. Þótt Indriði hafi aldrei hitt Konráð hefur hann nánast örugglega heyrt af honum látið í æsku.

Stutt yfirlit yfir fyrirbæri Indriða Indriðasonar

Fyrirbærin í návist Indriða hófust snemma árs 1905 með öflugum borðdansi, ósjálfráðri skrift og tali í transi þar sem fyrstu stjórnendur hans og framliðnir þátttakendur birtust. Miðilsfundirnir voru haldnir í myrkri með smáljósglætu frá ofni eða litlu rauðu ljósi. Eftir sumarhlé árið 1905 héldu hluthreyfingar og hlutlyfting áfram. Til dæmis færðist borð úr stað án þess að neinn snerti það. Við annað tækifæri gátu fundarmenn ekki þrýst borði niður sem færðist til. Högg og dynkir á vegg, gólf og í lausu lofti voru algengir. Miðillinn fluttist sjálfur úr stað. Fundarmenn voru snertir af ósýnilegum höndum þótt miðlinum væri haldið langt frá þeim. Um þetta leyti urðu fyrstu ljósfyrirbærin, svo sem leiftur eða ljósdeplar í loftinu eða á veggjum fundarherbergisins. Enginn venjulegur ljósgjafi var til staðar til að valda þessum fyrirbærum.

Indriði er fyrst og fremst þekktur fyrir *efnisfyrirbæri* sín. Hér á eftir fer grófur listi yfir skráðar athuganir á miðilsfundum hans og reyndar nokkrar athuganir sem urðu utan formlegra funda. Þessum fyrirbærum verður lýst nákvæmlega í síðari köflum bókarinnar.

* Bessastaðaskóli var eini menntaskólinn á Íslandi sem menntaði stúdenta fyrir háskólanám.

- *Smellir, brestir í loftinu*, bankað að beiðni fundarmanna, stundum hátt og fast, og högg sem heyrðust á líkama miðilsins.
- *Vindgustur*, kaldur eða heitur, var algengur, nægilega sterkur til að hreyfa pappír, stundum langt frá miðlinum og stundum eins og blásið væri úr munni einhvers.
- *Lyktarfyrirbæri (ilmur)* kom stundum fyrir, skyndilegur sækkenndur ilmur í návist miðilsins, stundum önnur lykt, til dæmis af þangi. Ilmurinn festist stundum við fundarmenn eftir snertingu miðilsins.
- *Hluthreyfing, lyfting og hlutfærsla* voru algeng, bæði stórir hlutir og smáir, léttir hlutir og þungir, fluttust um skamman veg eða langan innan herbergis eða salar. Sumir þessara hluta hreyfðust eins og þeim væri kastað af afli, í önnur skipti var hreyfing þeirra óregluleg. Stundum skulfu hlutir. Gluggatjöld voru dregin fyrir og frá að beiðni fundarmanna.
- *Tilfærsla miðilsins*. Mörg dæmi eru skráð um slíka tilfærslu, oft á meðan annar fundarmaður hélt í miðilinn. Í öflugum reimleikafyrirbæri var miðillinn dreginn eftir gólfinu og fleygt upp í loftið þannig að gæslumenn hans áttu erfitt með að halda honum niðri.²⁵
- *Hljóðfæraleikur* þar sem ósýnilegar hendur virtust leika á hljóðfæri, stundum á meðan þau færðust úr stað og hreyfðust í lausu lofti. Spiladós fór að leika af sjálfu sér.
- *Festing hluta eða miðils*. Fundarmenn gátu ekki hreyft hluti eða stöðvað hreyfingu þeirra eða ýtt þeim niður þegar þeir voru á lofti. Fundarmenn gátu ekki hreyft miðilinn eða útlími hans.
- *Ljós-fyrirbæri*. Eldleiftur eða eldhnettir, stór eða smá eldleiftur á veggjunum. Ljós-ský sem stundum voru tugir sentimetra að umfangi, stundum lýst sem ljóssúlum²⁶ utan um mannlega veru sem birtist inni í þeim.
- *Efnisgerving*. Skuggi eða útlínur efnisgerðra fingra, handar eða fótar eða heillar mannveru birtust. Fundarmenn snertu efnisgerða fingur, limi eða líkami sem þeim fannst vera gegnheilir. Í eitt skipti sást kynjaskepna (blanda af hrossi og kálfi) utan miðilsfundar.

- *Afþfnisgerving* af handlegg miðilsins. Öxl og búkur miðilsins var snertur af nokkrum fundarmönnum en þeir gátu ekki fundið fyrir handlegg hans.
- *Tilfinning um að vera snert, ýtt eða slegin* af ósýnilegum höndum, einnig tilfinning um að vera kysstur.
- *Hljóð heyrð í návist miðilsins*, hlátur, fótatak, suð, hófaskellir og skríði í fötum eins og einhver væri að hreyfa sig.
- *Bein raddfyrirbæri*. Hvísl heyrðist, raddir töluðu, einnig í gegnum lúðra sem færðust til í lausu lofti, Raddir heyrðust syngja, bæði karlródd og kvenródd á sama tíma. Kórsöngur heyrðist í fjarlægð.
- *Bein skrift*. Skrift birtist á pappír án þess að nein mannvera snerti hann.
- *Tvö fyrirbæri eða fleiri gerðust samtímis* sem talið var ómögulegt að einn einstaklingur gæti framkvæmt svo sem þegar hljóðfæri hreyfðist hratt í lausu lofti á meðan leikið var á það eða þegar tvær ólíkar raddir sungu samtímis.
- *Ósjálfráð skrift* þar sem handskrift Indriða breyttist verulega.
- *Hugleg fyrirbæri* voru einnig skráð, til dæmis þegar upplýsingum var komið á framfæri sem gátu ekki verið tiltækar neinum fundarmanna á eðlilegan hátt. Eldsvoða í Kaupmannahöfn var lýst „beint“ á tíma þegar hvorki sími né útvarp var á Íslandi.
- *Stjórnendur Indriða og einstakir framliðnir þátttakendur* afhjúpuðu þekkingaratriði sem miðillinn gat með engu móti vitað um þá.

Miðilsfundur í Tilraunahúsinu

Heppilegt er þegar hér er komið sögu að lýsa dæmigerðum miðilsfundi í Tilraunahúsinu veturinn 1908–1909. Stærri salurinn í húsinu (sjá teikningu á bls. 11) tók 100 manns í sæti. Bekkjumum var raðað upp eins og í kirkju með aðaldyrum aftast í salnum. Autt rými var fremst í salnum og fyrir miðjum veggnum var lampi sem festur var á ræðupúltið. Fyrir framan fremsta bekkinn stóð lítið harmoníumorgel og á auða svæðinu við

lampann voru tveir stólar og borð. Lúðrar og spiladós* voru á borðinu. Í byrjun hvers miðilsfundar sat Indriði á öðrum stólnum og sá einstaklingur sem átti að gæta hans á hinum. Guðmundur Hannesson segir orðrétt:²⁷

Menn setjast, hver af öðrum, í sæti sín á bekkjunum, og brátt er salurinn fullur. Um þessar mundir kemur miðillinn inn, ungur gervilegur maður. Hann tekur sér sæti á stólnum fram undan ræðustólnum, en annar maður á hinum stólnum við hlið hans, sem hafa skal gætur á miðlinum, þegar ljósið er slökkt, og skýra frá, hvort hann verði áskynja um nokkur brögð frá hans hálfu. Formaður skyggist um salinn, hvort allir séu komnir og allt í lagi, dyrunum er lokað og ljósið slökkt, en í stað þess er kveikt á kerti hjá manni þeim, er leika skal á orgelið, og þess gætt, að birtuna leggi ekki á miðilinn. Allt samtal hættir. Sálmalag heyrir frá orgelinu og fleiri eða færri söngmenn syngja sálm úr sálmaðókinni. ...

Nú er hálfrokkur í salnum. Við sjáum þó glögglega miðilinn. Hann situr grafkyrr á stólnum og heldur höndunum á brjóstinu, með lóf-unum lögðum saman líkt og myndir sýna menn, sem biðjast fyrir. Eftir nokkura stund tekur hann ef til vill snögg viðbrögð, kippist eins og ósjálfrátt til. Allt í einu fellur höfuð og hendur niður, líkaminn sýnist hálfmáttlaus, hann situr hálfboginn á stólnum með höfuðið niðurlútt. Formaður gefur þeim merki, sem leikur á hljóðfærið. Kertið er slökkt, og þegar lagið er leikið á enda, hættir söngurinn. Miðillinn er nú fallinn í eins konar dá og veit ekki lengur af sér. Nú er dauðapögn í salnum og niðamyrkur.

Þegar Indriði var í transi töluðu margir stjórnendur hans meðal framliðinna og heilsuðu fundarmönnum en að því loknu hófust efnisfyrirbærin. Spiladósinn heyrðist leika tóna og raddir heyrðust tala í gegnum lúðra víðsvegar í salnum. Einn einstaklingur, kallaður „gæslumaðurinn“, var kjörinn til að sitja fast upp við miðilinn og halda í aðra hönd hans eða

* Spiladós: Hér mun vera átt við stærra tæki en spiladósir barna sem við þekkjum úr nútímanum. Gæti verið líkara upptrekkum grammófóni.

báðar, jafnvel fætur hans, til að geta greint frá því ef miðillinn reyndi að framkvæma fyrirbærin með blekkingum eða svikum. Síðar var hann einnig ábyrgur fyrir því að ekkert hættulegt henti miðilinn. Þessi einstaklingur var mjög oft Haraldur Níelsson. Þegar fyrirbærin gerðust kallaði gæslumaðurinn oft upp í hvaða stellingu Indriði væri og útskýrði hvernig hann héldi honum.

Miðilsfundir Indriða voru að sumu leyti öðruvísi en miðilsfundir í öðrum löndum á þessum tíma, hugsanlega vegna þess að engir viðstaddir höfðu nokkurn tíma tekið þátt í miðilsfundum erlendis:

- Stór hópur fundarmanna var vitni að fyrirbærunum. Að því er við best vitum fór fjöldi fundarmanna í öðrum löndum sjaldan yfir einn tug. Haraldur Níelsson²⁸ nefnir að þótt 60–70 manns hafi verið viðstaddir hafi sjálfstæðar raddir framliðinna heyrst, tilfærslufyrirbæri gerst sem og andleg fyrirbæri. Guðmundur Hannesson²⁹ skrifar að stærri tilraunasalurinn sem tók um 100 manns í sæti hafi verið fullsetinn á venjulegum miðilsfundum.
- Fundarmenn sátu í röð hliðstæðra bekkja og miðillinn á auðu svæði fyrir framan þá. Engar aðgengilegar heimildir útskýra hvers vegna þessi háttur var hafður á fremur en að sitja í hring. Milli októbermánaðar 1904 og haustsins 1905 þegar Tilraunafélagið var formlega stofnað sátu fundarmenn hvar sem þeir vildu í herberginu.³⁰ Áður en flutt var í Tilraunahúsið sem var sérstaklega hannað fyrir tilraunirnar með Indriða virðast félagsmenn hafa setið í hring með Indriða í miðjunni.

Aðrir miðilsfundir voru haldnir fyrir svonefndan „innri hring“ sem samanstóð af litlum hópi sérvalins fólks. Þessir fundir voru venjulega haldnir í minni sal Tilraunahússins og fengust við að þróa og gera tilraunir með sum fyrirbæranna, svo sem efnisgervingu og ljós-fyrirbæri.³¹

Miðilsfundir Indriða fóru oftast fram í myrkri. Félagsmenn virðast hafa reynt rauð ljós nokkrum sinnum en því var hætt þar sem þau virtust rýra fyrirbærin.³² Samt var skráð að mörg öflug fyrirbæri hefðu orðið í

fullri dagsbirtu utan fundanna. Þau gerðust í því sem virðast vera reimleikaupþákomur veturinn 1907–1908.³³

Auk þess virðast nokkrir borðdansfundir hafa verið haldnir í venjulegri birtu þar sem auk þess voru skráðar borðfærslur og högg á borð.³⁴ Ýmis önnur fyrirbæri eru skráð að hafi borið við skyndilega af og til í fullri dagsbirtu.³⁵ Birtuskilyrði eru sérstaklega tekin fram hér þar sem heimildir nefna þau.

Árin 1905–1906 voru fundir haldnir á heimili Haraldar Níelssonar þar til leigjendur á hæðinni fyrir neðan kvörtuðu yfir hávaðanum sem fylgdi fundunum. Annars voru fundirnir haldnir heima hjá Einari H. Kvaran. Til að byrja með voru fundarmenn fáir en þeim fjölgaði hratt þegar fréttir fóru að berast um þau ótrúlegu fyrirbæri sem þar urðu.

Í bókinni er megináhersla lögð á þróun efnisfyrirbæra Indriða en ekki reynt að setja fram tæmandi úttekt á öllu sem gerðist. Í fyrsta hluta þessarar bókar, fram að lýsingunni á tilraunum Guðmundar Hannessonar, er ekki að finna sannanir sem sambærilegar eru hinum klassísku rannsóknnum á Daniel Dunglas Home og Eusapia Palladino. Í síðari hlutanum er hins vegar lýst miðilsfundum þar sem dr. Guðmundur Hannesson beitti mjög umfangsmiklum öryggisráðstöfunum.

3. kafli

UPPHAFIÐ – BORÐDANS, SKRIFT OG TAL

Í október 1904 byrjaði Einar H. Kvaran að standa fyrir óreglulegum fundum með litlum hópi vina og ættingja. Þar reyndu þau að framkvæma borðdans og ósjálfráða skrift.³⁶ Einhver ósjálfráð skrift kom fram en lítið vit var í efni hennar. Á þessum tíma hafði Indriði ekki verið uppgötvaður.

Eins og þegar hefur verið nefnt varð Indriði fastur meðlimur hópsins eftir fyrsta fund sinn með honum og þær öfluggu borðhreyfingar sem þar urðu. Mjög stuttu síðar, eða árið 1905, varð þessi hópur að Tilraunafélaginu. Félagsmenn eyddu mörgum mánuðum í tilraunir með og þróun á ósjálfráðri skrift Indriða, borðhreyfingar, miðilstransi hans og tali í transi.

Indriða tókst ósjálfráð skrift strax við fyrstu tilraun.³⁷ Erfitt reyndist að lesa úr skriftinni til að byrja með en hún varð smám saman læsilegri. Að lokum var hann farinn að skrifa á miklu meiri hraða en hann gat með nokkru móti í meðvituðu ástandi. Hann hafði aðeins skrifað örfá bréf allt sitt líf samkvæmt Einari H. Kvaran.³⁸ Það var um þetta leyti sem fyrsti framliðni stjórnandi Indriða birtist, sennilega í gegnum ósjálfráðu skriftina. Þessi stjórnandi kvaðst vera kona og sárþændi Indriða stöðugt um að „leita Guðs“ og ástunda „góða siði“.³⁹ Á þessum tíma kröfðust félagsmenn „sannana fyrir tilvist“ af framliðnum sem komu fram í ósjálfráðri skrift Indriða.⁴⁰

Indriði féll í trans í fyrsta sinn á fundi á heimili Einars H. Kvaran sunnudagskvöldið fyrir páska árið 1905. Fram að því höfðu miðilsskilaboð einungis borist með ósjálfráðri skrift.⁴¹ Transinn hófst þegar Indriði skopaðist í miðjum klíðum að þeirri veru sem hann taldi stjórna

ósjálfráðu skriftinni. Þetta virtist valda uppnámi og ósjálfráða skriftin mótmælti: „Þú skalt ekki skopast að mér!“

Síðan lýsti hún yfir: „Indriði á nú að falla í trans.“ Indriði samþykkti það ekki í fyrstu en skriftin krafðist þess á ný: „Hann á að gera það.“ Þá samþykkti hann það og ljósinn voru slökkt, ekki kemur þó fram hvers vegna. Borð með púða á var sett hægra megin við hann og á því var pappír og blýantur. Hann lagði höfuðið á púðann og eftir fáeinar mínútur missti hann meðvitund og fór að skrifa á pappírinn. Einar H. Kvaran⁴² skrifar svo um þetta fyrsta skipti:



Margir miðilsfundir með Indriða fóru fram í þessu húsi sem Einar H. Kvaran bjó í um tíma. Þetta er Mjóstræti 2.

Hann skrifaði nokkurar setningar með hörðum rykkjum og stundi oft þungan og veinaði með köflum. Hann talaði við einhvern, sem auðheyrt var, að honum fanst vera hjá sér, það hann að fara ekki illa með sig og var með mótbárur móti því, sem honum fanst við sig sagt. Svo var hann vakinn eftir eitthvað tæpa klukkustund, að því er virtist af sama kraftinum eins og þeim, sem hafði svæft hann. Hann var vakinn fyrir tilmæli okkar; við höfðum aldrei séð þetta ástand áður og okkur var órótt.

Tilraunirnar á Indriða héldu áfram til sumars 1905. En vorið 1905 varð Indriði óttasleginn í transi og sagðist sjá skuggalegar verur, hann formælti þeim, skalf og nötraði af skelfingu.⁴³ Samstundis kom vera sem kvaðst vera látinn föðurafi Indriða og tók við stjórninni af konunni. Hann kvaðst heita Indriði Gíslason (1822–1898)* og varð nú annar aðalstjórnandi hans fyrir handan. Þessi stjórnandi varð fyrstur til að tala af vörum Indriða.⁴⁴

Þessi vera gerði fátt annað og aðrir stjórnendur tóku brátt við. Félagsmenn í Tilraunafélaginu rannsökuðu oft transástand Indriða án fyrirvara með því að stinga nálum á ýmsa viðkvæma staði líkama hans (á hendur hans, aftan á hálsinn, í gagnaugun og víðar) en hann sýndi engin viðbrögð við því.⁴⁵ Þeir opnuðu augu hans til að kanna viðbrögð augnsteinanna við birtu en án nokkurra viðbragða.⁴⁶

Í miðilsástandi talaði Indrið oft í fysrtu persónu eins og hann væri ein af verunum sem komu fram í transinum. Á þessum tíma fór hann að tala furðu lostinn um eigin líkama og gerði það oft síðar. Hann virtist upplifa sig utan líkama síns og horfa á hann utan frá. Haraldur Níelsson⁴⁷ segir frá því hvernig Indriði lýsti oft í miðilsástandi þessari klofningstilfinningu (klofningi milli áhorfanda og þess sem horft er á):

„Nei, sko mig og mig. ... Þið eruð þarna niðri hjá skrokknum. Skrokkurinn er ekki ég. Ég er hérna uppi. Það eru tveir Indriðar. Nei, er það ekki skrítið að sjá taugina, sem liggur milli mín og mín! Varir skrokksins hreyfast og hann segir það, sem ég segi. Taugin verður mjórri, því lengra sem ég fer frá skrokknum.“

Haraldur bætir við að enginn hefði á þessum tíma heyrt um þessa „taug“ nema Einar H. Kvaran sem hafði lesið um hana en ekki nefnt hana við Indriða eða aðra. Indriði var í þessum tilraunum fyrsti Íslendingurinn sem vitað er að hafi fallið í miðilstrans svo að Haraldur dró í efa að hann gæti

* Ekki má rugla þessum öðrum aðalstjórnanda Indriða, Indriða Gíslasyni frá Hvoli í Dölum, við þriðja stjórnandann sem kvaðst vera Konráð Gíslason, afabróðir Indriða Indriðasonar. Hann varð aðalstjórnandi hans þar til yfir lauk.

hafa heyrt um hana frá öðrum. Síðar meir eða þegar vinstri handleggur Indriða var afefnisgerður mátti heyra svipaða klofningstilfinningu í trans-tali hans.

Tilraunafélagið staðhæfði að það hefði þjálfað Indriða upp sem miðil. Sum fyrirbæri gerðust þó fyrst skyndilega, til dæmis þegar tilfærslur Indriða hófust.⁴⁸ Önnur fyrirbæri, eins og lyfting og efnisgerving, gerðust aðeins við tilraunir.⁴⁹ Engar upplýsingar finnast um hvernig Tilraunafélagsmenn þjálfuðu Indriða í raun en að lokum tókst þeim að framkalla öll eða flest þeirra fyrirbæra sem þeir reyndu. Skrefin í átt að nýjum fyrirbærum sem rannsóknarmenn vildu framkalla voru oft rædd í þaula við framliðna stjórnendur Indriða sem í sumum tilfellum áttu jafnvel frumkvæði að þeim.

Indriði virðist hafa haft getu til að þroska flest fyrirbæri sem vitað er til að efnismiðlar hafi kallað fram. Ýmsir miðlar urðu fyrir því að miðilshæfileikar þeirra minnkuðu, til dæmis Austurríkismaðurinn Rudi Schneider (1908–1957) og Ítalinn Eusapia Palladino (1854–1918). Þetta varð ekki raunin með fyrirbærin sem tengjast Indriða. Ástæðan kann að vera sú að Rudi Schneider og Eusapia Palladino voru miðlar um langa hríð en miðilsferill Indriða stóð aðeins í fimm ár og hann dó ungur.

Eftirfarandi kaflar fjalla í tímaröð um fyrirbæri Indriða til að sýna samhengið í þróun hans sem miðils. Lesendur sem fyrst og fremst hafa áhuga á sönnunargildi skýrslna um fyrirbæri Indriða kjósa ef til vill að snúa sér beint að kaflanum um rannsóknir dr. Guðmundar Hannessonar veturinn 1908–1909. Í næstu köflum verða ýmsar lýsingar á miðilsfyrirbærunum. Þær eru afar áhugaverðar sem lýsingar á ótrúlegum fyrirbærum en færa lesendum sjaldnast eins nákvæmar lýsingar á öryggisráðstöfunum og aðstæðum eins og finna má í vönduðum rannsóknum dr. Guðmundar.

4. KAFLI

LYFTING, BEINT TAL OG LJÓSFYRIRBÆRI

Vorið 1905 varð fjöldi fundarmanna svo stór að meðlimir hópsins ákváðu að stofna Tilraunafélagið formlega. Félagsmenn hófu að gera flutnings-tilraunir á miðlinum, ljósfyrirbærum og heilun og reyndu að afla „sannana um tilvist“ frá þeim sem álitnir voru framliðnir þátttakendur. Önnur skráð fyrirbæri þessa tímabils voru meðal annars færsla og lyfting hluta, högg á vegg og gólf, smellir í loftinu, afefnisgerving vinstri handleggs Indriða og sætkennd ilm fyrirbæri.

Hlutlyfting

Indriði var heima hjá tveimur vinum sínum í Reykjavík sunnudagskvöldið 12. nóvember 1905.⁵⁰ Haraldur Nielsson skýrir svo frá að þetta atvik hafi orðið í ljósaskiptunum og að þrír eða fjórir menn hafi setið í kringum borð. Vinir Indriða stungu upp á að hann reyndi að „lyfta“ borðinu. Eftir skamma stund lyftist borðið hátt á loft og „hrundi niður“ framan í þá sem stóðu við það.⁵¹ Líklega er átt við að það hafi hafist á loft upp í andlitshæð. Þrír karlmenn reyndu af afli að halda borðinu niðri en samt lyftist það frá gólfi og upp í andlitshæð. Þar að auki lyftist það upp að höndum Indriða og þeirra sem héldu höndunum nokkru fyrir ofan það án þess að nokkur þeirra snerti það.⁵² Hvorki Einar né Haraldur nefna hvar Indriði var staðsettur og ólíklegt er að neinar öryggisráðstafanir vegna rannsóknanna hafi verið notaðar við þetta tækifæri.

Nýr framliðinn stjórnandi kom nú fram. Hann skipaði fundarmönnum að halda miðilsfundi daglega í nokkurn tíma til að framkalla fleiri fyrirbæri. Þessi þriðji stjórnandi sagðist vera Konráð Gíslason, afabróðir Indriða, sem í jarðlífi sínu hafði verið prófessor í íslensku við Kaupmannahafnarháskóla. Hann varð nú aðalstjórnandi Indriða það sem eftir var af miðilsferli hans.



*Indriði Indriðason (1883-1912).
Miðilsferill hans hófst 1904 og
fékk ótímabæran endi árið 1909
vegna sjúkdóms.*

Borðtilraunin var endurtekin heima hjá Einari mánudagskvöldið 13. nóvember.⁵³ Lítið þrífætt borð lyftist svo hátt upp að það rakst í andlit fundarmanna á meðan þeir héldu í borðplötuna. Borðið lyftist einnig þegar fundarmenn héldu saman höndum sínum dálítið fyrir

ofan borðplötuna og án þess að snerta hana. Fundarmenn reyndu sig þá við mjög þungt borð sem tiplaði nokkrum sinnum án þess að þeir snertu það og lyftist einu sinni alveg frá gólfi. Því miður lýsir Einar hvorki öryggisráðstöfunum né birtuskilyrðunum.

Á þessu tímabili var litlu borði lyft snögglega frá gólfi og upp á annað borð. Þetta gerðist tvisvar og að því er virtist án þess að Indriði reyndi að láta það lyftast.⁵⁴ Í fyrra skiptið sat Indriði við borð ásamt tveimur öðrum. Hann var ekki í transi og hendur hans hvíldu á borðinu. Þá lyftist annað borð sem var fyrir aftan Indriða og lenti á borðinu sem þeir sátu við. Einar skráði að þessir þrír menn hefðu haldist í hendur og því væri „óhugsandi að miðillinn gæti hafa teygst hendina aftur fyrir sig“.⁵⁵

Í hitt skiptið sat Indriði „grafkyrr“ í transi og talaði með ókunnuglegri rödd.⁵⁶ Einn fundarmanna hvíldi handlegg sinn á litlu borði fyrir framan sæti sitt. Hann fann að borðið fór að hreyfast. Hann ýtti því niður en það var samt sem áður „þrifið“ úr höndum hans. Fáeinum andartökum síðar

heyrðu tilraunamenn hljóð eins og borðið hefði lent á öðru stærra borði. Það staðfestist þegar ljósin voru kveikt.

Þegar ljósin voru slökkt á ný færðist borðið á sama hátt aftur á upphaflegan stað. „Þeir sem voru nálægir staðfestu að Indriði gæti með engu móti hafa fært borðið sjálfur“, skrifar Einar.⁵⁷ Borð voru einnig færð til við fáein tækifæri „á sólbjörtum degi“ og í votta viðurvist. Borð færðist jafnvel „langan spöl“ yfir gólfið til Indriða. Þess var „vænst“ að hann skrifaði eitthvað ósjálfráðri skrift, skrifar Einar⁵⁸ án þess að útskýra nánar hvað átt var við.*

Haraldur Nielsson⁵⁹ skýrir svo frá að til að byrja með hafi tilraunamenn setið í myrkrinu á fundum en síðar reynt rauð ljós. Rauða ljósið virtist minnka styrk fyrirbæranna verulega svo að því var hætt. Haraldur útskýrir þetta nánar:⁶⁰

Í samræmi við óskir stjórnendanna sem kvörtuðu yfir takmörkuðum áhrifum ljóssins hættum við þeim. Á hinn bóginn lögðu þeir mikla áherslu á mikilvægi þess að gæta fyllstu varfærni til að útiloka minnsta grun um svik af hálfu miðilsins. Þess vegna varð það fljótt að venju að einn okkar settist við hlið miðilsins og gætti hans vandlega, lagði hendurnar um mitti hans eða hélt í báðar hendur hans.

Oftast sátu annaðhvort Einar eða Haraldur við hlið miðilsins.⁶¹

Fyrri fundargerðabókin (5. desember 1905 til 6. janúar 1906) inniheldur fundargerðir 14 funda. Efnisfyrirbærum af einhverju tagi er lýst í 11 þeirra. Bein raddfyrirbæri (það er að segja raddir umhverfis eða utan við miðilinn) voru tíðust á þessu tímabili, heyrðust á átta fundum. Högg heyrðust á sjö fundum, meira en helmingur þeirra þung og há. Næst í tíðni voru ljós-fyrirbæri sem skráð voru á fimm fundum en þar á eftir efnisgerving mannvera sem gerðist þrisvar, lofthræingar fundust tvisvar,

* Þarna er líklega verið að vísa til ósjálfráðrar skriftar sem kom stundum fyrir í miðilsstarfi Indriða.

skráð hreyfing eða lyfting hluta var tvisvar, afefnisgerving handleggis Indriða gerðist tvisvar og tveir fundarmenn urðu fyrir snertingu handar.

Bein raddfyrirbæri

Bein raddfyrirbæri voru algengt sérkenni miðilsstarfs Indriða, raddir sem heyrðust einhvers staðar nærri honum í herberginu en komu ekki úr hálsi hans sjálfs. Í fyrri fundargerðabókinni er sérstaklega skráð að þetta fyrirbæri hafi orðið á átta fundum. Þann 15. desember var hollenska töluð þrisvar en þess ekki getið hvað sagt var. Á tveimur fundum talaði sérstök rödd, tvisvar í annað skiptið. Á fjórum fundum heyrðist bein rödd framliðsins prests sem fundarmenn þekktu sem sr. Stein Steinsen (skammstafaður St.St.). Þann 16. desember tónaði hann faðirvorið í fundarlok. Þann 18. desember var hollenska aftur töluð en fundarritari sleppir því enn að tilgreina hvað röddin sagði. Þann 19. desember söng St.St. sálm alllangt frá miðlinum og bað viðstadda að syngja með. Þann 20. desember gerði hann það aftur en þá er ekki nefnt hvort hann söng úr hálsi miðilsins eður ei. Hann söng einnig sálm 4. janúar 1906.

Fyrstu högginn

Högg eða bank á vegg heyrðust í fyrsta sinn á þriðja fundinum í nóvember 1905 þegar Indriði var í transi.⁶² Dagsetning er ekki nefnd en í fyrri fundargerðabókinni eru högg fyrst nefnd þann 6. desember sem „mjög skýr ljós og högg“. Högginn byrjuðu í nánd við Indriða og heyrðust á veggjum og hlutum og stundum uppi undir lofti. Þau breyttust og færðust til í herberginu eftir óskum fundarmanna. Högginn komu sem jákvæð eða neikvæð svör við spurningum fundarmanna. Einar staðhæfir að þessi fyrirbæri hafi verið margprófuð gegn svindli og svo vandlega að fundarmenn hafi verið þess fullvissir að Indriði gæti ekki hafa framkallað

þau á neinn skýranlegan hátt.⁶³ Því miður útskýrir hann ekki nákvæmlega hvernig þeir hafi prófað högginn eða hvort aðrir fundarmenn hefðu getað framkallað þau. Högginn heyrðust einnig á meðan Indriði var að skrifa ósjálfrátt eða tala í transi.

Síðar meir, þegar félagið fór að nota nýbyggt og sérhannað Tilraunahús sitt fyrir miðilsfundina, jukust högginn.⁶⁴ Þau virtust jafnvel koma úr loftinu sem var um þrjá metra frá gólfi.

Kvöld eitt í fundarlok voru aðeins Einar og Haraldur viðstaddir. Þeir heyrðu mjög þung högg eins og einhverju væri lamið í veggina.⁶⁵ Indriði lá í svo djúpum transi, að sögn Haraldar, að hjarta hans virtist hafa hætt að slá og púlsinn var svo veikur að vart var hægt að finna hann. „Þá öskruðu stökurnar á veggklæðningunni í kringum hann og svöruðu skýrt spurningum“.⁶⁶ Á meðan á þessu stóð kom ekki orð af vörum Indriða sjálfs.

Annað nýtt fyrirbæri hófst á fjórða fundinum í nóvember 1905 (líklega 6. nóvember). Smellir heyrðust í loftinu rétt eins og fingrum væri smellt en þó með hveltra hljóði. Þessir smellir heyrðust á hverju kvöldi í nokkurn tíma og virtust færast út um allt herbergið. Indriði sást sitja grafkyrr á meðan.⁶⁷ Haraldur Nielsson⁶⁸ skrifar að þeir hafi „fengið“ sérkennileg brothljóð í loftinu. Þessi hljóð færðust til í herberginu jafnvel þótt Indriði væri þegjandi og hreyfingarlaus.

Ljósforirbæri

Annað fyrirbæri samanstóð af „ljósum“ án sjáanlegs ljósgjafa, kallað ljósforirbæri.⁶⁹ Fundarmenn sáu þau fyrst koma fram sem ljósleiftur eða ljósdepla í loftinu eða á veggjum fundarherbergisins. Ljósinn virtust að mestu vera „tungulaga“.⁷⁰ Næstu kvöld urðu leiftrin sterkari og fengu á sig ýmsa lögun og liti. Sum voru hvít, önnur rauðleit. Rétt áður en skærasta ljósið birtist mátti heyra Indriði stynja eins og af sársauka.

Eitt kvöldið heima hjá Einari H. Kvaran töldu fundarmenn 58 ljós á einum og sama fundinum.⁷¹ Einar skrifar:⁷²

Þeir voru með nokkuð mismunandi lit, sumir mjög hvítir, aðrir aftur rauðleitari. Einu sinni voru talin 58 ljós, meðan á tilraunafundi stóð heima hjá mér. Þessir glampar voru með ýmsri lögun, sumir kríngl-óttir, aðrir afgangir. Þeir voru mjög misjafnir að stærð, sumir ekki nema svo sem þumlungur að þvermáli, aðrir einnar til tveggja álna langar ljósrákir.

Sérkennileg smellhljóð heyrðust oft með ljósunum.⁷³ Smellirnir komu mjög hratt hver á eftir öðrum. Haraldur Nielsson⁷⁴ skráir einnig að sterkur vindgustur hafi oftast leikið um herbergið áður en ljósin birtust. Gusturinn var svo sterkur að hár bærðist á höfðum fundarmanna og blaðsíður glósubóka á hnjám þeirra blöktu kröftuglega. Þremur árum síðar tók Guðmundur Hannesson⁷⁵ eftir sterkum vindgusti um salinn, stjórnendur Indriða sögðu honum að vindgusturinn yrði „að fylgja ljósfyrirbærinum“.

Einar skrifar að öryggisráðstafanirnar til að tryggja að ljósfyrirbærin væru ósvikin hafi verið svohljóðandi.⁷⁶

Það mun nú eiga við, að eg minnst á, hverjar tryggingar við höfum fyrir því, aðrar en millibils- ástandið sjálft, að miðillinn hafi ekki framleitt þessa glampa með einhverjum áhöldum. Fyrst er þá þess að geta, að mér er ókunnugt um, að nokkur þau áhöld séu til hér á landi, er varpi frá sér sams konar og jafnmargháttuðum glömpum eins og þeim, sem við höfum séð. Eg hefi heyrt, að borið hafi verið út um bæinn, að I. hafi átt að nota rafmagnslampa, sem fást hér í búðum og hafðir eru til þess að bregða upp skyndiljósi. Eg hefi einmitt sjálfur notað við tilraunirnar þá lampa, svo mér og öðrum, sem við tilraunirnar hafa verið að fást, er kunnugt um glampamuninn, sem þar er um að tefla, og að slík skýring er fjarri öllum sanni. Í öðru lagi er þess að geta, að I. hefir dvalið á heimili mínu síðan við desemberbyrjun, áður en mesti ljósagangurinn kom. Okkur er kunnugt um alt, er hann hefir meðferðis, því að konan mín lítur eftir því öllu. Hirzlu á hann enga

aðra en kofort, sem hefir verið læsingarlaust í allan vetur. Okkur er fullkunnugt um það, að hann *getur* ekkert það geymt á heimili okkar, sem hann dylji fyrir okkur. Og við höfum ekki heldur orðið þess vör, að hann hafi nokkuru sinni haft nokkura tilhneiging til þess. Og í þriðja lagi þótti það taka af öll tvímæli, að vandlega hefir verið leitað á honum og eins í salnum sum þau kvöldin, sem mest hefir sést af ljós-unum.

Eufemia Waage (1881–1960) sem var dóttir Indriða Einarssonar var viðstödd fund snemma á miðilsferli Indriða. Í sjálfsævisögu sinni skrifar hún að hún minnst þess ekki að Indriði hafi sagt neitt minnisvert á þessum fundi en að „ljósfyrirbærin hafi verið eins og stjórnur um allt herbergið. Ég sá þau síðar í enn meira mæli“.⁷⁷

Ljósfyrirbærum er lýst á fimm af þrettán fundum í fyrri fundargerðabókinni. Stundum urðu þau mörgum sinnum á sama fundi. Í fundargerðinni 6. desember er skráð: „Mjög skýr ljós og högg.“ Og skömmu síðar: „Bjart ljós sést og dökk mannvera í ljósinu (Allir sáu hana).“ Síðar segir aðalstjórnandinn, Konráð Gíslason: „Þetta var maður að nafni Jensen sem þið sáuð í ljósinu.“ „Þetta hefði ekki getað verið miðillinn sem þið sáuð.“ „Mjög bjart leiftur við og við á veggjum herbergisins (séð af öllum), glampar með dökkum dílum.“

Meintir framliðnir stjórnendur voru að reyna að framkalla efnisgervingu. Ljósfyrirbærin voru hluti af því ferli. Ljósfyrirbærin héldu áfram þar til í þeim birtust eitt sinn á fundunum 6. og 7. desember 1905 í fyrsta sinn heil mannvera sem viðstaddir báru ekki kennsl á.⁷⁸ Einar H. Kvaran⁷⁹ lýsir þessu nákvæmar:

Tvö kvöldin sást glögt maður standa í ljósinu, freklega meðalmaður á hæð, þreklegur, vel vaxinn, með breiðar herðar. Hann sneri bakinu að okkur.

Nú verður sjálfsagt einhverjum fyrst að halda, að það hafi verið miðillinn, sem við sáuð þarna í ljósinu. Ég þori að fullyrða, að svo var ekki. Ég var þess fullvis, að minsta kosti annað skiftið, er þessi sýn sást, að miðillinn var úti í horni, stynjandi og háveinandi, einar 4-5

álmir frá þeim stað, þar sem við sáum manninn standa. Ljósangurinn, eins og öll meiri háttar fyrirbrigðin, virtust ganga mjög nærri honum. Hann tók að stynja og kveina, þegar þau voru í aðsigi, og hélt því áfram, meðan á þeim stóð. Þau komu í skorpum, með hvíldum á milli, og í hvíldunum var miðillinn rólegur. Á eftir fundunum kvaðst hann vera eins og lurkum laminn.

Haraldur greinir frá því að margir félagar Tilraunafélagsins hafi séð efnisgerðu mannveruna sem síðar kynnti sig í gegnum Indriða sem „Jensen“. Hún birtist í fyrstu í sterkum rauðleitum bjarma í miðjum ljóma sem birtist á veggnum.⁸⁰ Haraldur sá sjálfur mjög greinilega útlínur höfuðs og herða efnisgerðu mannverunnar. Þessi ljósfyrirbæri sáust nokkrum sinnum en svo hættu þau um jólaleytið 1905 en sáust síðan aftur næstu jól.⁸¹

Upphaf lyftingarfyrirbæra Indriða

Nýtt fyrirbæri hófst í nóvember 1905, tíu dögum eftir að tilraunir hófust á ný eftir sumarhlé. Einar lýsir þannig fyrsta lyftingarfyrirbæri Indriða sem augljóslega gerðist í myrkri:⁸²

Miðillinn var þá í millibilsástandi, og fór alt í einu að kvarta um, að nú ætti að fara að „draga sig“. Hann drógst svo aftur og fram gólfið endilangur. Þá urðum við vör við brauk mikið með hann, en gátum ekki greint til fulls, hvað væri að gerast. Eftir litla stund varð eg þess var, að hnakkinn á honum hvíldi á rönd á plötu á litlu borði fyrir framan mig. Annar viðstaddur fann rétt á eftir, að fæturnir á honum lágu uppi á stofuborðinu. Okkur var þá leyft að kveikja, og við sáum hann öll í þessum stellingum, enginn annar stuðningur undir honum. Jafnskjótt og við slöktum á eldspýttunni datt hann niður á gólf og velti um stofuborðinu í fallinu. Einn viðstaddur athugaði, að borðið reisti sig við aftur, án þess að nokkuð kæmi við það. Miðillinn kvartaði sárt undan meðferðinni.

Á tímabilinu meðan miðilsfundirnir voru haldnir heima hjá félagsmönnum er skráð að Indriði hafi stundum lyfst upp undir loftið sem hann hafi snert með höfðinu.⁸³ Stundum rak hann jafnvel höfuðið harkalega upp í loftið og kvartaði um „höfuðverk“ eftir fundi.⁸⁴ Samkvæmt Einari var í fyrstu erfitt að greina lyftingu miðilsins vegna mykursins. Hávaðinn sem fylgdi henni, einkum þegar hann féll niður á gólf, olli þó kvörtunum nágrannanna. Félagið þurfti að minnsta kosti tvisvar að finna aðrar íbúðir til að halda fundina í.⁸⁵

Haraldur Nielsson⁸⁶ greinir frá því að á fundi í hans eigin stofu hafi sófi lyfst og borist um herbergið af ósýnilegum kröftum á meðan Indriði lá endilangur í honum, líklega í transi. Jafnvel í niðamyrkri rakst sófinn ekki á neitt en var af ásettu ráði settur í fang fundarmanna til þess að þeir gætu snert miðilinn. Að því loknu var sófinn settur aftur á upphaflegan stað með miðilinn enn á sínum stað, rétt eins og það „vitiborna afl“ sem stjórnaði þessari flutningslyftingu gæti séð í myrkri.⁸⁷ Þótt þetta hafi gerst í myrkri er erfitt að ímynda sér að Indriði einn gæti hafa flutt sófann liggjandi endilangur á honum.

Einar H. Kvaran⁸⁸ skrifar að í eitt skiptið hafi fundur verið haldinn heima hjá Haraldi. Þá hafi sófi með Indriða á lyfst upp og stöðvast „í brjósthæð“ fundarmanna sem sáu þá að Indriði lá flatur í honum. Fundarmaður „hélt í Indriða“ sem lá kyrr þar þangað til sófinn lyftist á ný og var að endingu fluttur aftur á upphaflegan stað.

Brynjólfur Þorláksson staðhæfir að Indriði hafi eitt sinn setið í transi á litlum sófa í myrkri.⁸⁹

Þá vitum við ekki fyrri til en búið er að hefja sóffann á loft með Indriða í, án þess að við yrðum varir við, þegar honum var lyft. Stjórnandinn hinumeginfrá, sem kvaðst vera Konráð Gíslason, afabróðir miðilsins, talaði af vörum hans og bað okkur að þreifa á sóffanum til þess að komast að raun um það, sem gerzt hefði, og fullvissa okkur um, að þarna væru ekki nein þekkt öfl að verki. Þreifufuðum við nokkrir vandlega hátt og lágt um sóffann, undir hann og allt í kringum hann.

Það var ekki um að villast. Sóffinn var hérumbil brjósthæð okkar frá gólfi með Indriða í, og gengum við úr skugga um, að honum, var ekki haldið uppi af neinu finnanlegu afli. Þannig sat sóffinn blýfastur í loftinu það lengi, að við höfðum allir nægan tíma til að þreifa á honum. Síðan seig hann hægt niðurá gólfid.*

Haraldur hefur lýst tilraunum fundarmanna til að sanna þessi fyrstu lyftingartilvik:⁹⁰

Til þess að efnisgera þessi fyrirbæri settum við hann [miðilinn] í tágastól sem brakaði í við minnstu hreyfingu. Við settum þennan stól í annan enda herbergisins og þetta röð af sætum þvert yfir herbergið svo að ómögulegt væri að komast milli þeirra. Síðan settust fundarmenn – og vert er að muna að þeir voru oft 50 eða fleiri – í öll sætin og ljósín voru slökkt. Fljótlega var miðlinum lyft í tágastólnum hátt upp af gólfinu – brakið í stólnum heyrðist þegar hann sveif með miðilinn í yfir höfðum okkar – og var síðan settur á gólfid fyrir aftan bekkina með talsverðum hávaða. Ljosið var þegar í stað kveikt og þarna sat miðillinn meðvitundarlaus í sætinu sem hann virtist hafa setið hreyfingarlaus í á meðan á þessari ... ferð stóð [í gegnum loftið].

Þann 5. desember 1905 greina fundargerðir frá því að ef til vill hafi Indriða verið lyft. Aðalstjórnandinn, Konráð, segir með beinu raddfyrirbæri: „Mér tókst næstum að ná honum [Indriða sem lá endilangur] upp en varð að láta hann síga niður aftur þar sem orkan var ekki nægileg og ég óttaðist að hann mundi falla yfir ykkur.“ Það sem vitnin upplifðu er ekki nefnt. Lyfting varð æ algengari eins og fram kemur í síðari köflum.

Nærri jólum 1905 sýndi Indriði ýmis „merkileg“ tilþrif eða fimleika-brögð í transástandi. Þau voru svo flókin og erfið að Ólafur Rósinkrans (1852–1929) sem var fimleikakennari gat ekki endurtekið þær.⁹¹ Til-

* Frú Gíslína Kvaran segir, að hún og fleiri hafi verið áhorfendur að því, að miðlinum hafi verið lyft af ósýnilegu afli uppundir loft í tilraunaherberginu. Sama segir Einar H. Kvaran í *Metapsykiske Fænomener paa Island*. - P. P.

raunafélagsmenn höfðu kveikt ljósin á meðan Indriði framkvæmdi þessar æfingar.⁹² Æfingunum er því miður ekki lýst í gögnum þessarar bókar eða fundargerðabókunum.

5. KAFLI

ELDUR Í KAUPMANNAHÖFN

Ýmis andleg fyrirbæri gerðust oft í miðilsstarfi Indriða þótt efnisleg fyrirbæri væru meira áberandi. Ef til vill gerðist það markverðasta af því tagi á fundi í nóvember 1905. Þann 24. nóvember birtist nýr framliðinn þátttakandi. Hann talaði dönsku og kynnti sig einfaldlega sem „Jensen“ sem er mjög algengt danskt nafn og gaf upp starfsheitið „verksmiðjueigandi“. Á þessum tíma hafði verið gert hlé fyrir miðilinn svo að hann gæti hvílst því að hann hafði kvartað um þreytu. Svo virðist sem fundirnir hafi oft verið langir. Einn var skráður fimm klukkustunda langur. Þegar fundur hófst á ný síðar um kvöldið kom Jensen aftur. Hann staðhæfði að hann hefði verið í Kaupmannahöfn og lýsti bruna sem geisaði í verksmiðju við eina götuna. Um það bil klukkustund síðar sagði hann að búið væri að ná tökum á eldinum. Staðhæfingar Jensens voru hljóðritaðar og útskrift af þeim sett í vörslu hjá biskupi Íslands.

Kaupmannahöfn er um það bil 2.000 kílómetra frá Reykjavík. Ekkert símasamband né loftskýtasamband var þaðan til Íslands árið 1905. Dagblöð komu með skipi rétt fyrir jól og í þeim var staðfest að eldur hefði brotist út þann 24. nóvember í verksmiðju við Store Kongensgade 63. Um klukkustund tók að ná tökum á eldinum eins og staðhæft hafði verið á miðilsfundinum.

Enginn fundarmanna þekkti Jensen svo að hann flokkast sem „gestaþátttakandi“.⁹³



Store Kongensgade. Frá vinstri nr. 63 þar sem eldurinn kviknaði, nr. 65 og nr. 67 þar sem Emil Jensen hafði búð á annarri hæð.

Frásagnir vitna

Þrjú vitni sem viðstödd voru fundinn þann 24. nóvember hafa gefið skriflegar frásagnir af atvikinu þegar Jensen lýsti eldinum í Kaupmannahöfn. Haraldur Níelsson skrifar:⁹⁴

Fyrsta kvöldið sem hann [Emil Jensen] gaf sig fram í gegnum miðlinn sagði hann okkur að í hálf tímahléinu sem miðlinum var leyft að hvílast á miðjum fundi hafi hann skroppið til Kaupmannahafnar og séð að kviknað hefði í verksmiðju við eitt af strætum borgarinnar. Hann sagði okkur að slökkviliðsmönnum hefði tekist að sigrast á eldinum. Á þessum tíma hafði engu símasambandi verið komið á milli Íslands og umheimsins svo að engin tæk voru á að kanna atvikið.

Þetta gerðist 24. nóvember 1905. Næsta dag fór ég til biskupsins yfir Íslandi, sr. Hallgríms Sveinssonar [1841–1909] sem var föðurbróðir minn og skýrði honum frá því sem Emil Jensen hefði sagt okkur og bað hann að skrifa það niður og vitna um það hvort sem það reyndist satt eða ekki. [Þetta skjal er ekki lengur til.] Um jólaleytið kom næsta skip frá Danmörku og föðurbróðir minn blaðaði forvitinn í gegnum danska dagblaðið *Politiken* og honum til ánægju fann hann þar lýsingu á eldsvoðanum. Bæði dagur og stund voru rétt. Um að það væri verksmiðja reyndist Emil einnig hafa á réttu að standa. Þetta var lampaverksmiðja við Store Kongensgade 63 [eina af aðalgötum Kaupmannahafnar].

Einar H. Kvaran sagði enn nákvæmar frá atvikinu í fyrirlestri sem hann hélt í Danska sálkönnunarfélaginu (Dansk metaphysisk forening) í Kaupmannahöfn árið 1910.⁹⁵ Hann sagði frá því þegar Jensen kom fram í fyrra skiptið:

Þessi landi ykkar sem okkur öllum er farið að þykja svo vænt um kynnti sig reyndar í fyrsta skiptið. Hann tjáði sig í gegnum miðilinn á sérstakan og glæsilegan hátt. Hann sagðist vera að koma beint frá Kaupmannahöfn og að þar geisaði eldur. Verksmiðja væri að brenna. Klukkan var um níu þegar hann kom. Svo hvarf hann og kom aftur um klukkustund síðar. Þá hafði þeim [slökkviliðsmönnum] tekist að ná stjórn á eldinum, sagði hann. Við höfðum engan ritsíma á þessum tíma svo að við urðum að bíða með að fá fullyrðingar hans staðfestar. En við skrifuðum niður staðhæfingar hans og varðveittum skjalið hjá biskupnum. Með næsta skipi fluttu blöðin okkur þau tíðindi að þetta kvöld hefði orðið mikill eldsvoði í Kaupmannahöfn – ég held það hafi verið í Store Kongensgade – þar sem m.a. kviknaði í verksmiðju. Þar stóð einnig að um tólfleytið hefði náðst stjórn á eldinum. Eins og þið vitið er klukkan um 12 hér í Kaupmannahöfn þegar hún er 10 í Reykjavík.

Nokkur munur er á frásögnum Haraldar og Einars. Haraldur nefnir að í hálf tímahléinu sem gert var til að hvíla miðilinn hafi Jensen sagt þeim að

hann hafi farið til Kaupmannahafnar og horft á eldinn. Einar skrifar hins vegar að um 9-leytið hafi Jensen birst og sagst vera að koma frá Kaupmannahöfn og að þar væri eldur í verksmiðju. Hann hafi síðan horfið og komið aftur um klukkustund síðar. Þessi munur þarf ekki að vera nein mótsögn þar sem hléið kann að hafa staðið í hálf tíma en Jensen ekki komið aftur fyrr en eftir klukkutíma. Haraldur skrifar að hann hafi farið til biskupsins og beðið hann að skrifa niður lýsingu á atburðinum og votta hana. Einar⁹⁶ skrifar hins vegar að „við skrifuðum þessa frásögn niður og geymdum skjalið hjá biskupnum“. Þetta eru minni háttar frávik og skipta litlu máli.

Þriðja vitnið, Gíslína Kvaran (1866 - 1945), eiginkona Einars, skrifar að biskupinn yfir Íslandi hafi verið kjörinn til að varðveita skriflegt skjal um staðhæfingar Jensens þar til næsta skip kæmi til landsins frá Kaupmannahöfn vegna þess að vitað var að hann var áskrifandi að *Politiken*, helsta dagblaði Danmerkur.⁹⁷ Fastlega var reiknað með að sagt yrði frá svo afdrifaríkum eldsvoða í þessu blaði.

Við höfum þannig skráðan vitnisburð frá þremur aðilum en vafalaust voru miklu fleiri viðstaddir þennan fund. Hvergi er nákvæmlega skráð hve margir mættu 24. nóvember þar sem fundargerðarbókin um þennan fund er glötuð. Við vitum að fjöldi fundarmanna á miðilsfundum Tilraunafélagsins voru allt frá fáeinum einstaklingum innsta hringi og upp í 70 manns eða fleiri.

Samandregið sagði Jensen ekki aðeins að eldur geisaði þetta kvöld í Kaupmannahöfn heldur setti hann fram þrjár fullyrðingar aðrar:

1. Eldurinn var í verksmiðju.
2. Eldurinn kviknaði um miðnætti 24. nóvember 1905.
3. Á innan við klukkustund tókst að ná tökum á eldinum.

Næst liggur fyrir að skoða hve vel þessar fullyrðingar ríma við staðreyndir eins og þær koma fram í dagblöðum og skýrslum slökkviliðs.

Frásagnir blaða

Daginn eftir miðilsfundinn, laugardaginn 25. nóvember, greindu tvö stærstu dagblöð Danmerkur frá miklum eldi í Kaupmannahöfn. Hér á eftir fer frásögn *Politiken* í íslenskri þýðingu:⁹⁸

Verksmiðjubruni í St. Kongensgade.

Lampa- og ljósakrónuverksmiðja Kaupmannahafnar logaði.

Í nótt um tólfleytið uppgötvaði húsvörðurinn í S. Kongensgade 63 að eldur hefði brotist út í „Lampa- og ljósakrónuverksmiðju Kaupmannahafnar“ sem er til húsa á fyrstu og annarri hæð hliðarbyggingar í bakhúsinu.

Hann lét slökkviliðið vita og skömmu síðar komu slökkvibílar frá Adelgade og aðalslökkvistöðinni undir stjórn Bentzen slökkviliðsstjóra. Eldurinn hafði þá breiðst út um fyrstu hæðina og öflugar eldtungur stóðu út um glugga og sprengdu rúður á þriðju hæð en þar er pappakassaverksmiðja.

Tvær slöngur voru í flýti tengdar við brunahanana í götunni og þar sem nauðsynlegt var að leggja aðra slönguna yfir götuna stöðvaðist umferð sporvagna. Vatnsbunurnar úr þessum tveimur slöngum dempuðu brátt eldinn en þegar í ljós kom að hann hafði þegar étið sig í gegnum hæðirnar fyrir ofan verksmiðjuna og þar sem aðgangur að tröppunum var ekki lengur mögulegur var björgunarstigi frá Adelgade-stöðinni reistur upp að brennandi húsinu og úr efsta þrepi hans réðust slökkviliðsmenn nú gegn eldinum með góðum árangri.

Eftir hálf tíma starf var staðan svo góð að hægt var að fjarlægja í nokkrar mínútur slönguna sem lá þvert yfir götuna. Einir tólf sporvagnar sem biðu í röð við Nyboder gátu ekið hjá. Eftir það var slangan tengd aftur.

Þegar klukkan var að verða eitt var eldurinn slokknaður í þeim mæli að slökkviliðsmenn gátu farið inn í húsið og hafið hreinsunarstörf. Um leið kom í ljós að bruninn hafði valdið miklum skemmdum. Skilrúm og gólf voru brunnin og bæði vélar og verðmætar voru skemmdar. Enn brann víðsvegar í hrundum hrúgum og slöngurnar voru lengi í notkun.

Um eittleytið mátti fjarlægja af vettvangi björgunarstiga aðal-slökkvistöðvarinnar og eina slöngu en stór flokkur slökkviliðsmanna og slöngurnar úr Adelgade urðu að vera á staðnum í hálfan annan tíma í viðbót.

Talið er að eldurinn hafi átt upptök sín í straumrofi í rafmagns-leiðslum.

Næststærsta blað Danmerkur, *Berlingske Tidende*, birti styttri frétt:⁹⁹

Eldsvoði. ... Í nótt um tólfleytið var slökkviliðið kallað út að St. Kongensgade 63. Eldur hafði brotist út í bakgarði hússins í vöru-geymslu Lampaverksmiðju Kaupmannahafnar. Þegar brunabílar frá aðalslökkvistöðinni og Adelgade-stöðinni komu á staðinn hafði eldurinn dreift sér talsvert en þó tókst að ráða bug á honum á um klukkustund. Áætlaðar skemmdir eru taldar miklar.

Frásögn slökkviliðs

Aðalhöfundur þessarar bókar fann í skjalasöfnum Kaupmannahafnar skýrslu nr. 273 um eld í Store Kongensgade 63. Hún er handskrifuð og undirrituð af Bentzen slökkviliðsstjóra þann 25. nóvember 1905. Á þessum árum voru símar fágætir svo að einhver þurfti að hlaupa að næsta brunaboða sem var við Dronningens Tværgade 31 sem er í um 300 metra fjarlægð (eða fimm mínútna göngufæri) frá Store Kongensgade 63. Eldurinn var þannig tilkynntur kl. 11:52 að kvöldi.

Slökkviliðsskýrslan er miklu styttri en greinin í *Politiken*. Handskrift Bentzens er sums staðar illlæsileg. Þar er fullyrt að eldurinn hafi valdið skemmdum. Í húsinu voru þrjár vinnustofur lampaverksmiðju. Tvær þeirra sinntu þökkun mjög eldfims efnis. Eldurinn var að fullu slökktur kl. 2:00. Eftir að allur eldur var slökktur yfirgaf slökkviliðsstjórinn staðinn um kl. 3:00 og aðrir í liðinu kl. 3:55. Klukkan 4:27 var liðið kallað aftur að eldsstað þar sem eldur hafði blossað upp á ný. Nokkrir

slökkviliðsmenn voru sendir með búnað og um kl. 6:00 höfðu þeir lokið starfi sínu. Eldsupptök eru ókunn að sögn slökkviliðs.

Haraldur Níelsson getur ekki um nákvæman tíma fyrir staðhæfingu Jensens um eldsvoðann en segir aðeins að hann hafi orðið í hvíldarhléi miðilsins. Það hefur að líkindum verið seint á fundinum sem var haldinn á föstudagskvöldi. Fundurinn hófst kl. átta og stóð í nokkrar klukkustundir. Einar H. Kvaran skrifaði að Jensen hefði sagt þeim frá eldsvoðanum um núuleytið og að tekist hefði að ráða niðurlögum eldsins um klukkustund síðar. Þegar klukkan var níu í Reykjavík hefur hún verið 11:15 í Kaupmannahöfn því að tímamismunurinn á milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar var þá tvær klukkustundir og einn stundarfjórðungur.¹⁰⁰

Samkvæmt slökkviliðinu var liðið kallað út kl. 11:52 e.h. (9:37 að íslenskum tíma). Eldurinn kann að hafa geisað um stund áður en hann uppgötvaðist og það tók fimm mínútur að hlaupa að næsta brunaboða. Tímastaðhæfing Einars um hvenær Jensen hafi minnst á eldinn hlýtur að vera ágiskun og önnur gögn sýna að eldurinn hefur líklega brotist út einhvern tíma upp úr kl. 9 e.h. að íslenskum tíma. Hér er því samræmið mjög nærri lagi.

Slökkviliðið náði tökum á eldinum á hálf tíma samkvæmt *Politiken* en á klukkustund samkvæmt *Berlingske Tidende*. Tímasetning Einars fer því mög nærri þegar hann skrifar að Jensen hafi komið aftur eftir klukkutíma og staðhæft að tekist hefði að ná tökum á eldinum.

Sé eðli þessa tilfellis skoðað nánar vaknar mikilvæg spurning. Hve tíðir voru fréttæmir eldsvoðar í Kaupmannahöfn í byrjun 20. aldar? Er það aðeins einber tilviljun að þessi eldsvoði og staðhæfing Jensens urðu á sama tíma? Aðalhöfundur bókarinnar kannaði þennan möguleika með því að athuga tíðni eldsvoða sem skrifað var um í *Politiken*. Í samtals fjórar vikur, tvær fyrir brunann í Store Kongensgade og tvær eftir hann, var greint frá fjórum eldsvoðum í *Politiken*, að meðtöldum brunanum þar. Samkvæmt gögnum höfunda tilkynnti Jensen um eldsvoðann seint að kvöldi að íslenskum tíma, rétt fyrir miðnætti. Á þessum fjórum vikum

hófst einungis eldsvoðinn í Store Kongensgade á þeim tíma. Einn eldsvoði varð seint að morgni og tveir urðu snemma að kvöldi, kl. 6:45 e.h. og 7:16 e.h. að dönskum tíma.

Á þessu fjögurra vikna tímabili varð aðeins einn eldsvoði í verksmiðju, eldsvoðinn í Store Kongensgade. Verksmiðjueldsvoðinn fær meira rými í *Politiken* en nokkur annar eldsvoði á tímabilinu. Hann var mestur og skemmdir urðu mestar í honum. Hinir eldsvoðarnir voru minni háttar og slökktir fljótt.


Niðurstaðan er að Jensen tilkynnti ekki aðeins að eldsvoði hefði orðið í Kaupmannahöfn þann 24. nóvember 1905 heldur einnig að hann hefði hafist síðla kvölds að íslenskum tíma. Hann segir réttilega frá því að búið væri að ná tökum á eldinum klukkustund síðar. Hann greinir einnig réttilega frá því að eldurinn hafi verið í verksmiðju. Þetta eru þeir fjórir þættir eldsvoðans sem Jensen nefnir.

6. kafli

EINHVER EÐLILEG SKÝRING?

Er einhver eðlileg skýring til á þeirri staðreynd að Jensen – nú eða þá Indriði Indriðason – hafi lýst „beint“ eldsvoða sem gerðist í 2.000 km fjarlægð? Símar voru ekki til á Íslandi fyrr en um einu ári síðar og símskeytaþjónusta ekki fyrr en 1918.* Eina hugsanlega skýringin sem höfundum hefur komið til hugar er að Indriði hafi átt sér bandamann í Kaupmannahöfn sem kveikti eld í verksmiðjunni á fyrirfram ákveðnum degi og tíma. Þeir Indriði hefðu þurft að hafa sammælt um þetta mörgum vikum áður því að samband við Ísland að vetri til takmarkaðist af um það bil einu skipi í mánuði. Þar að auki hefði samstarfsmaðurinn orðið að sjá til þess að eldurinn yrði beislaður innan klukkustundar. Báðir hefðu þeir átt á hættu að eldurinn snerist í meiri háttar eldsvoða, ef til vill með manntjóni þar sem svæðið var mjög þéttbýlt. Hefði komist upp um þá Indriða hefðu þeir átt yfir höfði sér langa fangelsisdóma. Það virðist því réttmætt að hafna þessari skýringu, auk þess sem engin sönnunargögn

* Árið 1905 var mikil umræða um það á Íslandi hvort landið ætti að fá símakapal sem tengdi það við önnur lönd eða loftskýtasamband. Ríkisstjórnin valdi kapalinn. Marconi Company setti upp símstöð í Reykjavík sumarið 1905 sem aðeins gat tekið á móti símskeytum frá hinni öfluglu Poldhu-stöð í Cornwall sem sendi boð áfram til Ameríku. Þessi móttökustöð dreifði helstu heimsfréttum til dagblaðanna í Reykjavík þar til henni var lokað árið 1906.



Úr fundargerð Tilraunafélagsins þar sem Jensen setur fram ýmsar fullyrðingar um líf sitt sem sannreyndar voru meira en 100 árum síðar.

styðja hana. Þar að auki stendur í *Politiken* að eldurinn hafi orsakast af rafmagnsbilun og slökkviliðið telur að ástæður eldsvoðans séu ókunnar. Hefði vaknað grunur um íkveikju hefði það verið tilkynnt til lögreglu til rannsóknar. Leit í lögregluskýrslum frá þessum tíma sýna engar slíkar kærur.

Eru einhverjar aðrar eðlilegar skýringar mögulegar? Hvað með bréfdúfur? Vandamálið er hin mikla fjarlægð. Það tekur farþegaflugvél um þrjár klukkustundir að fljúga til Íslands frá Kaupmannahöfn, venjulega á móti vestanvindi. 2.000 km eru ofar fluggetu bréfdúfna og mestur hluti leiðarinnar er yfir opnum sjó. Það eru heldur engar vísbendingar um að Indriði hafi átt dúfur. Hann átti aðeins hest.

Fjarskyggni eða samskipti við framliðinn anda?

Er hér um að ræða skyggnigáfu miðilsins, utanlíkamareynslu með sýn á eldsvoða í hinni fjarlægu Kaupmannahöfn (fjarskyggni) eða fjarskynjun? Að því er best er vitað þekkti Indriði engan í Kaupmannahöfn sem hefði getað fundið hjá sér þörf til að hugsa til hans þegar eldurinn braust út.

Voru þetta ef til vill samskipti við framliðinn anda? Gefa má sér um stund að Jensen hafi verið til sem framliðinn andi sem hefði samskipti í gegnum Indriða. Þá má spyrja hvers vegna Indriði ætti að fara sálforum á stað sem hann tengdist ekki á neinn hátt, þekkti engan og hefði aldrei komið á. Berum þetta saman við ástæður sem Jensen kynni að hafa haft til að horfa á eldsvoðann. Hann kann að hafa fundið hjá sér þörf í hléi frá miðilsstarfi með Indriða að fylgjast með atburði sem hlýtur að hafa verið mikilvægur honum sjálfum og mörgum sem hann þekkti þar sem hann gerðist við götu þar sem hann bjó mestan hluta ævi sinnar. Jensen hefði haft miklu sterkari hvöt en Indriði til að fylgjast með og segja frá því hvernig eldurinn þróaðist.

Hlutverk Emils Jensen í miðilsstarfi Indriða

Jensen varð fljótt mikilvægur í miðilsstarfi Indriða og reyndi síðar að efnisgerast, það er að segja að gera sig sýnilegan. Hann sást á mörgum fundum birtast í „lýsandi fallegri ljóssúlu“. Þetta stóð venjulega stutt í einu en kom oft fyrir á sama fundinum og á mismunandi stöðum í salnum. Þessi „ljóssúla“ birtist fyrst í myrkrinu en síðan birtist Jensen inni í henni. „Ljóssúlan“ var stærri en Jensen og gaf frá sér birtu þannig að stundum sáu Indriði og Jensen báðir í einu hlið við hlið. Á sama tíma hélt vitni báðum höndum Indriða til að útiloka möguleikann á svindli. Skráð er að stundum þegar Jensen var ekki sýnilegur var hægt að snerta hendur hans eða að fundarmenn fundu að hann snerti þá einhvers staðar á líkamanum.

Brynjólfur Þorláksson lýsir því að í eitt skiptið þegar hann var að leika á harmoníumorgelið hafi einhver snert hendur hans svo mjúklega að hann gat vel haldið áfram að leika á það. Á sama tíma heyrði hann hvíslað í eyra sér á dönsku.¹⁰¹

„Bliv bare ved. Du skal ikke være bange. Det er mig, Jensen.“ Þannig var haldið um hendurnar á mér nokkra stund. Samtímis heyri ég, að Haraldur Níelsson er að mæla við stjórnandann gegnum miðilinn, og ennfremur gat að heyra í sömu svifum talað gegnum lúður, sem við höfðum inni í salnum. Þetta gerðist í litla tilraunasalnum.

Brynjólfur staðhæfir að fundarmenn hafi oft fundið fyrir snertingu Jensens þegar hann efnisgerðist. Á öðrum fundi heima hjá Einari H. Kvaran fann Brynjólfur skyndilega eitthvað koma í fang sér.¹⁰²

Indriði var í transi. Þá verð ég alltíeinu var við, að eitthvað kemur í fangið á mér. Mér verður það fyrir að fálma til höndunum, alveg ósjálfrátt. Finn ég þá, að þetta er nakinn mannsfótur. Dimmt var í herberginu, svo að ég gat ekki greint fótinn með augunum. En ég þreifaði um hann aftur og aftur alla leið frá il uppað hné. Lengra fannst mér ekki viðeigandi að fara. Fann ég meðal annars, að á fætinum voru talsvert gild og stinn líkhár. Eftir dálitla stund tekur fóturinn að dragast hægt og hægt uppúr fangi mér. Fylgdi ég honum með höndunum, meðan ég náði til úr sæti mínu, en stóð síðan upp og hafði hendur á honum eins hátt upp og ég gat teygt mig. Þar dróst hann uppúr höndum mér. Fóturinn var hvorki heitur né kaldur viðkomu. Þessi fótur var af Jensen, að því er hann sagði okkur sjálfur eða stjórnandinn.

Ljós fyrirbærin virðast hafa verið sérstaklega sársaukafull fyrir miðilinn og þótt hann væri í transi mátti heyra hann stynja og veina af sársauka. Þetta efni verður nánar rætt síðar.

7. kafli

SWEDENBORG OG ELDURINN Í STOKKHÓLMI

Lýsing Jensens á eldsvoðanum í Kaupmannahöfn í gegnum miðilsástand Indriða er merkilega lík sýn Emanuels Swedenborg (1688–1772) af eldinum mikla í Stokkhólmi árið 1759. Mikilvæg atriði eru þó ólík. Skráð er að þessi sænski vísindamaður og sjáandi hafi lýst eldsvoða sem geisaði í Stokkhólmi þegar hann var í heimsókn í Gautaborg.¹⁰³ Þetta fyrirbæri varð svo frægt að þýski heimspekingurinn Immanuel Kant (1724–1804) bað enskan vin sinn sem hann virti mjög að rannsaka þetta atvik ásamt þremur öðrum. Þessi vinur sem ekki er nefndur á nafn var kaupmaður sem kom oft til Stokkhólms og Gautaborgar. Skýrsla hans til Kants er týnd en Kant lýsir þessu fræga dæmi í bréfi sem dagsett er 10. ágúst 1763 til vinar síns sem hafði spurt hann um málið, Charlotte von Knobloch. Þær línur sem skipta máli hér voru svohljóðandi:¹⁰⁴



Málverk af Emanuel Swedenborg.

Eftirfarandi atvik virðist mér hafa mikið sönnunargildi og eyða öllum vafa þegar meta á sérstaka hæfileika Swedenborgs. Á sunnudegi um fjögurleytið e.h. í lok september árið 1759 kom Swedenborg til Gautaborgar frá Englandi. William Castel bauð honum þá heim ásamt 15 öðrum. Um kl. 6 fór Swedenborg út [ekki tekið fram hvort átt væri við

út úr húsinu eða aðeins út úr herberginu] og sneri aftur til hópsins fögur á brá og skelfingu lostinn. Hann sagði að hættulegur eldsvoði hefði brotist út í Södermalm og breiddist hratt út. Hann var eirðarlaus og fór oft út. Hann sagði að hús eins vinar síns sem hann nefndi á nafn væri brunnið til ösku og hans eigið hús væri í hættu. Klukkan átta þegar hann kom að utan enn einu sinni hrópaði hann upp í gleði: „Guði sé lof! Eldurinn hefur verið slökktur þremur húsum frá húsinu mínu.“ Þessar fréttir ollu miklu írafári um alla borgina en einkum meðal þeirra sem hann umgekkst. Borgarstjóri Gautaborgar fékk fregnir af þessu sama kvöld. Á sunnudagsmorgni var Swedenborg boðaður til borgarstjórans sem spurði hann út úr um hamfarirnar. Swedenborg lýsti eldinum nákvæmlega, hvernig hann kviknaði og hvernig honum hefði lokið og hve lengi hann hefði staðið. Sama dag breiddist fréttin út um borgina. Þar sem borgarstjóranum hafði þótt fréttin allrar athygli verð jókst ótti fólks því að margir höfðu áhyggjur vegna vina sinna og eigna sem kynnu að hafa orðið fyrir hamförunum.

Á mánudagskvöldi kom boðberi til Gautaborgar sem sendur var af viðskiptaráðinu meðan eldsvoðinn geisaði. Í bréfi sem hann flutti með sér var eldsvoðanum lýst nákvæmlega eins og hjá Swedenborg. Á þriðjudagsmorgni kom konunglegur sendiboði til borgarstjórans með hin sorglegu tíðindi um eldinn, skaðann sem hann hefði valdið og hús sem hann hefði skemmt eða eyðilagt. Þar munaði engu frá því sem Swedenborg hafði skýrt frá á þeim tíma þegar atburðir gerðust. Eldurinn hafði verið slökktur kl. átta.

Fréttir sem bárust til Gautaborgar með sendiboða frá Stokkhólmi sannreyndu lýsingu Swedenborgs á sama hátt og frásögn Jensens (Indriða) var staðfest þegar næsta skip kom með *Politiken* til Reykjavíkur. Í báðum tilvikum voru engin eðlileg samskipti möguleg. Eldsvoðanum í Södermalm í Stokkhólmi var lýst í dagblaðinu *Stockholms Posttidningar* þann 23. júlí 1759 og í Gautaborgarblaðinu *Hvad Nytt i Staden* þann 30. júlí. Þetta var mesti eldsvoði í Stokkhólmi í mörg ár og hann eyðilagði 250 hús. Hann var því miklu skæðari en eldurinn í Kaupmannahöfn.

Eldurinn braust út um hálfa mílu frá heimili Swedenborgs og var slökktur í minna en 800 metra fjarlægð frá húsi hans sem stóð þar sem

Hornsgatan 41-43 er núna. Fjarlægðin er þekkt af því að Mariukirkjan sem er mjög nærri skemmdist. Þar sem hún stóð er nú almenningsgarður.

Um það bil mánuði munar á dagsetningunni sem gefin er í bréfi Kants og raunverulegri dagsetningu sem fram kemur í dagblöðunum. Charley Dunbar Broad (1887–1971), heimspekingur við Cambridge-háskóla og fyrrum forseti Sálarrannsóknafélagsins (SPR), skrifaði frábæra grein um málið, styrkleika þess og veikleika. Hún birtist í *Proceedings of the SPR* árið 1950.¹⁰⁵ Annar forseti SPR, John Poynton¹⁰⁶, hefur skrifað áhuga-verðan greinarritdóm um Kant og sálarrannsóknir.

Aðalhöfundur þessarar bókar gerði tilraun til að betrumbæta athuganir Broads með því að leita í skjalasöfnum og bókasöfnum í Gautaborg með aðstoð sálfræðingsins og dulsálfræðingsins Adrians Parker. Einnig leitaði hann á sambærilegum söfnum í Stokkhólmi og átti fundi með sænskum sérfræðingum um Swedenborg, svo sem Inge Jonsson, fyrrum rektor Stokkhólmsháskóla, og sr. Ole Hjern við Swedenborgkirkju í Svíþjóð. Engin ný skjöl fundust né hafa fundist í langan tíma.

Nokkur greinileg líkindi eru á milli tilfella Jensens (Indriða) og Swedenborgs. Báðir segja frá tveimur eða fleiri athugunum á eldsvoðanum með einhverjum tíma á milli. Í síðustu athugininni greina þeir báðir frá því að tekist hafi að ráða bug á eldinum. Í báðum tilvikum voru margir áhorfendur viðstaddir, fimmtán hjá Swedenborg og sennilega margir fundarmenn hjá Indriða þótt nákvæm tala sé ekki gefin upp. Í báðum tilvikum voru viðstaddir svo hrifnir að þeir völdu tvo háttsetta einstaklinga til að bera vitni ef svo skyldi reynast að sýnirnar um fjarlægð eldsvoða væru réttar. Þessi vitni voru biskup Íslands og borgarstjóri Gautaborgar. Báðir hóparnir urðu að bíða fréttáflutnings úr fjarlægð. Hópurinn í Reykjavík var í 2.000 km fjarlægð frá Kaupmannahöfn. Hópurinn í Gautaborg var í 400 km fjarlægð frá Stokkhólmi.

Í báðum tilvikum hlýtur staðsetning eldsvoðans að hafa skipt sjáendurnar mjög miklu máli (sé reiknað með að Jensen sé annar þeirra). Í dæmi Swedenborgs ógnaði eldurinn heimili hans og eignum. Í tilviki

Jensens varð eldsvoðinn mjög nærri þeim húsum sem hann hafði búið í alla sína ævi og hlýtur að hafa átt marga nána vini.

Dæmin tvö eru einnig ólík á markverðan hátt. Indriði var í transi og einn af framliðnum þátttakendum hans lýsti eldinum. Swedenborg var greinilega við fulla og eðlilega meðvitund. Þó verður að geta þess að Swedenborg vildi vera einn og ótruflaður og fór því út til að taka við skynjun sinni um eldsvoðann. Ef til vill varð hann að komast í breytt vitundarástand þar sem hann kann að hafa komist í samband við framliðna anda. Sé svo eru líkindin enn meiri við ástand Indriða.

Gæti þetta hins vegar verið dæmi um andlegt fjarsamband hjá Swedenborg? Ekki er vitað hvort neinn hafi búið í húsi Swedenborgs á meðan hann var í burtu. Eins og Jensen var Swedenborg ókvæntur alla ævi svo að ef til vill var enginn í húsinu sem gæti hafa orðið var við eldinn sem færðist óðum nær og Swedenborg gæti hafa átt hugarsamband við. Auðvitað átti hann nágranna en þeim var áreiðanlega meira umhugað um sínar eigin eigur en hans. Þetta gerir hugarsambandstúlkunina ólíklegri en engin leið er að ákvarða hvers konar skynjun þetta hafi verið hjá Swedenborg, fjarskyggni eða fjarhrif, hafi þetta verið hans eigin skynjun. Hins vegar er vitað með sannni að Swedenborg varð síðar á ævi sinni frægur fyrir að staðhæfa að hann ætti í sambandi við framliðna anda.

Hugmyndarík skrif Swedenborgs sem þýdd voru yfir á ensku og mörg önnur tungumál gerðu það að verkum að oft er litið á hann sem mikilvægan undanfara nútímahreyfingar spíritismans. Hann hafði veruleg áhrif, einkum í Bandaríkjunum og Bretlandi þar sem kirkjur voru stofnaðar í hans nafni sem enn eru til. Í Bandaríkjunum urðu skrif hans víðkunn og er enn verið að gefa þau út. Hann hafði þannig áhrif á fræga einstaklinga eins og bandaríska heimspekinginn William James (1842–1910) en faðir hans tilheyrði Swedenborg-söfnuði.

8. kafli

LEITIN AÐ EMIL JENSEN

Hver var þessi dularfulli Jensen? Var hann uppspuni ímyndunarafls Indriða Indriðasonar eða hafði hann verið raunveruleg lifandi vera? Einu upplýsingarnar í skýrslu Haraldar Níelssonar¹⁰⁷ er að hann hafi verið verksmiðjueigandi (á dönsku „fabrikant“). Einar H. Kvaran¹⁰⁸ lýsir honum sem fataverksmiðjueiganda („klædefabrikant“) og innfæddum Kaupmannahafnarbúa sem að hans sögn var auðfundið á „ekta Kaupmannahafnarhreim“ hans. Þetta er allt það sem vitað er um hann frá þeim sem skrifuðu um Indriða og fyrirbæri hans. Einar skrifaði að aldrei hafi neitt komið fram „hver hann hefði verið þegar hann var á lífi“. Eftir fyrsta fundinn hans, þann 24. nóvember 1905, kom hann oft fram í tengslum við ljósfyrirbæri og tilraunir til að framkalla efnisgervingu. Samt er ekki orð að finna um sögu hans sjálfs eða persónuleika.

Nýfundnu fundargerðabækurnar flytja alveg óvænt áhugaverðar upplýsingar um Jensen. Fundargerðirnar hefjast á fundi 4. desember 1905, tíu dögum eftir fundinn þegar eldsvoðanum í Kaupmannahöfn var lýst. Samkvæmt fundargerðunum birtist hann aftur á fundi 11. desember 1905. Við það tækifæri gefur hann afar nákvæmar upplýsingar um líf sitt. Hann svarar greinilega því sem hann var spurður þegar hann upplýsir að fyrra nafn sitt sé Emil og gefur upp fleiri smáatriði um ævi sína:

Ég heiti Emil (að skírnarnafni). Ég heiti Emil Jensen, já! Ég er barnlaus. Já (ég var piparsveinn). Nei (ég var ekkert mjög ungur þegar ég dó). Ég á systkini en ekki hér á himnum.



Ekki tókst að finna mynd af Emil Jensen (ca. 1848–1898) en þessi mynd er af eldri bróður hans, Lofrenz Ferdinand Jensen sem var prestur við Trinitatis-kirkju í miðborg Kaupmannahafnar.

Eftir þessar yfirlýsingar heilsar miðillinn einhverjum og talar um baunaát (Íslendingar grínast oft með baunaát Dana og kalla þá Bauna). Síðan stynur hann og öskrar af sársauka og segir: „Gerðu það ekki! Gerðu það ekki!“ Í fundargerðinni segir síðan: „Mjög bjart ljós blikkar, maður birtist í eitt skiptið.“ Þessu er ekki lýst frekar. Einar og Haraldur nefna báðir hve miklum sársauka ljósfyrirbærin ollu miðlinum.

Greinilega voru aldrei gerðar neinar tilraunir til að sannreyna hvort einhver einstaklingur hefði búið í Kaupmannahöfn sem þessar lýsingar gátu átt við. Aðeins er hægt að geta sér til um ástæður þess. Kaupmannahöfn var í órafjarlægð frá Reykjavík og það var meiri háttar sjóferð að fara þangað.

Kaupmannahöfn var einnig stórborg á þessum tíma og það hefur sjálfsagt ekki þótt fýsilegt að leita uppi einhvern sem hefði verið á lífi á óvissu tímabili og heitið svo algengu nafni. Gleymdust þessar fáu línur í fundargerðinni fljótt og var ekki flett upp aftur? Eða voru fundarmenn þá þegar orðnir sannfærðir af fyrri reynslu um að allt sem frá Indriða kæmi ætti sér svo styrka stoð í raunveruleikanum að ekki þyrfti að sannreyna neitt?

Í meira en heila öld var þessari spurningu enn ósvarað. Hafði einhver Emil Jensen verksmiðjueigandi átt heima í Kaupmannahöfn? Eða voru þeir margir? Voru einhver tengsl milli slíkra einstaklinga, hafi þeir verið til, og staðsetningar eldsvoðans sem lýst var þegar hinn framliðni Jensen birtist fyrst á fundi þann 24. nóvember 1905?

Í júní 2009 átti aðalhöfundur þessarar bókar kost á að eyða degi í Kaupmannahöfn. Í Konunglega bókasafninu er að finna ritið Köbenhavns Vejviser [Fyrirtækjaskrá Kaupmannahafnar] sem kom út árlega á 19. öld.

Í því er listi yfir fagmenn og viðskiptamenn í stafrófsröð þar sem getið er ættarnafns, starfs, skírnarnafns og heimilisfangs hvers og eins. Leitað var í 1890-árgangi ritsins.

Jensen er eitt algengasta ættarnafn í Danmörku. Hundruð Jensena voru í listanum, þar á meðal nokkrir verksmiðjueigendur en aðeins einn þeirra bar skírnarnafnið Emil. Og heimilisfang hans? Store Kongensgade 67 sem er tveimur húsnúmerum frá Store Kongensgade 63 þar sem eldurinn braust út. Þetta virtist vera miklu meira en hrein tilviljun. Þetta var sönnun þess að verksmiðjueigandi að nafni Emil Jensen (u.þ.b. 1848–1898) hafði í raun átt heima í Kaupmannahöfn og það sem meira er, búið í Store Kongensgade 67, rétt hjá eldsupptökunum.

Síðar þetta ár rannsakaði höfundur manntalsskjöl í Landsarkiv [Þjóðskrá] í Kaupmannahöfn. Árið 1885 er Thomas Emil Jensen, ókvæntur og 37 ára gamall, fæddur í Kaupmannahöfn, skráður sem verksmiðjueigandi og kaffikaupmaður. Á þeim tíma bjó hann með fjórum ógiftum systurum í Store Kongensgade 68, líka í næsta nágrenni við nr. 63 þar sem eldurinn kviknaði. Hann var heimilisfaðir. Fimm árum áður hafði hann búið í Store Kongensgade 40 þar sem faðir hans rak fyrirtæki, F. Jensen & Søn, sem verslaði með krydd* í 30 ár. Árið 1880 bjó Emil Jensen með þremur ógiftum systurum sínum og Edvard Julius Jensen sem eftirgrennslanir leiddu í ljós að væri bróðir hans.

Þjóðskráin frá 1860 sýndi að foreldrar hans bjuggu á þessum tíma í Store Kongensgade 40 ásamt sjö börnum sínum, fjórum dætrum og þremur sonum. Emil Jensen er síðast skráður árið 1898 í Fredericiagade 16 en sú gata liggur þvert á Store Kongensgade og er aðeins 300 metra frá húsinu þar sem eldurinn braust út. Skrár sýna þannig að frá átta ára aldri og til dauðadags árið 1898 átti Emil Jensen heima við Store Kongensgade eða götur sem lágu þvert á hana.

Dánarvottorð hans sem fékkst úr Borgarskjalasafninu sýnir að hann lést 3. ágúst 1898, óvæntur, fimmtugur að aldri, hafði fæðst í Kaup-

* Á dönsku: urtekræmmer.

mannahöfn og var verksmiðjueigandi að starfi. Hann var jarðsunginn af bróður sínum, sr. Lorenz Ferdinand Jensen, frá Assistens-kirkjugarði í Kaupmannahöfn.

Skjöl á skrifstofu Assistens-kirkjugarðs sýna að Emil Jensen var grafinn í fjölskyldugrafreit. Fjórar systur hans voru grafnar þar eftir hans dag, Louise Emilie árið 1908, Anna Sofie og Lovisa árið 1935 og Julie Caroline árið 1936.

Hvað með bróðurinn, Edvard Julius Jensen? Hann var fjórum árum yngri en Emil. Árið 1885 kvæntist hann og flutti að Havnegade 43 og var skráður sem kaffikaupmaður og súkkulaðiframleiðandi. Hann lést árið 1923 og lifði þannig Emil, bróður sinn. Elsti bróðirinn, Lorenz Ferdinand, las til prests og þjónaði í mörg ár við Trinitatis-kirkju í miðborg Kaupmannahafnar. Hann lést 1925. Í skjali frá Skiptarétti sem skrifað var þegar eigum Emil Jensens var skipt eru bræður hans og systur talin upp, staðfest að hann átti engin börn og sýnt fram á að systkini hans hafi öll verið á lífi þegar hann dó.

Upplýsingarnar um Emil Jensen reyndust vera fullkomlega réttar, rétt eins og lýsingin á eldsvoðanum sem greint var frá hér að framan. Eina atriðið sem ekki er fullkomlega sannreynt er að Einar og Haraldur¹⁰⁹ fullyrða að Jensen hafi verið fataframleiðandi. Hvergi finnst staðfest hvað hann framleiddi. Í dönskum gögnum er hann einungis skráður sem kaffikaupmaður og verksmiðjueigandi. Hann virðist hafa verið vel efnum búinn því að hann skildi eftir sig verulegar eignir sem gengu til systkina hans.

Vitum við eitthvað meira um Jensen? Herskrár í Þjóðskjalasafni Kaupmannahafnar sýna að hann var úrskurðaður óhæfur til herþjónustu af heilsufarsástæðum. Herskrárnar segja að hann hafi verið 1,68 m á hæð og 74 sm yfir brjóstkassann sem sýnir að hann hefur verið afar grannvaxinn. Hann lést úr lifrarkrabbameini samkvæmt dánarvottorðinu.

Einar H. Kvaran¹¹⁰ skrifar að þeim hafi verið sagt að „Jensen yrði leiðtogi í tilraunum í að framkalla efnisgervingarfyrirbæri þar sem hann hefði aflað sér þekkingar á slíkum tilraunum annars staðar frá“. Ekki er útskýrt

hvort átt sé við þekkingu frá þeim tíma þegar Jensen var á lífi eða reynslu eftir dauðann gegnum aðra miðla. Ekki er vitað um áhugamál eða menningarbakgrunn fjölskyldu Jensens nema hvað þau voru kaupmenn og verksmiðjueigendur. Til dæmis er ekki vitað hvort fjölskyldan hefði áhuga á spíritisma sem hélt innreið sína í Danmörku á 9. áratug 19. aldar.¹¹¹

Leit að ættingjum reyndist fljótlega árangurslaus. Emil Jensen og systur hans áttu engin börn. Bræður hans kvæntust hins vegar. Presturinn, Lorenz Ferdinand, eignaðist engin börn en Edvard Julius eignaðist son sem varð vel metinn lögmaður og kvæntist en eignaðist engin börn. Sú staðreynd að einn sonanna varð prestur sýnir að einhverjir í fjölskyldunni höfðu áhuga á andlegum málum en segir ekkert um hugsanlegan áhuga á spíritisma. Jesper Vaczy Kragh skrifaði ritgerð um sögu spíritismans á Norðurlöndum. Hann man ekki til þess að hafa rekist á nafn Emils Jensen þegar hann kynnti sér upphaf spíritismans í Danmörku.

9. kafli

HANDLEGGUR INDRÍÐA HVERFUR

Eitt allra dularfyllsta fyrirbærið tengt Indriða Indriðasyni hófst 18. desember 1905. Fundarmenn heyrðu þá brothljóð í handlegg hans á meðan hann var í transi. Heima hjá Einari H. Kvaran skrifaði Indriði ósjálfrátt við fulla meðvitund um áhyggjur stjórnenda sinna af tilraunafundi sem halda átti kvöldið eftir. Stjórnendurnir lögðu þunga áherslu á það í ósjáfráðu skriftinni að fundarmenn yrðu að vera sallarólegir og hljóðir því að annars væri líf miðilsins í hættu. Gera ætti „skurðaðgerð“ á honum en hann mætti ekki fá að vita neitt um það fyrirfram svo að hann fylltist ekki kvíða. Á fundinum kvöldið 19. desember varð vinstri handleggur Indriða ósýnilegur. Vinstri ermi jakka hans varð tóm. Stjórnandinn bauð Einari að þreifa varlega á honum. Handleggur Indriða var orðinn óefnislegur.¹¹²

Einar lýsir síðan því sem gerðist á miðilsfundinum næsta kvöld (20. desember). Eftir venjulega fundarbyrjun, söng fundarmanna og bæn stjórnanda, fór stjórnandinn burt um stund. Hér á eftir fer lýsing Einars, byggð á skriflegum glósum á fundinum sjálfum. Hún hefst á kveðju miðilsins:¹¹³

„Komdu nú sæll og blessaður! Ég gleðst af að sjá þig koma. En hvað ætlaðu að gera við alla þessa hnífa? — Nei, nei, nei!“ (Fer inn í byrgið). „Nei, nei, það má ekki“.

Rödd stjórnandans: „Passið þið!“

Nú heyrðust um stund kvalastunur frá miðlinum innan úr byrginu.

Þá kemur hann fram úr byrginu og segir, eins og raunamæddur:

„Hvenær komið þið með hann aftur?“

Þá kom miðillinn til mín — ég sat inst í salnum — rétti mér tóma vinstri ermina á jakkanum sínum og sagði með rödd stjórnandans: „Haldið þið hérna í, varlega! Það má þreifa með gætni“.

Ég þreifaði og fann ekki vinstri handlegginn. Stjórnandinn: „Taktu jakkann og farðu varlega! Taka hann hægramegin! — Ég læt hann fara fram fyrir; það er frekar hressandi loftið þar. Ég er hræddur um, ef hitinn verður of mikill, að honum blæði“.

Miðillinn fór þá fram í autt herbergi, fram af salnum og var þar ofurlitla stund. Þá kom hann aftur inn og fór inn í byrgið.

Þá var kallað á mig með rödd stjórnandans: „Viltu vita, hvort nokkuð blæðir úr nefinu á honum?“ Ég spurði, hvort ég mætti þá kveikja á eldspýtu. „Já, en þið megið ekki hafa ljósið lengi“.

Ég kveikti og sá, að ekkert blæddi. Miðillinn lá á hálmdýnu á hægri hliðinni inni í byrginu. Eg athugaði aftur, hvort eg fyndi ekki handlegginn. En það fór á sömu leið.

Miðillinn: „Æ, hvert ætlið þið með hana ? Hvar er hún?“

Stjórnandinn: „Gáið þið nú vel að, hvort þið sjáið nokkur fyrirbrigði fyrir framan hjá ykkur; vera mætti að sæist einhverju verkfæri veifað, svo sem eins og hendi frænda míns.“

Við litum vandlega í kringum okkur, út um salinn, en sáum ekkert. Þar á móti fundu tveir piltar kalda og mjúka hönd koma við andlitið á sér.

Mér var enn boðið að þreifa um öxlina, og ég gerði það svo ræki-lega, sem ég gat, og fann ekki handlegginn.


Stjórnandinn: „Þetta fáið þið að sjá með tímanum í björtu.“



Fyrsta alþjóðaráðstefnan um sálarrannsóknir í Kaupmannahöfn árið 1921 þar sem Haraldur Nielsson hélt fyrirlestur um miðilsstörf Indriða. Hann er þekktanlegur á skegginu í miðri annarri röð. Þessi ljósmynd er birt með vinsamlegu leyfi IGPP-skjalasafnsins í Freiburg í Þýskalandi. Það er úr safni Alberts von Schrenck-Notzing (1862 - 1929) sem skrifaði inn á hana nöfn sumra ráðstefnugestanna. Sjá skýringar á bls. 63.

Næsta kvöld á eftir gerðist það sama og einnig kvöld eitt síðar um veturinn, fundarmönnum algjörlega að óvörum. Þegar fyrirbærið varð að kvöldi 20. desember, leituðu fimm fundarmenn mörgum sinnum að týnda handleggnum með því að þreifa um allan efri hluta líkama Indriða. Þeir gerðu þetta hvað eftir annað og á meðan á leitinni stóð var oft kveikt á eldspýtum en handleggurinn fannst ekki.¹¹⁴ Þrír fundarmanna í salnum fundu hönd snerta andlit sitt á sama tíma og Indriði lá í miðilsstúku* sinni. Haraldur Níelsson¹¹⁵ var einn þeirra fimm sem leituðu á Indriða þetta kvöld. Hann staðfestir að handleggurinn hafi verið gjörsamlega

* Miðilsstúka: Í fundargerðum og öðrum gögnum oft kallað „byrgi“. Orðið „stúka“ virðist eiga betur við um það afmarkaða rými sem miðlinum var ætlað.



Tölusett teikning af þátttakendum á fyrstu alþjóðaráðstefnunni um sálarrannsóknir í Kaupmannahöfn árið 1921, sjá ljósmynd á bls.62.

1) Le Chevalier Clément de St.-Marcq, Brussel, 2) Dr. H.J.F.W. Brugmans, Gröningen, 3) Sr. Charles Drayton Thomas, London, 4) Mélusson, Lyon, 5) Maurice Schaerer, Brussel, 6) Dr. Hereward Carrington, New York, 7) Prófessor Viktor Mikuska, Prag, 8) Prófessor Haraldur Nielsson, Reykjavík, 9) Dr. Sydney Alritz, Uppsölum, 10) Dr. Thorstein Wereide, Ósló (árið 1921: Kristiania), 11) Prófessor Oscar Jaeger, Ósló, 12) René Sudre, París, 13) Carl Vett forstjóri, Kaupmannahöfn, 14) Uno Stadius rektor, Helsingfors, 15) Dr. Mackenzie, New York, 16) Jules Magnin, Genf, 17) Dr. Niels Christian Borberg, Kaupmannahöfn, 18) William Henry Salter, London, 19) Selboe deildarstjóri, Ósló, 20) Dr. Zeehandelaar, Amsterdam, 21) Mikuska, Prag, 22) Helen de G. (Verrall) Salter, London, 23) Juliette Bisson, París, 24) Miss Simmonds, London, 25) Dr. Walter Franklin Prince, New York, 26) Felicia R. Scatchherd, London, 27) Dr. Albert von Schrenck-Notzing, München, 28) Fritz Grunewald verkfræðingur, Berlín, 29) Dr. Gustav Geley, París.

horfinn og ekki fundist þótt ljós væri kveikt og leitað væri vandlega á líkama Indriða.¹¹⁶

Haraldur staðfestir einnig að sjö manns hafi horft á fyrirbærið gerast þriðja kvöldið sem handleggur Indriða hvarf.¹¹⁷ Þeir lýstu allt í kringum Indriða þar sem tóm ermin hékk laus. Þeim var leyft (líklega af stjórnendum) að snerta og taka á honum allt í kringum öxlina. Þeim var þó ekki leyft að afklæða öxlina og sjá hana berum augum.

Lýsing á þessu fyrirbæri er skráð í fyrri fundargerðabókina fyrir 18. og 19. desember. Nákvæmasta lýsingin er þó í fundargerðinni 20. desember:

Þarna er það! (Hendinni stjórnað á E.H. upp að öxl mbm. [millibilsmanns = miðils] og þá finnur hann að vantar handlegginn). - Haraldur Nielsson! Komdu! Varlega! Findu hér! Farðu varlega! Ofar. Þarna er það! (Hendinni eins stjórnað á H.N.; finnur að vantar handl.) - Björn Jónsson! - Varlega! Svona! Hér er það! Já (það má kveikja). En í guðs bænum varlega! Ofar svolítið. Þarna kemur það! (Hendi B.J. stjórnað; hann finnur að vantar handl. mbm. (og auk þess sást það þegar kveikt var). - Gáðu að hvort honum blæðir! [Blæðir ekki]. Konan þín, vinur minn! (Einars Hjörleifssonar, Gíslína Hjörleifsson). Eg stýri henni. Það má bregða því upp (ljósinu). (Hún finnur hið sama, að vantar handl.) - Nú skuluð þið öll sitjast og vita hvort þið sjáið ekki neitt. Það er einn læknir hér, látum hann koma. Það eru sömu skilyrðismálarnir. Það má kveikja. (Stjórnar hönd hans (Henriks Erlendssonar*), og þá finnur hann (H.E.) að handl. vantar og auk þess sézt það). - Eruð þið þá viss í ykkar sök? Hvað eruð þið mörg? (5, sem fundu að handl. vantaði). Nú skuluð þið öll sitjast og athuga. (Einn piltur, Sk.Th., B.J. og frú G.H. finna að köld hönd kemur við andlitin á þeim).

Lýsingin í fundargerðabókinni líkist helst símskeyti. Einar segir að hann hafi þarna horft á handleggshvarfið í annað sinn og orðið enn sannfærðari. Indriði stóð á gólfinu og Einar þreifði á Indriða frá „öxl og niður eftir síðunni og bakinu og eins að framan“.¹¹⁸ Hann þreifði einnig „allt í kringum hann og hátt og lágt um bolinn“. Hann taldi að með svo vandlegri leit hefði hann tekið eftir handleggnum hefði hann verið þarna. Öll vitnin sjö skrifuðu undir vitnisburðarskjal við lok fundarins og staðfestu að þau hefðu ekki getað fundið fyrir eða haft upp á handlegg Indriða og væru tilbúin til að staðfesta það með eiði. Einar skrifar:¹¹⁹

Þetta fyrirbrigði kom enn fyrir löngu seinna í vetur eitt kvöld, alveg að óvörum. Þá var það enn athugað af 7 mönnum og hvað eftir annað í

* Hinrik Erlendsson (1879–1930) var læknastúdent á þessum tíma og fékk læknisleyfi árið 1912.

ljósi. Ég var einn þeirra, og ég get sagt um sjálfan mig, að ég fékk þá öruggari vissu en áður. Miðillinn stóð á gólfinu og ég strauk frá öxlinni niður eftir síðunni og bakinu og eins að framan. Sömuleiðis strauk ég hringinn í kringum hann, hátt og lágt um bolinn. Mér finnst það blátt áfram hlægilegt að hugsa sér, að ég hefði ekki orðið var við bandlegginn með jafnvandlegri þreifingu, ef handleggurinn hefði verið þar í venjulegu ástandi, nema ef ég hefði á þeirri stundu orðið fyrir einhverjum dáleiðsluáhrifum, og þar hefði verið um skynvillu að tefla. Þá hafa allir hinir sex orðið fyrir sams konar áhrifum, því að öll rituðum við í fundarlok undir vottorð þess efnis, að handleggurinn hefði ekki verið okkur skynjanlegur, og öll tjáðum við okkur fús til að staðfesta það vottorð með eiði.

Ég veit ekki, hvort er dularfyllra, að við höfum öll orðið fyrir sömu skynvillunni á þessari stund, eða hitt, að handleggurinn hafi í raun og veru óskynjanlegur orðið.

Brynjólfur Þorláksson skrifar að hann hafi verið einn þeirra sjö sem leituðu að vinstra handlegg Indriða og skrifaði undir skjalið um að þeir væru fúsir til að staðfesta það með eiði.¹²⁰ Hann segir einnig: „Þetta atvik vakti mikla athygli og olli verulegum umræðum á þessum tíma og var talið eitt dularfyllsta fyrirbærið sem varð á fundunum með Indriða.“

Haraldur Níelsson¹²¹ skýrir frá því að hann hafi verið einn þeirra sjö sem leituðu á Indriða þar sem hann stóð í fullri birtu og vinstri handleggur hans var ósýnilegur öllum þeim sem viðstaddir voru. Hálfri stundu síðar birtist handleggurinn aftur á Indriða. Haraldur hjálpaði Indriða að fara í fötin að þessu loknu „þar sem stjórnendurnir höfðu ýtt skyrtu hans, vesti og jakka upp fyrir axlir vinstra megin [líklega á meðan þeir „settu hann á sinn stað“] meðan handleggurinn hékk nakinn“.¹²²

Framliðinn aðalstjórnandi Indriða, Konráð Gíslason, sagði að lyfting, ljósfyrirbæri, leikfimiæfingar og afefnisgervingartilraunir væru undirbúningur fyrir efnisgervingu mannlegra vera.¹²³

Af þessum texta er ekki ljóst að hvaða leyti Indriði var afklæddur á meðan fundarmenn leituðu handleggs hans. Ekki er vitað hvort það var jakkaermin eða aðeins skyrtuermin sem hékk tóm. Það hefði verið auð-

veldara að finna eða reyna að finna handlegginn ef Indriði hefði aðeins verið í skyrtunni. En það hefði átt að vera auðvelt að sannfærast um hvort handleggurinn væri þarna hvort sem hann var í jakka eða ekki.

Skráð dæmi um afefnisgervingu líkama miðilsins eru afar fátið í ritum um efnismiðla. Hinn þekkti rússneski sálkönnuður Alexander Aksakof (1832–1903) skrifaði árið 1894 nákvæma skýrslu um afefnisgervingu neðri hluta líkama miðilsins Elizabeth d'Espérance (1855–1919) sem gerðist í desember 1893 í Helsinki í Finnlandi.¹²⁴ Skráð er að birta hafi verið næg til að þeir ellefu einstaklingar sem viðstaddir voru sæju að líkami d'Espérance frá mitti og niður var horfinn og fyrir þá fimm sem sannreyndu það með því að þreifa. Nýlega hafa fundist ný skjöl í skjalasöfnum Gautaborgar þar sem d'Espérance bjó um tíma.¹²⁵

Örfá önnur dæmi af þessu tagi er að finna í Fodor.¹²⁶ Þetta er sérlega fátítt fyrirbæri í allri skráðri sögu spíritismans.

10. kafli

HEILUN, LYKTARFYRIRBÆRI OG SÝNDARUPPSKURÐIR

Í febrúar 1906 veiktist Indriði skyndilega alvarlega.¹²⁷ Gögn sýna ekki hvað amaði að. Ákveðið var að stöðva efnisgervingartilraunirnar. Félagið sneri sér þess í stað að heilunartilraunum.¹²⁸ Þær hófust á því að heila Indriða sjálfan. Stjórnendurnir voru spurðir hvort hægt væri að heila aðra. Svarið var neitandi nema viðkomandi gæti fallið í trans. Skömmu síðar buðu stjórnendurnir þó upp á að gera heilunartilraunir á öðru fólki í vökuástandi. Þeir lögðu áherslu á að þetta væru aðeins tilraunir þar sem þá skorti reynslu og vissu ekki hvort þetta tækist. Að sögn Einars skánaði ástand sumra sjúklinganna en annarra ekki. Árangurinn var því misjafn.

Indriða mislíkaði heilunartilraunirnar og tók ófús þátt í þeim. Hann hafði enga trú á sjálfum sér sem sálrænum heilara og taldi að þessu yrði snúið gegn sér.¹²⁹ Í tengslum við heilunartilraunirnar gerðust nokkur undarleg fyrirbæri. Eitt þeirra var létt fingurslög eins og lækna gera þegar þeir skoða fólk. Stundum heyrðust þau á brjóstakassa Indriða. Viðstaddir fundarmenn héldu í báðar hendur hans en slögin eða högginn héldu áfram. Svipuð högg á brjóstakassa hans heyrðust þegar hann lá fárveikur í transi í rúmi sínu.

Það gerðist einnig að framliðni stjórnandinn sem kallaður var „norski lækinn“ lét að áliti fundarmanna skýr högg heyrast í svefnherbergjum þeirra fundarmanna sem hann fullyrti að hann mundi vitja um nóttina. Stjórnandinn skýrði síðar frá því á fundi hvað hefði gerst þótt þau atvik sem greint var frá hefðu að sögn verið ókunnug miðlinum og öðrum fundarmönnum en þeim sem hafði verið „vitjað“.¹³⁰



*Hallgrímur Sveinsson
biskup var föðurbróðir
Haraldar Nielssonar.
Hann kemur nokkuð við
sögu í starfi Indriða.*

Í febrúar 1906 þegar Indriði lá veikur í rúmi sínu fannst sterkur sætkenndur ilmur frá höfði hans. Einar skrifar að Indriði gæti „ómögulega“ hafa verið með hjá sér neitt efni sem hefði getað gefið frá sér þennan sæta ilm.¹³¹ Anganin frá höndum og handleggjum Indriða var stundum svo sterk að hún barst um allan tilraunasalinn. Þegar hann snerti andlit fundarmanna hélst lyktin þar í dagóða stund. Leitað var margsinnis vandlega á Indriða fyrir fundi þegar lyktin hélt áfram til að útiloka þann möguleika að hann hefði komið með einhver efnafræðileg ilmefni með sér en aldrei fannst neitt slíkt. Hver og einn fundarmaður fann þennan ilm, stundum tuttugu eða þrjátíu

fundarmenn í einu. Vegna sætkennds eðlis líkist þetta lyktarfyrirbæri „odor sancti“ – ilmi heilagleikans – sem skráð er að hafi fundist nærri sumum kaþólskum og indverskum dýrlingum, meðal annars Sathya Sai Baba (1926–2011).¹³²

Mörg önnur fyrirbæri litu dagsins ljós í tengslum við heilunartilraunir með Indriða. Til dæmis gerðist það í febrúar 1906¹³³ að Indriði var í transi og var að nudda bakið á einum sjúklunga sinna. Einar og aðrir félagsmenn sáu þá eitthvert efni þekja að mestu bak sjúklingsins (ekki er þess getið hvernig fundarmenn gátu séð bakið á honum). Það líktist „þornaðri döggi, sums staðar var það gráhvítt en annars staðar var yfir því grænleitur ljómi“.¹³⁴ Einar staðhæfir mjög ákveðið að Indriði „hafi ekki haft á sér neitt slíkt efni og hefði ekki haft neina hugmynd um hvernig mætti útvega sér það“.

Í gögnum höfunda er einni heilunaraðgerð lýst nákvæmlega á þessu tímabili og verður það endursagt hér í stuttu máli.¹³⁵ Indriði gerði líklega alltaf heilunar-„aðgerðir“ sínar í myrkri. Fyrir aðgerðirnar féll hann í trans sem tók eina eða tvær mínútur. Eftirfarandi aðgerð var gerð í byrjun

mars 1906. Viðstaddir, auk Indriða og sjúklingsins, voru Björn Jónsson, Ragnheiður Bjarnadóttir og Ingibjörg S. Pálmadóttir. Sjúklingurinn, Jón Jónsson, hafði fengið þá sjúkdómsgreiningu hjá lækni að hann væri með magakrabbamein.¹³⁶ Í miðri aðgerðinni leyfðu stjórnendurnir fundarmönnum að kveikja á ljósi og koma með það að sjúklingnum. Þeim fannst þeir sjá gat á kvið hans sem væri um það bil á breidd við fingur. Út um gatið flæddi brúnleitur gröftur. Indriði fjarlægði brúnleita flekki úr sárinu og henti þeim í arinninn. Stuttu síðar var ljós tendrað aftur. Sárið virtist enn opið en var minna en áður. Nokkrum andartökum síðar voru ljósin kveikt á ný en nú sáust engin merki um skurð eða gat á kvið sjúklingsins. Þessi aðgerð var gerð án nokkurra tækja eða áhalda og mörg einkenni sjúkdómsins voru sögð hafa horfið. Heilunartilraunirnar með Jón Jónsson stóðu í um þrjár vikur eða fjórar. Á þeim tíma fékk hann enga meðferð hjá lærðum lækni þar sem búist var við að andlát hans „væri yfirvofandi“.¹³⁷ Jón andaðist 16. mars 1906. Rætt var í staðarblöðum hvort hann hefði látist úr krabbameininu eða lungnabólgu sem hann fékk skömmu fyrir andlátíð.

Í grein sinni frá 1906 staðhæfir Einar H. Kvaran að persónuleikar Konráðs Gíslasonar og norska læknisins hafi verið eins ólíkir og við mátti búast af tveimur ótengdum lifandi einstaklingum. Raddir þeirra og talsmáti hljómaði mjög ólíkt og það sama gildi um tungumálið sem þeir töluðu (norsku og íslensku). Sá norski var alúðlegur og hjartanlegur með ríka kímniáfu. Þótt þeir væru ósammála um margt töluðu þeir af virðingu hvor um annan. Deilur þeirra gengu svo langt að Norðmaðurinn sagði a.m.k. einu sinni að hann tæki enga ábyrgð á gjörðum Konráðs og mundi ekki mæta. Í öðru tilviki sagði hann að áætlað verkefni væri of erfitt fyrir miðilinn. Svo virðist sem lækningurinn hafi haft rétt fyrir sér. Ákafi Konráðs í að framkalla ákveðin fyrirbæri var stundum meiri en kraftur og heilsa Indriða leyfðu.

Í eitt skiptið þegar verið var að sinna sjúklingi ávarpaði Konráð norska lækninginn óvart með nafni. Sjúklingur heyrði nafn læknisins „Danielssen“ kallað úr tómri miðilsstúkunni þegar miðillinn var kominn út úr salnum.



„Norski læknirinn“ var kunnur sem Daniel Cornelius Danielssen (1815–1894) sem gerði tímamótauppgötvanir í meðferð holdsveiki. Hann var áberandi á sínum tíma og meðlimur Konunglegu sænsku vísindaakademiunnar.

Síðar meir sagði Norðmaðurinn nokkrum fundarmönnum frá ýmsum atburðum í lífi sínu og þau reyndust öll rétt. Daniel Cornelius Danielssen (1815–1894) hafði verið virtur læknir og vísindamaður í Noregi.

Indriði fullyrti að hann hefði oft séð í vöku stjórnendur sína og aðra framliðna einstaklinga sem komu fram á miðilsfundunum. Forystumönnum Tilraunafélagsins tókst að finna ljósmynd af Danielssen. Henni var komið þannig fyrir að Indriði mundi rekast á hana en án þess að honum væri sagt hvers vegna. Þegar hann sá hana sagði hann þegar í stað: „Þarna er mynd af norska læknum.“

Sú tilfinning vaknar þegar ýmis skrif Einars og Haraldar eru skoðuð að frumkvæðið að framköllun ýmissa fyrirbæra hafi miklu frekar átt upptök sín hjá stjórnendum Indriða, aðallega Konráði Gíslasyni, heldur en hjá leiðandi fundarmönnum. Einar skrifar að Konráð hafi til dæmis vísvitandi kallað til þátttakendur (framliðna einstaklinga) sem hann taldi geta sett fram góðar sannanir um tilvist sína. Fjallað er nánar um sannanir um tilvist í síðari kafla.


Einar segir frá því að þátttakendurnir hafi verið margir og allir haft sín séreinkenni:¹³⁸

Sumir virtust í nánu samstarfi við K.G., aðrir virtust óska eftir fyrirbænum, aðrir vildu aðeins heilsa upp á okkur og suma kom K.G. með til að færa okkur sannanir um minni þeirra um atburði í eigin jarðlífi. Sumar raddirnar þekktum við strax, þeirra á meðal fólk sem miðillinn hafði aldrei hitt. Miðillinn lýsti einnig rétt í transi framliðnum einstaklingum sem hann sagði okkur að væru viðstaddir og sem við vitum með vissu að hann hitti aldrei.

11. kafli

SANNANIR UM TILVIST

Veturinn 1905–1906 lýsti aðalstjórnandi Indriða, Konráð Gíslason, því yfir að tilgangur miðilsfundanna væri að gera fundarmönnum fært að sjá og tala við sig og aðra framliðna þátttakendur. Áhrifamikil fyrirbæri eins og lyfting, ljós og hvarf handleggsins, væru til að undirbúa að þetta yrði mögulegt. Í febrúar 1906 varð miðillinn sjúkur og stjórnendurnir fullyrtu að hætta væri á að hann missti miðilshæfileikana. Í dálítinn tíma eftir það var ekki hægt að framkalla nein ljósfyrirbæri þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Allar tilraunir til að kalla fram efnisgervingar og önnur efnisfyrirbæri voru settar í bið þar til miðillinn hefði náð fullri heilsu.



*Björn Jónsson ráðherra
var virkur félagi í
Tilraunafélaginu og
raunar einn af
stofnendum þess.*

Þess í stað var áherslan færð yfir í að finna framliðna þátttakendur sem væru tilbúnir til að tala um minningar sínar svo að fólk sem þekkti þá best gæti sannað nákvæmni þeirra. Slíkar „sannanir um tilvist“ hafa leikið stórt hlutverk í rannsóknum á miðilsstarfi og framhaldslífi. Rökin eru þau að ef fólk lifir af dauða sinn ætti það að halda minningum sínum, persónuleika og einstaklingseinkennum. Einar H. Kvaran skrifar um þessa fundi sem snerust um sannanir um tilvist:¹³⁹

Frásögnum hefir rignt kvöld eftir kvöld um efni, sem ekki er nokkur vegur að hugsa sér, að miðlinum hafi verið kunnugt um á venjulegan

hátt: um bæi, landslag, örnefni, viðburði, smámuni í eigu framliðinna manna og þar fram eftir götunum. Mikið af þeim frásögnum hefir reynst rétt við rannsókn; um sumt er ófengin vitneskja; en það er ekki teljandi, sem reynst hefir rangt.

Minningar Sigmundar Guðmundsonar sannreyndar af ekkju hans

Nákvæm frásögn af einu slíku tilviki er skráð í fundargerðabók fyrir 10. til 14. október 1907. Í viðhengi fundargerðarinnar er listi með 41 yfirlýsingu Sigmundar Guðmundssonar (1838–1897) en hann var bóndi að Fjarðarhorni í Gufudalshreppi og leikinn smiður á járn og tré. Hann villtist í vondu veðri og varð úti á öræfunum fyrir ofan Kollafjarðarheiði þann 2. desember 1897. Sigmundur kom fyrir á flestum miðilsfundum í fundargerðabókinni, næstum eins oft og Konráð Gíslason. Yfirlýsingar hans voru settar fram á fundum í október 1906 og varða minningar hans um ýmsa atburði í lífi sínu, hluti sem hann hafði gert, eigur hans og eiginkonu hans og hluti sem þau áttu á heimilinu. Guðný, ekkja hans, fór yfir listann síðar og svör hennar við hverri yfirlýsingu skrifuð niður. Sá listi fylgir síðari fundargerðabókinni.

Af 41 yfirlýsingu Sigmundar staðfesti eiginkona hans 25. Margar þeirra voru mjög sértækar. Sigmundur lýsir því til dæmis nákvæmlega í hvaða fötum hann var þegar hann andaðist. Einnig að það hafi verið eitthvert lífsmark með honum þegar hann fannst. Hann tilgreindi réttilega á hvaða bæ dóttir hans hafði látist og svo framvegis. Eiginkonan staðfesti sex atriði að hluta, fimm atriði var hún óviss um eða gat ekki metið. Loks hafnaði hún fimm yfirlýsingum og taldi þær rangar.

Brynjólfur Þorláksson skrifar að Sigmundur hafi birst á næstum því hverjum einasta miðilsfundi sem hann var á. Hann lýsir Sigmundi sem sérstaklega minnisverðum. Hann var alltaf tilbúinn til aðstoðar, glöggur og með góða kímniáfu, mjög viðkunnanlegur, hafði þægileg áhrif á alla

viðstadda, var framúrskarandi skýr í hugsun, tali og talsmáta. Brynjólfur staðhæfir reyndar að sú hafi verið raunin um marga aðra framliðna Íslendinga og erlenda einstaklinga sem birtust reglulega á fundunum með Indriða. „Það var mjög sannfærandi að eiga samskipti við þá og sjá þau ólíku persónueinkenni sem hver og einn hafði og hvað þessi einkenni héldu sér dag eftir dag og ár eftir ár“.¹⁴⁰ Hér fylgir annað dæmi úr síðari fundargerðabókinni (3. febrúar 1908):

Þórður frá Leirá: Heilsar. [Spurður af Þorgr. Guðmundsen, hvort hann muni eftir, er þeir voru inni á Hótel Ísland með frönskum manni - hvort hann muni eftir þeim manni?]

Þessum svartskeggjaða? [Þorgr.: Já].

Lítill, í skinntreyju [Þorgr.: Rétt er það].

[Þorgr.: Manstu, hvernig augun í honum voru lit?] Þau voru mórauð. [Þorgr.: Alveg rétt].

Hann hafði talsvert stór kollvik, stærra hægra megin [Þorgr.: man ekki].

[Þorgr.: Manstu ekki, á hverju þú trakteraðir?].

Ég trakteraði á fleiru en einu.

Manstu ekki eftir úrinu hans? Það var með 2 lokum, stutt á tippi, þegar það var opnað. [Þorgr.: manstu eftir litnum á því?].

Það var gull-litur, var það ekki?

[Þorgr.: Nei]. Það var dökkleitt, stállitur á því. Nú man ég það; ég hafði ágirnd á því [Rétt, segir Þorgr.].

Festin var silfrúð.

Vestið hans var svart-doppótt, með kantböndum - talsvert lagt. Kragi var á því - talsvert öðru vísi en á okkar vestum.

Manstu eftir stígvélunum á honum?

[Þorgr. Nei].

Þau voru svo löng fram - í tána.

Manstu eftir hringnum, sem hann átti? [Þorgr.: Nei. Hann setti hann ýmist upp á sleikifingur sér, eða tók hann af og setti hann ofan í budduna. Tveir steinar í honum.].



*Sveinbjörn
Sveinbjörnsson tón-
skáld (1847–1926).
Fundargerðabækur
Tilraunafélagsins lýsa
áhugaverðum sam-
skiptum hans við
kollega sinn, Edvard
Grieg.*

Annars konar sannanir um tilvist eru skráðar í minningum Brynjólfs um sr. Sigurð Gunnarsson (1848–1936). Miðilsfundur var haldinn í minni tilraunasalnum og snerist aðallega um að ná sambandi við látna eiginkonu sr. Sigurðar, Soffíu Emilíu Einarsdóttur (1841 - 1902). Í eitt skiptið var löng þögn. Síðan lýsti sr. Sigurður mikilli furðu sinni. Hann sagði öðrum fundarmönnum frá því að „hönd eiginkonu sinnar hefði efnisgerst. Hann strauk henni vandlega og fann skýrt hnút eða ör sem hún hafði verið með á einum fingrinum. Örið hefði verið á sömu hendi, sama fingri og á réttum stað á fingrinum“.¹⁴¹

Þriðja útgáfan af sönnunum um tilvist var skráð eitt sinn þegar fundarmaður þekkti látinn vin sinn á rödd hans, talsmáta, orðavali og sameiginlegum minningum. Sú var raunin þegar Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld (1847–1927)

sótti fund þann 14. september 1907. Í fundargerðinni er fullyrt að Sveinbjörn hefði þegar í stað þekkt rödd síns gamla skólaborður, sr. Steins Steinsens, án þess að hafa fengið að vita hver þar væri á ferð. Sr. Steinn ávarpaði hann mjög vingjarnlega og þeir áttu síðan langt samtal. Að lokum sungu þeir saman tvísöng.

12. kafli

EFNISGERVING OG FLUTNINGUR

Veturinn 1906-1907 gerði Tilraunafélagið aðallega tilraunir með flutningsfyrirbæri, ljósfyrirbæri og efnisgervingu sem náðu hámarki þegar önnur fyrirbæri voru lögð til hliðar.¹⁴²

Einar H. Kvaran og Haraldur Nielsson skrifa báðir¹⁴³ að skömmu fyrir jól árið 1906 hafi miðilsfundir verið haldnir í tveimur herbergjum í húsi Einars, einu frekar stóru herbergi og öðru litlu samliggjandi svefnherbergi. Á fundum í stærra herberginu fylltist minna herbergið smám saman af sterkri hvíttri ljósbirtu. Í ljósinu birtist mannvera sem kvaðst vera hinn framliðni Emil Jensen. Fyrst birtist hann milli tjaldanna (sennilega dyratjalda milli herbergjanna) í litla herberginu og kallaði á ekta dæmigerðri Kaupmannahafnardönsku: „Getið þið séð mig?“¹⁴⁴ Stjórnendurnir höfðu áður sagt að þeir þyrftu sjálfir að nota minna herbergið. Kona Einars og Brynjólfur Þorláksson sögðu að Jensen hefði alltaf spurt þegar hann birtist: „Getið þið séð mig?“¹⁴⁵. Einar heldur áfram.¹⁴⁶

Þá birtist Emil Jensen í ljósinu. Eftir nýár birtist hann í stofunni þar sem við sátum. Hann var klæddur hvítum afskaplega finum slopp sem náði alveg niður á gólf. Birtu stafaði frá honum og við sáuum hann á ýmsum stöðum í herberginu. Stundum upp við einhvern okkar. Eitt skiptið stóð hann uppi í sófa og bak við öxl hans var eins og sól á veggnum. Það var ótrúlega fögur sjón. Stundum stóð hann á stólbakinu aftan við miðilinn. Eitt sinn sat hann hjá miðlinum í fangi hans.

* Á dönsku: „Ka’ De se mig?“

Hann gat ekki haldist sýnilegur nema stutta stund í einu en birtist mörgum sinnum á hverjum fundi.

Einar segir frá því að í einu tilviki hafi Jensen birst ellefu sinnum á einni klukkustund.¹⁴⁷ Hann segir frá einu tilvikinu þegar Jensen birtist og stóð uppréttur uppi í sófa sem var við hliðina á stól Indriða.¹⁴⁸ Ljósíð sem stafaði frá þessari efnisgerðu veru var mjög bjart en af einhverjum ástæðum barst það ekki langt inn í herbergið. Þess vegna gátu aðeins fundarmenn sem sátu mjög nálægt því sést í birtunni. Í einu tilvikinu stóð Jensen bak við stól Indriða. Fundarmenn gátu í það sinn séð Indriða greinilega í birtunni frá efnisgerðu verunni. Haraldur Níelsson¹⁴⁹ skrifar að Jensen hafi:

... birst eftir nýárið í stofunni þar sem við sátum með miðlinum – gleymum því ekki! Miðillinn var í mjög djúpum transi. Nýi gesturinn var klæddur í afar fallegan hvítan slopp. Hann náði til gólfs og það lýsti af honum. Við sáuum hann á ýmsum stöðum í herberginu. Eitt sinn stóð hann uppi í sófa og bak við hann var rautt ljós, líkt lítilli sól, og út úr því streymdi hvítleit birta. Ég gleymi aldrei þessari sjón. Oft tókst honum að birtast sjö eða átta sinnum sama kvöldið á mismunandi stöðum í herberginu. Í mörg skipti sáuum við miðilinn og þessa efnisgerðu veru samtímis. En þessi sérstaki gestur gat ekki verið sýnilegur í meira en örfáar sekúndur í hvert sinn. Þegar hann hafði lokið við að birtast reyndi hann að snerta fáeina fundarmenn með hendi sinni, handlegg eða fæti og hann leyfði okkur alltaf að snerta efnisgerðan líkama sinn áður en hann afefnisgerðist aftur.

Því miður er ekki sagt frá því hvernig Jensen hvarf eða „afefnisgerðist“. Brynjólfur Þorláksson lýsir efnisgervingu Jensens:¹⁵⁰

Þegar líkamning hans varð sýnileg, birtist hún æfinlega einsog bjartur og fagur ljósstólpi, liðlega mannhæðarhár og ívið gildari en mannslíkami. Inni í þessu ljósi sáuum við mannsmynd, þó ekki svo skýra, að við fengjum t. d. greint vel drætti í andlitinu. Ljósstólpi þessi var mjög


hvítur og þó með lítið eitt bláleitum blæ, sérlega bjartur og blakti ekki. Samt lýsti hann ekki verulega frá sér. Þó sáu við miðilinn, þegar ljósstólpinn stóð hjá honum, þar sem hann sat í transinum, þrátt fyrir það, þó að dimmt væri annars í herberginu.

Ljóssúlan birtist aðeins í stutta stund í hvert sinn og henni fylgdi alltaf lágt suð.¹⁵¹ Gögnin staðfesta að Jensen hafi oftlega snert fundarmenn þegar hann efnisgerðist.¹⁵²

Skráð er að Þorkell Þorláksson (1869 - 1946), bróðir Brynjólfs Þorlákssonar, hafi séð efnisgervingu Jensens en aðeins á einum fundi heima hjá Einari H. Kvaran.¹⁵³ Hann sá Jensen fimm sinnum þetta sama kvöld en aðeins stutt í hvert sinn. Ljóssúlan var á litinn svipuð og mánaskin en var gegnsæ út til kantanna þar sem voru brot eins og á klæði. Jensen virtist á hæð við meðalmann en „varla eins feitlaginn“ og meðalmaður. Líkaminn

varpaði ekki frá sér mikilli birtu en þó mátti greina Indriða þegar súlan var nálægt honum. Jensen varð sýnilegur hér og þar í fundarherberginu og eitt sinn uppi í sófa með Indriða. Heimildir rekja ekki mismun eða líkindi efnislegs útlits Jensens og Indriða.

Einar skýrir svo frá að á einum fundi hafi fjörutíu manns í einu séð Jensen birtast hvað eftir annað.¹⁵⁴ Þremur vitnum var boðið að sitja fund kvöld nokkurt árið 1907.¹⁵⁵ Það voru Hallgrímur Sveinsson, biskup



Titilsíða bókar Þórbergs Þórðarsonar, Indriði miðill, sem lýsir fjörlegum minningum Brynjólfs Þorlákssonar um Indriða.

Íslands, borgarstjórinn í Reykjavík og breski konsúllinn. Borgarstjórinn varð síðar einn af fimm hæstaréttardómurum landsins. Hann tók að sér að grandskoða herbergin tvö og miðilinn til að fyrirbyggja svindl. Því miður er engin lýsing til á því hvernig hann framkvæmdi þessar öryggisráðstafanir. Fjörutíu manns mættu og „margir þeirra“ urðu að standa. Þeirra á meðal voru þremmenningarnir „háttsettu sem fólk gat treyst að hefðu góða dómgreind“¹⁵⁶ og þeir sáu Jensen birtast ellefu sinnum þetta kvöld í björtu ljómandi ljósi. Haraldur skrifar að ekkert þessara áreiðanlegu vitna hafi getað fundið neinar vísbendingar um svindl.¹⁵⁷

Biskupinn óskaði eftir að fundur yrði haldinn í húsi hans. Miðilsfundir voru síðan haldnir af og til næstu þrjú árin heima hjá honum. Þeir voru haldnir í bókastofu hans og þar gerðust hin ýmsu fyrirbæri jafnvel enn léttilegar. Stundum fluttu framlíðnir stjórnendur Indriða sem gekk þá í transi beint frá fundarherberginu í Tilraunahúsinu heim til biskupsins. Í þeim tilvikum var Indriði alltaf undir nákvæmu eftirliti Haraldar.¹⁵⁸ Biskupinn lýsti því síðar yfir að hann væri algjörlega sannfærður um að það sem hann hefði orðið vitni að væri ósvikið.

Haraldur vitnar í dagbók sína þegar hann lýsir eftirfarandi atburðum sem gerðust þann 4. febrúar 1907 kl. 8 að kvöldi:¹⁵⁹

Fyrst sýndi Emil Jensen sig þrisvar sinnum, settist hjá miðlinum og á hné hans. Sjálfur sat ég þetta kvöld í fremstu röð og sá þá báða. Ég gat greint þá, einkum höfuðin tvö og einnig hægri handlegg Emils. Þá birtist hann alveg úti í horni rétt við dyrnar á milli herbergjanna. Hann sást greinilega í hvítum klæðum og teygði hendurnar meðfram veggnum. Þá sást hann enn skýrar við hlið arinsins, síðan greinilega uppi á sófanum, næst mjög skýrt við gluggann í hinum enda herbergisins, beint á móti arninum, rétt hjá Sigríði Björnsdóttur frænku minni. Loks rétt fyrir ofan miðilinn, standandi á tánum á stólbaki hans svo að höfuð hans nam næstum við loftið fyrir ofan.

Skömmu síðar á þessum sama miðilsfundi birtist önnur vera í dyragættinni en aðeins efri hluti líkama hennar var sýnilegur. Haraldur sá hvít

klæði hennar mjög skýrt. Á þessum tímapunkti fundu margir fundarmanna einhvern snerta sig. Haraldi fannst eins og ýtt væri á hann fyrir neðan hné. Síðan var ýtt fastar. Haraldur hallaði sér fram og fann við hné sér skó- og sokkalausán karlmannsfót sem honum fannst svolítið kaldur. Hann greip um tærnar á honum og þreifaði á þeim, einkum stóru tanni og nöglunum á henni. Þá lyftist fóturinn og Haraldur hélt í hann eins lengi og hann gat sitjandi. Þegar fóturinn var horfinn setti Haraldur hendurnar á hné sér. Þá fann hann karlmannsfót stíga á báðar hendur sínar. Hann fann fyrir berum iljunum. Fóturinn var kaldur og frekar þvalur. Að síðustu var klórað á höku Haraldar með fæti eða hendi og honum fannst eins og tvær tær snertu kinnbein sitt. Haraldur nefnir ekki í þessari lýsingu sinni hvar Indriði hafi verið þegar þetta gerðist.

Einar H. Kvaran¹⁶⁰ skrifar að fundarmenn hafi í einhverjum tilvikum talað við efnisgerðu verurnar, snert þær og verið faðmaðir af þeim og kysstir. Ekki kemur þó fram hvort „samtölin“ við efnisgerðu verurnar hafi verið gagnkvæm. Einar¹⁶¹ segir að þessar efnisgervingar hafi staðið í nokkrar vikur samtals. Ljósín sem fylgdu persónugervingunum hurfu eftir áramótin 1907, samkvæmt Brynjólfi Þorlákssyni.¹⁶² Talið var á þessum tíma að slæmt heilsufar Indriða væri ástæðan fyrir minni getu hans til efnisgervinga. Eftir þetta tímabil virðast heilar efnisgerðar mannverur aldrei hafa birst en hlutar af mannslíkómum sáust oft og snertu fundarmenn. Brynjólfur¹⁶³ segir frá dæmi um dæmigerða efnisgervingu eins og þær voru tíðastar eftir þetta: Sr. Sigurður Gunnarsson var eitt sinn á miðilsfundi með innri hringnum í litla salnum í Tilraunahúsinu. Hönd efnisgerðist og sr. Sigurður þekkti að það var hönd látinnar eiginkonu sinnar, Soffíu Emilíu Einarsdóttur. Hann staðhæfði að höndin væri með ör á sama fingri sömu handar og á sama stað eins og eiginkona hans hafði haft. Höndin snerti sr. Sigurð og síðan er sagt að rödd hennar hafi talað til hans í beinu tali.

Flutningstilraunir

Brynjólfur Þorláksson segir frá því að veturinn 1906-1907 hafi félagsmenn átt með sér sérstaka fundi í húsi Einars sem þeir kölluðu „flutningsfundi“. Fundarmenn sátu hjá Indriða og fylgdust með honum meðan hann var í transi og dimmt var í herberginu. Stundum birtust hlutir á dularfullan hátt í herberginu og virtust hafa verið fluttir af öðrum stöðum í Reykjavík. Brynjólfur sótti aðeins einn slíkan fund en á honum var höggormur varðveittur í sprittflösku fluttur gegnum efni, að því er hann tilgreinir. Fundarmenn heyrðu þegar eitthvað var sett á borðið í herberginu. Ljós var kveikt þegar í stað og þá sáu fundarmenn flösku með höggormi í. Eftir þrjá daga tókst þeim að finna eigandann sem skýrði svo frá að flaskan tilheyrði litlu safni sem geymt væri uppi á háalofti húss síns. Ekki er vitað hvort einhver tengsl hafi verið milli hans og Indriða. Samkvæmt Haraldi Níelssyni¹⁶⁴ gerðust fyrirbæri af þessu tagi oft og svo virtist sem Indriði hafi orðið flutningsfyrirbæramiðill á þessu skeiði.

Kvöld eitt þennan vetur tilkynntu stjórnendur þegar Indriði var fallinn í trans að þeir gætu flutt hlut úr hvaða húsi í Reykjavík sem væri gegnum vegg og þök og sett hann á borðið í fundarherberginu. Haraldur segir frá:¹⁶⁵

Þegar miðillinn var fallinn í trans og því meðvitundarlaus völdum við fyrst húsið sem ætti að flytja hlut úr. Þannig útilokuðum við þann möguleika að Indriði hefði komið með hlutinn með sér. Við leyfðum stjórnendunum að velja á milli hús velþekkts læknis og bústaðar biskupsins. Þeir völdu læknishúsið þar sem miðillinn hefði oft komið á heimili biskupsins. Strax á eftir heyrðum við mjög sérkennilegt bank, ekki líkt neinu sem ég hef heyrt fyrr eða síðar. Á eftir kom stutt hlé og stjórnendurnir upplýstu okkur um að hluturinn væri nú kominn út um þakið á húsi læknisins. Eftir stutt hlé heyrðist bankið í annað sinn og stuttu síðar lenti stór flaska á borði okkar. Í henni voru sýni úr fugli [varðveitt] í spritti [alkohóli]. Strax var haft samband við lækninn í síma og hann spurður hvort hann ætti þetta. Hann neitaði því.

Miðillinn sem hafði vaknað úr transinum féll aftur í trans og einn stjórndandanna fullyrti viss í sinni sök að þetta væri rétt. Hann [stjórndandinn] hefði sjálfur tekið flöskuna úr gulumálaðri fatakistu sem væri í einu herbergi læknisbústaðarins. Þar hefði fullorðinn maður setið í áköfum samræðum við tvo aðra herra menn. Læknirinn fékk þessar upplýsingar og við nánari athugun kom í ljós að lýsingin var vissulega rétt. Tengdafaðir læknisins hafði setið í herberginu þar sem fatakistan var, upptekinn í samræðum við tvo ókunna karlmenn. Flaskan var eign skyldmennis læknisins og var nú horfin úr kistunni.

Af þessari frásögn virðist sem fundarmenn hafi valið úr hvaða húsi ætti að sækja hlut en ekki hvers konar hlut. Áhugavert hefði verið að fá að vita hvort Indriði hefði nokkurn tíma komið í hús læknisins og hvort fatakistan hafi í raun verið gul eins og stjórndandinn staðhæfði. Því miður eru þessi smáatriði ekki með í frásögninni.

Kvöld eitt er greint frá því að Indriði hafi sjálfur verið fluttur í gegnum vegg inn í annað herbergi sem var læst og myrkvað.¹⁶⁶ Þessa fyrirbæris er hvergi getið annars staðar í heimildunum og litlar upplýsingar gefnar um það. Sr. Jakob Jónsson¹⁶⁷ minntist þess að Haraldur Níelsson hafi lýst þessu tilviki í fyrirlestri í guðfræðideild Háskóla Íslands. Prófessor Pietro Tarchini (9. áratugur 19. aldar til 6. áratugur 20. aldar) segir frá því¹⁶⁸ að svipað atvik hafi gerst á miðilsfundi. Fundarmenn töldu að (ónafngreindur) miðill hefði afefnisgerst og verið fluttur af einum stað (miðilsstúkunni) yfir á annan (fundarherbergið).

„Skrímslisdýrið birtist“

Það er afskaplega fátítt í sögu miðilsstarfsemi og spíritisma að dýr birtist eða efnisgerist. Eitt slíkt dæmi er skráð í tengslum við Indriða. Þessu dæmi um að dýr birtist hjá Indriða er lýst í minningum Brynjólfs Þorlákssonar.¹⁶⁹

Brynjólfur Þorláksson organisti og Indriði voru báðir áhugasamir um hesta og nutu þess að ríða út. Brynjólfur átti hest sem vistaður var í hesthúsi í jaðri Reykjavíkur. Haustið 1907 sömdu þeir um að Indriði annaðist hestinn en mætti ríða út á honum þegar hann vildi í staðinn. Hér á eftir fer örlítið stytta frásögn Brynjólfs af afbrigðilegri skepnu sem elti þá á björtu sumarkvöldi.

Seint að kvöldi þegar bjart var að nóttu rakst Indriði á Brynjólf af tilviljun þegar hann var að koma frá því að gefa hestinum. Þeir gengu saman í áttina að húsi Indriða. Allt í einu heyrðu þeir hófatak eins og ungt hross væri um það bil 50 metra fyrir aftan þá. Þeir litu aftur fyrir sig og sáu að á eftir þeim kom skepna sem var á stærð við ungan hest, eins til fjögurra vetra gamlan. Hún leit út eins og foli en um leið eins og kálfur – en var samt ekki annað hvort eða bæði. Þetta virtist vera afbrigðileg skepna, blanda af hrossi og kálfi. Höfuðið var blanda af báðum dýrum. Fætur skepnunnar voru styttri en á venjulegum fola en hljóðið frá þeim var eins og frá hófum hests. Það var með tagl en ekki eins og á hrossi. Það var með mikið hár en ekki eins og fax á hesti. Skepnan var dökk og ljót. Brynjólfi og Indriða leið óþægilega þegar þeir sáu þessa skepnu lulla á eftir sér, sérstaklega þar sem þetta var um miðja nótt og þeir voru einir á götunni.

Þeir flýttu sér heim til Indriða þar sem miðilsfundirnir voru haldnir. Þegar þeir voru um það bil að stíga inn, leit Brynjólfur um öxl og sá skepnuna rétt fyrir aftan þá. Það reisti höfuðið og horfði á þá. Stigi stóð uppréttur og hallaðist að norðurvegg hússins. Þegar þeir gengu inn í húsið gerðist þrennt í einu: Indriði féll samstundis í trans; stigin lyftist og féll til jarðar; og skrímslið hvarf. Stiginn féll í átt sem ekki samræmdest þyngdarlögmálinu. Það var eins og stiganum hefði verið fleygt í átt að skrímslinu.

Stjórnandi Indriða skýrði frá því að ekkert væri að óttast. Hann mundi sjá til þess. Brynjólfur spurði hvað væri eiginlega á seyði. Svarið sem hann fékk var að hann fengi að vita það síðar. Indriði vaknaði nú af transinum og Brynjólfur gekk heim til sín.

Miðilsfundur var haldinn fljótlega eftir þetta fyrir innri hringinn og Indriði féll í trans. Þá heyrðu fundarmenn hófatak hesta og fundu hroll fara um sig. Þeir heyrðu tíst- eða blísturshljóð eins og þegar gufu er hleypt úr gufuvél. Síðan hætti hófatakið. Stjórnendurnir sögðu að hér væri um að ræða mann sem hefði hengt sig í hesthúsi og hefði eftir dauðann einhvern veginn auðnast að nota efni úr dýrunum til að ná sambandi við efnisheiminn.

Á síðari fundum heyrðu fundarmenn þetta hófatak nokkrum sinnum. Þeim fylgdi alltaf þetta sama tíst- eða blísturshljóð. Stjórnendurnir sögðu að þetta gerðist þegar þeir afefnisgerðu skrímslið. Skepnan virtist ekki hafa neitt illt í hyggju. Hún virtist aðeins vilja komast í hóp þeirra en það vildu hvorki fundarmenn né stjórnendur. Eftir nokkra fundi hvarf skepnan endanlega.¹⁷⁰

Þórbergur Þórðarson sem skráði minningar Brynjólfs spurðist fyrir um þetta fyrirbæri. Hann greinir frá því að Þorkell, bróðir Brynjólfs, hafi munað eftir því þegar Brynjólfur sagði honum frá því skömmu eftir að það gerðist. Hann mundi einnig eftir að hafa heyrt hófatakið og blísturshljóðið á fundum. Annar fundarmaður, Kristján Linnet (1881 - 1958), mundi eftir að Indriði kvartaði stundum um að hann yrði var við skrímslið frammi á gangi.

Þetta gerðist mjög skyndilega vorið 1908 og ekki á miðilsfundi eins og raunin var með fálkann í miðilsstarfi Frank Kluski (1873–1943) eða „apamanninn“ og hundinn hjá Jan Guzyk (1875–1928). Báðir þessir pólsku miðlar voru rannsakaðir af franska læknum og líffræðivísindamanninum Gustav Geley (1860–1924), ásamt öðrum.¹⁷¹

13. kafli

OFSAFENGNAÐ TRUFLANIR OG LJÓSMYNDATILRAUN

Indriði Indriðason og Tilraunafélagið urðu fyrir ofsafengnum andlegum árásum, einkum í desember 1907. Sum þessara fyrirbæra gerðust við góð birtuskilyrði og án þess að Indriði væri í transi.

Þessi atvik voru skráð í síðari fundargerðabókina umsvifalaust eftir að þau gerðust og voru vottuð af vitnum og undirrituð af forseta og ritara félagsins. Stundum voru þau staðfest enn frekar með skriflegum vitnisburði meðlima sem höfðu upplifað sérstök fyrirbæri. Haraldur Níelsson og Einar H. Kvaran skrifuðu skýrslur¹⁷² um þessi ofsafengnu fyrirbæri sem eru því vel skráð. Veturinn 1907–1908 voru stundum allt að 70 fundarmenn á miðilsfundunum.

Heimsókn til Vestmannaeyja

Í septemberlok 1907 heimsótti Indriði prest nokkurn í Vestmannaeyjum. Dag einn þegar hann var úti á göngu með dóttur prestsins sagðist hann tvisvar sjá látinn mann sem hann talaði háðslega um. Samkvæmt því sem skráð er sá hann mann í skyrtuermum með belti um mittið, fyrst í tengslum við konu sem þau hittu og síðan þegar þau áttu leið fram hjá húsi einu í þorpinu. Konan bjó í þessu húsi og eiginmaður hennar hafði framið sjálfsmorð haustið á undan með því að drekkja sér í sjónum. Áður hafði hann klætt sig úr hatti, frakka og jakka og fundust þessi föt í fjörunni.¹⁷³ Skráð var að miðlinum hefði ekki verið kunnugt um þessa

atburði þegar hann fór til Vestmannaeyja. Í blaðinu *Reykjavík*¹⁷⁴ þann 20. október er að finna eftirfarandi auglýsingu:

Sjálfsmorð. Jón Einarsson, um fimtugt, kominn heim í vor frá Ameríku eftir 1 árs þarveru tæpa, drekti sér í Vestmanneyjum 9. þ. m. (föt hans fundust við sjóinn, en maðurinn horfinn).

Eftir heimkomu miðilsins til Reykjavíkur hófust undarlegar truflanir á miðilsfundum sem og í herbergjunum sem hann deildi með guðfræðistudenti nokkrum, Þórði Oddgeirssyni (1883–1966). Til dæmis gerðist það um nóttina eftir fundinn 3. október að ljósin voru slökkt í herbergjunum um miðja nótt. Indriði staðhæfði að hann hefði séð manninn í skyrtuermunum sem hann hafði séð í Vestmannaeyjum.¹⁷⁵

Í fundarbyrjun 5. október 1907 bað aðalstjórnandinn í gegnum ósjálfráða skrift Indriða um að bæn yrði beðin fyrir „einstaklingi sem hefði smokrað sér inn á fundinn“. Í fundargerðabókinni er þess getið nokkrum sinnum að áður en miðillinn vaknaði af transi hefðu raddir heyrst í kringum hann (bein raddfyrirbæri).

Við þetta tækifæri voru margir fundarmenn farnir þar sem miðillinn var vaknaður upp úr transinum og aðeins sex manns voru eftir. Þau sungu nokkra sálma, fóru svo inn í minna herbergið og settust þar fremst. Allir viðstaddir heyrðu skjáf í dyratjöldunum. Miðillinn lýsti „gestinum“ þannig að hann stæði þarna í röndóttri skyrtu og svörtum buxum, með mjótt belti um sig miðjan. Beðið var fyrir honum en á meðan sagði miðillinn að maðurinn hefði fært sig inn á mitt gólfið. Þar stóð hann rólegur og álútur. Þegar bæninni var lokið sagði miðillinn að gesturinn hefði horfið á brott og kinkað kolli til allra viðstaddra í kveðjuskyni. Hann hvarf út í gegnum miðjan vegginn. Þessi maður var Jón Einarsson, maðurinn sem þau höfðu beðið fyrir í upphafi fundar.

Eftir þessa bæn varð hlé á truflunum í um það bil tvo mánuði. Haraldur Níelsson skrifar:¹⁷⁶

Eftir þetta urðu lyftingarfyribæri í miklu stærra mæli en við höfðum áður séð. Þann 21. október var miðillinn borinn í tágastól yfir höfðum fundarmanna sem sátu í tveimur þéttum röðum. Fyribæri af þessu tagi gerðust hvað eftir annað. Sama gildir um að orgelið var tekið burt frá organistanum á meðan hann lék á það í myrkrinu og sveiflað út á gólfið. Stundum var því þokað til en samtímis snert við nótunum eða leikið á það af ósýnilegum krafti.

Lyfting tágastólsins er staðfest í síðari fundargerðabókinni þann 21. október:

Ennfremur var mbm., á vanal. strástólnum, er hann sat á, hafinn á loft upp og honum lyft yfir höfuð fundarmanna, og kom hann niður að baki þeirra frú Lovísu Jensson og frú Kristínar Símonarson, er sátu í aftari röðinni. Kveikt var þegar er lyftingin var um garð gengin, og sást þá glögl. að stólaröðin var óhöggguð út að veggnum, svo að ekki hefði verið unnt að smeygja strástólnum neinstaðar í milli stóla. Auk þess heyrðist til hans í loftinu, einkum er hann skall niður.

Áður en lyftingin varð segir í fundargerðabókinni:

Jensen ávarpaði fundarmenn og bað um góðan samhug. Allmikið ljós sást einu sinni, sem lýsti upp ræðustólinn. Harmóníið, sem að beiðni K.G. var flutt fram að stólaröðinni, var þrívegis tekið frá Br.Þ. meðan hann var að spila á það. Sömul. komið við hár hans.

Misheppnuð ljósmyndatíraun

Undir lok fundar þann 2. desember er skráð í fundargerð:

Danielsen talar um að gera tíraun með að láta taka ljósmynd af miðlinum með magnesíumljósi til að finna út hvort þeim [stjórnendunum] takist að gera sig sýnilega á myndinni.

Þann 5. desember má lesa að daginn áður hafi tíraun verið gerð til að ljósmynda miðilinn við magnesíumbirtu. Það mistókst þar sem salurinn fylltist af reyk. Þess hafði ekki verið gætt að hreinsa salinn nægilega með hreinu lofti.

Þann 6. desember 1907 var tíraun gerð til að mynda miðilinn við flassbirtu til að athuga hvort stjórnandinn, Danielssen, sæist á myndinni. Aðeins ljósmyndarinn var viðstaddur sem talið var í lagi þar sem þetta var fyrsta tíraunin af þessu tagi. Þetta var áberandi frávík frá því venjulega verklagi að hafa ætíð nokkra einstaklinga viðstadda og láta einn eða tvo fundarmenn sitja við hlið Indriða og halda í hann og fylgjast vandlega með honum.

Á meðan á ljósmynduninni stóð sagði Magnús Ólafsson ljósmyndari (1862–1937) að hann hefði fundið fyrir óþægi-



Indriði Indriðason ljósmyndaður með gardínustönginni 6. desember 1907 þegar hann virtist hafa gripið til svindls, meðvitað eða ómeðvitað.

legum áhrifum. Honum fannst eins og „krafturinn“ væri dreginn úr sér og hann væri að missa meðvitund.¹⁷⁷ Hann heyrði hóstahljóð frá Indriða þegar myndin var tekin og rödd Indriða virtist undarleg. Filman sýndi uppstillingu með efnisdúk á stöng. Aðstæðurnar bentu til þess að Indriði hefði hugsanlega ómeðvitað gripið til svindls. Hann virtist hafa smeygt sér út úr herberginu meðan dimmt var, náð í lak úr kómmóðu og sveipað því um gardínustöng til að líkjast skikkju. Á eftir reyndi hann að komast burt og losa sig við eitthvað sem hann faldi undir fötum sínum og var „greinilega lakið“. Skráð er að Indriði hafi samt sem áður ekki haft minnstu hugmynd um það sem gerðist.

Eftir að málið var rætt við Einar H. Kvaran var ákveðið að rannsaka þetta atvik ekki frekar til að forðast að auðmýkja miðilinn. Indriða var sagt að tilraunin hefði ekki tekist og hann var beðinn að sitja fund með þremur eða fjórum félagsmönnum Tilraunafélagsins. Indriði bað um að fá að sjá filmuna en til að „halda huga hans rólegum“ var honum sagt að hún hefði skemmst af slysi.¹⁷⁸

Á fundinum 7. desember, daginn eftir ljósmyndatilaunina, voru dyrnar læstar innan frá eins og venjan var svo að enginn kæmist inn.¹⁷⁹ Fundurinn stóð í fjórar og hálfa klukkustund í myrkri. Einhver birta virðist þó hafa komið frá eldi sem logaði í arninum. Fundarmenn sem sátu allan fundinn voru Júlíus Ólafsson, Haraldur Nielsson og Einar H. Kvaran sem hélt báðum höndum Indriða eða hélt utan um hann með báðum höndum allan tímann. Indriði var í transi allan fundinn.

Á fundinum tilkynntu stjórnendurnir að þeir hefðu uppgötvað að maðurinn sem framdi sjálfsmorðið hefði leikið illa á þá og truflað ljósmyndatilaunina. Þeir sögðu að Jón væri á fundinum, byggji yfir „aflinu“ og væri í vondu skapi. Orðrétt sögðu þeir: „Guð má vita hvernig þessi miðilsfundur fer þar sem Jón er nú hálfefnisgerður draugur“.¹⁸⁰

Síðan voru tjöldin fyrir framan stúku miðilsins dregin hranalega frá svo að hringirnir klingdu á stönginni og hávaði heyrðist fyrir ofan miðilstúkuna. Indriði var færður á milli Einars og Haraldar á fremsta bekknum. Þá fékk hann krampa og var fleygt máttvana í faðm Einars. Einar fann að

hann skalf allur. Júlíus Ólafsson sat þétt við hlið Einars hinum megin. Tágastólnum sem Indriði sat í var þeytt um allt gólfíð og stöðugir skruðningar heyrðust í stúkuloftinu. Stól Indriða var aftur og aftur kastað til og að lokum velt um koll þannig að Indriði „kastaðist úr honum“ og á gólfíð.¹⁸¹ Haraldur skrifar:¹⁸²

Eftir nokkurt hlé var gerð tilraun til að þrífa af mér hattinn [herramenn gengu með hatt á þessum tíma] og eitthvað snerti hattbarð Einars H. Kvaran. Ég tók þá ofan hattinn og hélt honum í hægri hendi. Í þeirri vinstri hélt ég á staf sem ég hallaði mér á. Þá var gripið í stafinn og togað í hann um stund eins og til að koma honum aftur fyrir mig vinstra megin. Á meðan þetta gerðist hvíldi ég hægri hönd mína á stólbaki tágastóls og fann að miðillinn sat í honum. Á sama tíma hélt Einar H. Kvaran handleggjum hans niðri í stólnum. Ég skipti þá um hönd og hélt stafnum með hægri hendi og hattinum með þeirri vinstri. Þá var tekið í buxnaskálm mína aftan frá rétt ofan við hné og togað í frakkann af talsverðu afli.

Verulegur hávaði heyrðist efst í miðilsstúkunni. Stólum fundarmanna var enn einu sinni fleygt út á gólfíð. Miðillinn kallaði til Haraldar að fara til Júlíusar Ólafssonar sem hafði farið inn í stúkuna til að huga að stólunum. Þegar Haraldur kom þangað inn heyrðu þeir að einhverju var fleygt og það lenti með miklum hávaða. Haraldur og Júlíus kveiktu á eldspýtu og sáu kolaskóflu á gólfinu undir fremsta bekknum en kolakassinn lá á næstfremsta bekk. Svo virtist sem kolakassanum hefði verið kastað, fullum af kolum, að þeim stað þar sem Haraldur hafði staðið.¹⁸³ Indriði fór aldrei inn í stúkuna heldur stóð fyrir utan hana og Einar H. Kvaran hélt báðum höndum utan um hann. (Þetta virðist hafa gerst í litla tilraunasalnum. Í heimildunum er engin nákvæm lýsing á stúkunni eða notkun hennar.)

Hugleiðingar um ljósmyndatilaunina

Sögunni viku nú aftur að ljósmyndatilauninni. Haraldur Níelsson hugleiðir um hana í athugasemdum sem fylgja fundargerðabókunum:

Hvers vegna gerði miðillinn þessa heimskulegu tilraun til að blekkja við ljósmyndatökuna. Ég segi heimskulegu, þar sem svikin hlutu að komast mjög fljótt upp eins og raunin varð.

Í næstum fimm ár gerðum við tilraunir með honum og sama hve vandlega væri fylgst með honum af okkur og öðrum mjög gagnrýnum einstaklingum, urðum við aldrei vör við neina tilraun til að blekkja okkur nema í þetta eina sinn. Var hann á þessari stundu undir áhrifum einhverrar geðveiki eða varasamra aðila svo að hefði ekki lengur stjórn á eigin gjörðum? Eða hafði Jón náð tökum á honum og tekist að láta hann svindla á þennan hátt til að sá grunsemdum um hann og fá okkur til að hætta að hafa trú á honum? Það hefði verið öruggasta leiðin til að eyðileggja allt rannsóknarstarf okkar. Hafði Jón náð undirtökunum á norska læknum án þess hann tæki eftir því þegar mátturinn var tekinn frá miðlinum? Hafði miðillinn kannski verið í transi? Enginn veit en glamrið gæti bent til þess. Þetta glamur var að sögn stjórnendanna einkenni Jóns þar sem hann hafði drukknað. Sé það rétt hafði Jón valdið því að miðillinn féll í trans.

Þetta [tilvik] bendir til þess að nauðsynlegt sé að meðhöndla miðilinn af meiri gætni, einkum af mjög gagnrýnum rannsakendum. Við eigum vissulega við krafta að etja sem stjórnast af miklum gáfum. Þessar gáfur geta bæði verið af góðum eða illum toga. Ef til vill geta aðstæðurnar sem við setjum upp stundum verið þannig að það sé auðveldara fyrir ill öfl að ná tangarhaldi á miðlinum. ...

Það er mikilvægt að muna að við þetta tækifæri var miðillinn án þess stuðnings og samhygðar sem venjulega umkringdi hann. Ef við færum alvarlega að leita ástæðna fyrir þessum harmleik kæmi mér ekki á óvart að hún væri vanþekking okkar [á miðilsstarfi]. Í þessari rannsókn stöndum við á veikum grunni. Ef við auðsýnum ekki fyllstu gætni getum við stórskaðað miðilinn. Við megum ekki gefast upp, heldur verðum við að forðast hættur og læra hverjar þær eru.

14. kafli

SKEMMDARVERKATILRÆÐI

Helstu heimildirnar um hin ofsafengnu fyrirbæri sem urðu á heimili Indriða Indriðasonar eru þrjú skjöl sem Haraldur Níelsson ritaði.¹⁸⁴ Þau eru einkum byggð á frásögnum í fundargerðabókum Tilraunafélagsins og Haraldur var sjálfur vitni að sumum þeirra og segir um þau:¹⁸⁵

Þau voru öll sérstaklega vel vottuð af vitnum, þar sem ekki var talið nóg að hafa frásagnir þeirra skráðar í fundargerðabækur og undirritaðar af forseta og ritara félagsins. Skrifleg staðfesting fékkst frá fjölda fólks sem var sérstaklega tengt fyrirbærinu.

Haraldur vitnaði persónulega um sum þeirra. Kvöldið 7. desember 1907 höfðu þeir Indriði og Þórður Oddgeirsson lagst til hvílu í Tilraunahúsinu. Lampi logaði á borði milli rúmana. Allt í einu var diskur sem staðið hafði á bókahyllu í framherberginu fleygt á gólfið.¹⁸⁶ Hann lenti í innra herberginu, rétt fyrir innan tjaldið sem aðgreindi herbergin. Rúm Indriða var dregið um það bil 25 sm frá veggnum. Indriði var skelfingu lostinn og félagar í Tilraunafélaginu urðu að dvelja hjá honum á næturnar í nokkurn tíma eftir þetta og allir reglulegir miðilsfundir féllu niður.

Einar H. Kvaran gisti hjá Indriða og guðfræðinemanum nóttina 8. desember. Hann lá í rúmi Indriða við norðurvegginn en Indriði og Þórður Oddgeirsson voru í hinu rúminu.¹⁸⁷ Dyrnum var vandlega læst. Lampi logaði á borði milli rúmana. (Ekkert rafmagn var komið í Reykjavík á þessum tíma.) Indriði féll í trans og í gegnum hann sagði aðalstjórnandinn að Jón hefði farið að sækja sér mátt og þetta væri mjög alvarlegt. Stjórnandinn skipaði svo fyrir að ljósið yrði slökkt þar sem það gerði stjórn-

endunum meiri skaða en Jóni því líkami hans væri þéttari en þeirra. Indriði vaknaði þá úr transinum og vildi fá ljós en það var ekki kveikt. Öðrum inniskó Þórðar sem verið hafði undir rúmi hans var fleygt í lítinn vask sem stóð í herberginu. Hinn lenti mjúklega á teppi Einars. Haraldur skrifar:¹⁸⁸

Næst var öðrum enda rúmsins sem miðillinn og Þórður Oddgeirsson lágu í lyft og hann lækkaður á víxl og rúmið hrist. (Þórður var með höfuð sitt næst glugganum og miðillinn með höfuðið í hinum enda rúmsins.) Miðillinn lá þeim megin sem var fjær veggnum. Hann hrópaði skelfingu lostinn að verið væri að toga hann út úr rúminu og sárþæði Þórð um að halda í hönd sína. Þórður tók í hönd hans og togaði af öllum mætti en gat ekki haldið honum. Miðlinum var lyft yfir þann enda þar sem höfuð hans hafði legið og var dreginn niður á gólf og meiddist í baki af rúmstæðinu. Á sömu stundu var stígvélapari sem legið hafði undir rúmi Þórðar fleygt að lampanum svo að bæði glerið og skermurinn brotnuðu.

Indriði var dreginn með höfuðið á undan í gegnum tjöldin sem lokuðu af herbergið og eftir gólfinu inn í framherbergið. Hann reyndi af öllum mætti að grípa í eitthvað til að halda sér í og bæði Einar H. Kvaran og Þórður toguðu í fætur hans en ekkert dugði. Loks tókst þeim að „komast undir axlir hans sem þeim varð mjög þungt að lyfta“¹⁸⁹ og gátu sett hann aftur upp í rúmið. Þórður settist á rúmið fyrir framan hann. Þá var fótum Indriða lyft af svo miklu afli að Þórður gat ekki haldið þeim niðri með því að leggjast yfir þá. Einar greip í hinn fótinn en gat ekki náð honum niður heldur.

Strax og þessu linnti fóru þeir allir þrír út úr Tilraunahúsinu og heim til Einars H. Kvaran. Þar hélt einhver virkni áfram alla nóttina þótt öll ljós loguðu.¹⁹⁰ Viðarstubbur úr vindlaöskju var hafinn á loft í eins og hálfis til tveggja metra hæð. Bók sem legið hafði á borði var fleygt í hengilampa sem logaði í dagstofunni. Enginn var þar inni en dyrnar voru opnar á milli dagstofunnar og borðstofunnar þar sem þeir sátu allir þrír. Bókin hélt

áfram frá lampanum að spilaborði sem stóð við vegginn lengst frá og hæfði lítinn lampa sem stóð þar. Bókin þeytti skerminum af lampanum, felldi tvær ljósmyndir sem staðið höfðu á borðinu og lenti loks á gólfinu. Blómapottur sem stóð í mannlausri dagstofunni var færður til allmarga sentimetra. Hengilampinn sveiflaðist til og frá um stund. Högg heyrðust einnig frá veggjunum í báðum herbergjunum.

Næsta kvöld (9. desember) höfðu fáeinir félagar Tilraunafélagsins sammælt um að hittast í skrifstofuhúsnæði Björns Jónssonar áður en þeir færu í Tilraunahúsið til að vaka yfir Indriða.¹⁹¹ Áður en hinir mættu var Björn Jónsson aleinn á skrifstofu sinni en þar logaði olíulampi. Indriði var aleinn í aðliggjandi herbergi þar sem annað ljós logaði og dyrnar á milli herbergjanna voru opnar. Skyndilega birtist Indriði í innra herberginu þar sem Björn var og sagðist hafa séð Jón koma inn um gluggann. Á sömu stundu var tveimur stólum sem stóðu við stórt borð fleygt inn um dyrnar úr hinu herberginu sem nú var mannlaust og inn á skrifstofu Björns. Þá sagðist Indriði sjá Jón við fjarlægari gluggann í hinu herberginu við hlið hás bókaskáps sem þar stóð. Strax á eftir var stórri bók velt úr efstu hillu bókaskápsins.

Seinna sama kvöld (um 11:30 e.h.) héldu saman til Tilraunahússins þeir Haraldur Níelsson, Guðmundur Jónsson (sem seinna breytti nafni sínu í Guðmundur Kamban (1888–1945), Guðmundur Jakobsson (1860–1933) og Björn Jónsson ásamt Indriða.¹⁹² Þegar Indriði var háttaður og lagstur upp í féll hann í trans en kom fljótlega úr transinum þegar stjórnendurnir höfðu talað í gegnum hann.

Þessa nótt var litlu borði sem stóð milli rúmana við höfðalag Indriða lyft upp og



Guðmundur Jónsson, síðar Kamban. Hann var félagsmaður í Tilraunafélaginu og vitað er að hann fékkst nokkuð við ósjálfráða skrift.



Brynjólfur Þorláksson (1867–1950) var organisti Dómkirkjunnar í Reykjavík. Hann sótti mjög marga miðilsfundi og fjörlegar endurminningar hans voru skráðar af Þórbergi Þórðarsyni.

látið falla niður í rúm hans með miklum hávaða. Það hafði greinilega skollið á veggnum og brotnað í tvennt. Rúmi Indriða var sveiflað frá veggnum jafnvel þótt Guðmundur Jakobsson sæti á rúmstokknum og Haraldur sæti á stól við fótagaflinn og hallaði sér áfram og ýtti rúminu niður með báðum höndum. Samkvæmt Harald¹⁹³ hafði fótagaflinn sveiflast „eina handarbreidd“ en höfðalagið miklu meira. Spilakassi féll niður í innra herberginu að fótum Guðmundar Jónssonar sem sat rétt við þröskuldinn. Indriði sagði að spilakassinn hefði verið undir sófa

í ytra herberginu. Á sama augnabliki féll lokið af kassanum niður á rúm Þórðar Oddgeirssonar en í því lá Björn Jónsson. Engin önnur fyrirbæri urðu þessa nótt.

Næstu nótt (10. desember) gisti Brynjólfur í Tilraunahúsinu.¹⁹⁴ Þórður Oddgeirsson og Indriði lögðust upp í rúm sín en Brynjólfur lagðist í sófa í fremra herberginu. Indriði féll í trans og stjórnendurnir sögðu í gegnum hann að Jón hefði um daginn safnað í sig verulegum „krafti“. Þeir skipuðu svo fyrir að engin ljós skyldu kveikt. Indriði kom síðan til baka úr transinum. Tvö kerti sem staðið höfðu á harmoníumorgelinu í fremra herberginu féllu skyndilega á gólfið. Bursta sem var undir skúffukommóðu í sama herbergi var kastað inn í innra herbergið. Indriði æpti að Jón væri þarna. Brynjólfur kom þá inn og lagðist ofan á Indriða í rúminu. Borðinu á milli rúmana var lyft upp í rúm Þórðar.

Ástandið róaðist nú um stund og Brynjólfur fór aftur í sófann í fremra herberginu. Aftur hrópaði Indriði að Jón væri að koma. Brynjólfur kom í

dyrnar á milli herbergjanna og fékk framan í sig vatnsgusu og um leið féll vatnsskál á gólfið fyrir framan hann. Hún hafði staðið undir vaskinum einn til einn og hálfan metra frá fótagaflinum á rúmi Indriða. Brynjólfur fór til Indriða sem lá og sparkaði í rúminu og bað Brynjólf að halda sér niðri. Brynjólfur lagðist þá aftur ofan á Indriða. Á sama tíma var næturgagni undan rúmi Indriða fleygt fram í ytra herbergið. Rúmið sem þeir lágu báðir í færðist skyndilega um 25 sm frá veggnum þótt Brynjólfur spyrnti af öllu afli í hitt rúmið. Samtímis varð hann að beita öllu afli til að halda Indriða niðri í rúminu. Þórður kom til hjálpar en borðið milli rúmana lyftist hátt upp og lenti á herðum hans. Þórði tókst að grípa í einn borðfótinn og halda í hann á meðan hann hörfaði yfir í sitt rúm og dró sængina upp fyrir höfuð. Hann fékk þá í sífellu högg á höfuðið frá borðplötunni.

Þeir kveiktu síðan á þremur kertum í framherberginu og olíulampa sem stóð á kommóðunni milli vaskborðanna í herbergi Indriða. Á þessari stundu höfðu þeir ákveðið að yfirgefa húsið. Brynjólfur stóð í dyragættinni milli herbergjanna og Þórður sat á sófanum í fremra herberginu. Indriði stóð uppi í rúmi sínu og var að byrja að klæða sig. Brynjólfur horfði á Indriða og sá hann skyndilega hendast niður í rúmið. Brynjólfur flýtti sér til hans en á sama tíma þeyttist í áttina til hans skál sem staðið hafði á kommóðunni í svefnherberginu. Hún hafði Brynjólf ekki heldur þaut framhjá honum að hans sögn. Stefnan breyttist og hún fór nú í beina stefnu í átt að suðvesturhorni ytra herbergisins og mölbrotnaði á arninum sem þar var. Brynjólfur fór þá fram í ytra herbergið og stóð þar. Indriði fór aftur að klæða sig í buxurnar og að sögn Brynjólfs gerðist þá þetta.¹⁹⁵

Indriði tekur nú aftur að klæða sig og er að fara í buxurnar, en ég vík fram í fremra herbergið og stend þar. Þá hrópar Indriði enn á hjálp. Ég þýt til hans inni svefnherbergið. En þá gefur að líta sjón, sem ég gleymi aldrei. Indriði liggur láréttur í loftinu svosem í brjóstthæð minni og sveiflast þar fram og aftur, með fætuna útað glugganum, og virðist mér hinn ósýnilegi kraftur, sem heldur honum í lofti, vera að leitast við að skotra honum útum gluggann. Ég hef ekki hér á neina bið, gríp

yfirum miðilinn, þar sem hann vofir í loftinu, og þrýsti honum niðurí rúmið og held honum þar föstum. En þá finn ég, að okkur er báðum lyft upp. Hrópa ég þá á Þórð Oddgeirsson og bið hann að koma okkur til hjálpar.

Haraldur Níelsson skráði sama atburð í grein sína:¹⁹⁶

Miðillinn fór aftur að klæða sig og þegar honum hafði tekist að komast í buxurnar hrópaði hann enn á hjálp. Brynjólfur sem staðið hafði í ytra herberginu flýtti sér nú til miðilsins og sá hann leita að jafnvægi í loftinu og fæturnir sneru í átt að glugganum. Brynjólfur greip í hann, þrýsti honum niður í rúmið og hélt honum þar. Þá fann hann að sér og miðlinum var lyft upp og kallaði á Þórð að hjálpa þeim. Þórður fór inn í svefnherbergið en stól var þeytt í átt til hans og féll á gólfíð við hlið arinsins í ytra herberginu. Þórður vék sér undan til að forðast stólinn og fór inn í herbergið. Brynjólfur lá þá á bringu miðilsins. Þórður lagðist þá yfir hné miðilsins en líkami hans var allur á iði í rúminu. Þá var þúða sem lá undir kodda miðilsins fleygt upp í loftið og féll hann svo á herbergisgólfíð. Í sama bili komu kerta-stjakarnir sem voru í ytra herberginu fljúgandi og lentu á gólfinu í svefnherberginu. Þá stóðu mennirnir allir þrír hlið við hlið og gengu aftur á bak út úr herberginu til að geta varist fleiri árásum. Þórður hélt á lampanum með ljósinu í vinstri hendi og hafði brugðið hægri handleggnum um vinstri handlegg Indriða. Þá sáu þeir allir handþvottaskál sem staðið hafði á þvottaborði í svefnherberginu koma æðandi beint í áttina að þeim í næstum mannshæð frá gólfi. Þegar skálin kom inn í ytra herbergið breytti hún um stefnu og flaug fram hjá þeim og brotnaði í þúsund mola á arninum. Þeir hlupu þá allir út. Að endingu lokuðu þeir ytra herberginu en Indriði sagðist sjá Jón taka vatnsflösku og fleygja henni í áttina að Þórði sem fór síðastur út. (Næsta morgun lá vatnsflaska Þórðar mölbrotin á gólfinu.) Klukkan var 2:30 f.h. þegar þeir yfirgáfu húsið og fóru heim til Einars H. Kvaran. Skömmu eftir að þeir komu þangað var smáhlutum fleygt af veggjum og borð hreyfðist örlítið til en engar ofsafengnar truflanir urðu.

Í síðari fundargerðabókinni er nákvæm lýsing á þessum ofsafengnu fyrirbærum sem hófust 7. desember 1907 og stóðu til 6. janúar 1908.

Í tíu af ellefu skiptum sem miðilsfundir voru haldnir á þessu tímabili voru hreyfingar og lyfting hluta sem stundum ollu miklum skemmdum og hefðu krafist mikils afls. Í sex skipti fundu fundarmenn snertingu eða högg eins og frá efnisgerðum höndum eða útlimum. Í fimm skipti heyrðust högg hér og þar. Í fjögur skipti var miðlinum lyft eða fleygt til og jafnoft heyrðust bein raddfyrirbæri. Sum þessara fyrirbæra gerðust oftár en einu sinni á sama fundinum. Venjulega voru nokkur mismunandi fyrirbæri skráð í einu. Þann 4. janúar 1908 náðu skemmdarverkatruflanirnar hámarki þegar um það bil fimmtíu fyrirbæri voru skráð og vottfest í fundargerðabókunum.

15. kafli

VENJULEGIR MIÐILSFUNDIR

Þrátt fyrir hin ofsafengnu fyrirbæri reyndi Tilraunafélagið að efna til venjulegs miðilsfundar í salnum þann 16. desember 1907 eftir hlé frá 5. desember.¹⁹⁷ Þann 16. desember var Indriða vandlega gætt allan tímann. Litlu borði sem stóð nærri Indriða var slöngvað alla leið í arininn þar sem það mölbrotnaði. Fundargerðin lýsir því hvernig platan á ræðustólnum og þrepin upp í hann voru rifin laus og fleygt á gólfíð þótt hvort tveggja hafi verið vandlega neglt. Gífurlegt afl hefur þurft til að framkvæma þetta. Þessi virkni sem talin var vera reimleikar var afskaplega ofsafengin og olli miklum skemmdum. Í fundargerðunum stendur að útilokað hefði verið fyrir miðilinn að framkvæma þær því að hans hefði verið gætt allan tímann af fundarmönnum sem sátu við hlið hans.

Þann 30. desember voru timburþrepin í ræðustólinn aftur rifin upp. Trésmiðurinn Sveinn Sveinsson hafði neglt þau vandlega niður eftir að þau voru rifin upp 16. desember. Í fundargerðunum er skrifleg yfirlýsing undirrituð af smiðnum um það hvernig hann hefði borið sig að. Önnur fjölin undir þrepunum að ræðustólnum var negld við vegginn með tveimur 8 sm nöglum og auk þess fest með trélista. Hin fjölin undir tröppunum var negld niður í ræðustólinn með einum 10 sm nagla.


Þórður Oddgeirsson skrifaði yfirlýsingu í fundargerðabókina þar sem hann lýsti því yfir að þar sem þrepin hefðu verið rifin upp á fundinum á undan hefði sér dottið í hug að gá hve vel þau hefðu verið fest. Hann skrifar að hann hafi reynt að toga þau upp af öllu afli en þau hafi verið óhreyfanleg.

Guðmundur Jónsson lýsir því yfir að forseti Tilraunafélagsins hafi beðið sig fyrir upphaf fundar 30. desember að athuga hve vel þrepin hefðu verið fest aftur: „Ég togaði mjög fast í þau en þau voru óhreyfanleg“.

Indriði var svo skelfingu lostinn að hann gisti heima hjá Einari H. Kvaran kvöldið 17. desember. Viðstaddir voru Indriði og Einar ásamt fjórum öðrum. Brynjólfur og Þorkell, bróðir hans, komu síðar um kvöldið. Indriði féll í trans og úr hálsi hans heyrðust kæfð hljóð. Framliðni stjórnandinn bað um að ljósin yrðu slökkt. Einar H. Kvaran skráir í síðari fundargerðabókina að boðflennan Jón hefði stundum náð valdi á líkama Indriða og talað í gegnum hann með þungri og sterkri rödd. Haraldur skrifar að Jón hafi muldrað og stunið og bölvað Indriða og talað um hann sem „vel þjálfað verkfæri sem hann vildi gjarnan stjórna af eigin lyst“.¹⁹⁸ En helst af öllu sagðist hann „hafa viljað drepa hann og gera sem mestan skaða öllum í þessum svokallaða uppheimi“.¹⁹⁹ Síðan virðist stjórnendunum hafa tekist að finna leið til að reka hann út. Einhvers konar suð heyrðist í kringum Indriða þegar fundarmenn töldu að Jón væri að fara út úr honum.²⁰⁰ Þegar Jón hafði verið rekinn út úr Indriða sögðu framliðnu stjórnendurnir að þeir hefðu hellt einhverju efni á enni Indriða til að minnka áhrif Jóns. Fundarmenn snertu enni hans og sögðu að það hefði verið rakt eins og eftir oliukennt efni.²⁰¹

Eitt sinn að kvöldi dags skruppum við Indriði inní skrifstofuna til Björns Jónssonar ritstjóra í Austurstræti 8. Björn bauð okkur sæti, og settumst við með nokkru millibili útvið austurvegg skrifstofunnar og Indriði nær suðurveggnum. Ljós brann í skrifstofunni. Björn dró nú út skúffu úr skrifborði sínu, tók úr henni tvö epli og rétti sitt hvorum okkar. En þegar ég er að byrja að éta mitt epli, veit ég ekki fyrri til en það þeytist úr höndum mér, sendist yfir endilanga skrifstofuna og klessist á vesturveggnum á móti mér, svo að blaut skeina varð eftir á þilinu, en klessan datt niðurá gólf. Fylgdi smellur, þegar eplið skall á vegginn. Þá segir Björn:

„Já-já! Það er þá svona.“



*Handskrifaðar
athugasemdaglósur sem fylgja
fundargerðabókunum.*

Rétt á eftir tókst upp stóll sem stóð á skrifstofugólfinu og hófst alla leið uppað lofti og var þó hátt til lofts. Segir þá Brynjólfur við Indriða: „Förum“, og þeir fóru burt í flýti. Jón var talinn eiga sök á þessum hrekkjum. Nótt eina (líklega einhvern tíma rétt eftir miðilsfundinn 17. desember) gistu Engilbert Gíslason (1877–1971) og bræðurnir Þórður og Páll Oddgeirsson (1888–1971) hjá Indriða.²⁰² Olíulampi logaði í svefnerberginu og kerti í ytra herberginu. Í þessari birtu gerðist eftirfarandi fyrirbæri:²⁰³

Miðillinn var genginn til hvílu þegar uppákomurnar hófust. Fyrsta atvikið var þegar tebolli sem staðið hafði á þvottaborði Þórðar var lyft upp og kastað niður af svo miklu afli að hann mölbrotnaði. Engilbert Gíslason sem stóð framan við rúm Indriða tók eftir því að miðillinn var með hendurnar undir koddanum þegar bollinn brotnaði. Eftir svolitla stund varaði miðillinn þá við því að Jón væri viðstaddur og væri að búa sig undir að kasta vatnskönnu sinni (miðilsins). Engilbert fór þá að þvottaborðinu og tók í vatnskönnuna sem stóð í þvottaskálinni. Könnunni var þá snúið í höndum hans af talsverðu afli. Eftir nokkra stund sagði miðillinn aftur að Jón væri á ferli og um leið var rúm miðilsins dregið frá veggnum eina 20 sm eða meira. Þegar rúmið var dregið fram sat Þórður á rúmi sínu beint á móti rúmi miðilsins en Engilbert Gíslason og Páll Oddgeirsson stóðu við fótagaflinn á rúmi Þórðar.

Á venjulegum miðilsfundi 30. desember mátti heyra Jón tala utan við Indriða með beinu raddfyrirbæri í fyrsta sinn.²⁰⁴ Þrepinn upp að ræðu-

stólnum voru rifin upp þótt þau hafi verið tryggilega negld við vegginn eftir fundinn 16. desember. Þrír menn höfðu reynt án árangurs að rífa þau upp. Nú voru þau algjörlega rifin upp. Einar H. Kvaran og eiginkona hans urðu bæði vitni að þeim atburði. Vatnsskál var einnig færð af hillu yfir ræðustólnum og vatni hellt yfir einn fundarmanna og í vasa hans. Síðan var vatnsskálin sett á lítið borð fyrir framan Einar og eiginkonu hans. Bjalla var tekin af sama stað og hún flaug um og hringdi út um allan salinn, jafnvel rétt við andlit fundarmanna. Einn fundarmanna fann snertingu kaldrar handar og ýmsir aðrir urðu varir við snertingu.

Á miðilsfundi 2. janúar 1908²⁰⁵ var viðstaddur læknir frá Vestmannaeyjum sem þekkt hafði Jón persónulega. Indriða var vandlega gætt allan tímann og báðar hendur hans hvíldu á vinstri hönd læknisins sem sat beint fyrir framan hann. Högg heyrðust á veggnum og orgelinu. Bekkjum sem hafði verið staflað upp nálægt ræðustólnum fyrir fundinn var fleygt á gólfið með miklu brambolti. Bjöllu var hringt og um leið snerti hún höfuð læknisins. Stóll sem einn fundarmann sat á var dreginn út úr sætaröðinni. Borð sem Einar H. Kvaran gætti færðist margsinnis til. Í eitt skiptið átti Einar í miklum vandræðum við að halda því. Í annað skipti fann hann tvær hendur taka á því. Höfuð Haraldar var snert hvað eftir annað og hann fann fyrir fingrum, rétt eins og hönd kæmi aftan frá þaðan sem ræðustóllinn var. Staflí af bekkjum heyrðist dreginn fram og til baka (það gerðist fimm sinnum). Einn bekkur lenti á öxl Einars og á hnjám annars fundarmanns þar sem þeir sátu í fremstu röð. Þaðan fór hann að færast í áttina til læknisins sem sat hinum megin. Stóll læknisins vaggði eins og í öldugangi. Loks fundu bæði læknirinn og Haraldur hönd snerta sig.

Truflanirnar héldu áfram og náðu hámarki 4. janúar 1908.²⁰⁶ Stól sem Indriði sat á var fleygt á gólfið og Indriða lyft á meðan bæði Einar og læknirinn héldu í hann. Þegar fundarmenn voru að syngja sálm hljómaði eins og mannsfótur stigi taktinn á gólfinu rétt hjá Indriða. Sumir fundarmanna heyrðu fótatak og hvísl fyrir aftan stólaraðirnar og margir þeirra sáu skær ljósleiftur. Skömmu síðar var stóllinn mölbrotinn undan Indriða. Það gerðist þannig að Guðmundur Jónsson gekk upp að Indriða til að

fylgjast betur með honum. Indriði greip báðum höndum um hendur Guðmundar. Þá var stöng eða rim úr stólbaki Indriða fleygt upp í loftið. Stóll Indriða var lagfærður og hann settist aftur í hann. Haraldur Níelsson heldur áfram:²⁰⁷

Beggja handa miðilsins var vandlega gætt en samt var stóllinn sem hann sat á brotinn mélinu smærra. Sumum brotunum var kastað að stórum hengilampa í salnum. Lampinn mölbrotnaði – skermur, gler og olíuker – og brotin féllu yfir höfuð Björns Jónssonar.

Aðrir hlutar flugu í átt að austurvegg salarins. Þá yfirgaf Björn Jónsson fundinn ásamt fáeinum öðrum fundarmönnum. Mjög þung bjalla sem staðið hafði á hillu fyrir ofan ræðustólinn hringdi hvað eftir annað á mismunandi stöðum í salnum fyrir ofan höfuð fundarmanna og féll allt í einu á gólfíð rétt við dyrnar að efnisgervingarsalnum. Þeir sem sátu hjá orgelinu sögðust finna að það væri fært til. Margir fundarmenn skýrðu frá því að þeir hefðu verið snertir og einn kvaðst hafa verið greinilega snertur af hendi. Ýmsum öðrum hlutum var fleygt um salinn.

Eftir þennan viðburðaríka miðilsfund fór Indriði með nokkrum vinum sínum á Hótel Ísland.²⁰⁸ Um kvöldið fór Indriði út í portið, hattlaus og jakkalaus, og kom ekki til baka. Vinir hans undruðust hvað orðið hefði um hann og fóru út í portið að leita hans en fundu ekki. Um kl. 11:30 eða í sömu mund og hann hvarf kom hann í transi heim til Einars H. Kvaran hattlaus og jakkalaus og talaði með röddu „norska læknisins“. Seinna um kvöldið var miðilsfundur með fjölskyldu Einars og Guðmundi Jónssyni. Þar baðst Jón afsökunar á hegðun sinni. Eftir þetta var hann friðsamur gagnvart Indriða og varð einn af máttugustu stjórnendum hans. Eftir að fundarmenn höfðu spjallað við stjórnendurna vaknaði Indriði af transinum og undraðist hvar hann væri staddur.

Einnig er til frásögn Þorkels Þorlákssonar af þessu. Samkvæmt Þórbergi Þórðarsyni var frásögn til í fundargerðabókum Tilraunafélagsins. Allar þrjár heimildirnar eru á þá sömu lund að Indriði hafi farið út í portið einn.²⁰⁹ Þórbergur greinir frá því að skráð sé í fundargerðabók að aðal-

stjórnandinn, Konráð Gíslason, hafi lýst þessum atburði og sagt að stjórnendurnir hefðu flutt Indriða „útafliggjandi“ í loftinu frá portinu og yfir vegginn til þess að gefa Jóni þegar í stað tækifæri til að sættast við félagi Tilraunafélagsins.²¹⁰ Heilbrigður maður hefði getað hlaupið þennan spöl milli Hótel Íslands og heimilis Einars á fáeinum mínútum.


Brynjólfur Þorláksson lýsir þessu að nokkru leyti öðruvísi.²¹¹ Hann greinir frá því að hafa verið á Hótel Íslandi með Indriða ásamt Jóni Fjeldsted (1878–1932) og Þorkatli Þorlákssyni. Þeir hafi allir farið út í portið sunnan við hótelið þar sem borðið sem þeir sátu við hafi byrjað að hreyfast og bollarnir næstum hrunið af því. Fyrst hafi þeir reynt að halda því niðri en ekki getað haft stjórn á því. Í portinu hafi Indriði horfið frá þeim án þess að þeir tækju eftir. Portið var umlukið háum veggjum á þrjá vegu en hótelið sjálft var á fjórðu hlið. Portið var lýst upp af ljósum í gluggum hótelsins og allt var mjög sýnilegt. Einu dyrnar í gegnum vegginn umhverfis voru læstar en hóteldyrnar voru þannig staðsettar að þeir hefðu allir tekið eftir því ef Indriði hefði farið um þær. Indriði hefði ekki sést fara um neinar dyr. Líta verður svo á að frásögn Brynjólfs sé ótrúverðugri en þeirra Haraldar og Einars þar sem hún byggist á meira en 30 ára minningu hans um atburðinn.

Þeir fóru heim til Einars H. Kvaran til að tilkynna hvarf Indriða en fengu þá að vita að Indriði hefði komið þangað í transi nánast á sömu mínútu og þeir hefðu uppgötvað hvarf hans úr portinu. Indriði sjálfur staðhæfði að hann hefði ekki orðið neins var fyrr en hann kom úr transinum heima hjá Einari.

Oft er nefnt í fundargerðunum að Indriði hafi séð ýmsa af framliðnu þátttakendunum og að hann hafi þekkt stjórnendurna í sjón. Þetta er svipað og fram kemur í skrá Williams Crookes sem hann skráði á miðilsfundum með Daniel Dunglas Home. Home staðhæfði að hann sæi oft framliðnu þátttakendurna og þá sem flyttu hluti og snertu eða ýttu við fundarmönnum. Fundarmenn sáu stundum hendur framliðinna án þess að sjá allan líkamann. Í síðari kafla verður borið saman miðilsstarf og fyrirbæri á fundum Daniel Dunglas Home og Indriða. Þar er margt líkt.

16. kafli

JÓN VERÐUR FRÍÐSÆLL



*Hallgrímur Pétursson
reyndist sérlega vel í að
róa og hjálpa Jóni úr
Vestmannaeyjum.*

Framliðnir stjórnendur Indriða virðast að lokum hafa fundið einhver ráð til að ná tókum á Jóni. Einhvers konar suð heyrðist í kringum Indriða þegar fundarmenn töldu að Jón væri að fara út úr honum. Þegar Jón hafði verið rekinn út, sögðu stjórnendurnir að þeir hefðu hellt ákveðnu efni á enni Indriða til að minnka áhrif Jóns. Einhverjir fundarmanna snertu enni hans og skýrðu frá því að það virtist rakt eins og eftir froðukennda olíu.

Jafnframt er frá því greint að Jón hafi að lokum orðið friðsamur með hjálp hins framliðna sálmaskálds og prests, Hallgríms Péturssonar (1614–1674). Í fundargerðinni 3. febrúar 1908 stendur að Hallgrímur flytji kveðjur frá Jóni og bætir við:

Eg er búin að þoka honum til um 1 stig – upp úr neðstu kolagröfni. Honum fanst léttu að mun yfir sér. Hann fékk um eitt skifti óþolandi samvískubít yfir því, að úr því að hann hefði fyrirfarið sér, þá skyldi hann er hann kom að sambandi, hafa notað það til að skemma og gera öðrum mein“.

Hallgrímur sagðist gæta Jóns „eins og móðir gætir veiks barns síns“ og spurði hvort hann mætti færa Jóni kveðjur fundarmanna.

Eftir þetta mátti stundum heyra Jón og sr. Hallgrím ræðast við. Hallgrímur talaði af vörum miðilsins en Jón kom fram sem beint raddfyrirbæri. Á fundinum 11. mars talar Jón stuttlega og sveiflar lúðrinum í allar áttir. „Kveðjur. Ég kem síðar.“ Hallgrímur Pétursson segir að Jóni líði nú betur og sýni miklar framfarir en megi ekki tengjast jarðlífinu um of, ella flæði jarðminningar hans yfir hann. Þann 23. mars kemur hann aftur og færir spiladósina fram og til baka. Eftir það birtist hann æ oftar og aðstoðar og vinnur með stjórnendunum. Hann reyndist sérlega lipur í að færa lúðurinn, spiladósina, fiðlu, boga og sítar sem hafði verið komið fyrir í salnum. Einnig færði hann til stóra borðið og járnstandinn sem stóri lúðurinn var geymdur á. Jón varð meistari í að færa hluti og gerðist mikill vinur miðilsins. Í fundargerðabókinni má lesa: „Stundum átti Jón löng samtöl við okkur“. Af og til nefndi Jón truflanirnar sem hann olli. Til dæmis sagði hann eitt sinn við Einar H. Kvaran:

Ég færði ykkur sannanir þegar ég var að toga miðilinn frá ykkur en af því að ég komst í þetta (miðils)samband líður mér nú betur. Þökk sé þessum góða manni [Hallgrími Péturssyni].

Saga Jóns í miðilsstarfi Indriða er á ýmsan hátt lík sögu Runólfs Runólfs-sonar (1828–1879) í miðilsferli Hafsteins Björnssonar (1914–1977). Þegar Runólfur (sem gekk undir gælunafninu Runki) birtist fyrst olli hann miklum truflunum, bölvandi og formælti fundarmönnum (þó án efnislegra fyrirbæra) þar til maður sem hann sagði að hefði búið í nágrenni við sig kom á miðilsfund. Hann sagði honum að það vantaði á hann annan fótinn sem væri enn í húsi hans. Fundarmaðurinn var reiðubúinn til að leita að honum ef hann segði sér nafn sitt. Hann gerði það að lokum og fótleggurinn fannst í vegg í húsinu.

Fótleggurinn var jarðsettur og Runólfur varð aðalstjórnandi Hafsteins, hreinskilinn og sérstakur persónuleiki sem varð afar vinsæll meðal fundarmanna á miðilsfundum.²¹² Eins og Jón hafði Runólfur andast sviplega. Hann hafði orðið drukinn og sofnað í fjörunni á leiðinni heim. Aðfallið hreif hann með sér og hann drukknaði.

Aðalhöfundur þessarar bókar stjórnaði umfangsmikilli rannsókn á óskipulögðum samskiptum við látna með því að taka djúpvíðtöl við 450 einstaklinga sem höfðu sagt frá slíkri reynslu sinni. Látnir einstaklingar sem höfðu andast á vofeiflegan hátt, það er af slysförum, verið myrtir eða framið sjálfsmorð, voru sérlega hallir undir að birtast og virtust vísvitandi reyna að leita sambands við lifendur. Sjá *Látnir í heimi lifenda*.²¹³

Indriði ber kennsl á mynd af Jóni Einarssyni

Þegar ró hafði færst yfir útvegaði lækurinn í Vestmannaeyjum ljósmynd af Jóni frá fjölskyldu hans. Í yfirlýsingu dagsettri 14. mars 1908 (viðhengi við síðari fundargerðabókina) skrifaði hann:

Ég setti myndina í ljósmyndaalbúm mitt, á meðal mynda af 7 öðrum karlmönnum, ýmist ungum eða miðaldra (Jón var frekar unglegur þótt hann væri um fimmtugt). Síðan bauð ég miðlinum heim og sagði honum að mig langaði til að vita hvort hann gæti þekkt Jón á ljósmynd. Ég sýndi honum fyrst nokkur myndaalbúm en þegar við komum að blaðsíðunni í albúminu þar sem myndin af Jóni var benti ég á eina eða tvær myndir og spurði hvort þetta væri hann. „Nei“, svaraði hann. Þá leit hann hratt yfir yfir alla síðuna, setti fingurinn á myndina af Jóni og sagði: „Þessi mynd líkist honum mest en er þó ekki alveg eins og hann hefur litið út þegar ég hef séð hann.“

17. kafli


STJÓRNENDUR OG FRAMLIÐNIR

ÞÁTTTAKENDUR

Eins og hjá flestum transmiðlum birtust ýmsir framliðnir þátttakendur í miðilsstarfi Indriða. Sumir þeirra birtust oft eða næstum því á hverjum fundi. Þeir voru nefndir stjórnendur. Aðrir þátttakendur birtust einu sinni eða í fáein skipti. Litið var á stjórnendurna sem skipuleggjendur miðilsstarfs Indriða og þeir áttu nán samskipti við forystumenn Tilraunafélagsins, til dæmis Einar H. Kvaran og prófessor Harald Nielsson. Samskiptin á milli þessara forystumanna og stjórnendanna voru ýmist munnleg í gegnum miðilinn í transi eða með ósjálfráðri skrift eða beinni skrift. Þannig voru gerðar áætlanir um og ákvarðanir teknar um hvaða tegundir fyrirbæra og samskipta skyldu reyndar. Fundargerðabækurnar sýna glögglega að þessar tilraunir virðast fyrst og fremst hafa orðið að frumkvæði stjórnenda Indriða. Þær virðast einkum hafa beinst að því að afla sannana og framkalla sem flestar gerðir fyrirbæra. Svikaleysi transástands Indriða var reynt æ ofan í æ með því að stinga hann með nálum á viðkvæma hluta líkamans. Engin viðbrögð urðu. Hann var í djúpum transi.

Fundargerðabækurnar sýna að á 15 miðilsfundum á tímabilinu frá 4. desember 1905 til 26. janúar 1906 komu ríflega tíu persónur fram, meðal annars:

- Indriði Gíslason (1822-1898) á fyrsta fundi.
- Konráð Gíslason (1808–1891) á hverjum fundi.
- Sr. Steinn Steinsen (1838–1883) á fjórtán fundum.



Fundargerðabækurnar tvær frá Tilraunafélaginu sem hafa að geyma áhugaverðar lýsingar á miðilsstörfum Indriða.

- Emil Jensen (ca 1848–1898) á sex fundum.
- Þrjár persónur komu fram tvisvar eða þrisvar í transi Indriða, þar á meðal einn sem talaði hollensku.
- Fjórar persónur komu aðeins einu sinni fram. „Truflandi aðilar“ eru nefndir nokkrum sinnum án frekari lýsinga.

Allir fundir hófust á bæn og sálmasöng. Einar H. Kvaran fullyrðir að í byrjun hafi fundarmenn ekki gert ráð fyrir eða óskað eftir slíkum trúaratriðum. Þau þróuðust að ósk stjórnenda. Stundum var söngurinn leiddur af hinum framliðna sr. Steini Steinsen sem stundum söng „utan við“ eins og það er kallað í fundargerðabókunum og merkir í kringum eða nærri og óháð miðlinum.

Tveimur árum síðar í úrtaki 15 miðilsfunda í síðari fundargerðabókinni á tímabilinu frá september 1907 til febrúar 1908 birtust að meðaltali níu þátttakendur á hverjum fundi, meðal annars þessir:

- Konráð Gíslason var á hverjum fundi.
- Sigmundur Guðmundsson (1838–1897) var á hverjum fundi.
- Sr. Steinn Steinsen birtist átta sinnum.
- Þrír útlendingar: Norski læknirinn Daniel Cornelius Danielssen (1815–1894) sem var á næstum því hverjum fundi; franska söngkonan Maria Felicia Malibran (1808–1836) með sína miklu sópranrödd; og Emil Jensen sem var viðstaddur og birtist þrisvar á þessum 15 fundum.

Stjórnendurnir höfðu margs konar bakgrunn og tíðni þátttöku þeirra hvers og eins breyttist milli tímabila, hugsanlega vegna þess að verið var að framkalla mismunandi fyrirbæri.

Í fundargerðabókunum er mikið rætt um afl eða kraft sem nauðsynlegur er til samskiptanna, þörfina fyrir að safna krafti, standa frammi fyrir missi á krafti, að kraftinum hefði verið stolið af óæskilegum aðilum, að stjórnendurnir þyrftu að byggja upp kraft fyrir næsta fund, að krafturinn sé sterkur eða veikur og svo framvegis. Samskonar yfirlýsingar um „kraft“ er að finna í lýsingu Williams Crookes á fundum hans með Daniel Dunglas Home²¹⁴: „Krafturinn er ekki sterkur“, „kraftinn er að þverra“, „við gátum ekki gert meira“, „við finnum að krafturinn er búinn“ og „fær meiri kraft til að stjórna þér“. Stundum má lesa við fundarlok: „Allur kraftur er nú búinn.“

Þrír flokkar þátttakenda

F. W. H. Myers hafði verið einn af stofnendum Sálarrannsóknafélagsins í Lundúnum. Hann skrifaði klassískt rit innan þessara fræða, *Human Personality, and its Survival of Bodily Death*. Í 2. hefti þess²¹⁵ skiptir hann framliðnum þátttakendum í þrjá flokka:

1. Hópur fólks sem er nýdáið.
2. Hópur fólks sem tilheyrði fyrri kynslóðum, venjulega kunnir í jarðlífi sínu.
3. Andar sem hafa nöfn eins og Skólameistari, Doktor, Spekingur og umfram allt Keisari. Yfirlýstur tilgangur þeirra er ætíð að boða ákveðnar trúarlegar eða heimspekilegar skoðanir. Efnislegri birtingu er yfirleitt aðeins lýst sem sönnun um kraft og sem grundvelli alvarlegs boðskaparvalds.

Í miðilsstarfi Indriða má auðveldlega skipta þátttakendum í þessa þrjá flokka, einkum A og B. Hvað varðar flokk C bera stjórnendur Indriða ekki eins tignarleg nöfn og finnast hjá sumum enskumælandi miðlum. Tilvist þeirra sem stundum er aðeins upplýst treglega eða að hluta er ekki eins auðveldlega eða sannfærandi flokkuð og þeirra sem falla í flokk A.

Áberandi í flokki A eru þeir sem létust voveiflega og ótímabært, annaðhvort af slysförum, voru myrtir eða frömdu sjálfsvíg. Áhugavert er að að minnsta kosti tveir sem létust voveiflega eru áberandi í miðilsstarfi Indriða. Það er hinn mjög svo truflandi Jón frá Vestmannaeyjum sem framdi sjálfsmorð og Sigmundur sem varð úti. Hér má bæta við frönsku söngkonunni sem lést ótímabært eftir að hafa fallið af hestbaki. Hún var þannig hrifin úr glæstum ferli aðeins 28 ára gömul.

Í miðilsstarfi bandaríska hugmiðilsins Leonora Piper (1857–1950) má einnig finna að þeir sem dóu voveiflega hafa áberandi hlutverk. Sama gildir um miðilsstarf hugmiðilsins Hafsteins Björnssonar.²¹⁶ Nýleg umfangsmikil rannsókn á 450 persónulegum samskiptum við látna sýnir að þeir sem létust voveiflega birtast mun fremur í skyndilegri sjónreynslu (30%) en sem nemur fjölda voveiflegra dauðsfalla meðal fólks almennt (9%).²¹⁷ Hvað varðar börn sem fullyrða að þau muni fyrra líf eru tölurnar jafnvel ennþá hærri eða 61 til 77 prósent sem tala um minningar um voveiflegan dauðdaga.²¹⁸

18. kafli

BEIN RADDFYRIRBÆRI – TAL OG SÖNGUR

Bein raddfyrirbæri voru áberandi þáttur í miðilsstarfi Indriða Indriðasonar. Þetta voru raddir sem töluðu eða sungu „utan við“, það er að segja raddir sem heyrðust í einhverri fjarlægð frá miðlinum og komu ekki úr munni hans. Um þetta vitna allar sex helstu heimildir bókarinnar: Fundargerðabækurnar tvær, Guðmundur Hannesson, Haraldur Níelsson, Einar H. Kvaran og Þórbergur Þórðarson. Einnig er þetta staðfest af Sigurði Haralz (1901–1990), elsta syni Haraldar Níelssonar sem horfði á þetta fyrirbæri gerast í fullri dagsbirtu og án þess að Indriði væri í transi.

Í fyrri fundargerðabókinni (4. desember 1905 til 26. janúar 1906) eru bein raddfyrirbæri skráð á níu af tólf fundum þar sem einhver fyrirbæri urðu, stundum meira en einu sinni á hverjum fundi. Við fjögur tækifæri heyrðust raddir syngja. Greint er frá röddum á 22 af 36 fundum í síðari fundargerðabókinni (9. september 1907 til 2. febrúar 1908) og á ellefu fundum er sungið.

Haraldur greinir frá því²¹⁹ að eitt kvöldið hafi 26 ólíkir einstaklingar, hver með sín sérkenni, talað í gegnum eða óháð Indriða sem var í djúpum transi. Haraldur lýsir einnig beinum, óháðum raddfyrirbærum við fulla dagsbirtu árið 1909:²²⁰

Þetta var um síðdegi árið 1909. Ég sat með miðlinum í sófa í minni eigin stofu. Við áttum í djúpum samræðum um eitthvert málefni sem ekki skiptir máli hér þegar við heyrðum allt í einu rödd „Jóns“ sem virtist berast frá stað rétt upp undir lofti. Þetta var í eina skiptið sem ég heyrði hann tala í fullri dagsbirtu.

Kvöld eitt árið 1909 svaf Haraldur í svefnherbergi Indriða til að fylgjast með honum sofandi. Áður en þeir fóru að sofa spjölluðu þeir smávegis við Jón og tvo aðra stjórnendur Indriða sem var ekki í transi á meðan á samtalinu stóð. Þeir sátu í herbergi Indriða, ljós logaði í ytra herberginu og dyrnar á milli herbergjanna voru opnar. Áður en þeir fóru að sofa lofaði Jón að vekja þá á ákveðnum tíma um morguninn. Nákvæmlega á þeim tíma morguninn eftir vaknaði Haraldur við rödd Jóns: „Ætlið þið ekki að vakna?“.²²¹

Brynjólfur Þorláksson minnst þess eins og áður hefur verið minnst á að tveir framliðnir einstaklingar sungu „saman“ óháðir Indriða lagið „Ak, vad vårt liv är eländigt“ (sænskt lag: „Ó hve líf vort er mikil hörmung“).²²² Þorkell Þorláksson var á þessum fundi og mundi vel þennan sérstaka söng þegar Þórbergur Þórðarson tók viðtal við hann.

Einar H. Kvaran fullyrðir²²³ að raddir hafi talað og sungið í nokkurri fjarlægð frá Indriða. Raddirnar hafi jafnvel sungið sama lag saman „sam-tímis“, önnur kraftmikil baritónrödd, hin falleg kvenrödd.

Haraldur greinir svo frá um beinu raddfyrirbærin²²⁴:

Ég hef oft heyrt tvær raddir tala eða syngja hástöfum þegar ég sat einn með miðlinum innan við netið [í lokaða rýminu] ... og hélt í báðar hendur hans og talaði við stjórnandann.

Stundum talaði stjórnandinn í gegnum miðilinn á meðan raddirnar sungu en oftast þagði hann meðan söngurinn stóð yfir en byrjaði að tala um leið og honum lauk.

Þessar sjálfstæðu raddir sungu oft mjög fallega, sérstaklega þrjár þeirra, skrifar Haraldur: „... við fengum stundum að heyra tvær raddir syngja samtímis: sópranrödd konu og bassarödd karls“.²²⁵

Sigurður Haralz

Árið 1985 auðnaðist höfundum að taka viðtöl við tvo einstaklinga sem höfðu hitt Indriða. Annar þeirra var Sigurður Haralz, elsti sonur Haraldar Níelssonar sem fæddist árið 1901.* Sigurður var aðeins á barnsaldri þegar þetta var en minni hans virtist skýrt þrátt fyrir háan aldur þegar höfundar tóku við hann viðtal 16. janúar 1985. Yngri bróðir Sigurðar, Jónas Haralz (1919–2012) sem var einn af bankastjórum Landsbanka Íslands, lagði áherslu á það við höfunda að minni Sigurðar væri afar traust. Hinn einstaklingurinn var Kristján Albertsson (1897–1989). Hann þekkti Indriða ekki persónulega eins og Sigurður en minntist þess skýrt að Indriði hefði tekið þátt í almennum stjórnmalafundi í Reykjavík.

Sigurður kvaðst enn muna mjög greinilega tvö tilvik þegar margar sjálfstæðar raddir heyrðust í kringum Indriða. Indriði var staddur á bóndabæ uppi í sveit að heimsækja unnustu sína, Jónu Guðnadóttur. Sigurður var í sveit á bænum þar sem Haraldur, faðir hans, var bróðir húsfreyjunnar. Jóna Guðnadóttir, unnusta Indriða, var dóttir Guðnýjar og því systurdóttir Haraldar. Í fyrra tilvikinu var Indriði einn í herberginu þar sem hann átti að sofa. Sigurður lýsir því svohljóðandi²²⁶:

Indriði var látinn sofa í ... baðstofunni. ... Hann er þar einn, eini maðurinn. Við vissum það að hann var einn. En þá fara þeir margir að tala í einu. Kerlingin gamla, hún föðursystir mín gamla, vissi nú ekki nokkurn hlut hvað hún ætti nú að gera. Fólkið var inni í eldhúsinu

* Sigurður og Jónas, bróðir hans, synir Haraldar Níelssonar, tóku upp ættarnafnið „Haralz“. Sigurður Haralz var fæddur árið 1901, elsti sonur Haraldar Níelssonar. Hann var annar af þeim tveimur einstaklingum sem tókst að hafa upp á og höfðu hitt Indriða Indriðason. Sigurður var aðeins á barnsaldri þegar þetta var en minni hans virtist skýrt þrátt fyrir háan aldur þegar höfundar tóku við hann viðtal 16. janúar 1985. Yngri bróðir Sigurðar, Jónas Haralz (1919–2012), sem var einn af bankastjórum Landsbanka Íslands, lagði áherslu á það við höfunda að minni Sigurðar væri afar traust. Hinn einstaklingurinn var Kristján Albertsson (1897–1989). Hann þekkti Indriða ekki persónulega eins og Sigurður en minntist þess skýrt að Indriði hefði tekið þátt í almennum stjórnmalafundi í Reykjavík.

Þegar það heyrði til Indriða inni í herberginu. ... Raddirnar töluðu ... eins og fullorðnir menn. Það heyrðust beinar raddir í kringum Indriða í stofunni þar sem hann svaf. Hann var einn þar. Þetta gerðist líklega um kvöld áður en hann fór að sofa og því líklegast myrkur í herberginu. ... Þessar raddir buðu honum góða nótt. Þær spauguðu við Indriða og svöruðu hver annarri. Þá fóru margir að tala í einu. Orðaskil heyrðust. Hurðin var lokuð, ein hurð á milli.

Síðara tilvikið gerðist í fullri dagsbirtu að sögn Sigurðar. Morguninn eftir að Indriði kom stóð hann á hlaðinu framan við íbúðarhúsið. Þrír voru viðstaddir auk Sigurðar Haralz: Guðný Níelsdóttir (1856–1947); Þorsteinn Bjarnason, vinnumaður á bænum; og eiginmaður Guðnýjar, Guðni Jónsson. Skyndilega gerðist það á hlaðinu að raddir fóru að ávarpa hann²²⁷:

Indriði stóð á hlaðinu til að fá sér ... frískt loft. Úti á hlaðinu fór allt í kringum Indriða að tala við hann. ... Það var talað þótt enginn væri. Þær buðu honum góðan daginn og spurðu hvernig honum liði. Það töluðu margar raddir í einu, ein fram í aðra og sérhver með sín sérkenni. Enginn búktalari hefði getað framkallað þessar raddir. ...


Sigurður heyrði engar kvenraddir og flestar raddirnar voru „nánustu stjórnendur“ hans. Samtölin stóðu aðeins í fáeinar mínútur.

19. kafli

FRANSKA SÖNGKONAN OG „MUSICA TRANSCEDENTALE“

Næst verður athygl-
inni beint að meint-
um framliðnum pers-
ónum af erlendum
uppruna sem birtust
oft á miðilsfundun-
um: „Frönsku söng-
konunni“, „norska
lækninum“ og norska
tónskáldinu Edvard
Grieg (1843–1907).

Stundum mátti
heyra frönsku söng-
konuna taka undir
með fundarmönnum
þegar þeir sungu
sálm í upphafi funda.
Í fundargerðinni fyrir
14. september 1907
er greint frá því að
franska söngkonan
og tónskáldið Svein-
björn Sveinbjörnsson



Mynd 15: „Franska söngkonan“ var tíður framliðinn þátttakandi með afar sterka sópran-rödd. Hún er talin hafa verið hin fræga óperusöngkona Maria Felicia Malibran (1808 – 1836) sem þessi teikning er af.

hafi sungið saman „O Sanctissima“. Hún söng óháð raddböndum miðilsins. Hinn framliðni sr. Steinn Steinsen leiddi oft sönginn í upphafi funda eða snemma á þeim og hún söng oft með honum, bæði óháð miðlinum. Annað dæmi um tvær „handanheims“-raddir sem sungu í nokkurri fjarlægð frá miðlinum og samtímis gerðist 3. október 1907: Konráð Gíslason bað um að tónlist yrði leikin (á orgelið). Þá mátti heyra söng ósýnilegra vera eins og í tilfellinu með frönsku söngkonuna og Stein. Svo virðist sem franska söngkonan hafi stundum verið áköf í að syngja á miðilsfundum. Í fundargerð fyrir 23. janúar 1908 er sagt frá því að „franska söngkonan bað um leyfi til að syngja en fékk ekki leyfi til þess“ (sennilega frá aðalstjórnendum).

Stundum mátti heyra kór syngja í nokkurri fjarlægð. Hinn kröftugi, fræðilegi gagnrýnandi Guðmundur Hannesson greinir frá því að í byrjun miðilsfundar 8. júní 1909 hafi fundarmenn sungið sálm við undirleik orgelsins þegar „heyra mátti viðbótarkvenrödd“. Þann 11. júní „þegar verið var að leika tónlist svo að miðillinn félli í dýpri trans söng fyrst (utan við) björt kvenrödd ... og síðan sterk karlrödd.“ Í eitt skipti heyrðu þeir Skafti Brynjólfsson og Guðmundur raddirnar syngja í stutta stund samtímis ... Báðar raddirnar voru mjög nálægt mér“.²²⁸ Þetta fyrirbæri einskorðaðist ekki við fundarherbergið. Indriði söng stundum í Dómkirkjukórnum og Brynjólfur sem bæði var tónlistarkennari og organisti í Dómkirkjunni skýrði svo frá.²²⁹

Heyrði þá annað veifið bæði ég og söngfólkið annarlegar raddir syngja með. Þetta heyrðu einhverjir kirkjugestir líka. Ég man til dæmis, að Lárus Pálsson hómópati sagði eitt sinn við mig eftir messu: „Þið voruð ekki alveg ein í dag. Það voru fleiri en söngflokkurinn, sem sungu.“

Í fundargerðabókunum er greint frá áhugaverðu atviki eftir miðilsfund 25. september 1907. Nokkrir fundarmenn nýttu snilldarlega hina framliðnu frönsku söngkonu til að reyna nákvæmni staðhæfinga Indriða um hreyfingar þeirra framliðnu einstaklinga sem hann fullyrti að hann sæi. Þetta

færir frekari sannanir um tungutal* á miðilsfundum hans. Brynjólfur lýsir einnig þessu atviki í minningum sínum:²³⁰

Svo leið og beið þartil að kvöldi 25. september 1907. Þá eftir sambandsfund skruppum við Indriði inná Hótel Ísland og fengum okkur þar kókó. Þórarinn B. Guðmundsson slóst í för með okkur. Á hótelinu hittum við Þorkel bróður minn, og settumst við allir við sama borð. Þaðan héldum við allir uppí Sambandshús og settumst inní fremra herbergi Indriða.[†]) Þar röbbuðum við saman dálitla stund, og ég spilaði nokkur lög á harmoníum. Þá stingur einhver okkar uppá því, að við förum inní sýningarsalinn og sjáum til, hvort nokkuð gerist. Þetta varð að samkomulagi. Við förum allir inní salinn og komum okkur þar fyrir á fremsta bekk. Röðuðum við okkur þannig á bekknum, að Indriði sat austast og næst honum ég, þá Þórarinn og Þorkell vestast. Ég sat fast hjá Indriða og hélt um báðar hendur hans og krækti vinstra fæti um báða fætur honum.

Undireins og við höfðum komið okkur þannig fyrir á bekknum, heyrum við allir, að byrgistjöldin eru dregin til hliðar, en þau voru hengd upp á járnhringum, sem léku á stálteini, er festur var framaná byrgið ofarlega. Milli fremsta bekkjarins og byrgisins var á að gizka einn til hálfur annar faðmur. Ég fer þess á leit, að hreyfingin á tjöldunum sé endurtekin, og eru þau þá dregin til hvað eftir annað, svo að við heyrum allir. Þá segist Indriði sjá norska lækninn standa milli byrgistjaldanna. Skömmu síðar kveðst hann sjá frönsku söngkonuna standa milli byrgisins og múrstöpsins hjá ofninum.

Þá datt okkur í hug að biðja Þórarin að ávarpa hana á frönsku og fá hana til að gera eitthvað, sem okkur væri ókunnugt um, því að enginn okkar hinna skildi neitt í frönsku. Síðan skyldi Indriði, sem var skyggn, segja okkur, hvernig hún svaraði.

* Tungutal, sbr. að tala tungum, þegar einstaklingur talar tungumál sem hann kann hvorki né skilur.

† Þórarinn fullyrðir, að Halldór Jónasson kennari hafi verið með þeim. Halldór segir, að það hafi verið. En þetta muna þeir Brynjólfur og Þorkell ekki með neinni vissu. Gerðabókin, sem segir frá þessum atburði, getur ekki Halldórs, en nefnir hina fjóra. - Þ. Þ.

Þórarinn gerir þetta, segir eitthvað á frönsku, sem við botnuðum vitanlega ekkert í. Þá segir Indriði:

„Nú hneigir hún sig.

Því svarar Þórarinn:

„Það er rétt. Það var það, sem ég bað hana að gera.“

Þórarinn talar til hennar aftur, og Indriði svarar:

„Nú gengur hún áleiðis til okkar, en snýr nú snögglega við og gengur til norska læknisins í byrginu, einsog hann kalli á hana.“

Þórarinn svarar þessu:

„Þetta er ekki alveg eins og ég bað hana um, því að ég bað hana að ganga afturfyrir okkur.“ En rétt í sömu svifum segist Indriði sjá Sigmund fyrir aftan okkur.

Þessu næst heyrum við, að stóll eða borð er sett harkalega niðurá gólfið rétt fyrir framan dyrnar á stóra salnum eða hjá myrkurbyrginu, að því er virtist.

Franska söngkonan söng fremur oft, talaði stundum á frönsku og reyndi einnig að tala á ensku og þýsku. Fáir Íslendingar kunnu frönsku á þessum tíma en það var mikill áhugi á að láta reyna á frönskuna hennar. Þann 17. september 1907 er þess getið í fundargerð að málvísindamaðurinn Geir T. Zoëga (1857–1928) hafi setið fund. Hann ávarpaði söngkonuna á frönsku og „finnur að hún skilur sig. Hann heyrir greinilega frönsk orð og orða-tiltæki í tali hennar þó hann geti ekki heyrt heilar setningar“.

Þann 25. september talar franska söngkonan „við Þór Guðmundsson sem heyrir frönsk orð og setningar og finnur sem frönskumælandi maður að hún skilur hann.“ Þann 13. janúar „syngur franska konan dálítið. Þór Guðmundsson og E.H. [Einar H. Kvaran] tala við hana bæði á frönsku og ensku og sannfæra sig um að hún skilji bæði tungumálin. Síðan reynir hún að endurtaka fáein íslensk orð.“ Þessi lýsing gerir ráð fyrir gagn-kvæmu tungutali.²³¹

Í fundargerðunum sem til eru kemur ekkert fram um tilvist hennar annað en að hún hafi verið frönsk söngkona. Brynjólfur Þorláksson lýsir atviki sem að hans áliti varpar ljósi á tilvist hennar:²³²

Það bar eitt sinn til á innra fundi, að við heyrðum karlmannsrödd tala franska tungu fyrir utan miðilinn. Þennan málróð höfðum við aldrei heyrt áður. Það virtist greinilegt, að honum væri ekki beint til okkar, heldur til einhvers eða einhverra hinumegin. Samtímis heyrðum við fleiri raddir utanvið miðilinn, en þó nokkuð óskýrt. Þó fengum við greint í þessum raddahljómi málróð frönsku söngkonunnar og heyrðum hana reka upp neyðaróp alltíeinu. Þetta var allt einna líkast á að heyra, sem þarna hefði orðið harðvítug rimma eða uppþot. Engin heyrðum við orðaskil, nema að karlmannsrödd sagði einu sinni: „Madame Malibran.“

Þegar þessum látum linnti, spurðum við stjórnandann, hvað þarna hefði verið um að vera.

Við fengum það svar, að karlmaðurinn, sem hefði nefnt nafn kvenmannsins, hétu Malibran og hefði verið maður frönsku söngkonunnar. Hún hefði líka verið á fundinum. Þau hefðu ekki fyrr sést, síðan þau fóru yfirum. Hann hefði nýlega komizt á snoður um, hvar hennar væri að leita, og nú komið á fundinn í því skyni að fá hana til að slást í för með sér, en hún hefði verið ófáanleg til að fara með honum. Útaf þessu hefði ósamkomulagið risið. Fleira var okkur ekki sagt.

Þó að skömm sé kannski frá að segja, hafði enginn okkar, sem á fundinum voru, nokkurt hugboð um, hver hún hefði verið þessi „madame Malibran“, og um mann hennar, Malibran, vissum við ekki heldur neitt. Daginn eftir fundinn fórum við nokkrir að leita að þessu nafni í alfræðiorðabók. Og viti menn! Þar finnum við í einhverri alfræðiorðabók, að í Ameríku hefði verið auðugur plantekrueigandi franskur, Malibran að nafni. Hann hefði gifzt söngkonunni Maríu Felicia, af spænskum ættum, fædd í París 1808, dáið í Manchester 1836. Þremur mánuðum eftir að þau giftust, hefði hann orðið gjaldþrota, hún skilið við hann og haldið aftur heim til Evrópu.

Brynjólfur bætir við að ekkert þeirra hafi haft minnstu hugmynd um Maríu Feliciu Malibran og gerðu ekki ráð fyrir að Indriði hefði neina hugmynd um hana. Hvað sem því líður fundu þau út að til hafði verið fræg mezzo-sópran söngkona sem söng aðalhlutverk í óperuhúsum í

París, Napolí, Lundúnum og New York. Hún fæddist í Frakklandi og foreldrar hennar voru spænskir. Faðir hennar var einn af eftirlætistenórum Rossini og hún hlaut þjálfun sem söngkona frá unga aldri. Þegar hún var í New York er sagt frá því að hún hafi gifst Francoise Eugene Malibran sem var 28 árum eldri en hún en hafi skilið við hann ári síðar. Hún andaðist í Manchester 1836. Ævisögur hafa verið skrifaðar um hana²³³ vegna þess að hún var álitin vera ein af mestu óperusöngkonum nítjándu aldar.

Engin augljós aðferð er til að sannreyna neitt varðandi frönsku söngkonuna. Það virðist undarlegt að Francoise Malibran hafi verið að leita að fyrrverandi eiginkonu sinni sem lést meira en 70 árum áður. Samkvæmt ævisögu Bushnells um hana fæddist Francoise Eugene Malibran í París 1781 og átti franskan föður og spænska móður. Hann lést árið 1936, sama ár og Maria Felicia.

Brynjólfur segir frá öðru tilviki:²³⁴

Einu sinni sem oft var Indriði staddur heima hjá mér um hábjartan dag. Meðan hann stóð við, spilaði ég á orgel lag eftir Chopin. Indriði sat vinstramegin við orgelið. Ég gerði ráð fyrir, að frú Malibran þekkti lagið, sem ég var að spila, enda heyrði ég hana raula undir utanvið Indriða. Þá sé ég að Indriði fer í trans. Hann datt þó ekki af stólnum, sem hann sat á. Indriði datt aldrei útaf í transi. Í því heyri ég margar raddir, bæði karla og kvenna, syngja fyrir aftan mig, en þó einkum hægramegin við mig, þeim megin, sem Indriði sat ekki. Engin greindi ég þar orðaskil, en raddirnar heyrði ég greinilega, bæði undirraddir og yfirraddir, og sungu allar sama lagið og ég var að spila.

Söngur þessi var að því leyti frábrugðinn venjulegum söng, að hann líktist meira sætum ómi. Hann virtist koma úr órafjarlægð, en þó var einsog hann væri sunginn fast hjá mér. Engin rödd skar sig úr nema rödd frú Malibran. Hana heyrði ég alltaf sérstaka.

Bein raddfyrirbæri eru þekkt í ritum spíritismans, hjá miðlum eins og Daniel Dunglas Home (Dunraven, 1924) og Emily S. French (1831–1912).²³⁵ Söngur og tónlist eru þó afar fágæt. Indriði er hugsanlega lang-

hæfileikaríkasti miðillinn sem miðlað hefur beinum söng margra radda í einu. Örfá dæmi eru skráð um þetta frá fyrstu dögum spíritismans. Einu dæmi er lýst í bréfi frá Charles Partridge um „andaherbergi“ Jonathans Koons (1811–1893) í Ohio.²³⁶

Ég sótti þrjá opinbera hringi (opnir öllum án aðgangseyris) í andahúsi Jonathans Koons – húsi eða herbergi rétt hjá heimili hans, byggt sérstaklega í því skyni. Forystuandinn er Indverji að nafni John King ... Eftir að hringurinn hefur verið myndaður er dyrum og gluggum lokað og ljósin slökkt. Þegar í stað var lamið byljandi höggi í borðið með löngum trommukjuða og bass- og tenórtrommur barðar hratt, eins og við nafnakall á fylktum velli, svo að bergmálaði þúsundfalt milli fjallanna. Þetta hélt áfram í fimm mínútur eða svo og þegar því lauk heilsaði John King okkur í gegnum lúðurinn og með heyranlegri rödd. ... Nú heyrðum við að því er virtist mannlegar raddir syngja í fjarlægð í svo lágu tóni að það var vart greinanlegt. Hljóðið magnaðist smám saman, hver tónn hlutfallslega jafnt, þar til það hljómaði eins og fullskipaður kór mannlegra radda væri í þessu litla herbergi okkar og syngi undursamlega. Ég held ég hafi aldrei heyrt þvílíkan samhljóm – hann var svo grípanði að strengir hjartans virtust slakna og auka stríðleika sinn til að sameinast hinum himneska hljómi. Mér fannst eins og enginn gæti setið kyrr á þessum gríðastað án þess að finna hvernig sálmurinn um „Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu og velþóknun Guðs yfir mönnum“ lyftist skyndilega í brjóstinu og bryti sér leið til varanna.

Annað dæmi má finna hjá miðlinum Mary J. Hollis:²³⁷

Um leið og herbergið var orðið myrkvað „fóru fuglarnir að syngja“! Ég hef aldrei heyrt slíkan söng – hinar mörgu raddir samtvinnaðar í fullkomnum samhljómi, skýrar, háar, tónvissar og elskulegar. Þetta var ástarveisla guðdómlegs lags sem við öll nutum til fullnustu svo langt sem geta okkar náði. Þessi dýrlegi konsert hélt áfram í um það bil tuttugu mínútur, án hjálpar mannlegra radda, þar til hann hætti skyndilega. Mary J. Hollis virtist vera umkringd af fjölmörgum anda-

röddum sem töluðu hratt, ruglingslega og lágt. ... Andarödd fór að syngja hluta af þjónustusöng Biskupakirkjunnar og spann síðan rapsóðu sem var ólýsanlega falleg og dásamleg. Þessi tónlistargjörningur stóð í um það bil tíu mínútur.

Og að lokum dæmi frá Lundúnamiðlinum Everitt.²³⁸

Miðilsfundinum var frestað með sálmasöng þriggja eða fjögurra lágra og mjúkra radda, sem taldar voru „beinar“ raddir. Það hljómaði eins og þær bærust frá efsta hluta herbergisins nærri loftinu. Þær voru vissulega ekki raddir neinna þeirra sem viðstaddir voru. Þetta var ein fegursta og hjartnæmasta stund sem ég hef nokkurn tíma upplifað.

Svipaðar frásagnir er að finna í þýskum bókmenntum spíritismans um miðilsstörf, svo sem í bókinni *The Para-normal: Personal Experiences and Deductions* (1939) eftir barónessuna Noru Wydenbruck (1894–1959).²³⁹

Sjaldgæft er að sjúklingar heyri söng eða tónlist skömmu áður en þeir deyja, ásamt með að upplifa sýnir.²⁴⁰ Aðalhöfundur þessarar bókar hefur skýrt frá tilviki sem Stefán Sörensson (1915–2010) upplifði en hann var í hárri stjórnunarstöðu við Háskóla Íslands. Hann hafði verið áhugasöngvari allt sitt líf og sungið í ýmsum kórum. Hér á eftir fer tilvikið sem gerðist snemma árs 2010 með orðum eiginkonu hans, Perlu Kolka:²⁴¹

Morgun einn þegar ég vaknaði sagði hann mér að hann hefði heyrt svo undurfagran söng. Ég vaknaði um sjöleytið um morguninn og hann spurði mig: „Heyrðirðu þennan fagra söng?“ Vegna þessarar spurningar velti ég fyrir mér hvort hann væri orðinn ruglaður, jafnvel þótt engin önnur merki væru um það og hefðu ekki verið áður. Mér skildist að þetta hefði gerst í svefnrofunum, kannski í draumi. „Svo undurfagur og völdugur söngur,“ sagði hann. Hann hafði aldrei heyrt þvílíkan söng á ævi sinni. Hann söng og þarna var margt fólk í kringum sem hlustaði. „Ég hélt að það væri kannski kór,“ bætti hann við. Ég fór fram í eldhús að laga kaffi. Síðan sátum við upprétt í rúminu og lásum

bækur. Hann virtist við góða heilsu en þremur eða fjórum klukku-
stundum síðar féll hann saman og dó skyndilega.

Er þetta dæmi um *heyrn* á dánarbeði? Hafði einhver ómeðvitaður hluti hans orðið áskynja um yfivofandi dauðdaga? Eða voru „einhverjir kraftar fyrir handan“ þegar farnir að sækja að honum sem merkir að þeir hefðu skynjað væntanlegan dauðdaga hans? Eða er einhver enn jarðbundnari skýring á þessu: Tveir óskyldir atburðir hafi gerst samtímis af tilviljun? Það er áhugavert að velta vöngum yfir þessu. Eiginkona hans trúir ekki á síðustu túlkunina og taldi reynslu hans mikilvægan atburð. Ítalski sálrannsakandinn Ernesto Bozzano skrifaði bók²⁴² um þetta efni og kallaði fyrirbærið „musica trascendentale“ [yfirskilvitleg tónlist]. Scott Rogo sem sjálfur var tónlistarmaður skrifaði einnig áhugavert tveggja binda verk²⁴³ um það sem hann kallaði „sálræna tónlist“.

20. kafli

NORSKI LÆKNIRINN OG TÓNSKÁLDIÐ

EDVARD GRIEG

Nú vikur sögunni til annars erlends framliðs þátttakanda sem var einn af stjórnendum Indriða. „Norski læknirinn“ er fyrst nefndur í tiltækum fundargerðum 23. janúar 1906. Hann „talar oft á skýrri norsku“ og „ýmis einkenni norskrar tungu voru mjög áberandi í tali hans“. Hann var tengdur heilunartilraunum sem er lýst óskýrt og því ómögulegt að meta. Í fundargerðunum 1907–1908 birtist hann á flestum fundunum. Ekki er margt ritað um hvað hann sagði nema hvað hann spyr stundum um heilsufar ákveðinna einstaklinga. Hann tók ásamt Emil Jensen þátt í að framkalla líkamningar og ljósfyrirbæri. Einar H. Kvaran²⁴⁴ skrifar svo um hann:

Hann var ófáanlegur til að segja, hver hann væri. En þá vildi einu sinni svo til, að K. G. nefndi hann, óvart að því er virtist, við lækningartilraun í heimahúsum. Hann flýtti sér að fara að tala um annað, eins og hann væri að breiða yfir þessa vangá. Aðeins einn þeirra, sem viðstaddir voru, tók eftir nafninu, og hann hafði ekki orð á, hvert nafnið væri. Nokkuru síðar bar svo til, að einn sjúklingur lá á legubekk í tilraunasal okkar og beið lækningartilraunar. Legubekkurinn er rétt fyrir framan byrgið. Miðillinn var frammi í salnum í milli-bilsástandi. Þá segir sjúklingurinn: „Nú veit ég, hvað norski læknirinn heitir. Ég heyrði kallað á hann innan úr byrginu“ (sem var mannlaust). Við báðum sjúklinginn að nefna ekki nafnið. Sá, sem áður hafði heyrt það, gaf sig þá fram, og þeir tveir báru sig saman. Báðir höfðu heyrt sama nafnið. Læknirinn kallaði þá annan þeirra inn í byrgið og kann-

aðist við nafn sitt, en það að leyna því. Jafnframt sagði hann til sannindamerkis nokkur atriði úr lífi sínu. Alt hefir það reynst rétt. Enn fremur er þess að geta, að miðillinn kveðst margsinnis hafa séð lækninn í vöku, eins og ýmsa þá ósýnilega gesti aðra, sem við höfum átt mest saman við að sælda. Hann segist þekkja þá í sjón jafn vel eins og þá jarðneska menn, sem hann er samvistum við daglega. Af þeim manni, sem sagður er vera okkar „norski læknir“, er ekki til nema ein mynd hér í bæ, svo mér sé kunnugt.

Brynjólfur Þorláksson segir að sannanirnar fyrir tilvist norska læknisins hafi fengist á skrifstofu Björns Jónssonar. Björn var að blaða í bók þegar Indriði leit þar inn. Mynd af lækninum var í bókinni og um leið og hann sá hana sagði hann: „Þetta er norski læknirinn“.²⁴⁵

Nafn þessa læknis var Daniel Cornelius Danielssen, fæddur í Björgvin í Noregi árið 1815 og andaðist þar árið 1894. Hann varð stjórnandi holdsveikraspítala og meðal afreka hans voru tímamótauppgötvanir um meðferð holdsveiki, frumkvæði að stofnun vísindaakademíu og stofnun þjóðleikhúss í Björgvin. Hann var áberandi maður í Noregi í jarðlífi sínu, sat í borgarráði í 38 ár og á norska Stórþinginu í nokkur kjörtímabil. Hann var gerður meðlimur Konunglegu sænsku vísindaakademíunnar.*

Tilkoma frönsku söngkonunnar og Daniels Corneliusar Danielssen vekja spurningar um hvort tungutal hefði verið meðal fyrirbæra á miðilsfundum Indriða. Vísbendingar eru um það í fundargerðunum og öðrum heimildum. Voru einnig vísbendingar um þetta fyrirbæri í gagnstæða átt, það er að hinn framliðni stjórnandi talaði ekki aðeins erlent tungumál heldur svaraði jafnframt spurningum á því tungumáli. Greinilegt er að svo var hvað varðar frönsku söngkonuna. Hins vegar vantar í lýsingar á norska lækninum frekari upplýsingar. Hvað hann varðar vantar nákvæmar vísbendingar um gagnkvæmt tungutal.

Emil Jensen var þriðji stjórnandinn sem talaði á erlendri tungu, í hans tilviki dönsku. Haraldur Níelsson skrifar um tal hans²⁴⁶:

* Noregur og Svíþjóð áttu í konungssambandi á þessum tíma.

Eins og þið skiljið áreiðanlega átti Emil Jensen í miklum erfiðleikum þar sem hann þurfti að tala erlent tungumál í gegnum miðilinn. Miðillinn hafði aldrei lært neitt annað tungumál en íslensku. ... en Emil gekk ótrúlega vel. Þótt orðin kæmu stundum svolítið afbökðu úr munni miðilsins hljómaði tal hans oft eins og hreinasta Kaupmannahafnar-mállýska.

Edvard Grieg


Hér verður fram haldið umræðunni um tungutal og sjálfstæðan raddsöng framliðsins þátttakanda sem ekki var stjórnandi. Hið fræga norska tónskáld Edvard Grieg (1843–4. september 1907) birtist nokkrum sinnum samkvæmt fundargerðunum. Tíu dögum eftir dauða hans, eða þann 14. september 1907, segir Konráð Gíslason að Edvard Grieg sé viðstaddur og óski eftir því að tónskáldið Sveinbjörn Sveinbjörnsson [sem samdi meðal annars lagið við íslenska þjóðsönginn] leiki fyrir hann vögguvísu sem hann gerir. Að ýmsu leyti voru þeir Sveinbjörn og Edvard Grieg lík tónskáld þótt Sveinbjörn hafi ekki hlotið sömu frægð. Þeir voru samtímamenn þótt Sveinbjörn hafi lifað tuttugu árum lengur. Þeir hittust aldrei í lifanda lífi en áttu að minnsta kosti einn sameiginlegan vin, norska tónskáldið Johan Svendsen (1840–1911) sem Sveinbjörn lék eitt sinn með. Edvard Grieg hefur því að minnsta kosti vitað af Sveinbirni. Í tónsmíðum sínum sneru þeir sér báðir í vaxandi mæli að þjóðlegum arfi hvors um sig í þjóðlögum og alþýðutónlist.

Síðar sama kvöld talar Edvard Grieg í gegnum miðilinn og talar í 15 mínútur við Brynjólf Þorláksson organista. Edvard segir honum meðal annars að Rikard Nordrak (1842–1866) sem samdi lagið við norska þjóðsönginn hafi haft áhrif á tónlist sína en hann hafi ekki komist að því fyrr en hann „fór heim“ [lést]. Edvard Grieg söng lagið *Nu løftes laft og lofte* í gegnum miðilinn. Jon Mannsáker (persónuleg samskipti) frá Noregi skýrði aðalhöfund þessarar bókar frá því að:

... þessi söngur væri reyndar vögguvísa eftir Henrik Ibsen (1828–1906) og hafi birst í sögulegu leikriti hans, *Konungsefnunum*. Edvard Grieg samdi lagið við hana árið 1866 og var það fyrsta kvæðið eftir Ibsen sem hann samdi lag við. Það er talið eitt besta ljóðræna lagið eftir Edvard Grieg og var samið eftir fæðingu Alexöndru sem var einkabarn hans. Það er því eðlilegt að líta svo á að Edvard Grieg hafi þótt afar vænt um þennan söng.

Á næsta miðilsfundi birtist Edvard Grieg á ný, segir nokkur orð og þakkar Brynjólfi fyrir fyrri fund þeirra. Þann 25. janúar kemur hann fram og segist alltaf hafa haft áhuga á Íslendingum. Þetta getur vel talist sennilegt þar sem sterk menningarleg tengsl voru á milli Noregs og Íslands og báðar þjóðirnar börðust á þessum tíma fyrir fullveldi sínu innan Svíþjóðar og Danmerkur.

Vitað er að Edvard Grieg dvaldi þrjú ár í Danmörku þar sem hann hefur hitt einhverja Íslendinga. Edvard og Sveinbjörn stunduðu tónlistarnám í Kaupmannahöfn og Leipzig, Edvard fáeinum árum á undan Sveinbirni. Þann 5. febrúar birtist hann aftur og talar um tvo kunna Íslendinga sem hann þekkti í Kaupmannahöfn. Hann biður fundarmann (góðan söngmann) að syngja fyrir sig sérstakan íslenskan söng, *Þú bláfjallageimur*, sem hann gerir. Fundarmenn heyra síðan tvær raddir sem syngja mjúklega rétt hjá Indriða sem þeir telja vera



Norska tónskáldið Edvard Grieg (1843–1907) var framliðinn þátttakandi í nokkrum miðilsfundum Indriða. Hann birtist fyrst á fundi örfáum dögum eftir andlát sitt. Sérlega áhugaverð eru samskipti hans við tónskáldið Sveinbjörn Sveinbjörnsson sem var lifandi og einn af fundarmönnum.

Edvard Grieg og Stein Steinsen. Brynjólfur vísar til þessa atviks og annarra með Edvard Grieg í minningum sínum²⁴⁷:

Ég kynntist þessum persónuleika, sem sagðist vera Edvard Grieg, í fyrsta sinn, þegar ég sat hjá Indriða, meðan hann var að vakna úr transi. Indriði var æfinlega lengi að vakna. Var alltaf einhver fenginn til að vera hjá honum, þartil hann var kominn til sjálfs sín, því að fundarmenn tíndust strax í burtu, þegar fundur var úti. Kom það oft á mig að vera eftir hjá Indriða, og mátti ég aldrei kveikja ljós fyrr en hann var vaknaður.

Eitt sinn bar það við, þegar ég sat hjá Indriða í þessu ástandi, að rödd stjórnandans segir af vörum hans:

„Hér er kominn maður, sem þú munt hafa gaman af að kynna.“

Samtímis hverfur rödd stjórnandans af vörum miðilsins, og gegnum hann talar ókunnur málrómur með norskum hreim:

„God aften! Jeg er Edvard Grieg.“

Ég svara, að það sé mér óvænt ánægja að fá að tala við Edvard Grieg. Spunnust þarna milli okkar nokkrar viðræður. Meðal annars barst þar í tal norska tónskáldið Nordrák, sá er orti lagið við þjóðsöng Norðmanna.

„Hann var nokkuð ungur, þegar hann dó, segi ég.“

„Já, hann varð ekki langlífur,“ svarar Grieg á norsku. „Hann varð aðeins 24 ára. Ég veit nú, að hann hafði oft inspirerað mig, eftir að hann fór yfirum.“

Þetta fannst mér að því leyti einkennilegt, að ég vissi ekki, hvað Nordrák var gamall, þegar hann dó. Og eftir því sem ég komst næst, hafði Indriði enga hugmynd um, að Nordrák hefði nokkurtíma verið til, hvað þá heldur, að hann hefði látizt 24 ára.

Bein skrift

Brynjólfur greinir frá öðru atviki sem tengist Edvard Grieg. Eitt sinn var hann einn með Indriða í íbúð hans og lék á orgelið en Indriði sönglaði með. Brynjólfur vissi að stundum urðu bein skriftarfyrirbæri. Á meðan

Indriði sat í setustofunni ákvað hann að setja pappírsblað sem hann reif úr minnisbók sinni á borð í svefnherbergi Indriða sem var aðliggjandi. Hann lagði blýant ofan á það og fór aftur inn í herbergið þar sem Indriði var.²⁴⁸

Við hlustuðum, og eftir litla stund heyrum við blýantinn detta á borðið einsog áður. Ég skrepp inni svefnherbergið og sæki blaðið og blýantinn. Á blaðið hafði skrifast:

„Edvard Grieg“.

Ég hafði aldrei séð rithönd Griegs, og nú lék mér mikil forvitni á að komast eftir, hvort hún líktist nokkuð hendinni á blaðinu hjá mér. Einhverstaðar — ég man ekki hvar — tókst mér að grafa upp rit-handarprentun á nafni hans. Það var nákvæmlega sama höndin og á blaðinu úr dagbók minni.

Við þetta sama tækifæri lék Brynjólfur á orgelið og heyrði þá frönsku söngkonuna syngja lágri röddu utan við Indriða sem ekki var í transi. Brynjólfur reif þá annað blað úr minnisbókinni, setti það á borðið í svefnherbergi Indriða þar sem ekki var kveikt á neinum lampa og fór aftur fram til Indriða í setustofunni. Síðan hlustuðu þeir báðir þar til þeir heyrðu hljóð sem líktist því að blýantur hefði fallið á blaðið. Brynjólfur fór inn í herbergið og sá að blýanturinn var ekki lengur á blaðinu eins og hann hafði skilið við hann, heldur við hlið þess. Á það var skrifað „Singa sola mina vina“ (á lélegri norsku/dönsku/íslensku sem gæti merkt „Syngdu einn vinur minn“ eða „Ég syng ein fyrir vini mína“). Handskriftin var stór og falleg með uppréttum (lóðréttum) stöfum. Aðalhöfundur þessarar bókar fann í ævisögu Bushnells dæmi um handskrift Mariu Feliciu Malibran. Hún virtist stór en ekki upprétt. Brynjólfur minnst þessa.²⁴⁹

Á næsta innri fundi vorum við Einar H. Kvaran og Haraldur Níelsson að tala um það okkar á milli, sem skrifast hafði á fyrra blaðið í svefnherbergi Indriða. Segir þá annarhvor þeirra, að ef frú Malibran hafi skrifað þetta á blaðið, líti út fyrir, að einhver Norðurlandamaður hafi hjálpað henni, úr því að það líkist svona Norðurlandamálunum. Þá er

svarað fyrir utan miðilinn, og þekktum við þar rödd Griegs, því að hann hafði oft komið á fundi til okkar áður: „Det var mig.“

Í fundargerðunum og minningum Brynjólfs eru ekki tilgreindar neinar yfirlýsingar frá Edvard Grieg um líf hans sem hægt hefði verið að kanna og handskrifuðu skilaboðin eru týnd. Gæði þeirrar norsku sem Edvard Grieg talaði er ekki nefnd en líklega má reikna með að hún hafi verið rétt. Menntamenn eins og Haraldur Níelsson, Einar H. Kvaran og Brynjólfur Þorláksson þekktu vissulega hljóð norskrar tungu mjög vel því að þeir höfðu allir stundað nám í Kaupmannahöfn þar sem einnig voru fjölmargir Norðmenn við nám. Norska og danska eru náskyldar og stafsetningin á þeim tíma var mjög svipuð en framburðurinn var og er mjög ólíkur. Þess vegna kann að vera að hér sé enn ein tegund tungutals. Að því er vitni segja má telja líklegt að það hafi hér verið gagnkvæmt.

Fáeinir aðrir framliðnir þátttakendur komu fram á miðilsfundunum sem töluðu erlend tungumál. Hollendingur er nefndur nokkrum sinnum. Hann var spurður hvort hann talaði þýsku. „Nei, aðeins hollensku,“ var svar sem fundarmenn skildu með einhverjum hætti. Fundargerðabækurnar nefna að minnsta kosti tvo einstaklinga sem töluðu ensku (John King og Hall) en um þá er lítið skrifað, aðeins fáeinar setningar. Miðillinn lýsti John King sem afar miklum manni vexti með volduga rödd. Hann talaði óháð raddböndum miðilsins á að minnsta kosti þremur miðilsfundum. Sá sem skráði gerði ráð fyrir að John væri enskur. Stjórnandi að nafni John King er nefndur í miðilsstarfi Jonathans Koons (sjá áður) og Eusapiu Palladino. Reyndar skrifa þau Arthur S. Berger og Joyce Berger²⁵⁰ að „næstum hver einasti miðill 19. aldar virðist hafa átt sér stjórnanda að nafni John King. ... Á þriðja og fjórða áratug 20. aldar var John King enn á ferli og aðstoðaði Gladys Osborne Leonard og Etta Wriedt.“ Berger-hjónin bæta því við að „Spíritistar höfðu þá kenningu að „John King“ væri annaðhvort dulnefni hóps stjórnenda eða tákn um kraft.“

21. kafli

GREINING Á FYRIRBÆRUM INDRÍÐA

Fundargerðabækurnar tvær sem enn eru til lýsa 59 miðilsfundum með Indriða sem haldnir voru frá desember 1905 til janúar 1906 og frá september 1907 til febrúar 1908. Þessar skrár gefa einstætt tækifæri til að greina tíðni hinna ýmsu fyrirbæra sem þar urðu. Skrárnar 59 eru mismunandi langar en eru að meðaltali 664 orð.

Efnisleg fyrirbæri urðu á 47 venjulegum fundum sem yfirleitt voru sóttir af stórum hópi fólks sem sat í röð á bekkjum. Tólf fundir voru haldnir í sérstökum tilgangi, aðallega til að færa sönnur á tilvist þar sem framliðnir þátttakendur voru spurðir um minningar úr eigin lífi sem hægt væri þá þegar eða síðar að kanna hvort væru nákvæmar. Heilunarfundir voru einnig settir upp og jafnframt umræðufundir með stjórnendunum. Á þess háttar fundum gerðust einstaka sinnum efnisleg fyrirbæri sem ekki var á neinn hátt litið á sem mistök.

Indriði var tiltölulega stöðugur miðill hvað varðar frammistöðu. Þegar hann var veikur voru fundir ekki haldnir og einnig var þeim hætt um stund á tímabili ofsafenginna reimleikaárása sem Jóni Einarssyni (1856–1906) var kennt um en hann hafði framið sjálfsvíg í Vestmannaeyjum.

Á þessum 47 venjulegu miðilsfundum sem nefndir voru gerðust að minnsta kosti 456 fyrirbæri og er því lýst að sum þeirra hafi orðið mjög oft. Þetta gera að meðaltali um 10 fyrirbæri á fundi þótt stundum hafi þau verið meira en fjörutíu.

Það er afar óvenjulegt í efnislegu miðilsstarfi að bein raddfyrirbæri séu tíðustu fyrirbærin. Raddir framliðinna eru skráðar á 77% allra venjulegra funda í fundargerðabókunum. Þær komu frá mismunandi stöðum í

salnum. Sérhver rödd hafði sín einkenni og málfar. Sumar raddir voru háar, aðrar dimmar, sumar hvísluðu í eyra eins ákveðins fundarmanns. Stundum voru þær mjúkar og lágværar og stundum eins og hróp, stundum karlkyns og stundum kvenkyns. Í flestum tilvikum þekktu fundarmenn þær sem raddir framlíðs fólks sem þeir hefðu þekkt en miðillinn ekki. Flestar raddirnar töluðu aðeins en fáeinar sungu. Stundum ávörpuðu þær ákveðna fundarmenn eða svöruðu spurningum. Fáeinar töluðu erlend tungumál sem miðillinn kunni ekki, frönsku, norsku, dönsku eða hollensku.

Næst í tíðni voru óskiljanlegar hreyfingar hluta sem gerðust á 55% fundanna. Þessar hreyfingar voru af ýmsu tagi: Hlutir dregnir eftir gólfinu eða húsgögnum lyft og þau borin í lausu lofti á annan stað. Stundum var eins og þeim væri fleygt á milli staða. Í öðrum tilvikum dönsuðu hlutir eða lyftust upp og svifu. Sumar þessara hreyfinga voru svör við óskum fundarmanna, til dæmis um að færa hluti af einum stað á annan.

Bank og högg voru algeng og komu fyrir á 38% fundanna, sum samkvæmt óskum. Einnig var oft skráð að fundarmönnum fyndist þeir snertir eða ýtt á þá eins og af ósýnilegri hönd. Þetta gerðist á 36% fundanna.

Ljós fyrirbæri voru algeng og komu fyrir á 28% fundanna, stundum í mismunandi litum og lögun, jafnvel eins og stjörnur. Einn fundarmanna lýsti þeim þannig: „Ljósín voru eins og stjörnur um allt herbergið“.²⁵¹ Í öðrum tilvikum sást ský eða björt ljóssúla, stundum jafnhá og meðal-maður. Stundum hreyfðist hún um herbergið á leifturhraða. Súlan gaf frá sér nægilega birtu til að Indriði sæist auðveldlega, stundum nærri, stundum fjær. Mannlegar verur sáust alltaf í skýi eða ljóssúlu. Ekki eru skráð dæmi um útfrymi í miðilsstarfi Indriða.

Lyfting miðilsins var tíð og gerðist á 26% fundanna og í eitt sinn lyftist hann í tágastól yfir raðir fundarmanna.

Vindgustur eins og frá ósýnilegum munni var tiltölulega sjaldgæfur, kom fyrir á 9% funda. Sama gildir um hljóðfæraleik án þess að mannleg hönd kæmi þar nærri, hann gerðist á 6% funda.

Afefnisgerving vinstri handleiggs Indriða var skráð þrisvar og var athuguð af mörgu fólki sem snerti varlega axlir hans, brjóstkassa og bak.

Bréf fannst dagsett 29. október 1906 sem sr. Matthías Jochumsson (1835–1920) sálmaskáld skrifaði gömlum vini sínum, Georgi Brandes (1842–1927), en hann var prófessor í bókmenntum við Kaupmannahafnarháskóla og frægur fyrir bókmenntarýni sína og samfélagsgagnrýni.

Matthías bjó á Akureyri en árið 1906 var hann um tíma í Reykjavík og hitti þar vini sína, þá Einar H. Kvaran og Harald Nielsson, og sótti nokkra miðilsfundi með Indriða. Sá hluti bréfs Matthíasar sem hér skiptir máli er svohljóðandi²⁵²:



Matthías Jochumsson var mjög vantrúaður á spírítisma en snerist hugur þegar hann mætti á fund í Tilraunafélaginu.

Mér var komið á óvart af afskaplega áhugaverðum miðilsfundum sem umturnuðu fyrri skoðunum mínum og trú. ... Ungur maður að nafni Indriði Indriðason olli miklu uppnámi í bænum. Það sem hann sýndi í augsýn minni var algjörlega yfirþyrmandi. ... Hann lánar öndunum rödd sína. Hann þekkir aðeins móðurmál sitt og dönsku en um munn hans er töluð enska, franska o.s.frv. Já, og söngur fer einnig fram með þekktum röddum. Sr. Steinn Steinsen söng fyrir mig lag sem minnti mig á lag sem hann hafði sungið fyrir okkur eiginkonu mína í júlí 1870 þegar við heimsóttum hann í sókn sinni. Hann söng með sinni titrandi, sérstöku rödd. Þessi maður [Steinn Steinsen] dó áratug áður en Indriði fæddist. Ég spyr mig eins og prófessor Crookes: „Er ég – erum við öll geðveik? Eða hvað - hvað í ósköpunum er hér á seyði?“ Ég hef ekkert svar. Ég hef verið ákafur andstæðingur slíkra hluta en nú verð ég að lýsa mig efahyggjumann.

Í öðrum heimildum er skýrt frá því að sr. Steinn Steinsen hafi oft sungið beinni röddu á fundum Indriða og hafi stundum tekið undir með fundarmönnum þegar þeir sungu sálma í upphafi funda eða síðar á þeim.

22. kafli

DANIEL DUNGLAS HOME, FRÆGASTI

EFNISMÍÐILL HEIMS

Fyrirbæri Indriða Indriðasonar verða í þessum og næstu köflum borin saman við þau fyrirbæri sem vottfest eru úr miðilsstarfi Daniels Dunglas Home og líkindi þeirra og mismunur rædd. Daniel Dunglas Home er álitinn mesti efnismiðill allra tíma og varð heimsfrægur. Hann fæddist í Edinborg 20. mars 1833, var settur í föstur til frænku sinnar og fluttist með henni til Bandaríkjanna níu ára gamall.

Í sjálfsævisögu sinni, *Incidents of My Life*²⁵³, lýsir hann reynslu sinni af sýnum frá unglingsárunum. Eitt dæmi er fjarlægt andlát vinar sem birtist honum „eins og í birtuskýi sem lýsti upp andlit hans skærar en nokkurt dauðlegt andlit“.²⁵⁴

Brátt fóru sérstök fyrirbæri að gerast í nærveru hans eins og bank og tilfærsla stórra hluta að beiðni fundarmanna og fólk tók að óska eftir fundum með honum. Strax í mars 1851 greindi dagblað frá sérstökum miðilsfundum sem færu venjulega fram í fullri dagsbirtu.²⁵⁵ Daniel var aðeins átján ára og afrek hans urðu fyrir tilstilli dagblaðanna „opinber um öll ríki Nýja Englands“.²⁵⁶

Árið 1855 flutti Daniel Dunglas Home til Englands þar sem hann hélt fjölda miðilsfunda, suma þeirra fyrir fræga einstaklinga þess tíma. Frægð hans jókst og hann hélt fundi fyrir konunga, drottningar og keisara í ýmsum löndum, fræga rithöfunda, ljóðskáld, vísindamenn og fjandsamlega gagnrýnendur. Til er áhugaverð frásögn um miðilsfundi sem hann hélt með gagnrýnendum í Amsterdam.²⁵⁷ Um ævina hélt hann fundi í

mörgum evrópskum borgum, þar á meðal Lundúnum, Flórens, París, Amsterdam, Genf, St. Pétursborg og Baden Baden.

Daniel hélt oft miðilsfundi í húsum og hótélum sem hann hafði aldrei komið í áður og þeir tókust jafn vel og þeir sem hann hélt í húsum sem hann hafði áður komið í. Hann hélt fundi fyrir þá sem trúðu á hann, fyrir forvitna og fyrir gagnrýnendur. Samsetning hópsins virtist hafa lítil sem engin áhrif á fyrirbærin sem urðu. Sjaldan hafði Daniel neinn með sér sem væri hægt að líta á sem hugsanlegan samstarfsmann. Hvernig svo sem samsetning hópsins var mistókust fundir hans stundum í þeim skilningi að engin fyrirbæri gerðust en það hlýtur að hafa verið niðurlægjandi fyrir hann. Viscount Adare skrifar:²⁵⁸

... hann tók aldrei aðgangseyri að miðilsfundunum og þeir mistókust jafn oft og þeir heppnuðust. Hann var stoltur af náðargáfu sinni, en ekkert ánægður með hana. Hann hafði enga stjórn á henni og hún setti hann stundum í mjög óþægilega stöðu.

Árið 1876, eða þegar hann var 43 ára gamall, hætti hann að halda miðilsfundi en hélt áfram ferðum sínum með síðari konu sinni, Julie de Gloumeline, en hún var fædd í Rússlandi. Hann lést úr berklum í París 21. júní árið 1886, 53 ára að aldri. Miðilsstörf Daniels ná yfir um það bil 25 ár, samanborið við fimm ára feril Indriða.

Daniel Dunglas Home skrifaði sjálfsævisögu sína, *Incidents in My Life*, í tveimur bindum. Síðari kona hans sem lifði hann og er oft kölluð „frú Home“ skrifaði tvær bækur um eiginmann sinn, *D.D.Home: His Life, His Mission* og *The Gift of D.D.Home* sem komu út 1888 og 1890.²⁵⁹

Um Daniel hafa verið ritaðar margar bækur, bæði af aðdáendum og gagnrýnendum. Þeir síðarnefndu hafa leitað af ákefð eftir röksemdum og vísbendingum sem gætu skýrt afrek hans á eðlilegri hátt. Tvær hafa komið út eftir aldamótin 2000: *The First Psychic: The Peculiar Mystery of a Notorious Victorian Wizard* eftir Peter Lamont²⁶⁰; og *Knock, Knock, Knock! Who Is There?* eftir Patrick Waddington.²⁶¹



Daniel Dunglas Home (1833–1886) er frægasti efnismiðill sögunnar. Margir vísindamenn, konungar og frægir rithöfundar voru í hópi þess mikla fjölda fólks sem sátu miðilsfundi með honum. ICPP (Freiburg, Þýskalandi) er þakkað fyrir að útvega þessa mynd.

Eina bók verður að nefna sem færir sterk og sannfærandi rök fyrir því að fyrirbæri Daniels Dunglas Home séu ósvikin. Hún heitir *The Shadow and the Light: A Defence of Daniel Dunglas Home, the Medium* og er eftir Elizabeth Jenkins.²⁶²

Tvenn skrif eru sérstaklega mikils virði í samanburði á Daniel og Indriða þar sem þau innihalda nákvæmar frásagnir frá fyrstu hendi af miklum fjölda miðilsfunda Daniels. Þær eru samþætilegar frásögnum af miðilsfundum Indriða í fundargerðabókum Tilraunafélagsins.

Hið fyrra er *Experiences in Spiritualism with D.D. Home* eftir Viscount Adare (1841–1926), síðar 4. jarlinn af Dunraven með inngangi eftir föður hans, 3. jarlinn af Dunraven (1812–1871). Þessi bók lýsir 78 miðilsfundum árunna 1868 og 1869. Hún var fyrst prentuð til einkanota meðal vina árið 1870, síðan gefin út í *Proceedings of the Society for Psychical Research* árið 1924 og endurprentuð árið 2011 af White Crow Books-útgáfunni. Höfundurinn skrifar í formála:²⁶³

... fyrirbærin sem hér eru skráð gerðust hvenær sem var dags og árs við hvers kyns aðstæður – í fullri dagsbirtu, við tilbúna birtu, í rökkri,

á reglulegum miðilsfundum, óvænt utan miðilsfunda, innandyrna og utan, í einkahúsum, á hótelum, heima og erlendis – og það er líklegt að hvað það varðar séu þessi tilvik sérstök.

Miðilsfundur nr. 55. 3. mars 1869

Þessi fundur var haldinn í herbergi Adare. Viðstaddir – ungfrú Wynne, Adare, Daniel Dunglas Home og ég. Stuttu eftir að við settumst fór Daniel í trans. Hann stóð upp og gekk um og sagði að áhrifin væru góð og nærvera ungfrú Wynne hefði sérlega þægileg áhrif. Hann gekk til dyra, opnaði þær og sagði: „Aha, hér er þessi skrítni andi sem kom í Ashley House – Thomas, vinur föður þíns – hann er mjög undarlegur. Hann segist vilja rifja upp samtalið við föður þinn.“ Ég sagði: „Ég vona að hann geri það.“ Adare sagði að ef hann kæmi fram á sama forvitnilega truflandi og óákveðinn hátt eins og í Ashley House ... mundi hann líklega ekkert segja svo neinu næmi þetta kvöld. Daniel sagði: „Já, það er hans háttur, hann er mjög sérvitur.“ Hann gekk síðan að ungfrú Wynne, hélt höndum yfir höfði hennar og tók síðan um höfuð hennar og sagði henni að blóðrás hennar væri í ólagi (sem var rétt) og lifrin starfaði ekki rétt.

Hann benti á mig og sagði: „Áhrif þín eru mjög góð fyrir efnisleg fyrirbæri. Þú mátt ekki halda að þú sért nein hindrun í vegi þeirra.“ Ég hafði verið að hugleiða að sennilega væri nærvera mín frekar óheppileg og því var ég fremur ófús að sitja fundinn. Ég hafði þó ekki minnst á það við Daniel. Síðan gaf hann Adare leiðbeiningar um borðið: „Þú skalt setja það nær glugganum. Faðir þinn situr næst Daniel og þú hinum megin, síðan ungrú Wynne og skiljið eftir laust pláss við gluggann.“ Við byrjuðum síðan að tala um að hann hefði greinilega haft einhverjar hugmyndir um að fara út um gluggann kvöldið áður ... og ræddum um hvort það gæti verið hættulegt að gera það. Sumir sögðu að þeir væru smeykir við það en aðrir, þar á meðal ég, sögðu að við þyrftum ekki að hafa minnstu áhyggjur af öryggi hans. Hann svaraði: „Þeir gæta mín og finna hvenær skilyrðin eru rétt. Óttumst ekki.“ Hann talaði síðan um miðilsfund sem haldinn hefði verið þegar

hann var ekki viðstaddur og sagði: „Við mælum ekki með því. Það er alrangt. Þetta er allt í rugli. Þessi setning um B og hinn illa djöful er ekki rétt. Það er enginn illur djöfull í þeirri merkingu. Við viljum ekki fara út í neinar útskýringar. Við segjum ykkur aðeins að þetta er alrangt.“ Daniel sneri sér að ungfrú Wynne og sagði: „John segir að hann muni koma til þín í kvöld og muni reyna að leggja hönd sína í þína.“ Skömmu síðar settist hann og vaknaði. Í transinum talaði hann með háu hvísli.

Við færðum borðið að glugganum og settumst eins og mælt hafði verið fyrir um. Við heyrðum brátt mörg lág skráfhljóð eins og samhangandi streymi lítilla rafneista sem stóðu stutt. Þau voru vart heyranleg nema eyrun væru lögð að dúknum á borðinu. Þá fundum við titring og heyrðum alls konar skráf, aðallega á borðinu en hol hljóð eins og högg komu annars staðar frá. Við höfðum slökkt á kertunum en eldurinn veitti næga birtu til að sjá nálæga hluti vel og fjarlægari hluti óskýrt. Í gluggaútskotinu var stór kassi eða kista og ofan á henni pappírar og aðrir hlutir. Þeir voru sýnilegir án þess að sæist greinilega hvað þetta var. Kallað var eftir stafrófsspjaldi og eftirfarandi skilaboð gefin með stuttum bilum á milli þeirra og tíðu banki í bilunum: „Guð veri með ykkur. Faðir ykkar, Thomas Goold. Þið megið ekki halda að við óttumst krossinn. Við elskum hann. Við elskum líka Guð.“ „Okkur er leyft að biðja fyrir ykkur og vaka yfir ykkur.“ Stuttu síðar heyrðist hávært bank eða högg og nafnið „John Wynne“ var stafað.

Um þetta leyti voru hreyfingar og hljóð í kringum pappírana á kassanum og eitthvað snerti fót ungfrú Wynne. Nú fengum við eftirfarandi skilaboð: Getur verið að þið vitið ekki hver ég er og þekkið ekki óbreytta og óbreytanlega ást mína á ykkur? Ég veit vel að það yrði ykkur gleðiefni. Ég hef ekki sent ykkur skilaboð vegna þess að þið höfðuð engin tækni á að greina örugglega hver ég væri.“ Þá sagði ég: „Hverjum eru þessi skilaboð send?“ og svarið var: „Til þín, mín kæra.“ Ég bætti við: „Ég vildi gjarna vita nafn andans“ og fékk svarið: „Augusta.“ Þarna virtist verða einhver truflun. Föt ungrú Wynne voru sýnilega og heyranlega færð til og Daniel sá hvað eftir annað hönd. Létt hljóð í pappírnum á kassanum heyrðust á ný. Nú voru fætur Daniels færðir til og settir upp á fætur mína. Kröftugar hreyfingar urðu á höndum hans og fótum. Hendur hans virtust togaðar í mismunandi

áttir og sveiflað fremur kröftuglega. Þegar þessar hreyfingar hættu sagði hann: „Ég finn hönd á mér sem þrýstir á bringuna. Nú held ég að hún hafi tekið blómin úr hnappagatinu á mér.“ Sú hugmynd kom í huga mér að blómin væru kannski ætluð mér. Ég lagði aðra höndina hljóðlega á hnéð með opinn lófa. Næstum samtímis var blóm sett í lófann mjög varfærnislega. Þá fann ég fyrir öðru blómi og reyndi að grípa í höndina sem hélt á því en tókst ekki. Hún virtist leysast upp og skilja blómið eftir í lófa mér. Forvitnilegar tilfæringar urðu nú. Dúknun á borðinu var lyft, rúmlega 15 sm, eins og af hendi. Þetta gerðist nokkrum sinnum við hliðina sem sneri að glugganum. Daniel sá höndina.

Ungfrú Wynne varð taugaóstyrk sem voru vonbrigði þar sem hún hafði líklega fundið fyrir hendinni eins og henni hafði verið sagt í fundarbyrjun. Borðið titraði og dansaði og alls kyns bank heyrðist. Nú var kallað eftir stafrófsspjaldinu og eftirfarandi skilaboð gefin: „Jafn-vel ætti að flytja okkur til fjarlægs himnaríkis, væri það ekki hin mesta gleði okkar að fljúga eins og ...“ Þarna stöðvuðust skilaboðin og við heyrdum skjáf í kringum kassann í glugganum sem varði í tvær eða þrjár mínútur. Adare sagði: „Ég er viss um að vita hvað þetta merkir.“ Hönd mín var á hné mér. Allt í einu fann ég eitthvað snerta hana sem mér tókst að ná taki á og draga undan borðinu. Þetta var ör. Við byrjuðum þá aftur með stafrófið og fengum orðið „falla“ sem fullgerði þá setninguna „eins og örin fellur“. Á meðan á öllu þessu stóð, rétt eins og þegar blómin voru sett í hönd mína, sat Daniel grafkyrr með báðar hendur á borðinu. Pappírsörk lá við borðbrúnina við gluggann og blýantur ofan á. Ná sáum við blýantinn hreyfast á örkinni. Daniel sá fingurna sem héldu honum. Adare tók einnig eftir þeim oftar en einu sinni en form þeirra var ókennilegt. Nú heyrdum við eitthvað hreyfast uppi á kassanum við gluggann og þungur hlutur féll niður við fætur Adare. Sum okkar fundu á þeirri stundu greinilega brandilykt. Adare sagði: „Ég veit hvað þetta er.“ Eftirfarandi skilaboð voru gefin: „Þú mátt ekki taka örvandi efni við kvefinu.“ Adare spurði hvort hann ætti þá engin efni að taka. Svarið var gefið með tveimur höggum sem merktu: „Kannski“ eða „örlítið“. Á eftir komumst við að því að vasa-pela Adare hafði verið fleygt undir borðið. Þegar að var gáð virtist ekkert brandí hafa lekið úr honum. Stuttu eftir þetta varð undarleg

uppákoma í kringum borðið, rétt eins og hljóð og titringur um borð í gufuskipi. Á eftir komu þessi skilaboð: „Okkur þykir það afar leitt en við höfum ekki meiri kraft. Guð veri með ykkur.“ Á þessum fallega miðilsfundi sem stóð í næstum tvær klukkustundir var borðinu tvisvar lyft frá 30 til 45 sm. Skilaboð voru stöfuð að hluta til með höggum en að hluta til með borðdansi. Hnéð á mér var snert fremur varlega tvisvar sinnum. Miðilsfundurinn allur var hljóðlátur, sefjandi og mjög áhrifamikill. D. [Dunraven].

Hið síðara er *Crookes and the Spirit World: A collection of writings by or concerning the work of Sir William Crookes, OM, FRS, in the field of psychical research*, tekið saman af R.G. Medhurst. Þessi bók inniheldur nákvæmar glósur eftir Crookes frá 24 miðilsfundum sem hann sat með Daniel Dunglas Home árin 1870–1872. Flestar þeirra voru birtar í *Proceedings of the Society for Psychical Research* árin 1889–1890. Árið 1874 hafði Crookes skrifað *Researches in the Phenomena of Spiritualism* sem lýsir tilraunum og athugunum á Daniel. Sir William Crookes var einn frægasti vísindamaður síns tíma og efni hans í *Researches in the Phenomena of Spiritualism* var fyrst birt sem greinaflokkur í *Quarterly Journal of Science*. Einn miðilsfundur er gott dæmi um þessar skrár:

Þriðjudagur, 16. apríl 1872. – Miðilsfundur á Morning Road 20. Frá kl 8:50 e.h.

Viðstaddir: Daniel Dunglas Home (miðill), Cox liðþjálf, hjónin William og Nellie Crookes, hjónin Walter og Carrie Crookes, ungfrú Humphrey, Francis Galton í þessari röð réttisælis: Francis Galton, Carrie Crookes, Daniel Dunglas Home, William Crookes, Nellie Crookes, Humphrey, Cox og Walter Crookes.

Á borðinu voru blóm, harmonikka, prik, bjalla, pappír og blýantar.

Fyrirbæri. – Brak heyrðist og á eftir titruðu borð og stólar.

Borðið færðist mjúklega frá Walter Crookes til Daniels.

Bank heyrðist frá mismunandi stöðum á borðinu.

FG var undir borðinu þegar þessar hreyfingar urðu. Titringur og bank heyrðist í gólfinu. Borðið hreyfðist 15 sm frá FG til mín og skalf kröftuglega.

Röð háværs banks heyrðist hjá FG og tipl eins og frá fæti á gólfinu.

Borðið skalf tvisvar að ósk FG, síðan aftur tvisvar og í þriðja sinn eftir smáhlé. Þetta endurtók sig nokkrum sinnum.

Borðið varð létt og þungt á víxl. FG gáði að því og það var ekki um neitt að villast.

Kröftugar hreyfingar voru á borðinu á meðan FG var undir því.

Stóll Daniels færðist 15 sm aftur á bak.

Daniel tók harmonikkuna á venjulegan hátt og það heyrðist í henni. FG leit undir hana og sá hana þenjast út og dragast saman.

Við vorum að tala saman um tónlistina þegar skilaboð komu:

„Það kemur frá hjarta þér. Lofgjörðarsálmur.“

Eftir það var leikin falleg helgitónlist.

Bjallan var tekin frá Nellie Crookes og látin klingja undir borði í dálitla stund. Henni var síðan kastað niður rétt við fætur FG sem tók hana upp.

Harmonikkan var lögð undi borðið hjá Cox liðþjálfra og leiknar nokkrar nótur á meðan hendur allra voru uppi á borðinu. Nellie Crookes setti fót sinn ofan á fót Daniels. Stór hönd ýtti fæti Nelliar burt. Leikið var á harmonikkuna en henni síðan þrýst í hendur FG. FG hélt í hana í stutta stund en ekkert hljóð heyrðist og hann rétti hana til Daniels.

Föt Carrie Crookes voru toguð til á meðan FG horfði á. Carrie lét fætur sína snerta fætur FG.

Harmonikkan hljómaði í höndum Daniels. Hann sagðist finna snertingu með fjórföldu banki og skilaboð bárust:

„Við gerðum það.“

„*Síðasta rósín í sumar*“ var leikin óaðfinnanlega. Þá setti Daniel harmonikkuna á gólfið. Þögn ríkti í eina mínútu en síðan hreyfðist borðið og skilaboð komu:

„Við höfum ekki meiri kraft.“

23. kafli

SAMANBURÐUR Á INDRIÐA OG DANIEL DUNGLAS HOME

Ævi og miðilsstörf Indriða Indriðasonar og Daniels Dunglas Home voru á margan hátt ólík. Hér verður gróflega farið yfir það sem helst skildi þá að:

- Framliðnir stjórnendur skiptu meginmáli í miðilsstarfi Indriða en litlu eða engu máli hjá Daniel.
- Miðilsfundir Indriða voru haldnir í myrkri eða rökkri þótt fyrirbæri gerðust einnig skyndilega í fullri birtu. Miðilsfundir Daniels voru venjulega haldnir í eðlilegri birtu. Að þessu leyti var Daniel einstakur meðal miðla.
- Indriði var alltaf í transi á fundum sínum og það tók hann langa stund að vakna upp til fullrar meðvitundar. Daniel fór stundum í trans en ekki oft og ekki í djúpan trans.
- Samskipti við látna einstaklinga eða anda voru mun auðveldari hjá Indriða og þá aðallega í gegnum tal í transi, bein raddfyrirbæri eða beina eða ósjálfráða skrift. Hjá Daniel voru samskiptin eða skilaboðin aðallega í gegnum stafrófið (stafaspjald) eða bank, sjaldan með transtali og afar sjaldan með beinum raddfyrirbærum.
- Hjá Daniel voru samskiptin eða skilaboðin stutt og í símskeytastíl. Þau voru jafnan miklu lengri hjá Indriða og skiptu meira máli. Tómir fundir þar sem ekkert gerðist voru sjaldgæfir hjá Indriða en tíðari hjá Daniel.
- Handleggir Daniels urðu stundum dofnir eða stirðir en aldrei er minnst á neitt slíkt hjá Indriða.
- Reimleikaárásir gerðust á tímabili hjá Indriða en ekki er getið um neitt slíkt hjá Daniel þótt stundum sé minnst á óæskileg áhrif.

- Ýmis dæmi eru um andastjórnendur sem töluðu á erlendum tungumálum (tungutal) hjá Indriða en ekki er getið um neitt slíkt hjá Daniel.
- Miðilsstarf Indriða stóð aðeins í fimm ár (1904–1909) en miðilsstarf Daniels í tuttugu og fimm ár (1851–1876). Indriði varð skammlífur og lést 28 ára að aldri en Daniel 53 ára. Báðir létust úr berklum sem voru afar útbreiddir á 19. og fyrri hluta 20. aldar.
- Meirihluti fyrirbæra sem urðu hjá Indriða gerðist einnig hjá Daniel, og öfugt.
- Sum af fyrirbærum Indriða eru ekki skráð hjá Daniel, til dæmis hvarf handleggs og sýndaruppskurðir.
- Einnig er að finna fyrirbæri hjá Daniel sem aldrei er getið um hjá Indriða. Frægust eru hin stórfurðulegu jarðskjálftafyrirbæri (skjálfti á gólfi og herbergjum), handfjötlun brennandi kola og undarleg hitageislun frá höndum hans.

Mismunandi tíðni ýmissa fyrirbæra

Miðlarnir tveir voru að öðru leyti talsvert ólíkir. Hin ýmsu fyrirbæri sem komu fyrir hjá þeim báðum voru aukin heldur ólík hvað tíðni snertir. Til að öðlast meiri skilning voru 24 miðilsfundir sem lýst var af Crookes í *Researches in the Phenomena of Spiritualism* sameinaðir 24 fundum sem lýst var af Dunraven, með því að velja tilviljunarkennt 24 af fundunum 79 í *Experiences in Spiritualism with D.D. Home*.

Þannig fengust 48 fundir Daniels til samanburðar við þá 47 miðilsfundi Indriða sem lýst er í fundargerðabókunum. Áður en niðurstöður samanburðarins verða raktar er rétt að nefna eitt atriði varðandi þau gögn sem rakin voru í kaflanum hér á undan.



*Teikning af Daniel Dunglas Home við
lyftingarfyrirbæri.*

Vísindamaðurinn Crookes er gagnorðari en um leið nákvæmari í lýsingum sínum á efnisfyrirbærunum. Lýsingar jarlsins af Dunraven eru almennari. Það kann einnig vel að vera að Daniel hafi nálgast þessar tvær fundaraðir á mismunandi hátt að einhverju leyti þar sem önnur var fyrir virtan vísindamann en hin fyrir vini.

Hlutfærslur voru algengari hjá Daniel. Þær urðu á 81% fundanna en aðeins á 55% funda Indriða. Flestar aðrar tegundir

efnisfyrirbæra eru einnig tíðari hjá Daniel, svo sem bank, vindgustur, lykt, leikur á hljóðfæri, snerting ósýnilegra handa og fleira. Þó eru tvær meginundantekningar. Bein raddfyrirbæri eru tíðustu fyrirbærin hjá Indriða og gerast á 77% fundanna. Hjá Daniel eru bein raddfyrirbæri tiltölulega sjaldgæf og gerast á 8% funda hans. Hljóð af öðru tagi gerast þó á 33% miðilsfunda hans. Lyfting miðilsins er einnig algengari hjá Indriða, skráð á 26% fundanna en aðeins á 8% funda Daniels. Birting ljósa var svipuð, á 28% funda Indriða og 31% funda Daniels.

	<i>Indriði Indriðason</i>	<i>Daniel Dunglas Home</i>
Bank eða högg	38% miðilsfunda	67% miðilsfunda
Vindgustur	9%	23%
Hlutfærsla	55%	81%
Hljóðfæraleikur	6%	44%
Lyfting miðils	26%	8%
Ljós fyrirbæri	28%	31%
Efnisgerving	15%	46%
Snerting handa	36%	60%
Bein raddfyrirbæri	77%	8%

Samanburður á tíðni (% miðilsfunda) ýmissa helstu fyrirbæra á 47 miðilsfundum Indriða Indriðasonar og 48 miðilsfundum Daniels Dunglas Home.

Þetta eru efnislegu fyrirbærin. Huglæg fyrirbæri er mun erfiðara að meta á meginlegan hátt. Ekki var reynt að gera slíkt mat heldur er lesendum vísað á kaflana um eldsvoðann í Kaupmannahöfn og sannanir um tilvist þar sem slíkum fyrirbærum er lýst. Það er fátt af því tagi hjá Daniel. Hvað það varðar er Indriði mun fjölhæfari miðill.

Minna má á að F.W.H. Myers skipti framliðnum þátttakendum í þrjá hópa: nýlátna einstaklinga, fólk af fjarlægari kynslóðum sem yfirleitt var þekkt á sínum dögum og anda sem vísað er til með nöfnum eins og Skólameistari, Læknir, Spekingur og framar öllu Keisari. Hjá Indriða finnast tveir fyrstu flokkarnir en þann þriðja vantar eða varla á hann minnst. Í miðilsstarfi Daniels vantar þriðja flokkinn alveg og einnig frægar persónur fyrri kynslóða. Hjá Daniel eru efnisfyrirbærin áberandi.

Daniel var vandlega rannsakaður af William Crookes. Indriði var jafnvandlega kannaður af öðrum mikilsvirtum vísindamanni, dr. Guðmundi Hannessyni. Hann reyndi og rannsakaði Indriða á fjölda miðilsfunda yfir heilan vetur. Áður en sú rannsókn verður skoðuð nánar verður næst litið til tveggja annarra efnismiðla, Austurríkismannsins Rudi Scheider og Danans Einer Nielsen.

24. kafli

RUDI SCHNEIDER OG EINER NIELSEN

Hér á eftir verður Indriði Indriðason borinn saman við tvo fræga miðla, Austurríkismanninn Rudi Schneider (1908–1957) og Danann Einer Nielsen (1894–1965). Eins og Indriði – en ólíkt Daniel Dunglas Home – voru þeir báðir með virka framliðna stjórnendur og héldu miðilsfundi í myrkri eða rökkri.

Útfrymi lék stórt hlutverk í miðilsstarfi Rudi Schneider og Einers Nielsen en aldrei varð vart við það hjá Indriða og Daniel. Útfrymið var dularfullt þar sem það vall út úr líkamsopum miðilsins og úr því



Rudi Schneider (1908–1957) var frægur austurrískur efnismiðill en fyrirbæri hans voru rannsökuð af ýmsum málsmetandi vísindamönnum á sviði læknisfræði.

formaðist mannsmynd í heild eða að hluta. Skömmu eftir að þetta dularfulla efni birtist hvarf það og skildi ekkert eftir sig.

Miðilsstarf Rudi Schneider hófst á unga aldri eftir að Willi, eldri bróðir hans, var þegar orðinn miðill. Rudi var vandlega rannsakaður af vísindamönnum eins og dr. Albert von Schrenck-Notzing (1862–1929) í München, dr. Eugene Osty (1874–1938) í París og Harry Price (1881–1948) í Lundúnum. Þeir viðhöfðu allir strangar öryggisráðstafanir. Við sumar þessar rannsóknir varð með tæknilegum upptökum vart við truflanir frá „ósýnilegu efni“ sem

varpaði frá sér innrauðum geislum sem lék um hluti sem færðust á yfirnáttúlegan hátt. Truflunin frá innrauðu geislunum varð um leið og Olga (stjórnandi Rudi Schneider) tilkynnti að „nú færi hún inn í geislann“. Þannig fékkst tæknileg staðfesting á yfirnáttúrlegum fyrirbærum og hlutfærslum. Þessu svipar til tæknilegra staðfestinga á hreyfingu hluta á fundum Daniels. Mörg hundruð frásagnir eru til af fundum Rudi Schneider. Breski sálfræðingurinn Anita Gregory (1925–1984) sem fæddist í Þýskalandi gerði nákvæma greiningu á fjórum mismunandi fyrirbærum sem urðu á miðilsfundum Rudi²⁶⁴.

<i>Fundir með:</i>	<i>Indriða Indriðasyni</i>	<i>Daniel D. Home</i>	<i>Rudi Schneider</i>	<i>Rudi Schneider</i>
	<i>Fundargerða- bækur</i>	<i>Crookes / Dunraven</i>	<i>Schrenck- Notzing</i>	<i>Fundir í heimahúsum</i>
	Fj = 47	Fj = 48	Fj = 84	Fj = 173
Engin fyrirbæri	0%	Margir	25%	7%
Hlutfærslur	55%	81%	74%	89%
Sýnilegar efnisgervingar	10%	58%	37%	52%
Lyfting miðils	26%	13%	4%	22%
Fundarmenn snertir	36%	67%	8%	25%

Tíðni fjögurra mismunandi fyrirbæra sem urðu á miðilsfundum Indriða Indriðasonar, Daniels Dunglas Home og Rudi Schneider.

Í töflu 2 er borin saman tíðni fjögurra fyrirbæra sem listi Anitu Gregory tekur til og sömu fyrirbæra hjá Indriða og Daniel. Þegar Schrenck-Notzing gerði rannsóknir sínar voru hæfileikar Rudi farnir að þverra. Þess vegna er bætt við fjórða dálkinum sem sýnir fyrri miðilsfundi á heimili hans. Hlutfærslur voru tíðastar hjá Rudi, sýnilegar efnisgervingar hjá Rudi og Daniel, lyfting miðils hjá Indriða og snertingarupplifanir hjá Daniel. Þessi fjögur fyrirbæri voru þó algeng hjá öllum miðlunum. Anita Gregory minnst ekki á bein raddfyrirbæri hjá Rudi en þau voru afar áberandi hjá Indriða.

Einer Nielsen er þekktasti efnismiðill Skandinavíu og miðilsstarf hans hófst þegar hann var ungur maður, rétt eins og Daniels og Rudi. Hjá Einer Nielsen formuðust mannsmyndir í útfrymi sem vall úr nefi hans og munni. Hlutfærslur og hlutlyfting komu einnig fyrir og sama gildir um lyftingu á líkama hans sjálfs. Hann var rannsakaður af reyndum rannsakendum eins og Schrenck-Notzing árið 1921 og mjög vandlega af Fritz Grunewald verkfræðingi*, Christian Winther prófessor og Knud H. Krabbe lækni síðar þetta sama ár.²⁶⁵

Fyrir miðilsfundi var Einer klæddur úr öllu. Bæði fyrir og eftir fundina voru öll líkamsop rannsökuð, þar á meðal endaparmur hans. Hann var síðan klæddur í kirtil. Hendur hans og höfuð voru einnig hulin hálf-gegnsæju efni sem fest var við kirtilinn. Nielsen var síðan settur í lokaðan, gegnsæjan smíðisgrip í lögun eins og kassi (stúka). Þrátt fyrir allar þessar öryggisráðstafanir, urðu útfrymismyndir til bæði innan og utan miðilsstúkunnar. Niðurstaða beggja hópa var að fyrirbærin væru ósvikin.

Háskólanefnd í Ósló reyndi að rannsaka Nielsen árið 1922. Þeir fóru hranalega með hann, fundu engin fyrirbæri og ályktuðu að áður skoðuð fyrirbæri hefðu verið framleidd með svikum.²⁶⁶ Hliðstætt þessari rannsókn var afar gagnrýnin könnun²⁶⁷ gerð af Norska sálarrannsóknafélaginu.[†] Í þessari rannsókn, eins og hjá Grunewald, varð Nielsen að skipta um föt og öll líkamsop voru rannsökuð án þess að neitt fyndist. Á fyrstu þremur fundunum komu fram útfrymismannsmyndir en engin á þeim fjórða. Á þessum síðasta fundi fannst örlítill saurlykt og Einer vildi ekki láta rannsaka endaparm sinn en síðar var endaparmsopið skoðað. Þegar kirtill hans var athugaður eftir þennan fund fannst 6-8 mm langt op nálægt þeim stað sem hettan var saumuð á. Snefill af saur fannst á hönd Einers og við endaparmsopið ásamt með 3 cm löngum þræði. Þá voru þarmar hans skoðaðir en ekkert fannst. Nefndin ályktaði að Einer Nielsen

* Fritz Grunewald var verkfræðingur og sálrannsakandi í Berlín. Prófessor Christian Winther starfaði í Kaupmannahöfn og það sama gerði Knud H. Krabbe sem var prófessor í taugalæknisfræði.

† Norsk Selskab for psykisk forskning.

hlyti að hafa tekist að losa hönd sína úr kirtlinum, taka eitthvert efni úr endaþarmsopi sínu, troða því í gegnum þetta litla op, sýna það sem útfrymismynd og gleypa það síðan. Ekkert af þessu sást beinlínis heldur einungis gert ráð fyrir að það hefði gerst og er því afskaplega vafasöm niðurstaða. Niðurstaða nefndarinnar var reist á þessum veiku líkum, nefnilega að fyrirbærin væru ekki ósvikin. Heimspressan auglýsti Einer Nielsen sem svikara.

Eric Dingwall (1890–1986) skrifaði í *Journal of the Society for Psychological Research*²⁶⁸:

... [það] er erfitt að samþykkja niðurstöðu nefndarinnar um svik frá hendi miðilsins. Í rauninni eru afar fátæklegar vísbendingar um að miðillinn hafi hagað sér á þann hátt sem nefndin ásakar hann um.

Einer Nielsen var boðið til Íslands við þrjú tækifæri, fyrst árið 1924 en þá hélt hann 22 miðilsfundi sem nákvæmar frásagnir eru til um.²⁶⁹ Í ljósi rannsóknanna í Ósló voru gerðar sérlega strangar öryggisráðstafanir og Nielsen var grandskoðaður. Fundirnir voru haldnir heima hjá Einari H. Kvaran, forseta Sálarrannsóknafélags Íslands. Einer gisti einnig á heimili hans í heimsókninni.

Aðstæðurnar á fundunum voru svofelldar: Einu horni herbergisins sem fundirnir voru haldnir í var breytt í miðilsstúku með tveimur tjöldum sem náðu til gólfs



Einer Nielsen (1894–1965) í transi sitjandi í miðilsstúku á miðilsfundi. Útfrymi liðast yfir fang hans og niður á gólf. Sá sem heldur í vinstri hönd hans er prófessor Haraldur Nielsson. ICPP (Freiburg, Þýskalandi) er þakkað fyrir að útvega þessa mynd.

með glufu í miðjunni svo að hægt væri að opna stúkuna og gera hana sýnilega. Fundarmenn sátu á 12 stólum í einni röð fyrir framan miðilsstúkuna. Þeir héldust í hendur á meðan á fundi stóð og leikið var á orgelið skammt fyrir aftan þá. Á því stóð rauður lampi sem gat gefið frá sér breytilega birtu allt eftir óskum miðilsins eða stjórnenda hans. Birtan var alltaf nægileg til að fundarmenn sæju hver annan.

Einer fékk fyrst nokkra miðilsfundi til að venjast nýjum aðstæðum. Þar urðu ýmis fyrirbæri en einnig voru fáeinir fundir án nokkurra fyrirbæra. Síðan voru öryggisráðstafanir hertar mjög. Rannsóknarnefndin samanstóð af tveimur læknum, einum hæstaréttardómara og tveimur öðrum einstaklingum. Fyrst var herbergið vandlega yfirfarið og síðan var Einer sóttur og klæddur úr öllu. Föt hans voru vandlega skoðuð hvert af öðru af hverjum nefndarmanni fyrir sig. Nef hans og munnur voru skoðuð og hann var færður inn í stúkuna þar sem endaparmur hans var athugaður. Ekkert grunsamlegt fannst. Þá fékk hann föt sín aftur nema jakkann og bindið.²⁷⁰ Eftir þetta var öðrum fundarmönnum boðið inn í fundarherbergið. Leitað var á þeim sem sátu nærri miðlinum.

Eftir að miðilsfundurinn hófst birtist hvít vera á milli tjaldanna. Hún sást skýrt með skýluklút á höfði og pilsíð var vítt og hálfsítt. Hún hvarf og þá sást neðri hluti pilsins. Hún birtist aftur en andlit hennar var óskýrt. Í eitt skiptið voru tjöldin dregin frá og miðillinn sást í sæti sínu með



*Danski miðillinn Einer Nielsen lyftist á miðilsfundi.
Fundarmenn halda í báðar hendur hans.*

útfrymi frá bringu niður að hnjám, breitt efst en mjókkaði niður. Það var ekki líkt flötum efnisbút eða trefli heldur þykkur skínandi hvítur efnismassi. Þá voru tjöldin dregin fyrir aftur. Síðar á fundinum var tjaldinu lyft við vegginn og nálægir fundarmenn sáu miðilinn með útfrymi frá bringu og yfir andlitið og upp fyrir höfuð. Þeir fundu engin merki um svik og engin lykt eða saurleyfar fundust á neinum af íslensku fundunum. Skýrsla nefndarinnar var undirrituð af öllum meðlimum hennar. Einer Nielsen hélt einnig hreyfifundi þar sem hann sat í miðju hrings og hélt í hendur fundarmanna báðum megin. Hlutir á borði og á orgelinu lyftust og hreyfðust um herbergið og snertu jafnvel stundum fundarmenn. Þrisvar lyftist hann sjálfur á slíkum fundum svo að þeir sem héldu í hendur hans urðu að teygja hendur sínar eins hátt og þeir gátu.

Í stuttu máli veittu fundarmenn athygli eftirfarandi atriðum varðandi form þess sem birtist: Mannsmyndir voru af ýmsum stærðum, háar og lágar. Hendurnar voru einnig misstórar, þar á meðal barnshendur. Stundum sást aðeins neðri hluti veru en ekki sá efri og öfugt. Hjúpurinn um verurnar var af mismunandi lengd og stærð. Sumar sáust greinilega, aðrar voru óskýrar og dimmar. Við fáein tækifæri sást miðillinn með veru við hlið sér og einu sinni með verur á báðar hliðar.

Bein raddfyrirbæri sem voru svo tíð hjá Indriða komu ekki fyrir hjá Einer Nielsen eða Rudi Schneider. Ekki heldur ljós í mismunandi formum og litum sem sáust oft hjá Indriða. Að þessu leyti voru miðlarnis gjörólíkir. Raunar höfðu allir miðlarnir fjórir, Indriði, Daniel, Rudi og Einer hver sín sérstöku einkenni. Ein tegund fyrirbæra kom þannig fyrir hjá einum þeirra en í minna mæli eða alls ekki hjá hinum þremur.

Sameiginlegt með þeim öllum voru óskýranlegar hreyfingar hluta í nálægð þeirra og það sem skipti þá alla mestu máli var samband þeirra við látna. Samband við framliðna anda var meginatriði í hreyfingu spíritista og þessir miðlar léku stórt hlutverk í hreyfingunni hver í sínu landi og alþjóðlega.

25. kafli

GAGNRÝNI SAMTÍMAMANNA

Í undanfarandi köflum hefur verið gefið yfirlit yfir þróun miðilsfyrirbæra Indriða Indriðasonar. Eðlilegt er að fara næst í saumana á þeirri gagnrýni sem fram kom á störf Indriða í samtímafjölmíðlum.

Samtímaheimildir sýna að Indriði var einn frægasti einstaklingur síns tíma. Harðvítugar deilur stóðu um hann í Reykjavíkurbliðunum árin 1905–1908 og sum þeirra, einkum *Lögrétta*, *Reykjavík* og *Þjóðólfur* virtust ákveðin í að fá hann kærðan og dæmdan fyrir svik. Vegna skorts á sönnunum var samt aldrei höfðað mál gegn honum. Aðrir prentmiðlar, til dæmis *Fjallkonan* og *Ísafold*, voru sammála skoðunum Tilraunafélagsins og studdu Indriða.

Skipta má samtímagagnrýni dagblaða í fjóra aðalflokka:

1. Brandarar, meinfyndni og fyrirlitning gagnvart Indriða og sumum félögum Tilraunafélagsins.
2. Pólitísk gagnrýni á Einar H. Kvaran og Björn Jónsson sem voru einnig virkir þátttakendur í stjórnmálum. Þeir voru sakaðir um að nota Indriða til að afla atkvæða fyrir flokk sinn (Þjóðræðisflokkinn). Engar sönnur finnast fyrir því að Indriði hafi skipt nokkru máli fyrir gengi þessa flokks eða að þeir hafi reynt að nota miðilsstarf hans til atkvæðaveiða.
3. Guðfræðileg gagnrýni, einkum frá söfnuðum bókstafstrúarmanna, um að fyrirbærin væru af hinu illa, væru djöfulleg að uppruna.
4. Gagnrýni á heilunartilraunir. Heilunarhæfileikar Indriða voru ákaft ræddir af þeim prentmiðlum sem vou andvígir Tilraunafélaginu. Önnur blöð staðhæfðu að hann hefði heilað marga en engar nákvæmar frásagnir voru birtar eða nein nöfn þeirra sem hann hefði

heilað. Til er fremur nákvæm frásögn af tilraun til að heila mann að nafni Jón Jónsson en árangurinn virðist hafa verið óljós. Heilun var ekki áberandi þáttur í miðilsstarfi Indriða og hann stundaði hana aðeins í stuttan tíma.

Fyrir utan heilunartilraunirnar virðist engin efnisleg samtímagagnrýni hafa beinst að neinum sérstökum fyrirbærum eða andlegum atvikum. Ásakanir voru hins vegar uppi um að framliðnir andar sem staðhæft væri að hefðu komið fram á miðilsfundum Indriða væru enn á lífi.²⁷¹ Í *Lög-rétu* stóð til dæmis:²⁷²

Andatrúboð.

Þeir eru nú nýkomnir heim úr andatrúboðsför um Vestfirði Einar Hjörleifsson, æðsti prestur andatrúarmanna hjer, og Indriði Indriðason miðill. Þeir hafa haldið fyrirlestra og andasýningar víða í kaupþúnum vestanlands, og á andasýningunum hefur alstaðar verið með þeim til aðstoðar Skúli Thoroddsen alþingismaður.

Samkomum þeirra hefur verið svo háttað, að fyrst heldur Einar Hjörleifsson fyrirlestur, eða les eitthvað upp, og kostar inngangurinn þá 60 au. En að þeirri skemtun lokinni býður hann þeim af áheyrendunum, sem þess óski, að sjá andasýningar. Verður þá hver, sem þessa óskar, að bæta við í buddu þeirra Indriða 5 kr. Þeir kvað hafa náð saman töluverðu fje á þessu ferðalagi. „*Vestri*“ segir, að á Ísafirði hafi verið um 20 menn á andasýningu hjá þeim, og álíka margir í Bolungarvík. Aðrir, sem að vestan komu með þeim Einari, segja, að miklu fleiri hafi sótt sýningarnar á báðum þessum stöðum. Á Bíldudal og í Stykkishólmi gáfu sig einnig svo margir áhorfendur fram að sýningar voru haldnar á báðum þeim stöðum, en á Patreksfirði varð hluttakan svo lítil, að þar varð ekkert úr sýningu.

Einhverjir þar í kaupstaðnum höfðu þó, hvort sem það var nú í gamni eða alvöru, sent mann eða menn á fund Einars, til að orðfæra það við hann, hvort þeir fjelagar ætluðu ekki að hafa þar andasýningu. Einar lagði undir flatt og svaraði seint og hátíðlega, að miðillinn hefði haft langa og erfiða sýningu á Bíldudal kvöldið áður og mundi því vera þreyttur. Þó kvaðst hann skyldu spyrja hann, hvort hann treysti

sjer til þessa, en án hans samþykkis vildi hann engu lofa. Nú var náð í Indriða, og töluðust þeir Einar einslega við. Að því búnu kom Einar aftur fram, sagði, að miðillinn vildi ráðgast um þetta við andana og spurði, hvort ekki væri hægt að ljá honum herbergi, sem hann mætti vera einn í um stund. Það var auðsótt, og var miðillinn nú lokaður einn inni í herberginu. Þegar hann kom þaðan, átti hann enn launtal við Einar, og að því loknu skýrði Einar frá, að reyndar þætti öndunum miðillinn ekki vera sem best á sig kominn nú, en samt leyfðu þeir honum að halda sýninguna, „ef það væri almennings vilji þar á Patreksfirði". Um kvöldið hjelt svo Einar fyrirlestur sinn, og mun hafa rýmt vel til í þússi sínum á undan fyrir væntanlegum fimmkróna-seðlum. En það fór þá svo, að nær enginn vildi sjá andana, og varð ekkert af sýningu.

Þessi saga er höfð eftir manni, sem staddur var á Patreksfirði jafnframt þeim Einari og Indriða.

Á andasýningunni í Bolungarvík kvað hafa gerst viðburður, sem verður er þess, að honum sje á lofti haldið.

Rjett áður en þeir Einar og Indriði lögðu á stað í leiðangurinn vestur, kom sú fregn austan yfir fjall, að látinn væri Þórður fyrrum alþingismaður í Hala, og komst þessi fregn, þótt síðar reyndist ósönn, í nokkur blöð hjer. Nú segir maður, sem að vestan kom með þeim Einari og Indriða, að Þórður hafi birst hjá þeim á andasýningu þar vestra, og heldur að það hafi verið í Bolungarvík, en hverjar frjettir hann hafi sagt af liðan sinni yfir í andaheiminum, veit maðurinn ekki. En þegar þeir fjelagar, andatrúarpostularnir, voru á Patreksfirði á suðurleið, frjettu þeir, að Þórður í Hala væri enn lifandi. Maður, sem þangað kom hjeðan og heyrð hafði getið um viðtal þeirra við framliðinn anda Þórðar vestra, sagði þeim þar söguna. Þeim hafði orðið við eins og helt væri yfir þá ísköldu vatni. „Það er ómögulegt!" hafði Indriði miðill sagt (þ. e. að Þórður í Hala væri lifandi) og gengið burtu náfölnur.

Um hluttöku Skúla Thoroddsens í andasýningum þessum er það sagt, að hann hafi haldið miðlinum meðan á sýningunum stóð, til þess að geta á eftir borið um það frammi fyrir þeim, sem sýningarnar sóttu, að miðillinn hefði ekki með höndum eða fótum framkvæmt þau undraverk, sem í myrkrunum gerðust.

„En hvar er Einar þá, meðan þetta gerist?" sagði maður einn við Skúla.

„Einar? — Hann er að rannsaka fyrirbrigðin", hafði Skúli svarað.

Þegar Skúli kom til skips eftir sýninguna í Stykkishólmi, segist einn farþegi hafa spurt hann, hvernig gengið hefði þar.

„Aldrei eins vel og nú í kvöld", hafði Skúli svarað. Síðan segir maðurinn, að hann hafi sagt sjer, að stóllinn með miðlinum á, hafi liðið upp undir loft í herberginu, þótt hann sjálfur reyndi af öllu afli að halda honum niðri.

Í sumar voru þeir Einar og Indriði lengi á ferð um Norðurland, og hjeldu þá andasýningar bæði á Akureyri og á Húsavík. Á þeim stöðum báðum höfðu aðgöngumiðarnir kostað 10 kr. Á Akureyri þótti það merkilegt, að Stefán kennari Stefánsson fjekk ekki að kaupa sig þar inn á sýninguna. Sömuleiðis hafði frú Brietu Bjarnhedeinsdóttur verið neitað um það á Húsavík, en hún var þar stödd jafnframt þeim Einari og Indriða. Einhverstaðar á Mýrunum, og ef til vill víðar, hafa þeir líka haft sýningar.

En því halda ekki mennirnir þessar gróðasýningar hjer í Reykjavík, þar sem líkindin eru mest til, að þær verði vel sóttar? Svo spyr nú margur maður, og er ekki undarlegt.

Þykja þeim þessar sýningar boðlegar fyrir peninga úti um land, en óboðlegar hjer?

Eða, hvað er það?

Eðlilegasta skýringin er það, að miðillinn þori ekki að halda hjer opinberar sýningar, treysti list sinni síður hjer en annarstaðar, nema innan safnaðar trúaða fólksins.

Nú er andakuklið orðið E. H. að atvinnu. Svo langt er háðungin komin. Og telja má víst, að hann geri sjer vonir um trúboðsstyrk frá næsta þingi, að flokksaginn verði svo mikill, að þeir Skúli og Björn geti komið öðru eins í kring.

E. H. blygðast sín ekki fyrir neitt af því tægi. Hann befur leikið sjer með Björn gamla hjer, og nú hefur hann að sögn alveg náð yfirtökunum á Skúla fyrir vestan.

En að maður, sem sumir ætlast til að taki innan skams við æðsta embætti landsins, skuli geta látið það spyrjast um sig, að hann lafi eins

og lóðadrellir aftan í andaloddara í pakkhúsum til og frá um landið - það er auma háðungin!



*Ágúst H. Bjarnason prófessor
var eindreginn andstæðingur
spíritisma og gagnrýndi
miðilsstarf Indriða.*

Einar H. Kvaran svaraði ásökununum og greindi frá því að engar þessara sögusagna væru réttar.²⁷³

Gagnrýnin á Indriða var að mestu leyti almenn og ekki sértæk. Hún kom langoftast frá fólki sem ekki sótti neina af fundum hans og sem virðist fyrst og fremst hafa verið tilgátur. Með því að lesa í gegnum samtímablöðin vekur það athygli að þeir fáu sem í raun sátu fundi og gagnrýndu fyrirbæri Indriða á eftir kvörtuðu yfir því að miðilsfundirnir hefðu farið fram í myrkri og skýrðu frá því að þeir hefðu ekki getað séð almennilega hvað væri á seyði.²⁷⁴ Greinar samtímablaðanna sem settu fram ásanir

voru að mati höfunda þessarar bókar efnisrýrar og þar af leiðandi lítils virði. Til dæmis skrifaði Ágúst H. Bjarnason (1875–1952), síðar prófessor í heimspeki og sálfræði við Háskóla Íslands, þetta eftir að hafa hlustað á einn fyrirlestur Einars H. Kvaran um fyrirbærin.²⁷⁵

Úr andaheiminum.

Ég kom við í Bárubúð á Laugardagskvöldið var til þess að hlusta á nýjustu fréttirnar úr andaheiminum. Einar ritstj. Hjörleifsson steig þar í stólinn með sama hreinskilnislátæðinu og hann á vanda til og fór að lýsa fyrirbrigðum, þeim sem höfðu átt að birtast þeim öndungunum hér í bæ nú á árinu sem leið, fyrir tilstilli þessa „merkilega“ miðils þeirra, Indriða Indriðasonar.

Sögurnar eru flestar inar sömu og gengið hafa hér um bæinn mann frá manni í vetur og aðalinntak ræðunnar var um þau merkilegu fyrirbrigði, er handleggurinn hefði losnað af Indriða!

Eftir því sem leið á fyrirlesturinn fór að ganga fram af mér, og ég sannfærðist enn betur um en nokkru sinni áður, að menn þeir sem fást hér við „dularfull fyrirbrigði“, virðast nauðaókunnugir þeim vísindalegu rannsóknum, er farið hafa fram á svipuðum fyrirbrigðum í útlöndum, og að þeim veitti ekki af að fá töluverða fræðslu í þeim efnum. Af lýsingu ræðumanns á þessum dularfullu fyrirbrigðum var nefnilega ekkert sýnna, en að hér væri að ræða um hystero-epileptisk fyrirbrigði samfara dáleiðsluáhrifum.

Lýsing ræðumanns á „millibils-ástandi“ miðilsins var þannig nákvæmlega eins og lýsingin á dáleiðsluástandinu, eins og því hefir verið lýst af erlendum sálarfræðingum og „suggestionin“ (utanboð dáleiðanda) virtist eiga mikinn þátt í þessum fyrirbrigðum, þó ræðumanni virtist allsendis ókunnugt um, að utanboð þessi geta átt sér stað, með hugsuninni einni saman, án þess dáleiðandi tali til miðilsins eða hafi önnur bein áhrif á hann.

Það sem auk lýsingarinnar á millibilsástandinu færði mér heim sanninn um, að hér væri um hystero-epileptisk fyrirbrigði að ræða, var meðal annars frásögnin um ilminn af höndum og örmum miðilsins. Öllum læknum og öllum sálarfræðingum, sem nokkuð vita um þessi fyrirbrigði, er kunnugt um, að sviti sá, er slær út á móðursjúkum og fallsjúkum mönnum, getur haft ýmiskonar daun eða ilm; stundum er það ódaunn og stundum er það áþekkt blómsturilm. En ræðumaðurinn vildi í vanþekking sinni skýra það á þann hátt, að þetta væri ilmurinn af leyndarlyfinu í örmum og höndum miðilsins!!

Það sem enn fremur færði mér heim sanninn um, að miðillinn væri móðursjúkur og fallsjúkur eða að minsta kosti eitthvað í þá áttina, er það sem mér hefir verið sagt um móður hans, að hún sé eða hafi verið, einkum um það leyti að hún giftist, móðursjúk. Hún hafði þá oft dottið í dá og legið í því lengri tíma. Auk þess bendir ástand miðilsins, er stundum virðist lýsa sér eins og dástjarfi (katalepsi) og stundum eins og svefnreik (somnambulismus), á ið sama. En í slíku ástandi geta menn eins og alkunnugt er meðal vísindamanna gripið hugsanir og tilfinningar annara og leikið þau hlutverk, sem dáleiðandi ætlar þeim, þó

engin bein skipun um það komi frá honum. Hinn dáleiddi verður eins og bergmálið tómmt af þeim, sem hafa mest áhrif á hann.

Ekkert þetta virðist öndungum vorum kunnugt um, og einu varð ég hissa á, hve litlum rannsóknum hefir verið beitt, þegar fyrirbrigðin voru sem „dularfylst“ eins og þegar handleggurinn átti að fara af Indriða. Það er eins og mennirnir hafi viljað láta blekkjast. Þeir þukluðu aðeins í kringum handlegginn á miðlinum, en datt ekki í hug að fletta hann klæðum. Þetta er ekkert vísindamanna æði. En kannske þeir hafi verið hræddir um, að slík rannsókn gæti varðað líf miðilsins?! Það er fjarri því, því þetta er fyrirláttur. Aldrei hefir heyrst um það getið, að ýtarlegar rannsóknir á miðlinum yrðu honum að bana, en hitt er satt, að það hefir oftast nær varðað heiður hans, því svikin hafa þá komist upp. En öndungarnir hér hafa látið miðilinn alveg leika lausum hala í myrkrabyrginu sínu og jafnvel leyft honum að ganga út eins og þegar handleggurinn átti að hafa farið af honum í fyrsta skiftið. Það er rétt að þeir hafa leyft sér að bregða eldspýtu upp að nefinu á honum! Engum virðist hafa dottið í hug að rannsaka, hvort Indriði hafi sett handlegginn á sér úr liði, eins og sumir geta, og bundið hann svo að sér, að hann fyndist ekki, en þeir láta Indriða með annarlegri rödd skipa sér að sitja og standa, eins og hann sjálfur vill, í stað þess að taka duglega á honum.

Það verður því ekki annað sagt um menn þessa en að þeir vilji láta blekkjast af trúgirninni sinni. En alveg er það makalaust, hve langt þeir eru leiddir af trúgirninni, og sorglegt er það, að aðrir eins fyrirlestrar skuli vera bornir á borð fyrir alþýðu manna hér eins og þessi fyrirlestur Einars. Ég fyrir mitt leyti hefi aldrei heyrt annan eins „obskúr-antismus“ á borð borinn, þótt fyrirlesturinn væri að ytri búningi fluttur með mælsku og snild.

Vonandi er þó, að inntak fyrirlestrarins verði fest á prenti, svo að hægt sé að sýna fram á, að flest in sömu fyrirbrigði koma fyrir í dáleiðsluástandi móðursjúkra manna, án þess að öndum sé gefin nokkur sök á þeim. - Á. B.

Þrátt fyrir að maðurinn sem skrifaði þetta hafi verið áberandi háskólaborgari eru að því er best er vitað engar vísbendingar um að Indriði hafi

verið móðursjúkur eða flogaveikur. Einar H. Kvaran greindi frá því að börn hans og börn Haraldar Nielssonar hafi engan „frið“ fengið á götum Reykjavíkur vegna þátttöku feðra sinna í Tilraunafélaginu. Seinna hafi þó almenningsálitið snúist þeim í hag.²⁷⁶ Sigurður Haralz²⁷⁷ minnst þess að fólk hafi fleygt grjóti og snjóboltum í hann sem barn einungis vegna þátttöku föður hans í Tilraunafélaginu.

Einar H. Kvaran var sakaður um það í sumum prentmiðlum að hann lygi þegar hann grindir frá fyrirbærunum. Hann var einnig sakaður um að vera samverkamaður í svikum Indriða. Í prentmiðlinum *Reykjavík* var til dæmis skrifað:²⁷⁸

Enginn frýjar hr. E. H. vits, svo að annaðhvort hlýtur þetta flán hans að vera sprottið af trúgírni, og *hún* er þá á æði háu stigi, eða hann er samsekur í kuklinu, og þá er það takmarkalaus ófyrirleitni að bera þetta á borð fyrir auðtrúa almenning.

Tveimur árum síðar hélt grein í *Reykjavík* áfram á sömu braut:²⁷⁹

Íslendingar hafa nú eignast *loddara*, meira að segja *atvinnuloddara*. Það eru *andakuklararnir*. Einar Hjörleifsson leiddi það kukl inn í landið, eins og ýmislegt annað.

Loks dró *Reykjavík* saman fyrri gagnrýni sína á eftirfarandi hátt með því að segja að galdramennirnir hefðu.²⁸⁰

1. látið anda gjöra handlækningatilraunir á sjúkum mönnum,
2. látið liðin skáld yrkja kvæði og skáldsögur,
3. myndað söfnuð í Reykjavík,
4. komið sér upp „musteri“,
5. að safnaðargjald þeirra væri hærra en í kristnu söfnuðunum,
6. að Einar og Indriði hefðu farið um landið til að sýna kuklið,
7. að þeir hefðu tekið fé fyrir sýningarnar,
8. að þeir hefðu meinað Stefáni skólastjóra Stefánssyni aðgang að sýningunum,

9. að þeir hefðu allsstaðar bannað að bregða upp ljósi,
10. að Indriði hefði einu sinni sézt sparka í stól, er andi átti að hafa flutt,
11. að Björn Jónsson hefði meiðst á höfði í það sinn, og
12. að kuklararnir hefðu sagt lifandi mann dauðan.

Reykjavík tengdi saman þessar tólf „staðreyndir“ og bætti við að Einar H. Kvaran og Indriði Indriðason hefðu blekkt fólk á þessum sýningum:

„*Rvík*“ skal ekki linna fyr en flett er ofan af *svikum* andaloddaranna Einars og Indriða. Þeir segja báðir að kuklið sé yfirnáttúrlegs eðlis, en hljóta báðir að vita að það er ósatt og taka þó fé af fólki fyrir. En þetta eru svik.

Eina atriðið í ofangreindri gagnrýni sem skiptir máli varðandi spurninguna um yfirskilvitleika efnisfyrirbæranna er að Indriði hafi eitt sinn verið talinn hafa sparkað í stól sem átti að hafa verið færður af „öndum“. Því miður eru engin smáatriði gefin um þetta svo að ekki er hægt að meta almennilega þessa gagnrýni. Einar²⁸¹ svaraði að þessi ásökun væri ósönn og sagði að enginn fótur væri fyrir þessari sögusögn. Björn Jónsson bætti því við í lok þessarar sömu greinar að hann hefði fengið sár á höfuðið þegar stóll sem hann sat á heima hjá sér hefði brotnað og hann dottið og rekið höfuðið í gluggapóstinn.

Engar vísbendingar voru settar fram til stuðnings ásökuninni um að Einar væri vitorðsmaður Indriða í að framkvæma fyrirbærin með svikum. Mikilvægt atriði er að einnig er skráð að fyrirbæri Indriða hafi gerst mörgum sinnum þegar Einar var fjarverandi. Ástæðan fyrir því að bent var á Einar sem „svikara“ kann að vera sú að hann var fyrstur til að birta niðurstöður Tilraunafélagsins um Indriða og hann hélt því áfram í blöðunum eins lengi og Indriði starfaði sem miðill. Auk þess var Einar á kafi í íslenskum stjórnmálum og hafði stjórnmálaskoðanir sem voru andstæðar þeim prentmiðlum sem helst réðust á hann. Engar heimildir saka Harald Níelsson eða Guðmund Hannesson um að vera vitorðsmenn Indriða.

Frekari athugasemdir og gagnrýni á miðilsstörf Indriða

Háværasta gagnrýnin á miðilsstörf Indriða komu frá trúarhópum og einstaklingum sem sóttu aldrei miðilsfundi. Þeir sökuðu Indriða og meðreiðarsveina hans um að vekja upp gamla hjátrú og um að töfra fram þá dauðu. Þeir sáu djöfulinn á bak við fyrirbærin. Ekki er þörf á að svara slíkum ásökunum.

Brynjólfur Þorláksson nefnir í minningum sínum að Indriði hafi verið góð eftirherma og það hafi stundum verið notað til að saka hann um meðvitað eða ómeðvitað búktal. Slíkt gæti hugsanlega skýrt raddir fólks sem Indriði hefði þekkt en langflesta framliðnu þátttakendurna hafði hann aldrei hitt sem er augljóst þegar við minnumst þess hve ungur að árum hann var. Þetta gæti því aðeins hugsanlega skýrt örfáar þeirra radda sem fundarmenn heyrðu og þekktu. Á hinn bóginn má ímynda sér að hæfileikar Indriða til að herma eftir og syngja hafi gert þeim öflum sem á hann virkuðu auðveldara um vik að ná fram þeirri svörun sem þeir óskuðu.

Þar að auki var verulegur hluti talsins á miðilsfundunum bein raddfyrirbæri, það er raddir sem komu ekki úr hálsi miðilsins heldur svæðinu einhvers staðar í kringum hann, stundum í heilmikilli fjarlægð. Eitt dæmi er hvísl í eyra einhvers á meðan miðlinum var haldið í öðrum hluta herbergisins. Stundum töluðu tvær raddir utan miðilsins hvor við aðra eða töluðu á sama tíma. Þetta er ekki hægt að skýra með eftirhermu. Guðmundur Hannesson²⁸² skrifaði að sumir skýrðu svo frá að þeir hafi heyrt tvær raddir tala í einu:

Fullyrt var, að þetta hefði komið fyrir, og ég tel það óhugsandi, að nokkur maður geti talað tveim röddum í senn með búktali. Ég heyrði þetta aldrei og vefengdi því algerlega þessa sögusögn.

Seint og síðar bar þó nokkuð fyrir mig, sem ég undraðist stórum, og sýndist algerlega koma í bága við búktalsskýringuna. Það var ekki sjaldan, að þessar raddir *sungu*, stundum lítið og óaheyrilega, stundum hátt og skýrt, heil lög. Víst tvisvar sinnum *heyrði ég tvær raddir*

syngja sama lagið í senn svo glögg og skýrt sem frekast varð á kosið. Var önnur röddin há, hvell kvenmannsrödd, en hin dimm, skjálfrödduð karlmannsrödd. Raddir þessar komu báðar frá auða svæðinu, þar sem enginn var, mér vitanlega, nema miðillinn, og voru ekki minna en 4–5 álnir milli þeirra. Þessi athugun var svo glögg, að um hana varð ekki efazt. ...

Úr því ég minnst á sönginn, má geta þess, að í honum var oft og einnatt auðfundin list, sem bar órækan vott um söngþekking og söngæfing. Einn af söngfróðum félagsmönnum sagði mér jafnvel, að helzta sönnunin fyrir því að fyrirbrigðin gætu ekki verið á neinum svikum byggð, væri í sínum augum sú, að enginn viðstaddur gæti á nokkurn hátt sungið svo listfengt, sem stundum vildi til.

Hlutfærslum og lyftingu hluta og Indriða sjálfs má skipta í tvo flokka. Sá fyrri inniheldur þau fyrirbæri sem gerðust í myrkri í fundarherberginu. Guðmundur fékk að gera þær öryggisráðstafanir sem honum sýndist fyrir utan ljós. Hann fékk þó oftast leyfi til að kveikja ljós í skamman tíma. Hann einangraði miðilinn og þá einn eða tvo einstaklinga sem héldu í hann frá fundarmönnum með þéttriðnu neti þvert yfir salinn með einungis lítið op sem hann gætti sjálfur. Þrátt fyrir þetta héldu hreyfingarnar áfram. Hann setti sjálflýsandi depla á suma hlutina og þá gátu fundarmenn séð þá svífa um herbergið, oft eftir óreglulegum brautum. Hinn ofurvarkári Guðmundur skrifaði:²⁸³

Ég hélt áfram að sækja fundi í tilraunafélaginu fullan vetur, og naumlega var nokkur samkoma haldin svo, að ég ekki reyndi með einhverju móti að grafast fyrir svik í stóru eða smáu. Á flestum fundum varð ég einhvers var, sem mér þótti tortryggilegt, stundum afar tortryggilegt, og reyndi svo í næsta sinn að hafa sérstaklega gætur á því. En þrátt fyrir allt gat ég aldrei staðið neinn að svikunum. Aftur gat ég ekki betur séð, en að mikill hluti fyrirbrigðanna væri svikalaus virkilegleiki, hvernig sem á þeim stóð. Mýmargt hafði ég engin tæki til að athuga, og þori því ekkert að segja um, hvort prettum hafi þar verið komið að.

Á reimleikatímabilinu gerðust sum fyrirbærin við fulla dagsbirtu og fleiri en eitt vitni var að þeim. Þannig var það til dæmis þegar tveir menn sem gættu Indriða sáu að honum hafði verið lyft upp úr rúmi sínu og virtist sem til stæði að fleygja honum út um gluggann. Með miklum erfiðis- munum tókst þessum gæslumönnum Indriða að toga hann niður aftur. Þetta sama kvöld var hann dreginn eftir gólfinu eins og af ósýnilegum höndum. Ástæða þessara ofsafengnu hreyfinga og að hlutum hafi verið fleygt um og þeir eyðilagðir var talin hafa verið truflaður andi „Jóns“ nokkurs úr Vestmannaeyjum.

Einar H. Kvaran²⁸⁴ skrifaði að sá orðrómur hefði gengið um Reykjavík að Indriði hefði notað sérstaka tegund lampa til að framkalla ljósfyrir- bærin. Einar svaraði þessari gagnrýni í tveimur liðum. Lampinn sem notaður var gat ekki gefið frá sér mismunandi liti eða misbjart ljós. Í öðru lagi bjó Indriði á heimili Einars á þessum tíma (Tilraunahúsið var þá ekki byggt) og Einar og eiginkona hans vissu hvaða eigur hann hafði með sér. Þau höfðu aldrei neinn grun um að neinn lampi eða önnur vafasöm tæki væru í eigu hans.

Ef til vill er réttmætt að sýna ýtrustu tortryggni þegar frægar eða sögu- legar persónur koma fram á miðilsfundum. Þetta er þó ekki sérstakt hvað varðar Indriða heldur er það vel þekkt í miðilsstarfi almennt. Slíkir þátt- takendur er hluti af „B-hópi“ F.W. Myers (sjá 17. kafla). Nokkrir slíkir stjórnendur voru með Indriða. Edvard Grieg er einn þótt skiljanlegt megi telja að hann hafi komið fram þar sem líklegt er að hann hafi þekkt ein- hverja Íslendinga frá margra ára dvöl sinni í Kaupmannahöfn. Sú stað- reynd hve mikill söngur og tónlist var á miðilsfundum Indriða og nærvera tónistarmannsins Brynjólfs Þorlákssonar og tónskáldsins Sveinbjörns Sveinbjörnssonar gæti einnig skýrt þátttöku Edvards Grieg.

Mun fjarlægari er þátttaka Kjartans Ólafssonar og Guðrúnar Ósvífurs- dóttur sem falla óneitanlega í „B-hóp“ Myers. Þau eru aðalpersónur í Laxdæla sögu sem rituð var 13. öld og einu sinni eða tvisvar nefnd í fundargerðabókunum sem þátttakendur. Við nokkur tækifæri kom hið þjóðfræga skáld Hallgrímur Pétursson (1614–1674) fyrir. Hann skrifaði

meðal annars sálminn „*Allt eins og blómstrið eina*“ sem sunginn er nánast við allar jarðarfarir á Íslandi. Jörgen Jörgenson (1780–1841), þekktari sem Jörundur Hundadagakonungur, fellur líklega einnig í þennan flokk. Enginn þessara einstaklinga greindi frá neinu nýju eða óvæntu um líf sitt, engu í líkingu við það sem gerðist í máli Emils Jensen en tilvist hans var uppgötvuð og „sönnuð án minnsta vafa“.

Í miðilsstarfi Indriða fellur yfirgnæfandi meirihluti framliðinna þátttakenda í „A-hóp“ Myers, það er að segja nýlátið fólk.

26. kafli

RANNSÓKNIR DR. GUÐMUNDAR HANNESSONAR

Veturinn 1908–1909 voru fyrirbærin að mestu þau sömu og veturinn á undan nema hvað ljósfyrirbærin héldu eingöngu áfram sem óskýr, þokukennd ljós. Frásagnir eru um bein raddfyrirbæri (oft háværan söng), lyftingu og hlutfærslur, hljóðfæraleik og snertingu eins og af ósýnilegum höndum. Tilraunafélagið gerði tilraunir til að gera nákvæmar mælingar á hvernig hlutir væru fluttir og færðir í lausu lofti. Önnur fyrirbæri, eins og vindgustur og bein skrift (eins og af ósýnilegum höndum), voru einnig skráð.

Á þessu tímabili bað dr. Guðmundur Hannesson Tilraunafélagið um leyfi til að sækja miðilsfundi í því skyni að rannsaka Indriða og fyrirbæri hans.²⁸⁵ Guðmundur naut mikils álit sem vísindamaður. Hann var skipaður prófessor í læknisfræði árið 1911 við Háskóla Íslands og hélt þeirri stöðu þar til hann lést árið 1946. Hann hafði stundað bæði læknisfræðilegar og mannfræðilegar rannsóknir. Hann stofnaði Vísindafélag Íslendinga árið 1919 og þjónaði tvö tímabil sem forseti Háskóla Íslands. Hann var einnig meðlimur í borgarráði Reykjavíkur. Hann var heiðursfélagi bæði í íslensku og dönsku læknasamtökunum. Háskóli Íslands útnefndi hann heiðursdoktor eftir að hann hætti störfum. Dr. Guðmundur var þekktari en nokkur annar vísindamaður samtímans og kunnur fyrir heiðarleika sinn og óhlutdrægni.

Beiðni dr. Guðmundar var samþykkt og hann kaus sér sem aðstoðarmann augnskurðlækninn Björn Ólafsson.²⁸⁶ Guðmundur og Björn þekktu Harald Níelsson persónulega en höfðu ekki tekið neinn þátt í miðilsfundum Indriða. Guðmundur virðist hafa verið kunnur fyrir vantrú og gagnrýni á frásagnir af fyrirbærunum.²⁸⁷ Skýrsla Guðmundar var birt sem framhaldsefni í íslenska vikublaðinu *Norðurlandi*²⁸⁸ og birtist löngu síðar í *Journal of the American Society for Psychical Research*.²⁸⁹ Skýrslan hefur verið endurprentuð tvisvar í íslenskum tímaritum.²⁹⁰

Fyrsti miðilsfundur Guðmundar

Guðmundur Hannesson sótti sinn fyrsta fund til að kynnast skipulagi funda og fyrirbærum. Við þetta fyrsta tækifæri fór hann ekki fram á neinar rannsóknaröryggisráðstafanir.²⁹¹ Fundurinn var haldinn að kvöldi. Þegar stóri salurinn í Tilraunahúsinu (sem taldi um 100 sæti) var fullur, var dyrunum læst. Lokaðir gluggahlerar huldu þá þegar stóra gluggana í salnum. Indriði og gæslumaður hans settust á tvo stóla á tómu svæði framan við fundarmenn sem sátu í röð á bekkjum. Eins og áður hefur verið rakið var hlutverk gæslumannsins að fylgjast með Indriða á fundinum með því að halda í hann. Eftirfarandi fyrirbæri urðu:²⁹²

Miðillinn er nú fallinn í eins konar dá og veit ekki lengur af sér. Nú er dauðabögn í salnum og niðamykrur. Eftir örstutta stund dregur miðillinn andann nokkrum sinnum mjög djúpt, einkum að sér, svo snögglega heyrir um allan salinn. Það er eins og hann súpi hveljur. Allt í einu segir hann með allt öðrum málrómi: „Gott kvöld! Komið þið sæl og blessuð!“ „Gott kvöld!“ — „Sæl verið þið“ — „Komið þið sæl“, eða einhver slík kveðja heyrir þá með ýmsum málrómi úr ýmsum áttum á auða sviðinu, þar sem enginn maður var! Flestar raddirnar eru að heyra nálægt miðli, sumar þó allfjarri, jafnvel úti í salshorni, eða eins og upp undir loftinu. Það er eins og auða svæðið hafi allt í einu fyllt af fólki. ...

Allt í einu er hrópað eitthvað rétt við eyrað á manni með dimmri og mikilli rödd. Á hreimnum heyrir, að talað er gegnum eina þjaturtrektina. Þetta kom svo skyndilega, að maður hrekkur við. Trektin stóð áður á borðinu. Hún hafði bersýnilega færzt úr stað. Hún var auðheyrt allhált frá gólfi. Einhver hlaut að halda á henni. Sjálfsagt svikahrappurinn, miðillinn. Hananú! Þá er trektin komin í allt annan stað og þar hrópar sama ferlega röddin eitthvað í gegnum hana. Nú, hann er á ferðinni, mannskrattinn, hugsar maður og telur það sjálfsagt, að miðillinn leiki lausum hala með trektina á auða svæðinu. Svo er kallað á gæzlumann og spurt, hvað sé títt um miðilinn. Hann segir hann sitja grafkyrran á stólnum, að hann hafi aldrei sleppt á honum höndunum.

...

Allt í einu heyrir spíladósinn leika lag, en nú er hún ekki lengur á sama stað og áður. Svo er að heyra sem hún hringsóli með allmiklum hraða uppi í loftinu og rekst ef til vill í það.

Loftið var samt svo hátt að enginn gæti hafa náð svo langt upp. Auk þess var spíladósinn þung og það var algjör þögn í salnum á meðan hún var á hreyfingu. Ekkert fótatak heyrðist á timburgólfinu sem gæti bent til þess að maður gengi á því. Á sömu stundu spurði einhver um Indriða og gæslumaðurinn tilkynnti að hann sæti hreyfingarlaus en titraði og hann kvaðst halda í báðar hendur Indriða. Þá lenti spíladósinn með dynki aftur á borðinu. Stóri lúðurinn var dreginn eftir gólfinu á járnstandinum og valt svo um koll. „Tintrekin“, sem var hugsanlega minni lúður, var þá færð til á gólfinu með hávaðagangi.

Borðið sem spíladósinn stóð á færðist til og valt fram og til baka á gólfinu þar til það stöðvaðist á hvolfi. Einn af bekkjunum sem fólk sat á var ýtt og hann dreginn eftir gólfinu. Allir lausir hlutir í herberginu virtust vera meira og minna á hreyfingu.

Raddir heyrðust og högg mátti heyra á veggjunum. Högginn voru svör við beiðnum fundarmanna. Ef einhver bað um heyrnlegt bank upp í loftið eða einhvers staðar sem erfitt var að ná til heyrðist það þegar í stað frá þeim stað sem beðið var um. Fundarmenn töluðu einnig við sjálfstæðu raddirnar sem svöruðu um leið. Guðmundur sagði um þessi samtöl:²⁹³

Þá eru raddirnar, sem tala. Það er enginn eða lítill munur á sumum þeirra og lifandi mönnum. Þær svara fullum hálsi, ef á þær er yrt, eru oft gamansamar, stundum fyndnar, stundum alvarlegar, allt eftir því sem hver er að upplagi. Það getur verið, að við eigum tal við gárunga, sem leikur á als oddi, líka að dáiinn prestur taki til máls og flytji hjartnæma guðrækilega bæn! Þó er það alltítt, að raddir manna, sem koma í fyrsta sinni, eru lítt skiljanlegar, en smáskýrast eftir því sem lengra líður.

Náttúrulega eru þessir „dauðu“ menn spurðir um alla heima og geima. Það er fremur lítið á svörum þeirra að græða, og ekki er það sjaldan, að þeir fari meira eða minna rangt með hluti, sem viðstaddir vita um. Þeir muna sjaldnast ljóslega um ævi sína hér og ekki kunna menn að tala á fundunum útlend tungumál, þó þeir hafi kunnað þau í lifanda lífi. Svörin eru næsta misjöfn, en flest mjög ólík því, sem flestir mundu ætla svör dáiinna merkismanna.

Í lok þessa tveggja til þriggja klukkustunda langa fundar vakti stjórnandi Indriða hann með því að kalla með beinu raddfyrirbæri nærri eyra hans: „Vaknaðu!“ En Indriði virtist ætla að sofna aftur. Eftir þrjú slík hróp komst hann til meðvitundar. Guðmundur lýsir ástandinu þannig:²⁹⁴

Rétt á eftir er hrópað á ný og miðillinn stekkur í ofboði fram á gólf. Hann er hálfringlaður og spyr, hvort félagsmenn séu viðstaddir. Þegar ljósið er kveikt, hrekkur hann við og snýr sér undan birtunni, sýnist ekki fyllilega vaknaður, samt staulast hann út úr salnum og slangrar stundum, eins og hann gæti tæplega á fótunum staðið.

Öryggisráðstafanir á öðrum fundi Guðmundar

Eins og áður hefur verið rakið hafði Tilraunahúsið verið byggt eftir sérstökum óskum Tilraunafélagsins (sjá mynd á bls. 11). Guðmundur fullvissaði sig um að hvorki væri kjallari undir húsinu né rými ofan við loftið

þar sem þakið væri flatt. Auðvelt hefði verið að uppgötva ef eitthvað hefði verið átt við timburgólfið þar sem á því var gólfdukur sem mundi „fljótt sýna allar misfellur“.²⁹⁵ Guðmundur skipti salnum í tvo hluta með því að festa net tryggilega frá lofti niður í gólf og út til veggjanna á báðar hliðar. Þannig voru bekkir fundarmanna aðskildir með netinu frá svæðinu þar sem miðillinn og gæslumaður hans sátu en það svæði var um þriðjungur salarins. Guðmundur lýsir netinu svo:²⁹⁶

Það er úr grófu sterku garni og svo þéttriðið, að hendi kemst ekki nándar nærri gegnum möskvana. Það er fest í hólfið og gólf með trélistum, sem þræddir eru gegnum möskvana og skrúfaðir fastir í veggina, loft og gólf.

Skömmu áður en næsti fundur hófst gaumgæfði Guðmundur að fjalirnar væru tryggilega festar og að möskvarnir á netinu væru traustir og rynnu ekki til. Á miðju netinu niðri við gólf var glufa á netinu en þess er ekki getið hve stór hún var. Guðmundur heldur áfram:²⁹⁷

Við aðgætum gólfið. Yfir því liggur linoleumdukurinn. Samskeyti hans sýnast trygg og dúkurinn annars heill. Þá eru veggirnir. Þilið er einfalt, ómálað þil. Hvergi finnst grunsamleg samskeyti eða los á því. Við lítum eftir neglingunni. Hún sýnist traustleg og að öllu sem lög gera ráð fyrir. Á gaflveggnum er veggskápur með ýmsu dóti í. Við athugum hann, lokum hurðinni og lökkum fyrir og setjum innsigli á lakkið. Að lokum er loftið. Þiljurnar í því sýnast blátt áfram og negling þeirra. Þá er eftir að aðgæta ræðustólinn, stóla, borð og aðra fæina muni, sem eru inni á svæðinu. Við tökum hvern lauslegan hlut, skoðum hann í krók og kring, leitum eftir leynihólfum. Allt sýnist þetta svikalaust. Við hyggjum að síðustu að rifunum niðri við gólfið á veggjunum og annars staðar, þar sem mögulegt sýnist að fela í þræði, og sköfum með járninn inn í rifurnar, ef ekki sést vel inn í þær. Ekki finnst þræðirnir.

Nú tökum við borðið og aðra lauslega muni, sem staðið hafa svo nálægt miðlinum, að hann gæti náð til þeirra með höndum eða fótum.

Við flytjum þá 4–5 álnir burtu. Þá standa eftir einir 2 stólar á miðju auða svæðinu og ekkert lauslegt hjá þeim, sem miðill gæti náð í.



Prívíddarljósmynd af tilraunaherberginu sem sýnir netið sem einangraði Indriða frá fundarmönnum. Þetta voru einar af öryggisráðstöfununum sem prófessor Guðmundur Hannesson beitti til að útiloka möguleika á svindli. Borði og öðrum húsgögnum hefur verið velt um koll af ósýnilegum kröftum.

Eftir að Indriði og gæslumaður hans voru sestir innan við netið var glufunni í netinu lokað með bandi sem bundið var fyrir með hnút og endarnir innsiglaðir með innsigli sem Guðmundur geymdi í vasa sínum.

Þessi annar fundur sem Guðmundur sótti var svipaður þeim fyrsta, sami fjöldi fólks sat hann, stóri salurinn fullur og svipuð fyrirbæri komu fram. Haraldur Níelsson sem var gæslumaður miðilsins var hvað eftir annað spurður um stöðuna á Indriða, einkum þegar eitthvað var að gerast. Hann staðhæfði alltaf að hann héldi í aðra eða báðar hendur Indriða og að Indriði sæti kyrr. Einu sinni var kveikt á eldspýtu og þá sáu fundarmenn að miðillinn sat í sömu stellingu og gæslumaðurinn hafði lýst. Eitt atvik er sérstaklega áhugavert. Guðmundur segir frá:²⁹⁸

Allt í einu hrökkvum við við. Spiladósinn heyrir nú spila lag og hring-sóla í loftinu með miklum hraða!

Við spyrjum óðara gæzlumann [Harald], hvað miðillinn hafist að. Hann segir hann sitja kyrran og segist halda báðum höndum hans!

Ef gæzlumaður væri ekki „valinkunnur sómamaður“, segðum við hann hiklaust ljúga. Við getum alls ekki trúað því, að hann segi þetta vísvitandi ósatt. Ósjálfrátt dettur oss í hug: Er hann með öllum mjalla!

Það má til að vera laus maður inni á svæðinu, til þess að geta hreyft spiladósina þannig!

Nú skellur spiladósinn á borðið. Nú öskrar fyrri röddin gegnum lúðurinn, að ekki hafi sér orðið mikið fyrir að ná dósinni, þó lengra væri hún frá miðlinum en vant var. Hann er hróðugur og spyr okkur, hversu okkur líki frammistaðan.

Þá byrjaði „sami leikurinn og á fyrri fundi: Allir hreyfanlegir hlutir tryllast og þeytast um. Það er síst hljóðlátara en í fyrra tilvikinu“.²⁹⁹

Prófun á innsiglnum var gerð um leið og ljós voru kveikt í lok miðilsfundar. Hún leiddi í ljós að þau voru í lagi. Guðmundur og aðstoðarmaður hans fóru inn í lokaða rýmið og skoðuðu allt gaumgæfilega til að athuga hvort þeir sæju eitthvað sem gæti hugsanlega fært þeim skýringu á færslum hlutanna en fundu ekkert.

27. kafli

DR. GUÐMUNDUR GERIR ENN STRANGARI

ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

Á þriðja miðilsfundinum gerði Guðmundur Hannesson enn strangari öryggisráðstafanir. Enn á ný voru salurinn og sérhver hlutur þar vandlega athugaður frá gólfi til lofts.³⁰⁰

Nú er kappsamlega reynt að athuga hvern hlut sem nákvæmast og sjá sem flest fyrir. Salurinn er nú allur athugaður, hátt og lágt, bekkir, borð og hver smálegur hlutur. Það er eins og ekkert sé svo smálegt, að maður óttist ekki að það geti á einhvern hátt orðið svikurunum að vopni. Í aðra röndina finnur maður, að slík tortryggni er hálfhlægileg, en það stendur á sama. Betra að gera sig hlægilegan með of mikilli samvizeusemi en að gleyma einum hlut, sem verði síðan svikurunum að liði.

Þetta er heldur ekki gert að gamni sínu. Hér er barátta upp á líf og dauða fyrir heilbrigðri skynsemi, rötfastri sannfæringu sjálfs manns og öllum góðum öflum gegn örgustu hjátrú og hindurvitnum, draugagangi og vitfíring! Nei, nú má ekkert undan sleppa!

Við látum miðilinn fara úr fótunum og athugum þau. Gæzlumaður býður okkur að athuga sig. Dyrum er læst og þær innsiglaðar; svo og veggskápurinn. Í þetta sinn er rifunni á netinu ekki lokað. Við sitjum beint fyrir framan hana og getum gætt hennar.

Auk þess tilgreinir Guðmundur að dyrunum að salnum var læst og þær innsiglaðar, það er að segja báðum dyrum – þeim sem lágu inn í efnisgervingarherbergið og hinum sem lágu út í anddyrið. Aðeins fimm manns var leyft að sitja fundinn. Indriði Indriðason og gæslumaður hans sátu



Prófessor Haraldur Nielsson bjó á annarri hæð þessa húss að Mjóstræti 3 þar sem margir fundir með Indriða fóru fram. Þar sem húsgögn buldu á gólfinu urðu fundirnir svo háværir að aðrir leigjendur kvörtuðu og varð þá að flytja fundina.

fyrir innan netið á tveimur stólum. Guðmundur og aðstoðarmaður hans sátu fyrir utan og Einar H. Kvaran á milli þeirra. Hvorki söngur né tónlist voru leyfð svo að hugsanlegt fótatak, opnun gluggahlera og aðrar hreyfingar heyrðust frekar.

Eftirfarandi gerðist: Stjórnandi Indriða sagði að þetta gæti orðið óvenjulega hávaðasamur fundur þar sem einhverjir nýir, óboðnir „gestir“ („andar“) væru viðstaddir. Beinar raddir heyrðust þá bölvá.

Hlutum var fleygt til og frá af miklu afli. Rannsóknarmennirnir tveir kveiktu á eldspýtu og sáu gæslumanninn Harald Nielsson og Indriða í sömu stellingu og gæslumaðurinn hafði tilgreint þegar hlutunum var fleygt. Þeir sátu og Haraldur hélt í báðar hendur Indriða. Stóllinn var harkalega rifinn undan Indriða og fleygt út í horn. Það hljómaði eins og hann hefði brotnað. Haraldur reis á fætur til að styðja Indriða sem virtist

vera afar máttfarinn. Um leið var stól Haraldar fleygt burt. Guðmundur skýrir svo frá:³⁰¹

Gæzlumaður biður um að stólarnir séu fluttir til þeirra, svo að hann þurfi ekki að sleppa miðlinum. Ég býðst til þess að fara inn fyrir netið og sækja stólana. Eldspýtu er brugðið upp meðan ég kemst inn fyrir. Ég sé mennina tvo á miðju svæðinu og hvern hlut þar. Stóllinn liggur úti í horni. Ég skunda eftir honum og rata strax á hann, þó dimmt sé. Í sama vetfangi og ég sný mér við í horninu með stólinn, til þess að færa þeim félögum hann, er lamið allmikið högg í bakið á mér, að því er mér finnst með krepptum hnefa! Þarna í horninu var þó ekkert sýnilegt fyrir fáa sekúndum. Ég skunda tafarlaust með stólinn til mannanna og hitti þá á sama stað og fyrr.

Þegar spurt var sagði gæslumaðurinn að þeir hefðu staðið þarna allan tímann hreyfingarlausir. Þá sótti Guðmundur hinn stólinn og yfirgaf lokaða rýmið gegnum glufuna á netinu. Guðmundur heldur áfram:³⁰²

Skömmu síðar hrópar gæzlumaður og segir, að nú gráni gamanið, því miðli sé lyft upp í loftið, svo að fætur viti upp en höfuð niður, og haldi hann nú í báðar axlir hans. Við heyrum stympingar miklar og að leikurinn berst fram og aftur um gólfið. Gæzlumaður segir, að togað sé með svo miklu afli, að hann eigi fullerfitt með að láta ekki toga miðilinn af sér.

Eftir allanga stund linast takið, miðillinn sigur niður og gæzlumaður kemur honum á stólinn.

Þá töluðu sjálfstæðar raddir þeirra sem virtust vera „óboðnir gestir“ og sögðust vera farnir burt til að sækja sér meiri kraft. Þegar óboðnu gestirnir „komu aftur“ voru stólarnir sem gæslumaðurinn og Indriði sátu á hvað eftir annað þrífir undan þeim og að lokum mölbrotnir. Guðmundur heldur áfram:³⁰³

Allt í einu byrjar ókyrrðin á ný og fyrri raddirnar heyrast aftur. Stólunum er svipt undan miðli og gæzlumanni hvað eftir annað og að lokum eru þeir mölbrotnir. Miðlinum er lyft upp í loftið af svo miklu afli, að gæzlumaður segist hvað eftir annað nálega færast á loft. Þetta er samfara miklum stypingum og ryskingum, svo ekki er annað sýnna en að hjálpa verði gæzlumanni, sem stritast við að missa ekki miðilinn – upp í loftið!

Nú berst leikurinn að ræðustólnum. Allt í einu hrópar gæzlumaður, að nú sé í óefni komið, því fótum miðils sé allt í einu kippt ofan í ræðustólinn, svo að hann ríði á frambrún hans á bakinu neðanverðu. Hann óttast, að miðill þoli þetta ekki og slys hljótist af, er hann togi af alefli í axlirnar niður, en „hinir“ í fæturna.

Nú er að því komið að fara inn og skakka leikinn. Þá heyrast sviptingar miklar og gæzlumaður segir allt komið í lag. Hann hafi spyrnt öðrum fæti í ræðustólinn og getað kippt miðli fram af brúninni og niður á gólf. Nú hættir ókyrrðin.

Sjálfstæðar raddir heyrðust oft tala. Þær notuðu gróft málfar og hótuðu miðlinum. Á þessari stundu fóru óboðnu gestirnir skv. röddunum til að sækja sér meiri kraft. Gæslumaðurinn sagðist hafa krækt höndunum um mitti Indriða og þrýst handleggjum hans niður. Auk þess kvaðst hann klemma bæði hné Indriða þétt á milli hnjáanna á sjálfum sér. Guðmundur kveikti á eldspýtu og sá þá á ræðustólsþrepinu í þeirri stellingu sem lýst hafði verið.

Óboðnu gestirnir „komu aftur“ og ræðustólnum var velt einu sinni eða tvisvar og það hljómaði eins og allt mölbrotnaði.

Hræðilegt brothljóð heyrðist og þung bylta. Gæslumanninum og Indriða hafði verið kastað upp í loftið og þeir lent á gólfinu. Ræðustóllinn allur hafði verið losaður. Hann hafði verið smíðaður um leið og húsið og negldur vandlega við endavegginn. Efri hluti þrepanna upp að ræðustólnum var jafn vandlega negldur við ræðustólinn sjálfan en ekki eins vel festur við gólfíð. Gæslumaðurinn Haraldur Níelsson skýrir svo frá þessu atviki.³⁰⁴

Ég lenti í hræðilegum slagsmálum við tvær grófar verur en hélt á meðan handleggjum mínum um herðar miðilsins og hélt fótum hans föstum milli hnjána á mér. Þá rifnaði klæðningin upp af ræðustól sem stóð við vegginn innan netsins og var traustlega festur við gólfið með nöglum. Fjalirnar þeyttust í netið. Þess má geta að þetta fól í sér að rífa timbrið frá bæði veggjum og gólfi þar sem ræðustóllinn var rammlega festur við hvort tveggja. Eftir þetta var mér sjálfum fleygt upp í loftið ásamt miðlinum sem ég ríghélt enn í. Við lentum á gólfinu með þungum dynk. Afleiðingarnar voru bólgin hönd mín og lítill sjáanleg skeina á miðlinum sem hann fékk þegar hann féll niður á nagla.

Guðmundur fann eitthvað bunga út í gegnum netið nálægt gólfinu og fann að þetta var hornið á ræðustólnum. Hann greip í það með höndunum og skoraði á „drauginn“ að draga það til sín. „Éttu helvíti!“ svaraði rödd og ræðupúltið var dregið af miklu afli smáspöl eftir gólfinu. Guðmundur skýrir svo frá:³⁰⁵

Ég get ekki stillt mig um að senda draugsa eitthvert hnífilyrði aftur. Hann svarar því með því að henda glerbrotum og ópverra, sem lá á gólfinu, framan í mig. Þessu var hent úr annarri átt en gæzlumaður og miðill var í, innan af auða svæðinu. Þeir lágu á gólfinu við fætur mína. Hver þremillinn var það svo, sem kastaði þessu?

Gæslumaðurinn lá á gólfinu en náði taki í einn af borðfótunum með annarri hendi en hélt hinni fast utan um Indriða. Borðið lyftist allt í einu og fóturinn var snúinn út úr hönd gæslumannsins. Borðið lenti síðan öfugt á gólfinu við hlið þeirra með miklu braki. Eftir þetta hættu truflanirnar.

Þegar ljósin höfðu verið kveikt sáu fundarmenn brakið af ræðustólnum liggja brotið á gólfinu og gólffjalirnar ómálaðar þar sem hann hafði staðið. Brot úr brotnum stólum, glerbrot úr vatnsflösku sem hafði staðið á hillu fyrir ofan ræðupúltið og aðrir hlutir lágu á víð og dreif á gólfinu. Guðmundur segir svo frá:³⁰⁶

Við stingum upp á að taka ljósmynd af öllum þessum frágangi og látum því allt óhreyft. Jafnframt notum við tækifærið til að athuga ræðustólinn og gólfið undir honum, því stóllinn sýndist líklegastur allra hluta, að í honum kynnu einhver svik að vera fólgin. Því miður sést ekki neitt nema það, að þar gat ekkert falizt, enginn skapaður hlutur. Við hyggjum að neglingunni. Hún sýnist hafa verið vel traust.

...

Við veltum hverju smáatriði fyrir okkur. Við sjáum ljóslega, að engin leið er til að skýra lyftingu miðils með taugum ofan úr loftinu.

Annars vegar má segja að aðalveikleiki þessarar skýrslu sé myrkrið og að Guðmundur hafi því í raun ekki verið „vitni“ að þessum hlufærslum og lyftingu. Hins vegar hafði Haraldur Níelsson á þessum tíma tandurhreint orðspor sem prófessor við Háskóla Íslands, auk þess sem hann var mjög virtur prestur. Haraldur Níelsson var og er álitinn einn mesti guðfræðingur og predikari sem Ísland hefur átt. Það virðist því afar ólíklegt að hann hafi vitnað um eitthvað annað en það sem hann upplifði. Guðmundur Hannesson endar skýrslu sína um fyrirbæri Indriða með eftirfarandi yfirlýsingu:³⁰⁷

Að endingu verð ég þó að geta þess, að þrátt fyrir fjölda athugana varð ég aldrei þess var, að gæzlumaður sá, sem fyrr er drepíð á, og jafnaðarlegast hafði gætur á miðlinum [Haraldur Níelsson], hefði nein brögð í frammi. Þvert á móti voru allar athuganir hans keipréttar og glöggar, þar sem ég gat dæmt um. Aðeins í eitt sinn varð ég var við dálítinn afsakanlegan misskilning, sem stafaði af myrkrinu. Maður þessi hefur öllum framar haft óvenjulega gott tækifæri til þess að kynnast fyrirbrigðunum, svo gott, að hann hefði hlotið að vera meira en blindur, til þess að láta sífellt leika á sig. Dómur hans um fyrirbrigðin er sá, að enginn minnsti vafi geti verið um virkileik þeirra. Og hann er maður sannorður og vel metinn af öllum.

Lyfting mannglegra líkama hefur stundum komið fyrir á miðilsfundum ýmissa frægra miðla en frásagnir af slíkum fyrirbærum oft valdið miklum deilum. Oft hefur verið vísað til og vitnað í sögulega lyftingu Daniels Dunglas Home í fræðiskrifum um dulsálfræði. Daninn Einer Nielsen sást einnig lyftast eins og áður hefur verið greint frá. Einna einkennilegustu dæmin um skráða lyftingu eru frá St. Joseph of Copertino (1603–1663). Lyfting hans og flug um nokkra vegalengd voru skráð í nærri eitt hundrað sérstökum tilvikum við margs konar aðstæður.³⁰⁸ Lyftingu Indriða verður að skoða sem mikilvæga viðbót við þessar frásagnir þar sem margir urðu vitni að henni og hún gerðist bæði á miðilsfundum og skyndilega utan þeirra eins og lýst er í þessari bók.

28. kafli

MIÐILSFUNDUR Á HEIMILI DR. GUÐMUNDAR

Uppgötvast hafa hjá afkomendum Guðmundar Hannessonar óbirtar handskrifaðar glósur sem lýsa nokkrum miðilsfundum heima hjá honum.³⁰⁹ Sá markverðasti þeirra var haldinn 12. desember 1908. Viðstaddir voru Indriði Indriðason, Einar H. Kvaran, Björn Ólafsson, Guðmundur, Haraldur Nielsson og Karólína Ísleifsdóttir (1871–1927), eiginkona Guðmundar sem hafði lýst yfir vantrú sinni á þessum uppákomum. Lýsingin á fyrirbærunum var skráð með handskrift í myrkrinu og uppkastið endurskrifað næsta morgun. Þetta er greinilega nákvæmari frásögn af miðilsfundinum sem Guðmundur lýsti í grein sinni í *Norðurlandi*³¹⁰ og í *Journal of the American Society for Psychical Research*³¹¹ en hvorug þeirra nefnir ýmsar mikilvægar öryggisráðstafanir sem hann gerði.



Dr. Guðmundur Hannesson (1866–1946) var mikill efasemdarmaður en gerði vandaða rannsókn á miðilshæfileikum Indriða veturinn 1908–1909 með ströngum öryggisráðstöfunum. Hann var vel metinn vísindamaður, prófessor í læknisfræði og tvisvar rektor (forseti) Háskóla Íslands.

Þessi fundur var haldinn í nýbyggðu húsi Guðmundar til að koma í veg fyrir hugsanleg svik vitorðsmanna og búnað sem kynni að hafa verið falinn í Tilraunahúsinu. Guðmundur hafði þó skýrt frá því að hann væri sannfærður um að þar væru engar leynidyr eða önnur vélabrögð.³¹² Indriði hafði aldrei komið í þetta hús, staðfesti Guðmundur. Herbergið var valið af Guðmundi aðeins 30 mínútum áður en fundurinn hófst. Fyrir fundinn færðu Guðmundur og eiginkona hans sem bjuggu ein í húsinu alla lausa muni í eitt horn herbergisins og fullvissuðu sig um að þeir væru utan seilingar allra. Gluggatjöldin voru fjarlægð og gluggarnir huldur með teppum.

Þegar fundarmenn mættu var Indriði afklæddur í góðri birtu í viðurvist Guðmundar og settur í fót sem Guðmundur lét hann fá. Einu fótin sem hann fékk eftir þessa skoðun voru sokkar sem hafði verið snúið við, hálsklútur úr silki og axlabönd. Hár Indriða var rannsakað. Gæslumaðurinn, Haraldur Nielsson, var einnig rannsakaður en ekki sagt hvernig. Dyrum var læst og þær innsiglaðar. „Utan um líkama Indriða var saumaður sterkur strengur“ sem var festur „tryggilega við jakkann“ sem hann var í. Framhlið jakkans var saumuð saman. Gæslumaðurinn átti að „halda í strenginn“ (líklega endann af strengnum um miðilinn). Væri strengurinn ekki losaður og ekki dreginn lengra út en hnén gátu teygt sig gat Indriði ekki náð í neitt nema stólinn sinn og stól gæslumannsins.

Sjálflýsandi borði var settur á axlir Haraldar. Til að auðveldara væri að fylgjast með hreyfingum miðilsins var Indriði látinn sitja í tágastól sem brakaði í við minnstu hreyfingu. Kveikt var á rauðum „ljósmyndalampa“ og slökkt á öðrum ljósum og miðilsfundurinn hófst kl. 8:45 e.h. Eftirfarandi gerðist.³¹³

... Mjög góð þögn í fundarbyrjun. Konráð [aðalstjórnandi Indriða] heilsaði okkur og var ánægður með aðstæður. [Andinn] Jón skipaði svo fyrir að rauða ljósið skyldi slökkt (talaði óháð Indriða [bein rödd]) en ekki fyrr en eldspýtustokki hefði verið fleygt.

Eldspýtustokki fleygt. Kl. 8:57 eldspýtustokki fleygt á borðið hjá okkur. H.N. [Haraldur Nielsson] taldi hann hafa verið í vasa sínum en

hafði ekki tekið eftir að hann hefði verið fjarlægður þaðan. Eftir þetta ekkert ljós og því ekki hægt að fylgjast með tímanum.

Hönd greip í H [Harald]. Að því er hann sagði [greip höndin í hann] frá hægri (miðillinn hinum megin). Hann sá handlegg fara framhjá glugganum þar sem örlítið ljós lýsti í gegnum rifu á teppinu fyrir glugganum.

Nef H.N. snert. – Nef H.N. snert af handlegg. Aðeins haldið í aðra hönd miðilsins þá stundina. Hin var sögð hvíla hreyfingarlaus á stólbaki.

Óskýrt bank í norðurhluta stofunnar, langt í burtu frá miðli.

Niður við gólf heyrist rödd segja: „Þegiðu!“ [á íslensku]. Stóll miðils lyftist örlítið á sama tíma (H.N.).

Togað í taugina [líklega sú sem Haraldur hélt í] en gæslumaðurinn [Haraldur] segir að miðillinn hafi ekki hreyft sig.

Skömmu síðar H.N. sleginn (frá hægri?).

Tvisvar togað í skegg H.N. Togað í handarbak [Haraldar] án þess að hann hafi tekið eftir að miðillinn gerði það. Fundið fyrir hönd eða fingri á miðjum streng.

H.N. skilur óskýra setningu [á ensku] sem „hold mouth“. Rödd óháð miðli. H.N. er leiðréttur af sömu rödd [á íslensku]: Bólvaður bjáni ertu að segja ekki „hold your tongue“ [á ensku].

H.N. fann að hægri kinn hans var snert á meðan hann hélt báðum höndum miðils.

Hálsklút miðils fleygt á borðið hjá okkur. [Hann] var um háls miðils.

Fundið fyrir hönd á enni H.N. Annarri hönd miðils haldið.

H.N. finnur að fótur snertir hörund sitt fyrir neðan hné. Hann er fullviss um miðil á þeirri stundu.

Miðli lyft. [Þannig að] mjaðmir hans [voru] í sömu hæð og herðar H.N. sem sat. Hnén [líklega á Haraldi] ýtt upp þannig að þau hæfa afturenda Indriða.

Greinilegt bank í norðurhlið stofunnar lengra frá miðli, um það bil yfir matarborðinu. Færðist lárétt nær og nær.

Veik kvenrödd segir: „Ég er að tala við bróður minn – Guðmund bróður minn – ég hef mjög lítinn kraft.“ Röddin greinilega sjálfstæð frá miðli. Samtal með banki á norðurvegginn reynt en gengur heldur

illa. Þó svöruðu [högginn] greinilega nokkrum sinnum og bankið heyrðist auðveldlega í nokkurri fjarlægð frá miðli.

Rödd segir lágrí röddu „Bless“ [á íslensku].

Draugaröddin sem hefur verið að trufla fyrri fundi segir [á íslensku]: „Haltu kjafti, beljan þín!“ Nú sést sjálflýsandi stjarnan ekki lengur. Á meðan hún lýsti var greinilegt að H.N. sat kyrr.

Brauðmola fleygt til mín. Ekki vitað hvaðan.

Blístrað upp við loft.

Norskur maður (læknirinn) talar mjög skýrt óháður miðli.

H.N. verður tvisvar fyrir sterkum vindgusti, sem heyrðist. Hann staðhæfir að það sé ekki frá miðlinum.

Framangreint er byggt á glósum mínum í myrkrinu. Mikil samtöl ekki skrifuð niður. Á þessum tíma var miðillinn orðinn eirðarlaus og það fannst að hann lyftist [líklega Haraldur sem fann það]. Stólar H. og miðils ultu um koll. Með leyfi [líklega stjórnendanna] færði ég [G.H.] stól minn að hinni hlið miðilsins og reisti upp [hina tvo] stólana. Miðillinn er þá lokaður inni í horni stofunnar milli mín og H.N.

Hvorugur þeirra færðist til. Stól miðils lyfti fáeinum sinnum en ekki með nægilegum krafti þannig að ekki væri hægt að halda honum niðri með annarri hendi. Stóllinn virtist eins og sprikla eða vera lifandi þegar honum var haldið. Miðillinn var reistur upp og H.N. taldi hann hafa verið dreginn upp á hárinu. Hann lyftist þó ekki frá gólfi. Ég fann ekkert á höfði hans þegar ég þreifði á því.

Ég heyrði oft ótrúlega greinilegt tal óháð miðlinum mjög nærri mér, aðallega bölbænir og blót truflandi gestsins. Oftast komu raddirnar úr horninu fyrir aftan miðilinn eða norðan við hann. Tvisvar öskraði einhver allt í einu og mjög hátt í um það bil lófafjarlægð frá höfðinu á mér svo að ég hrökk við og sló ósjálfrátt í áttina að röddinni en fann ekki að hnefinn á mér kæmi við neitt.

Í eitt skiptið var vindi blásið mjög greinilega framan í mig og mér fannst það koma langt frá höfði miðils (u.þ.b. 1 alin [um 62,7 sm]) og úr annarri átt. Á meðan var miðillinn að tala (Sigmundur [framliðinn stjórnandi]) og ég heyrði í gæslumanninum [Haraldi] hinum megin.

Fyrir utan framangreint gerðist ekkert markvert. Á eftir, þegar húsið og taugin um miðilinn voru athuguð fannst ekkert grunsamlegt. Þetta er skrifað að morgni 13/12 [13. desember 1908], byggt á glósum.

Guðm. Hannes.

Skemmd eða skrap [sem sást á veggnum] eftir stól miðilsins í horninu leiðir líkur að því að stólnum hafi verið lyft að minnsta kosti 35 sm.

Kvenröddin nefndi „sönnur um tilvist“.

Norski læknirinn talaði um að þarna væri „god, passiv stemming“ [norska, merkir „gott, óvirkt andrúmsloft“].

Í eitt skiptið var eitthvað sagt ógreinilega. Það virtist vera á ensku. H.N. sagðist halda að það væru „Hold your mouth“. Um leið sagði rödd truflandi manns, langt fjarri: - Bölvaður bjáni ertu að vita ekki að maður segir „Hold your tongue“!

Í skýrslu sinni skýrði Guðmundur þannig frá atviki þegar blásið var framan í hann:³¹⁴

Þegar ég hef setið þarna hjá miðlinum nokkra stund, er blásið framan í mig allfast, svo glögglega heyrðist um allt herbergið. Meðan blásið var, talaði miðillinn óslitið án þess að nokkur stanz yrði á. Með munninum gat hann því ekki blásið og mér var ókunnugt um, að hann eða gæzlumaður hefðu nein áhöld til að blása þannig. Auk þess sneri andlit hans frá mér og höndum hans var haldið, en höfuð gæzlumanns var í annarri átt en þeirri sem blástur þessi kom úr. Hinir sem viðstaddir voru sátu allfjarri í öðrum enda stofunnar, og þar sat aðeins formaðurinn [Einar H. Kvaran] milli tveggja vantrúaðra. Það sýndist því óskiljanlegt, hver gat blásið þannig.


Rétt á eftir talar annar þeirra kumpána einhver ókvæðisorð, að mér heyrir, fast við andlit mér. Ég rek hnefann af alefli út í loftið og hyggst að gefa honum duglegt kjaftshögg, en - gríp í tómt, eins og vant var.

29. kafli

SÍÐUSTU TVEIR MIÐILSFUNDIRNIR MEÐ INDRÍÐA

Til eru frásagnir af tveimur miðilsfundum sem Guðmundur Hannesson birti í *Morgni*.³¹⁵ Báðar lýsa vel nákvæmni hans í rannsóknaraðferðum. Hér verður lýst fundi sem haldinn var 8. júní 1909. Stuttu áður en fundur hófst kannaði Guðmundur netið til að fullvissa sig um að það væri óskemmt og öruggt. Glufan var saumuð saman og Björn Kristjánsson (1858–1939) og Gísli Pétursson innsigliðu endana saman. Fyrir innan netið sátu, ásamt Indriða, þeir Skafti Brynjólfsson og Haraldur Níelsson til að gæta miðilsins en einnig Gísli og Guðmundur sem sátu þar til að glósa hjá sér hreyfingar ýmissa búta af sjálflýsandi borðanum, ef þeir hreyfðust. Hlutum var komið fyrir eins og sést á mynd á bls. 187. Lúðri var komið fyrir inni í ræðustólnum (dyr X). Þar var einnig opið umslag sem á var límdur sjálflýsandi borði. Á stóra borðinu lá lúðurinn og sítarinn sem 10 sm búi af sjálflýsandi borðanum var festur við. Á litla borðinu (númer 8) voru fáeinar pappírsarkir og blýantur. Guðmundur og Gísli athuguðu hvort eitthvað hefði verið skrifað á arkirnar og merktu tvö efstu blöðin með því að rífa af þeim horn. Lokaða rýmið innan við netið var kannað og rannsakað af Guðmundi og Gísla sem fundu ekkert nýtt eða tortryggilegt. Eftirfarandi fyrirbærum var lýst af Guðmundi:³¹⁶

1. Þegar fundarmenn sungu í byrjun fundar, heyrði Guðmundur kvenrödd sem tók undir með þeim eftir að Indriði féll í trans. Röddin virtist eiga upptök sín innan lokaða rýmisins.



Staðsetning hluta og fundarmanna á miðilsfundi dr. Guðmundar Hannessonar með Indriða þann 8. júní 1909 í stóra salnum í Tilraunahúsinu (Teikning úr grein Guðmundar Hannessonar, 1924a, 226). Skýringar hans (þýddar):

a Ræðustóllinn (óhreyfanlegur, þar sem hann hafði verið negldur við vegginn).

b Netið

c Skápurinn (lokaður en ekki læstur)

d áhorfendasvæði

e harmonium-orgel

1 sæti Indriða Indriðasonar

2 sæti Haraldar Nielssonar

3 sæti Skafta Brynjólfssonar

4 sæti Gísla Péturssonar

5 sæti Guðmundar Hannessonar

6 stóra borðið

7 stóri lúðurinn á grind

8 litla borðið með skriffærum á

Br. sæti Gróu Brynjólfsson

E.H. sæti Einars H. Kvaran

B.Kr. sæti Björns Kristjánssonar

2. Síturnum var margsinnis lyft. Hann sást fljúga á misjöfnum hraða í ýmsar áttir (sýnt með sjálflýsandi borða). Það er enginn vafi á að sumar hreyfingarnar voru svo fjarri Indriða að hann gat ekki hafa náð til þeirra.
3. Snert var á strengjum sítersins og leikið smávegis á hljóðfærið nokkrum sinnum, bæði þegar það var á hreyfingu í loftinu og þegar það lá á borðinu. Einu sinni snerti sítarinn létt ennið á Skafta Brynjólfssyni. Á þeirri stundu hélt Haraldur í hægri hönd Indriða. Skafti taldi útilokað fyrir Indriða að teygja sig svo langt með vinstri hendi.
4. Sjálflýsandi borðinn var greinilega tekinn af síturnum og færður til í lausu lofti. Vinstra megin náði það lengst um það bil einn og hálfan til tvo metra frá Indriða (Björn Kristjánsson sat á þriðja bekk hægra megin í salnum, rétt við ganginn í miðjunni. Hann sá blikði af sjálflýsandi borðanum ná sem svarar að hægri hliði sér, ef ekki lengra). Hægra megin náði það ekki lengra en beint fyrir framan Skafta. Kona hans er sammála honum um það. Fram á við náði blikði að netinu og féll þá niður úr nærri 2 metra hæð en var tekið upp aftur. Síðan fór það alveg að veggnum um það bil 30 sm fyrir ofan ræðustólinn, nærri höfðum Skafta og Haraldar. Á meðan á þessum flutningum stóð hélt Haraldur traustu taki í annan handlegg Indriða. Ekki var fylgst með fótum hans.
5. Guðmundur skýrir svo frá um sjálflýsandi borðann³¹⁷:

Ljósband var síðar tekið af citarnum og flutt um í loftinu. Til hægri komst það aldrei lengra en fram undan Sk. Br. Til vinstri eitthvað 3 álnir frá miðli (Bj. Kristjánsson sat fremstur á 3. bekk hægra megin í salnum rétt hjá miðgangi. Hann sá ljósið komast „til muna“ til hægri við sig) eða lengra.* Fram á við komst það nærfelt að netinu. Féll þar eitt sinn niður á gólf úr ca. 3ja álna hæð og var svo tekið upp aftur. Fast upp að gaflþili fór það ca. 1 fet yfir

* Ljósband aldrei lengra til hægri en beint fram undan Sk. Br. Frú Br. samdóma. H. N. álitur, að bandið hafi komist hægra megin við og fram undan Skafta, eða heldur þó hægra megin við hann. B. Kr. sat á bekkenda (3. bekk) til hægri rétt við gang. — Sá ljósband til muna til hægri. - GH

ræðustól rétt yfir höfðum Sk. Br. og H. N.* Meðan þessir flutningar fóru fram, var ætíð haldið annari hendi miðils (H. N.), stundum báðum. Fætur ekki aðgættir. Þegar ljósbandið var flutt fram að neti, sást (Einar Hjörleifsson, Gróa Brynjólfsson) dökt bil á miðju bandinu, sem haldið væri um það með 2 fingrum. Eitt sinn vakti það í loftinu, rétt fyrir framan andlit H. N. og var þá ýmist beygt eða rétt (_ —). Innan í bugðunni sá H. N. 2 fingur með holdslit. Á meðan hélt hann báðum höndum miðils†. Þegar bandið var flutt, sást oft, að eitthvað ógagnsætt bar fyrir það og huldi það frá einni hlið í senn um stund. Bandinu var að lokum kastað yfir til G. P., rétt hjá fótum hans.

6. Endinn á stóra borðinu lengst frá Indriða dansaði og hreyfðist í stuttum kippum í áttina að netinu og síðan til hægri nær Guðmundi og að lokum valt það á hliðina. Skafti hélt traustataki í endann fjærst Indriða en það dansaði samt. Indriði sat við hinn endann á borðinu og Haraldur hélt hægri handlegg hans.
7. Stóri lúðurinn og járnstandurinn fylgdi borðinu eftir frá vinstri [eystri] hluta salarins innan netsins til þess vestari og endaði austan við borðið.
8. Litla borðið fór um koll og sneri fótum upp, líklega af völdum stóra borðsins og lúðursins.
9. Stuttu áður en stóra borðið færðist heyrðist brak í ræðustólnum eins og eitthvað togaði í hann af krafti.
10. Stól Indriða var fleygt yfir gólfíð í áttina til Gísla Péturssonar.

* Ekki hærra upp á þilið frá Sk. Br. að sjá en nálægt feti yfir ræðustól. - GH

† Sk. Br. veit ekki með vissu um hendur miðils, þegar bandið var beygt og rétt í loftinu. Sá glögt dökk bil á því, eins og utan um það væri haldið. H. N. heldur áreiðanlega báðum höndum miðils og finnur annað hné hans, meðan bandið var beygt og rétt í loftinu. Síðar sama; annari hendi miðils þá klappað, svo heyrðist um alt, ofan á hönd H. N. H. N. segist hafa séð 2 bleikleita holdslita fingur á bandinu innan í beygjunni, þegar bandið var næst honum svífandi í loftinu, litlu hærra en augu hans sjálfs. Hélt þá báðum höndum miðils. Skafti segist hafa séð dökt bil á bandinu, frú hans líka, en ekki greint fingur. - GH

Guðmundur Hannesson skýrir einnig frá fyrirbærum sem gerðust eftir að fundi lauk og flestir fundarmenn voru farnir:³¹⁸

1. Púltið (neglt fast) rífið af ræðustól með allmiklu braki. Fleygt fram á gólf. Meðan þetta gjörðist var *báðum* höndum miðils haldið (H. N. einn eða öllu heldur Sk. Br. og H. N.)^{*}
2. Konvoluttan með lýsandi bandinu kom upp úr ræðustól skyndilega, fór nokkru hærra upp í loftið, svo fram undir net, þaðan í boga vestur undir vegg og féll þar niður. Hún var *hálfrök* að finna, límið *blautt* (rakt), þó opin sem fyr, er hún var látin í ræðustólinn. Sk. Br. og H. N. fullyrða, að miðill hafi ekkert tækifæri haft til að fara inn í ræðustól og taka hana. Óvíst, hvort höndum var haldið.[†]
3. Meðan miðillinn stóð milli hnjáanna á H. N. og báðum höndum hans var haldið, tók *netið* úti undir harmóníinu til að *hristast mjög ákaft*. G. H. fanst sjálft harmóníið skjálfa, svo sem þaðan kæmi hristingurinn. Endurtekið margsinnis.[‡]
4. Innan *úr veggskáp fluttust ýmsir hlutir fram á gólf*. Sk. Br., sem næstur sat skápnum (hurð stíf og heyrir vel, ef opnuð er), gat alls ekki orðið þess var, að hurðin væri opnuð eða henni lokað. Heldur

^{*} Meðan *púlti* var *fleygt*: Miðli haldið, en óvíst, hvort báðir héldu eða H. N. einn. Sk. Brynjólfsson fullyrðir, að með höndunum hafi hann alls ekki náð í púltið. H. N.: Hélt einn báðum höndum. Máske Skafti annari. En fullviss um, að báðum höndum var haldið. - GH

[†] Meðan *konvoluttan sveif*. Sk. Br. sá hana fyrst fram undan til vinstri, fanst hún fram við net, svífa upp með því og í boga út að glugga (og nær gaffli). Man ekki um miðil annað en að hann stóð á gólfinu. H. N. segir, að miðill hafi staðið nærri fótum sér. Man ekki annað. Þorir að fullyrða, að miðill hafi ekki gengið að dyrum ræðustóls. - GH

[‡] Meðan *netið hristist*. Miðillinn stundum milli hnjáanna á H. N., sem sat á bekknum í horninu (þ. e. ræðustólshorninu), stundum héldu H. N. og Skafti sinn í hvora hönd. Aðeins venjulegur skjálfti fanst á líkamanum (þ. e. miðilsins), en engin sterkari hreyfing. H. N.: Fyrst stóð miðillinn laus fyrir framan hné mér, en nærri; svo tók ég í aðra hönd hans, og hann stóð milli fóta minna. Svo þegar frekar var veitt eftirtekt hristingnum, var haldið um báðar hendur miðilsins — man ekki, hvort ekki Skafti hélt stundum annari. - GH

ekki aðrir. Miðill sagði, að þessir hlutir hefðu verið fluttir gegnum heilt.*

Guðmundur skrifaði skýrslu sína á grundvelli uppkasts sem skrifað var á fundinum og í samræmi við staðhæfingar Skafta Brynjólfssonar, Haraldar Níelssonar og Björns Kristjánssonar en viðtöl voru tekin við þá hvern í sínu lagi morguninn eftir. Þeir höfðu ekki haft nein tæk á að tala sig saman eftir fundinn. Þessi skýrsla var vottuð af Skafta og Gróu Brynjólfsson, eiginkonu hans.

Síðasti miðilsfundur dr. Guðmundar

Guðmundur Hannesson sótti fjölmarga fundi með Indriða veturinn 1908–1909. Síðasti fundurinn sem hann gefur skýrslu um var haldinn 11. júní 1909.³¹⁹ Undirbúningurinn var sá sami og á fundinum 8. júní. Guðmundur rannsakaði netið og allan salinn í fullri birtu og öll húsgögn innan við netið en fann ekkert grunsamlegt. Dyrnar inn í salinn og að veggskápnum voru læstar og innsiglaðar.

Gísli Pétursson sat í sæti Skafta Brynjólfssonar sem annar gæslumannanna og Skafti sat í sæti Gísla á bekknum við vesturhlið salarins. Einar H. Kvaran sat á stól sem settur hafði verið upp á stórt borð fyrir framan netið í miðjum salnum til að fylgjast með hve hátt hlutirnir (með sjálflýsandi borða) færu. Ari Jónsson sat á fremsta bekk einu eða tveimur sætum frá austurveggnum til að aðgæta hve langt í austur hlutirnir færu. Björn Kristjánsson sat á öðrum bekk á öðru sæti frá ganginum í miðjunni til að gá hve langt til vesturs hlutirnir færu. Skafti átti að athuga hve langt í suður þeir færu og Guðmundur hve langt í norður í átt að netinu.

* Sk. Br. þorir ekki að fullyrða nema að miðillinn hafi getað gengið að skápnum og opnað hann, ef það hefði verið gjört mjög hljóðlega, en ekki, ef hurðin var svo stíf sem síðan virtist, og blátt áfram opnað. - GH

Fundurinn fór fram í myrkri. Guðmundur segir orðrétt um mælingarnar á hreyfingum sítersins:³²⁰

Citarinn með ljósbandinu hreyfðist hvað eftir annað í ýmsar áttir og eftir margvíslegum, bognum, hlykkjóttum og beinum brautum í allar rúmsins áttir. Stundum hægt, stundum næstum leifturhratt. Hann komst „mikið“ herra en augu E. H. um 3 1/4 alin., líklega upp að lofti því sem næst, til vinstri við Ara J. (út að austurhlið nærfelt að þiljum), til hægri lengst fram undan B. Kr. (freklega vestur fyrir ræðustól). Eitt sinn komst ljósbandið til vinstri við G. H. (nærfelt fram að neti), í annað sinn „vitund“ til hægri við S. Br.

Citarinn hreyfðist því fram undir net, nærfelt að austurvegg, ekki alveg að gaffli (1—1 1/2 al. vantar á að líkindum), eitthvað dálítið vestur fyrir ræðustól og nærfelt fast upp að lofti.

Meðan citarinn hreyfðist, var hægri hönd miðils alt af haldið, oftast af bæði G. P. og H. N. Miðill stóð aldrei upp. Stundum var báðum höndum haldið, meðan citarinn var á lofti (af bæði G.P. og H.N.).

Á citar var spilað lítið eitt bæði meðan hann var allhátt í lofti (ca. 3 ál.) og líka meðan hann lá á gólfi.

Að citarinn hreyfðist sást af þessu:

1. Hann hvarf af borðinu.
2. Spilað á hann og heyrðist hljóðið þaðan sem ljósband sást.
3. Að eitt sinn kom hann frá hægri hlið (er fjær var miðli) að G. P. og snerti munn hans, í annað sinn við handlegg hans.

Ýmis önnur fyrirbæri gerðust á þessum miðilsfundi, þar á meðal áhuga-verðar hreyfingar borðs:³²¹

Stóra borðið hreyfðist fram á gólf, svo, að virtist, upp á ræðustól. Var sem því væri slegið fast ofan á hann oftar. ...

Meðan borðið hreyfðist, héldu bæði G. P. og H. N. báðum höndum miðils. G. P. hélt auk þess báðum hnám hans milli sinna og höfuð miðils hvíldi á enni G. P.

Meðan borðið var á hreyfingu, var eitt sinn sem afar fast væri tekið í *ræðustól* og *hann hristur* svo að brakaði í.

Við lok fundarins heyrðist bank. Guðmundur sendi einn af aðstoðarmönnum sínum út fyrir Tilraunahúsið til að gá hvort einhver fyrir utan væri að berja húsið að utan. Engan var að sjá. Innisiglið á netinu var ósnert eftir fundinn. Guðmundur skrifaði skýrslu sína 12. til 13. júní eftir uppkasti sem hann skrifaði á fundinum þegar fyrirbærin voru að gerast og að nokkru leyti eftir minni. Hún var vottuð og undirrituð af Skafta Brynjólfssyni og eiginkonu hans, Gróu Brynjólfsson.

Þannig hélt þetta áfram á miðilsfundunum í Tilraunafélaginu. Lýsingar Guðmundar Hannessonar líkjast lýsingum Williams Crookes í því að leggja mesta áherslu á efnislegu fyrirbærin og vera fremur gagnorð. Hins vegar voru fundargerðabækurnar sem að mestu voru skrifaðar af Haraldi Nielssyni nauðalíkar skýrslum jarlsins af Dunraven. Þeir lýstu fleiri skilaboðum, því sem sagt var og því sem skipti máli varðandi spurninguna um líf eftir dauðann og uppruna framliðnu þátttakendanna. Þessir menn höfðu gjörólíka nálgun.

30. kafli

NIÐURSTÖÐUR DR. GUÐMUNDAR

Guðmundur Hannesson lagði sig sérstaklega fram um að rannsaka óskiljanlegar hreyfingar hluta sem oft báru við. Hann pantaði frá útlöndum sjálflýsandi borða sem glóði vel í myrkri enda var ekkert slíkt til í landinu þá. Hann setti borðann meðal annars á sítar til að geta skoðað hvernig hann hreyfðist.³²²

Mér hnykkti við, þegar zítarinn fór af stað! Hreyfingin var öll önnur en mér hafði komið til hugar, og engu líkari, en þegar börn leika sér að kasta sólargeisla með spegli innan um herbergi. Hinn lýsandi blettur hvarf úr einu horni í annað, leifturhratt, stóð þess á milli nálega kyrr, leið svo með mjög mismunandi hraða í ýmsar áttir, stundum eftir beinum línunum, stundum bognum, stundum sknúflínum, leiftraði svo aftur sitt á hvað, alllangan veg, svo mörgum álnum skipti, að því er séð varð í myrkrinu. Þetta endurtókst hvað eftir annað í nokkrar mínútur. Að lokum skall zítarinn aftur á borðið. Lýsandi bletturinn sást á sama stað og fyrr.

Guðmundur þekkti vel til allskyns úrræða sem töframenn notuðu til að gera alls kyns brögð. Hann gerði sérstakar varúðarráðstafanir til að fullvissa sig um að hvorki Indriði né gæslumaðurinn sætu nægilega nærri hlutunum til að geta hreyft þá.³²³

Maður varð að tryggja sér: að miðill gæti ekki hreyft hlutina, ekki gæzlumaður, ekki aðstoðarmaður utan húss eða innan. Tvö fyrri atriðin reyndi ég að fá fulla vissu um, með því að sitja hjá miðli eða

gæzlumanni, hið síðara með því að athuga herbergið vandlega og útiloka það að aðrir kæmust að.

Í að minnsta kosti 20 skipti sat Guðmundur einn með miðlinum og gæslumanni hans innan netsins á miðilsfundum. Þá gat hann sjálfur fullvissað sig um að þeir hefðu ekki getið valdið hreyfingu hlutanna. Hann gætti þeirra mjög vandlega (hélt í hendur þeirra og fætur) þegar hinir ýmsu hlutir voru á hreyfingu. Um þetta atriði var ályktun Guðmundar skýr:³²⁴

Hvað eftir annað gekk ég úr skugga um, að *hvorugur þeirra* gat hreyft hlutina, hvorki beinlínis eða óbeinlínis. Ég álit, að þetta sé engum vafa undirorpið.

Guðmundur rannsakaði salinn, Indriða sjálfan og gæslumann. Hann staðhæfði að það væri varla nokkur möguleiki fyrir neinn að hreyfa hlutina á þann hátt sem þeir sáuust hreyfast.³²⁵

Margsinnis sá ég engan minnsta möguleika til þess, að nokkur maður yfirleitt hreyfði þá, hvorki utan húss eða innan. Ég er þó kunnugur ýmsum brellum, sem loddarar nota til þess að líkja eftir fyrirbrigðunum. Hreyfingarnar voru oft þess eðlis, að geysitorvelt var að koma prettum við, t. d. að taka hljóðfæri (zithar), sveifla því í loftinu með miklum hraða og leika jafnframt á það. Þetta vildi oft til, þegar ég hélt um hendur miðils og gæzlumanns, og engin leið sýndist opin fyrir nokkurn mann til þess að komast inn fyrir netið.

Stundum þurfti svo mikið afl til að framkvæma hreyfingarnar að ekkert gæti hugsanlega skýrt þær nema hugsanlega að „fílsterkur“ karlmaður hefði getað hreyft sig frjálst innan svæðisins sem afmarkað var af neti.³²⁶ Tvær röksemdir mæla gegn þessu:

1. Enginn aðgangur virtist mögulegur að lokaða rýminu.
2. Ljós var oft kveikt með svo stuttum fyrirvara að vitorðsmaður hefði ekki haft neitt tækifæri til að láta sig hverfa.

Í eitt skiptið var ljósið skyndilega kveikt í miðjum gaurangangi og Guðmundi fannst hann sjá lúðurinn færast 5–7 sm. Eftir fundinn minntist kona sem sat nær lúðrinum þess að hafa greinilega séð hann hreyfast þegar ljósið kviknaði. Þetta var eina tilvikið sem Guðmundur sá lúður hreyfast í fullri birtu. Að lokum staðhæfði Guðmundur.³²⁷

Eftir athugun í langan tíma fannst mér engin leið að komast hjá þeirri ályktun: hlutirnir hreyfast oft, ef ekki alltaf, á algerlega óskiljanlegan hátt, án þess að nokkur maður, beinlínis eða óbeinlínis, valdi því á venjulegan hátt. Mér fannst þetta hljóta svo að vera, og eigi að síður eins og mér væri þó ómögulegt að sætta mig við það, trúa því alls kostar. Það er ekki auðvelt fyrir trúlitla að fallast á, að dauðir hlutir hreyfist úr stað án eðlilegra orsaka!

Náttúrulega þótti mér sem öðrum mikið vanta er birtuna vantaði. Helzt vildu allir *sjá* þessar hreyfingar.

Sítarinn hreyfðist miklu lengra burt en nokkur gæti hugsanlega teygst sig með hönd eða fæti, staðfestir Guðmundur³²⁸, og miklu hraðar en mögulegt væri að hlaupa með hann um gólfið. Hreyfiferlarnir voru auk þess of flóknir (breytilegir og óreglulegir) til að hægt væri að líkja eftir þeim með einhverjum sveiflu- eða strengjabúnaði. Þar að auki fannst hvorki neinn strengur eða stöng sem hægt hefði verið að nota í þeim tilgangi. Guðmundur skrifaði:³²⁹

Svo datt mér í hug, að helzt hefði mátt gera þetta með því að binda zítarinn á sterka stöng og veifa henni til á ýmsa vegu. Stöngin hefði þó hlotið að vera bæði löng og sterk, hljóðfærið ramlega bundið á endann á henni. Ég sá engan veg til þess að slíkri stöng hefði verið til að dreifa. Hvaðan átti hún að hafa komið allt í einu og hvað orðið af henni?

Annað talaði og móti þessu. Meðan hljóðfærið var á ferðinni, var oftast en eitt sinn snert við strengjunum!

Guðmundur spurði sjálfan sig: Hvað ef endurvarpi af sjálflýsandi borðunum hefði verið varpað inn í herbergið með spegli? Hann reyndi þetta í myrkri en birtan frá þessum sjálflýsandi borðum var allt of dauf.

En hvað ef þetta sjálflýsandi endurkast hefði ef til vill verið framkallað með öðrum leifturbúnaði af miðlinum sjálfum? Guðmundur var viss um að enginn í Reykjavík ætti þennan sérstaka sjálflýsandi lit. Hann skýrir svo frá.³³⁰

Síðar fékk ég auk þess hvað eftir annað fulla vissu fyrir því, að svo var, sem ég hélt, að þetta var zítarinn með mínu ljósbandi.

Guðmundur velti fyrir sér tveimur öðrum hugsanlegum útskýringum: Í fyrsta lagi að Indriði hafi ekki setið heldur staðið upp og haldið á tækinu. Í öðru lagi að á þann hátt hefði það verið nær auga sínu en það virtist. Guðmundur útilokaði fyrri skýringuna eftir endurtekna fundi með Indriða og gæslumanninum innan við netið. Þar fylgdist hann náið með þeim og fann fyrir höndum þeirra beggja á meðan sítarinn flaug um loftið. Hann reyndi síðari útskýringuna með því að framkvæma samtímis samanburð á hinum ýmsu stefnum sem komu við sögu. Þessar athuganir sýndu að sítarinn hreyfðist að minnsta kosti tvo og hálfan til þrjá metra burt frá Indriða. Þar að auki hélt gæslumaðurinn í hendur Indriða og taldi að hann hefði ekki hreyft sig. Þetta mælir gegn þeirri skýringu að sítar-



Á þessari mynd er Guðmundur Hannesson nokkru yngri en þegar þessir atburðir gerðust eða aðeins 17 ára.

inn hafi verið nær auganu en sýndist og hreyfingar hans því verið miklu minni. Niðurstaða Guðmundar er þessi:³³¹

Þessi tilraun með lýsandi liti bar þannig að sama brunni og fyrri athuganirnar í myrkrinu: hlutirnir hreyfðust á einhvern óskiljanlegan hátt og jafnvel þannig, að ég gat oft ekki séð, hversu nokkur maður hefði getað komið slíkri hreyfingu af stað, þó hann hefði verið allur af vilja gerður.

Óskiljanlegar hreyfingar hluta voru jafn leyndardómsfullar í augum Guðmundar Hannessonar og Williams Crookes. Hreyfingarnar virtust stangast á við þyngdarlögmálið eða hugsanlega frekar að einhverjir óþekktir kraftar hreyfðu hlutina. Crookes kallaði þá „andlega krafta“. Guðmundur gaf þeim ekkert nafn. Indriði og stjórnendur hans höfðu sína skýringu: Andar framliðinna hreyfðu þessa hluti.

Mikilvæg spurning kom upp:³³² Hvers vegna hafði enginn kveikt ljós þegar mestu hreyfingarnar urðu? Guðmundur fékk leyfi Tilraunafélagsins til að rannsaka fyrirbærin með því skilyrði að félagið samþykkti aðferðir hans. Félagið fylgdi skipunum stjórnenda Indriða um að hafa ekki ljós á miðilsfundum. Í eitt skiptið kveikti Guðmundur óvart á ljósi án þess að spyrja leyfis. Þá heyrði hann einn „drauganna“ hrópa upp í andlit sér: „Bannsettur hrappurinn þinn!“.³³³ Um leið og bjarmi kom af ljósinu og lýsti upp innra rýmið sá Guðmundur Indriða hanga máttlausan í sæti sínu í sömu stellingu og gæslumaðurinn hafði staðhæft og allir sátu kyrrir í sínum sætum.

Oft var ljós kveikt með svo stuttum fyrirvara að það hefði verið nær ógerlegt fyrir vitorðsmann sem verið hefði innan lokaða rýmisins að komast burt á svo stuttum tíma sem var aðeins örfáar sekúndur. Fundarmaður sagði: „Má kveikja ljós?“ og stjórnandinn svaraði strax: „Já.“ Á sömu stundu var kveikt á ljósi eða eldspýtu. Guðmundur skýrir svo frá:³³⁴

Sérstaklega útilokaði þetta, að maður, sem kynni að vera inni á svæðinu, gæti forðað sér undan, en mér lék oftast meiri grunur á slíkum aðstoðarmanni en nokkurn tíma miðlinum.

Heimildirnar nefna ekki hvort beiðni um ljós hafi nokkurn tíma verið hafnað.

Var Indriði búktalari?

Guðmundur hafði grunsemdir um það í byrjun rannsóknar sinnar að Indriði væri búktalari.³³⁵ Hann heyrði raddirnar oft syngja, stundum stutt og veikt, stundum hátt og heilu lögin. Hann taldi að oft skildi tvær raddir að svo stutt bil að erfitt væri að heyra hvort þær syngju hvor ofan í aðra eða ekki. Guðmundur segir frá slíku atviki sem varð í byrjun fundar:³³⁶

Meðan spilað var, til þess að miðill sofnaði fastara, söng fyrst *skýr kvenmannsrödd* með innan nets, síðar greip *skýr karlmannsrödd* inn í. Eitt sinn, lítið augnablik, heyrðist S. Br. og G. H. raddir þessar *syngja samtímis*. Þær heyrðust báðar *mjög nærri* mér.

Bæði Guðmundur og Skafti voru innan netsins með Haraldi og Indriða þegar þetta gerðist.

Að minnsta kosti tvisvar gerðist það að Guðmundur heyrði tvær raddir syngja sama sönginn á sama tíma, eins skýrt og greinilega og hægt var. Ekkert rými var fyrir efa, samkvæmt Guðmundi, þar sem þessi upplifun var svo greinileg.³³⁷ Önnur röddin var há, skær kvenrödd en hin djúp, skjálfandi bassarödd karlmanns. Þær komu báðar frá lokaða rýminu sem var tóm fyrir utan Indriða (og líklega gæslumanninn) og það virtust vera að minnsta kosti tveir og hálfur til þrír metrar á milli raddanna.

Það virðist ólíklegt að tveir fundarmenn hafi getað verið færir um svo háfaglegt búktal. Raddirnar sýndu einnig hæfileikaríka raddtækni, þjálfun og listræna snilld³³⁸ en Guðmundur bætir svo við:

Ég skal sem minnst dæma um þennan söng á samkomunum. Ég er ekki söngfróður.

Indriði hafði aldrei lært söng þótt hann syngi í dómkirkjukórnum í Reykjavík. Vinur Guðmundar skýrði honum frá eftirfarandi atviki:³³⁹

Einu sinni var kunningja mínum boðið á fund í félaginu. Þetta var áður en ég kom þangað. Hann var ágætur söngmaður, en gamansamur og glettinn. Hann sagði mér áður en hann fór, hvert ferðinni væri heitið; sagðist hafa hugsað sér dálítið bragð til þess að beita við draugana, og var ekki laust við að hann henti gaman að þessum reimleikum öllum. Þegar hann kom aftur, var hann hálfhissa á draugunum og öllu þeirra háttalagi, og kvað það ekki einleikið! „Ég hafði heyrt getið um að N.N. kæmi þar fram og syngi, en hann var ágætur tvísöngsmaður. Ég þóttist fljótt mundu þekkja, hvort um æfðan og góðan söngmann væri að gera eða ekki, og til frekari fullvissu ætlaði ég að bjóða honum í tvísöng. Ég hitti manninn og skoraði á hann að syngja með mér eitt tvísöngslag. Hann tók því vel og féllst á að ég skyldi syngja undirröddina, en hann fara upp. Nú gerði ég honum þann grikk að byrja svo hátt, að hann hlyti að springa, en mér varð ekki kápan úr því klæðinu. Hann fór létt og leikandi upp fyrir allar hellur og söng svo að hvein í röftunum og ég varð algerlega forviða.“ Hann taldi litlar líkur til þess, að þeir söngmenn væru hér í bænum, sem gætu leikið þetta.

Lokaorð um Guðmund Hannesson

Mörgum áhugaverðum fyrirbærum er lýst í handskrifuðum glósum Guðmundar. Dæmi um það eru:

1. Mismunandi og greinilega ólíkar efnisgerðar hendur sem vart varð við.

2. Ofsafengin, hávær högg um allan sal (á vegg og loft) sem svörun við óskum fundarmanna.
3. Tilraunir til að ná með „kamfórusvertu“ fingraförum efnisgerðu handanna. (Ekki er getið um að þær tilraunir hafi tekist.)
4. Efnisgerðar hendur sem toga í hendur Guðmundar.
5. Bein skrift.
6. Dyr að tömu herbergi læstar utan frá.
7. Karl- og kvenraddir sem töluðu norsku og dönsku utan við miðilinn.

Samt er það svo að í þeim glósum sem til eru frá Guðmundi er venjulega ekki lýst í smáatriðum aðstæðum atvikanna og sums staðar eru lýsingarnar mjög ágripskenndar. Guðmundur skrifar til dæmis um miðilsfund 1. febrúar 1909:³⁴⁰

Ég [er] gæslumaður. H.N. [Haraldur] og I.I. [Indriði] báðir álútir [?] á meðan spiladós og aðrir hlutir er fluttir [til]. [Spila]dósin var trekk upp. Tekið var undir lag sem leikið var á orgelið með bjöllum [svo] inni í spiladósinni. Enginn okkar þriggja gat hafa flutt hlutina til.

Ól.Dav. [líklega einn af framliðnum þátttakendum eða stjórnendum Indriða, hugsanlega Ólafur Davíðsson þjóðsagnasafnari (1862–1903)] talaði mjög nálægt mér en ógreinilegt hvaðan. [Röddin] heyrðist eins og [hún kæmi úr] litlum lúðri sem stóð á borðinu næst mér. Á meðan ég hlustaði vandlega á lúðurinn eða á loftið fyrir ofan hann, heyrðist muldur við og við í lúðrinum eins og einhver væri að segja „Geturðu heyrt?“ [Þetta] heyrðist einnig þótt lúðrinum væri haldið að eyranu, út í loftið eða langt burt frá borðinu í ýmsar áttir.

Þann 8. febrúar 1909 segir Guðmundur svo frá:³⁴¹

Felicia [ein stjórnenda] söng dásamlega með eðlilegri kvenrödd og alls ekki eins og hún væri uppgerð. Sigmundur [einn stjórnendanna] blístraði lög kunnáttusamlega og undir tóku bræður [hans] (margar raddir). Raddirnar utan við [raddir framliðinna] töluðu mjög skýrt.

Vindgustur 3 x [þrisvar] – mjög sterkur yfir allan bekkinn [næst-fremsta bekk] og [hann] fannst einnig greinilega á bekkjunum fyrir aftan. ...

Ég sá eitt sinn greinilega ljóspöku ... sem huldi stóran hluta suður-veggjarins. [Ég sá hann] aftur [en þá var hún] óskýr og minni. Það er enginn vafi á þessu [á líklega við „ljóspökuna“]. H.N. tók ekki eftir henni en allir aðrir gerðu það, að ég tel.

Guðmundur segir frá því að oft hafi sterkur vindgustur leikið um tilraunasalinn á miðilsfundum þegar stjórnendurnir kváðust vera að reyna að gera sig sýnilega.³⁴² Þetta gerðist jafnvel í lokuðu, gluggalausum herbergi. Vindurinn fannst á marga metra svæði og var svo sterkur að pappír blakti í opinni glósubók sem lá á hnjám Guðmundar. Samkvæmt Guðmundi³⁴³ „Heyrðist ekkert annað hljóð með þessum vindgusti sem gæti skýrt hvaðan hann kæmi.“

Á tilraunamiðilsfundum í innri hringnum var loftið í litla salnum oft mjög heitt. Engar dyr eða gluggar voru opnir en fundarmenn fundu samt oft kalda golu leika um sig.³⁴⁴ Í eitt skiptið fundu þeir sterka lykt af þangi á meðan Indriði var í transi. Stjórnendurnir útskýrðu þetta með því að skýra frá því að heil skipshöfn hefði nýlega drukknað og væri stödd í salnum. Samkvæmt Haraldi Níelssyni³⁴⁵ fyllti dásamlegur, gómsætur ilmur oft allan salinn og kom í bylgjum yfir fundarmenn.

Guðmundur Hannesson³⁴⁶ segir svo frá eftir að hafa hvað eftir annað reynt að koma í veg fyrir loddarabrogð á fundunum:

Ég hélt áfram að sækja fundi í Tilraunafélaginu fullan vetur, og naumlega var nokkur samkoma haldin svo, að ég ekki reyndi með einhverju móti að grafast fyrir svik í stóru eða smáu. Á flestum fundum varð ég einhvers var, sem mér þótti tortryggilegt, stundum afar tortryggilegt, og reyndi svo í næsta sinn að hafa sérstaklega gætur á því. En þrátt fyrir allt gat ég aldrei staðið neinn að svikunum. Aftur gat ég ekki betur séð, en að mikill hluti fyrirbrigðanna væri svikalaus virkileg-leiki, hvernig sem á þeim stóð. Mýmargt hafði ég engin tæki til að

athuga, og þori því ekkert að segja um, hvort prettum hafi þar verið komið að.

Haraldur Níelsson³⁴⁷ skrifar að eftir veturinn hafi Guðmundur lýst því yfir að hann væri sannfærður um áreiðanleika fyrirbæranna. Þegar Haraldur var á förum á fyrstu alþjóðaráðstefnuna um sálarrannsóknir í Kaupmannahöfn árið 1921 hafi Guðmundur sagt við hann: „Þú mátt lýsa yfir þeirri staðföstu sannfæringu minni að fyrirbærin séu óumdeilanlegur raunveruleiki“.³⁴⁸

31. kafli

SÍÐARI DÆMI UM LYFTINGU OG RADDFYRIRBÆRI

Sjálflysandi borðar voru stundum settir á Indriða Indriðason til að kanna hvort hann sæti kyrr. Haraldur Níelsson³⁴⁹ segir svo frá að veturinn 1908–1909 hafi slíkur borði stundum verið settur á axlir hans sjálfs þegar hann var gæslumaður. Eitt kvöldið, þegar borði var settur á sítarinn til að gá hve hratt og langt hann svifi innan við netið, datt borðinn af sitarnum og niður á gólf. Haraldur greinir frá:

Eftir stutta stund flaug borðinn upp í loftið. Bæði ég og lækurinn [Guðmundur Hannesson] sem sat við hliðina á mér til að gæta miðilsins sáum þrjá fingur með eðlilegt litarhaft halda honum uppi og færa okkur hann.

Brynjólfur Þorláksson átti sítarinn og margir þeirra hluta sem hreyfðust og lyftust í salnum voru fengnir að láni hjá ýmsum fundarmanna. Það dregur úr þeim möguleika að Indriði hafi í einrúmi sett einhvern búnað í þá.

Á þessu tímabili eru til frásagnir af hlut sem skipti um stað án þess að nein færsla sæist. Brynjólfur minnst eins slíks tilviks sem tengist Sigmundi og gerðist utan reglulegra miðilsfunda.³⁵⁰ Haustið eitt fóru Brynjólfur og Indriði í gönguferð sér til hressingar og síðan til baka í Tilraunahúsið. Þegar þeir komu inn í anddyrið heyrðu þeir kveðju frá einum stjórnendanna, Sigmundi, innan úr salnum þar sem fundir fóru

venjulega fram. Samt voru dyrnar að salnum lokaðar. Brynjólfur svaraði úr anddyrinu:

„Sæll, Sigmundur. Það væri gaman að spjalla við þig.“ Síðan opnuðu þeir salinn og gengu inn. Úti var heiðskirt og næstum fullt tungl á vesturhimni svo að það var góð birta í salnum. Brynjólfur rifjar upp:³⁵¹

Ég segi við Indriða, þegar við komum innfyrir:

„Seztu þarna frammivið gluggann!“

Indriði gerir það, sezt útivið vegginn sunnanvið syðri gluggann. En ég sezt við þilið austanmegin dyranna að forstofunni. Í suðurenda salsins gegnt mér var ræðustóll með púlti ofaná. Þegar ég er settur, segi ég við Sigmund:

„Geturðu tekið af mér hattinn, Sigmundur! og látið hann þarna á ræðupúltið, þar sem ég get séð hann?“

Um leið og ég sleppi síðasta orðinu, er hatturinn þrífinn af höfðinu á mér, og í sama andartaki sé ég, hvar hann liggur á hvolfi á ræðupúltinu. Þá hló Sigmundur. Þetta var grábrúnn hattur linur. Hatturinn sást ekki sendast gegnum salinn, heldur var hann kominn yfir hann og á ræðupúltið í sömu andrá og hann hvarf af höfðinu á mér.

Brynjólfur sagði þá við Sigmund: „Getur þú sett hann aftur á höfuðið á mér?“ Á sömu stundu var hatturinn aftur kominn á höfuðið á honum.³⁵² Brynjólfur bað Sigmund að gera þetta aftur. Hann gerði það og hatturinn var færður sömu leið af og á. Samkvæmt Brynjólfi sást hatturinn ekki færast yfir salinn. Hann var kominn á ræðustólinn á sama andartaki og hann hvarf af höfði hans.

Bjart tunglskin frá nærri fullu tungli flæddi um salinn og engin ský voru á himni (gluggahlerarnir hljóta að hafa verið opnir). Meðan þetta gerðist sat Indriði hreyfingarlaus að beiðni Brynjólfs við vegginn austan við dyrnar úr anddyrinu. Ræðustóllinn var við suðurenda salarins beint á móti Brynjólfi og borð ofan á honum (sjá mynd á bls. 11 um áttir og staðsetningar).

Svipað atvik er skráð í síðari fundargerðabókina þann 17. september 1907:

Meðan þannig er haldið um mbm. [millibilsman = miðil] og gætt hvernar hreyfingar hans, eru hvað eftir annað slegnar niður nótur á hljóðfærinu hjá Br.Þ. af ósýnilegum krafti, loki hljóðfærisins rent ofan á hendur honum meðan hann er að spila ...

Þá hefst atvikið með hattinn:

... hattarnir af Guðm. Jak. og H.N. teknir af þeim beint upp í loftið og hverfa þeir í bili. Síðar kemur hattur Guðm. Jak. aftur á höfuð honum, og nokkru síðar hattur H.N. ofan á hatt Guðm. Jak. á höfði honum. Áður en hattarnir hurfu, var snortið við hákolli [efri] hattsins hvað eftir annað.

Hér er einn grundvallarmunur. Hattarnir voru ekki færðir samkvæmt ósk.

Bein skrift

Veturinn 1908–1909 náðist bein skrift á miðilsfundi þegar tveir aðstoðarmenn voru viðstaddir ásamt Guðmundi Hannessyni og Haraldi Níelssyni. Haraldur nefnir ekki hvort þeir hafi gætt glufunnar á netinu eða innsiglað hana. Hann skýrir svo frá:³⁵³

Í annað skipti var ég með þrjá aðstoðarmenn innan netsins. Tveir þeirra voru læknar en sá þriðji var vel metinn úitaristi meðal Íslendinga í Vesturheimi. Annar læknanna og ég héldum báðum höndum miðilsins og báðum hnjám hans og við fylgdumst um leið með höndum og hnjám hvor annars. Hinir tveir fylgdust með fyrirbærunum úr lítilli fjarlægð. Allir færanlegir hlutir eins og þungt borð, lúðrarnir, stór spiladós o.fl. voru fluttir fram og til baka, sumir af lýsandi höndum. Þetta kvöldu fengum við einnig beina skrift á meðan miðlinum var haldið eins og lýst var. Allir í salnum gátu heyrt blýantinn hreyfast og efasemdamaðurinn mikli í hópnum [Guðmundur

Hannesson] sem gætti miðilsins þeim megin sem skriftin birtist heyrði fallega kvenrödd segja: „Ég get séð þótt dimmt sé.“ Síðan kom pappírinn svífandi til okkar þar sem við sátum álútir yfir miðlinum.

Haraldur gefur enn meiri smáatriði um þetta sérstaka tilvik í öðrum skrifum, eins og:³⁵⁴

... lækurinn gagnrýni [Guðmundur Hannesson] gætti borðsins þar sem hann hafi lagt pappír og blýant í það mikilli fjarlægð frá vinstri hlið miðilsins að hann gat ómögulega náð í hann jafnvel þótt hendur hans væru lausar.

Ljós voru kveikt og Guðmundur las það sem skrifað hafði verið á pappírinn. Þetta var stutt en vinsamlegt bréf frá látinni konu í hópi stjórnenda. Skráð er að Haraldur hafi tekið bréfið í sína vörslu og ætlað að láta ljósmynda það. Ekki er vitað til að ljósmyndin sé lengur til.

Brynjólfur Þorláksson lýsir tilviki með beinni skrift sem kom fram þegar hann heimsótti Indriða á heimili hans í Tilraunahúsinu.³⁵⁵ Aðeins Brynjólfur og Indriði (ekki í transi) voru viðstaddir. Brynjólfur reif þá blað úr minnisblokk sinni og setti á borðið í svefnherbergi Indriða. Ekkert ljós var í herberginu en kveikt var á olíulampa í aðliggjandi herbergi þar sem þeir Indriði og Brynjólfur sátu. Dyrnar á milli herbergjanna



Indriði Indriðason (sitjandi) með ættingja sínum. Ekki er vitað hver hann er.

voru opnar. Síðan hlustuðu þeir báðir. Eftir tvær mínútur heyrðu þeir „greinileg hljóð eins og blýantur hefði fallið niður á borðið og eins og annar endinn hefði lent fyrst.“ Brynjólfur fór inn og sá blýantinn ekki á blaðinu eins og hann hafði skilið við hann heldur við hlið þess. Hann fór með blýantinn og blaðið fram í birtuna. Á blaðinu stóð: „Singa sola mina vina.“ Þetta var skilið sem svo að vera sambland af lélegri norsku, dönsku og íslensku sem gæti merkt „Syngdu ein(n), vinur/vina minn/mín“ eða „Ég syng ein fyrir vini mína.“ Handskriftin var stór og falleg með uppréttum (ekki hallandi) stöfum. Aðalhöfundur þessarar bókar fann í ævisögu Bushnells mynd af handskrift Mariu Feliciu Malibrand söngkonu. Hún virðist há en ekki bein. Brynjólfur endurtók ferlið og aftur náðist bein skrift. Þeir „þóttust vissir um“ að á fyrra blaðinu hefðu þeir fengið handskrift framliðinnar veru sem kallaðist „Malibran“, sem talin var hafa verið frönsk söngkona þar sem Indriði hefði beðið hana „í huganum“ að skrifa eitthvað á pappírinn.

Seinna blaðið var undirritað „Edvard Grieg“ (hið þekkta norska tónskáld). Brynjólfur tókst að finna dæmi um undirskrift hans og hún virtist „nákvæmlega“ eins og sú sem var á blaðinu úr minnisbók hans. Samkvæmt Brynjólfi³⁵⁶ sat Indriði hreyfingarlaus í stól í ytra herberginu og fór aldrei inn í svefnherbergið meðan þetta gerðist.

Lyftingarfyribæri veturinn 1908–1909

Kraftmikil lyftingarfyribæri á hlutum voru ekki óvenjuleg. Á opnum miðilsfundi í Tilraunahúsinu fór orgelið að færast frá Brynjólfi Þorlákssyni á meðan hann lék á það.³⁵⁷ Hann kvaðst hafa þrýst vinstri fæti í gólfíð en haldið hægri fæti á fótstigi orgelsins og „elt það“ þannig „hoppandi“ eftir gólfinu. Þegar þetta gerðist sagði Brynjólfur fundarmönnum jafnóðum hvað væri á seyði. Allt í einu var orgelið þrifið af honum. Ljósið var kveikt þegar í stað og fundarmenn sáu að orgelið hafði færst upp á borð við austurhlið salarins. Orgelið var frekar stórt og traustlega

smíðað. Hæð þess var álíka og upp að mjöðmum standandi manns og fæturnir stóðu á litlum hjólum. Lyftingin var framkvæmd svo fagmannlega að ekkert hljóð heyrðist þegar það lenti á borðinu. Tveir karlmenn áttu í vandræðum með að ná því af borðinu og niður á gólf og bjástrið í þeim olli miklum hávaða.

Kristján Linnet sat rétt við enda orgelsins þegar þetta gerðist og hann staðfesti frásögn Brynjólfs.³⁵⁸ Kristján giskaði á að orgelið væri 75 kg að þyngd. Einar H. Kvaran³⁵⁹ lýsir einnig þessu fyrirbæri og staðhæfir að borðið hafi verið nokkra metra frá Brynjólfi.

Hér er rétt að rifja upp kraftmikla lyftingu Indriða sjálfs eftir fund í janúar 1909 (líklega í myrkri). Haraldur greinir svo frá:³⁶⁰

Í þetta sinn (18. janúar 1909) urðum við þrír eftir einir með miðlinum að loknum fundi. Stjórnendurnir virtust eiga í erfiðleikum með að vekja hann ... og í einhvers konar hálftransi sagði hann: „Hvert ætlið þið að fara með mig?“ Stuttu síðar heyrðum við þrír rödd hans berast frá stað efst upp við loft og sögðum eitthvað um það. Þá heyrðum við einn af aðstoðarmönnum stjórnandans segja hátt og skýrt frá loftinu: „Verið ekki óttaslegnir.“ Næst heyrðum við allir þrír að miðillinn var dreginn eftir loftinu í salnum sem var í yfir þriggja metra hæð og látinn banka með fingrum sínum í það. Eftir nokkra stund var hann tekinn niður og við vorum beðnir um að kveikja. Þá lá hann endilangur á borðinu, enn í transi.

Samkvæmt aðgengilegum heimildum gerðist lyfting annarra einstaklinga en Indriða sjaldan. Brynjólfur Þorláksson segist einu sinni hafa skorað á hinn framliðna „Jón“ að lyfta sér á miðilsfundi í myrkri:³⁶¹

Eitt sinn sem oftast sat ég við orgelið, eftir að ég var hættur að spila. Segi ég þá við Jón úr Vestmannaeyjum:

„Það er nú ekki meira en mannsverk af þér, Jón að taka mig upp.“

Ég er ekki fyrr búinn að sleppa síðasta orðinu en ég finn, að það er einsog eitthvað leggist utanað mér öllum, en hvergi tekið á einum hluta líkama míns fremur en öðrum, og í sama andartaki dunka ég

niður á fjóra fætur á gólfið bakvið orgelið. Þetta gerðist með þvílíkum eldingarflýti, að ég hafði engan tíma til að átta mig á leiðinni. Ég hafði enga minnstu hugmynd um neitt fyrr en ég skall niðurá gólfið. Mér var gersamlega hulið, hvort mér var kastað yfir orgelið, skutlað frammeð því eða skotrað gegnum það. Ég vissi hvorki í þennan heim né annan fyrr en ég hlunkaðist nokkuð harkalega niðurá gólfið.

Þetta gerðist í Tilraunahúsinu á miðilsfundi í myrkri. Ljósín voru kveikt þegar fundarmenn heyrðu Brynjólf detta niður á gólf og sáu hann á fjórum fótum á bak við orgelið.

Meira um bein raddfyrirbæri

Frásagnir ýmissa fundarmanna greina frá beinum raddfyrirbærum í návist Indriða, jafnvel tveimur röddum í einu. Því hefur þegar verið lýst þegar Brynjólfur Þorláksson heyrði eitt sinn tvær raddir syngja „saman“ í nokkurri fjarlægð frá Indriða lagið „*Ak, vad vårt liv är eländigt*“ [sænskur söngur: „Ó hve líf vort er aumt“].³⁶² Þorkell Þorláksson og Kristján Linnét voru á þessum miðilsfundi og mundu eftir þessum sérstaka söng þegar Þórbergur tók viðtöl við þá.

Einar H. Kvaran³⁶³ fullyrðir að raddir hafi oft talað og sungið sjálfstætt frá Indriða. Raddirnar sungu jafnvel sama lagið saman „samtímis“. Önnur röddin var kraftmikil baritónrödd en hin falleg kvenrödd. „Franska söngkonan“ söng oft á miðilsfundum, ýmist í gegnum Indriða eða með beinu raddfyrirbæri.³⁶⁴ Hún söng alltaf á frönsku en í söngnum var „tungumál“ hennar óskýrt. Hins vegar var „framburðarhæfni hennar ótrúlega skýr þegar hún talaði“. Sumir frönskumælandi félagar í Tilraunafélaginu töluðu við hana á frönsku³⁶⁵ en nánari smáatriði koma ekki fram. Haraldur Nielsson³⁶⁶ segir svo um bein raddfyrirbæri:

Ég hef oft heyrt tvær raddir tala eða syngja hástöfum þegar ég sat einn með miðlinum innan við netið [lokaða rýmið] ... og hélt í báðar hendur hans og talaði við stjórnandann.

Stundum talaði stjórnandinn í gegnum miðilinn á meðan raddirnar sungu en oftast þagði hann meðan söngurinn stóð yfir en byrjaði að tala um leið og honum lauk.

Raddirnar sungu mjög oft fallega, einkum þrjár þeirra, skrifar Haraldur Níelsson og heldur áfram:³⁶⁷

... við gátum stundum heyrt tvær raddir syngja saman, sópranrödd konu og bassarödd karlmanns.

Haraldur³⁶⁸ greinir einnig frá því að á miðilsfundi kvöld eitt hafi 26 ólíkir framliðnir einstaklingar talað hver með sínum sérkennum, ýmist í gegnum Indriða eða í nokkurri fjarlægð frá honum. Indriði var þá í mjög djúpum transi.

Til er frásögn Haraldar Níelssonar á beinum raddfyrirbærum sem urðu í fullri dagsbirtu árið 1909:³⁶⁹

Þetta var um síðdegi árið 1909. Ég sat með miðlinum í sófa í minni eigin stofu. Við áttum í djúpum samræðum um eitthvert málefni sem ekki skiptir máli hér þegar við heyrðum allt í einu rödd „Jóns“ sem virtist berast frá stað rétt uppi undir lofti. Þetta var í eina skiptið sem ég heyrði hann tala í fullri dagsbirtu.

Aukin heldur svaf Haraldur nótt eina árið 1909 í herbergi Indriða til að fylgjast með honum í svefni.³⁷⁰ Áður en þeir lögðust til svefns spjölluðu þeir dálítið við tvo af stjórnendum Indriða og við Jón. Indriði var ekki í transi þegar þessi samtöl fóru fram. Þeir sátu í herbergi Indriða, ljós logaði í ytra herberginu og dyrnar voru opnar á milli herbergja. Áður en þeir lögðust til svefns lofaði Jón að vekja þá á ákveðnum tíma morguninn eftir. Nákvæmlega á tilsettum tíma næsta morgun vaknaði Haraldur við rödd Jóns: „Ætlið þið ekki að vakna?“

Brynjólfur sat heima hjá sér með Indriða dag einn í fullri birtu.³⁷¹ Á meðan hann lék lag eftir Chopin heyrði hann frönsku söngkonuna raula hljóðlega sönginn með sér í nokkurri fjarlægð frá Indriða sem sat vinstra megin við orgelið. Þá veitti hann því athygli að Indriði var fallinn í trans. Brynjólfur heyrði þá raddir syngja saman, bæði kvenraddir og karlraddir, háar og lágar. Þær sungu allar sama lagið og Brynjólfur var að leika. Hann gat ekki greint orðin en heyrði raddirnar greinilega. Söngurinn var eins og „sætur söngur“ eða bergmál. Brynjólfi fannst söngurinn heyrast fyrir aftan sig, aðallega þó frá hægri en Indriði sat ekki þar. Honum fannst eins og söngurinn kæmi úr mikilli fjarlægð en væri samt alveg upp við sig.

32. kafli

LÍFIÐ FYRIR HANDAN

Hvað segja einstaklingarnir sem birtust á miðilsfundum Indriða Indriðasonar um lífið á því tilverustigi sem þeir voru og samband þeirra við lifendur? Í fundargerðabókunum tveimur er aðeins sjaldan minnst á þessi efni.

Eitt dæmi er tengt máli Emils Jensen. Þann 4. janúar 1906 er Emil spurður hvort hann hafi komið til Kaupmannahafnar aftur. „Nei,“ svaraði hann, „ég hef ekki komið þangað í tvær vikur. Ég hef verið í stóra salnum sem við notum á himnum.“

Indriði Gíslason, framliðinn andi sem kvaðst vera afi miðilsins í föðurætt, sagði skv. fundargerðabók, 5. desember 1906:



Kort af Kaupmannahöfn sem sýnir Store Kongensgade þar sem Emil Jensen bjó og þar sem faðir hans rak verslun. „A“ sýnir nr. 63 þar sem eldurinn braust út og „I“ sýnir húsið þar sem Emil Jensen dó árið 1898.

Ég man það ógerla, (hver sú vera var, er ég mætti fyrst eftir andlátið). Ég hefi margoft orðið var við minn verndaranda; hann var grófgerður í frekara lagi framan af; hann var ekki neitt fingurgull. Ég hefi margoft skift um verndaranda. — Eftir því sem manningnum fer að líða betur, eftir því er verndarandinn betri og betri. ... Það skuluð þið vita, að ykkur fylgir hverjum verndarandi, sem hreyfist eftir ykkur, hvort sem er til ills eða góðs, og hann getur orðið djöfullegur, sem þið kallið, ef þið verðið svo vondir. — Konráð bróðir minn, eða einhver „svoddan“ maður, ha,ha! mun hafa rannsakað það (hvernig fundi Krists er háttað). — Ég man ekki hvernig þeim fundi var háttað. Það var stórkostleg sælustund fyrir mig. Ég hefi aldrei séð hann persónulega. Hann er að nokkru leyti ekki persónulegur. Hans persóna er ekki áþreifanleg. — Við erum sýnilegir hvor öðrum og heyranlegir; það væri nú líka annað hvort, því annars væri ómögulegt að lifa. Það hefir hér hver sitt tungumál, en þó svo hagað, að hver skilur annan.

Hér er allt af friður. Ekki get ég kosið á móti því, að maður minnst ekki á það, sem maður þekkti á jörðinni. — Þeir sem þrá það, fá að leiðbeina þeim jarðnesku. — Ég fékk fyrstur „innfallið“ til að fræða ykkur — og fór fyrst til þess sem ég elskaði mest á jörðinni. Það var sonarsonur minn.

Fyrir okkur er allt jafn stutt og jafn langt. Við erum lengur að fara þennan sal á enda, heldur en heim til okkar, af því að þar (í salnum) erum við ekki í lausu lofti. — Til þess að geta komist hingað verðum við að vita um það (hugsa okkur það). Það er hugurinn, en ekki neitt fast hold eða blóð, sem maður verður að knýja til þess. - Hann ætti að geta farið til annara hnatta, en það er mér ókunnugt um; ég hefi aldrei farið í þann leiðangur. — Við höfum víst hitt verur af öðrum hnöttum, en við erum ekkert að reyna að komast eftir, hvaðan þeir eru, sem eru frelsaðir. — Ég get ekki sagt um það (hvort verndarandarnir hafa verið menn); ég held ekki. — Við leitum aðallega til þess lands, sem við höfum lifað á, nema þegar maður fer að skaffa sannanir óupplýstum. Við látum þá millibilsmanninn tala ókunnum tungum.

Andinn Oddný Smith sagði 11. september 1907 að „hún hefði fyrst haldið að sér hefði batnað en ekki farið yfir [dáið]“.

Konráð Gíslason staðhæfði 11. desember: „Flestir eiga erfitt með að fylgjast með því sem gerist á jörðinni fyrst eftir að þeir eru látnir.“

Á tímabilinu þegar Guðmundur Hannesson sótti miðilsfundina virðist hafa verið meira um lýsingar á lífinu á tilverustigi hinna látnu. Hann dró þessar lýsingar saman á svofelldan hátt:³⁷²

Sjálfsagt leikur mörgum forvitni á að vita, hvað þessir dáu menn, er svo sögðust vera, sögðu um ævi sína hinumegin. Ég sé til lítills að lýsa því nákvæmlega, úr því alla vissu vantar um, að frásögnunum sé trúandi. Að miklu leyti lýstu þeir lífinu á þann hátt, sem kristnir menn mættu vel una við. Þeir lifðu, héldu sínum persónuleik, vegnaði eftir því sem hver hafði unnið til og ærið misjafnt, sögðust halda endurminningum sínum um lífið hér, ást sinni til vina og vandamanna o.s.frv. Hins vegar var margt, sem kom í bága við lýsing kirkjunnar. Ég skal drepa á fáein atriði.

Dauðinn var að þeirra sögn lítil breyting, og hún ekki til batnaðar, litlu meiri en að fara úr einu herbergi inn í annað, alveg eins eða svipað. Það var hvorki himnaríki eða helvíti, sem tók við neinum, þeir breyttust hvorki í engla né djöfla, þeir bara lifðu eins og ekkert hefði í skorizt, sjálfum sér líkir í kostum og löstum og undruðust mest, til að byrja með, að þeir skyldu vera dauðir, eða áttu jafnvel erfitt með að trúa því. Eftir dauðann tók svo við líf næsta líkt jarðneska lífinu, með mismun góðra og illra, hreinn reynslunnar skóli eins og hér með stöðugri framþróun og fullkomnun, þó misjafnt gengi, en alls engum eilífum vonlausum kvalastað. Þvert á móti, það var ekki eingöngu von heldur vissa um að fullkomnun og sæla biði allra að lokum, en þá fyrst, er menn væru orðnir hreinir í hug og hjarta — algjörlega hreinir. Og það var enginn, sem borgaði syndaskuld mannanna. Þeir blátt áfram skáru upp það, sem þeir sáu. Fullkomnunin varð að þróast innan frá með langri reynslu og löngum tíma.

Það sem sagt er um lífið fyrir handan í þeim gögnum sem til eru um miðilsstarf Indriða færir ekki margt nýtt og skortir alla nákvæmni og smáatriði. Einnig er spurning hve mikið þessar lýsingar eru litaðar af skoðunum miðilsins og hugsanlega einnig áliti fundarmanna.

33. kafli

ÓTÍMABÆR DAUÐI

Í heimsókn til foreldra sinna á Norðvesturlandi sumarið 1909 veiktust Indriði Indriðason og unnusta hans af taugaveiki. Unnustan lést en Indriði lifði það af en náði aldrei fullri heilsu á ný.³⁷³ Engir frekari miðilsfundir voru haldnir. Síðar kom í ljós að hann hafði fengið berkla. Hann fékk vist á berklahælinu að Vífilstöðum og andaðist þar 31. ágúst 1912, aðeins 28 ára að aldri.

Einar H. Kvaran skrifaði minningargrein um Indriða sem birt var í blaðinu *Ísafold* 25. september 1912. Hún fylgir hér á eftir:

Indriði Indriðason

f. 12. okt. 1883–d. 31. ág. 1912.

Um nokkur ár var hann einn þeirra manna, sem allra mest var talað um á þessu landi. Og í sinni grein var hann vafalaust einn af merkilegustu mönnum heimsins. Það væri furðulegt, ef hans væri að engu minst nú, þegar hann er látinn.

Hann var hrókur alls fagnaðar í hópi kunningja sinna. Glæðvæðin var svo gáskafull. Greindin var svo skörp, skilningurinn á mönnum og málefnum svo ljós, þó að bókleg þekking væri ekki mikil. Orðalagið var svo gáfulegt og hnittið. Augað var svo næmt á skringihliðarnar. Og listamannseðlið var svo ríkt, að hann varð aldrei ruddalegur í galsanum, þegar hann naut sín.

Stórbrotinn var hann í lund, og það jafnvel með afbrigðum. Ég er þess ekki fullvís, að ég hafi nokkuru sinni kynst manni, sem hafi veitt örðugra að láta hlut sinn. Skilningurinn á forfeðrum vorum, fornaldarmönnum landsins, og öllum þeirra deilum, jókst við að kynnast honum. Þegar hann var 22 ára, sagðist hann hafa komist í 11 málaferli. Og honum fanst það ekkert annað en eðlilegt og sjálfsagt, þar sem svo oft hefði verið gert á hluta hans.


Það ræður því að líkindum, að hann hafi átt það til, þegar því var að skifta, að vera nokkuð örðugur í samvinnu — einkum þar sem ofan á annað bættist áfengistilhneiging, sem hafði náð valdi á honum ungum, og aldrei tókst að vinna bug á nema tíma og tíma, þrátt fyrir mikla viðleitni sjálfs hans og annara.

En jafnframt stórbrotinni lund var hann gæddur óvenjulegum þýðleik og lipurð þegar skap hans var í jafnvægi, nærri því móðurlegri ástúð og nærgætni. Fyrir því varð öllum hlýtt til hans, þeim er kyntust honum nógu vel, hvað sem annars kunni á milli að bera.

Þessir eiginleikar, sem ég hefi nú minnst á, nægja til þess að festa hvern mann óafmáanlega í minni þeirra, sem mest kynni hafa af honum. En þegar við þá bætist sá sérstaki hæfileiki, sem I. I. var gæddur í svo óvenjulega ríkum mæli, miðilsgáfan svo nefnda, þá mun engan furða á því, að við, sem mest vorum með honum, eftir að sá hæfileiki kom í ljós, getum aldrei gleymt honum.

Ég ætla mér ekki að fara að gera hér grein þeirra margvíslegu dularfullra fyrirbrigða, sem gerðust í návist I. I. Það yrði langt mál og til þess þyrfti mikinn tíma og mikla vandvirkni, og að ofurlitlu leyti hefi ég gert það áður. En minna finst mér að ekki verði sagt í tilefni af andláti hans en það, að ég og ýmsir aðrir, sem beztan kost áttum á að athuga þessi fyrirbrigði, vitum það með vissu, að þau gerðust, að þar var ekki um neina blekking að tefla, að því er til fyrirbrigðanna sjálfra kom, hvorki um nein brögð frá Indriða hálfu, né um neinar skynvillur okkar, sem með honum voru.

Um það efni er ég ekki í neinum vafa, og get aldrei orðið það, meðan ég held vitinu. Og sú vissa hefir að ýmsu leyti gjörbreytt hugmyndum mínum um tilveruna. Þegar ég les kappsamlegar umræður í útlendum blöðum og tímaritum um það, hvort sams konar fyrirbrigði hafi gerst í öðrum löndum, eða hvort frásagnirnar um þau séu annaðhvort ósannar eða stafi af einhverri blekking, þá finn ég, að það vekur engar öldur í huga mínum. Mér stendur í raun og veru alveg á sama. Ég veit, að enginn sannorður og heilvita maður, sem hefði átt sama kost og ég á að athuga það, sem hjá Indriða gerðist, gæti annað



*Einar H. Kvaran (1859–1938), ritstjóri og rithöfundur, forseti
Tilraunafélagsins.*

sagt en það, að þar hefðu verið tekin af öll tvímæli. Alt annað mál er það, hvaðan þessi fyrirbrigði stafa. Ég efast um, að mörgum sé auðveldara en mér að skilja þá menn, sem geta alls ekki samþýtt öðrum hugsunum sínum þá feiknastaðhæfing, að samband hafi fengist við

framliðna menn. Ég láí engum manni það, að hann finni sig ósjálfrátt knúðan til að leita þar allra undanbragða, þó að mér að hinu leytinu dyljist, hvernig spyrnt verður móti broddunum til lengdar, ef þekkingin á málinu er nógu mikil. Ég veit það vel, að vissan um það, hvaðan fyrirbrigðin stafi, er enn ekki, nema þá ef til vill hjá einstökum mönnum, reist á jafn-órækum sönnunum eins og vissan um hitt, að þau gerist.

En hvað sem um það kann að mega segja með og móti, þá var Indriði Indriðason ekki í neinum vafa um það mál. Hann vissi ekki annað en að hann hefði haft samband við framliðna menn; hann vissi ekki annað en að hann hefði séð þá og heyrt til þeirra og talað við þá og notið hjá þeim margvíslegrar aðstoðar og óslitins ástríkis um nokkur ár. Þeirri sannfæringu hélt hann fram í andlátíð.

Ég átti tal við hann rúmum sólarhring áður en hann andaðist. Hann var með fullri rænu, en sýnilega mjög aðfram kominn. Bjúgur var kominn á bak og fætur, og málrómurinn var svo veikur, að ég varð að taka mjög vel eftir, til þess að heyra það sem hann sagði, þó að ég sæti fast við rúmið hans. Mér virtist óhugsandi annað en að hann færi nærri um, hvað sér liði, þó að ég auðvitað spyrði hann ekki að því.

Ég spurði hann, hvort hann yrði nú aldrei var við vini sína handan að.

„Jú, oft“, sagði hann. „í hvert sinn, sem mók rennur á mig, veit ég af þeim“.

„En verðurðu þeirra aldrei var, þegar þú ert alvakandi?“ spurði ég.

„Jú, ég sé þá líka alvakandi, einkum þegar ofurlítið fer að skyggja“.

Þetta var síðasta staðhæfing hans með dauðann fyrir augunum. Við töluðum nokkuð meira um þetta. Vissa hans um þá var alveg jafn-glögg eins og vissa hans um mig.

En enginn maður getur gert sér í hugarlund, nema þeir sem voru honum nákunnugastir — og tæplega þeir heldur — hverjar ódæma þjáningar hann þoldi með köflum fyrir þessa sannfæring sína. Að vera með aðra eins skapsmuni eins og Indriði hafði fengið að eðlisfari, og verða fyrir öðrum eins getsökum og smánunum eins og hann varð að sæta, og að geta ekkert að hafst, það mundi áreiðanlega verða þungbært öllum. Rangслейtin í svívirðingunum varð honum stundum alveg

óbærileg. Hann vissi vel, að mikið mátti að honum finna. En hann vissi líka, að í þessu efni var hann saklaus maður. Og miklu meira en það. Léttúð æskunnar hafði að mjög miklu leyti drotnað í lífi hans áður. Nú hafði hann í fyrsta sinni á æfinni eignast málefni, sem honum var heilagt. Hann hafði orðið fyrir þeirri óumræðilegu fagnaðardásemd að eignast að ástvinum menn, sem komnir voru yfir dauðans djúp, ná stöðugu, í hans augum óyggjandi, ástúðarsambandi við strendur eilífðarinnar.

Og þetta var alt svívirt sem lygar og fals. Og sjálfur var hann fyrir þetta gerður að glæpsamlegum óþokka.

Mikið ímyndunarafl þarf ekki til þess að renna grun í, að þetta hafi stundum verið honum nokkuð þungbært. Enda lifði hann áreiðanlega þær stundir margar, meðan ólætin voru verst, að hann, æringinn, léttúðarbarnið, hugðist aldrei mundu líta glaðan dag framar. Sé unt að afplána yfirsjónir með kvölum út af því að vera hafður fyrir rangri sök og út af svívirðingum fyrir það, sem manni er helgast, þá virðist mér, að Indriði Indriðason ætti að standa sæmilega vel að vígi. - E. H.

Útför Indriða Indriðasonar

Indriði Indriðason var jarðsunginn 9. september 1912. Sr. Haraldur Níelsson hélt útfararræðuna og ræddi þar um baráttu Indriða við langvarandi veikindi sem hrifu hann burt frá eiginkonu sinni til aðeins eins árs og ungu barni. Hér á eftir fer útdráttur úr ræðu hans:³⁷⁴

... Ást og dauði hafa tekist á í lífi hans og um hann, ekki síður en í lífi annara manna. Móðurástin tekur fyrst á móti okkur öllum þegar vér fæðumst í þennan heim. Og meðan við lifum í skjóli hennar, bernskuárin, er sæla lífsins og gleði jafnríkust. Slíkrar móðurástar naut hann líka í ríkum mæli. Frá ástríki móður sinnar sagði hann mér oft, um það var honum ljúft að tala. Þess ástríkis naut hann óslitið alla æfi og ástríkis þeirra beggja foreldra sinna; en nú hefir dauðinn komið og flutt hann burt. Hvorki ást móður né föður megnuðu að hamla aðförum hins geigvænlega gests.

Hann sagði mér sjálfur frá fyrstu viðureign sinni við dauðann sem ég vil nefna svo. Það var þegar föðurafi hans dó. Þá var hann orðinn allstálpaður drengur. Um þennan afa sinn hafði honum þótt ákaflega vænt, enda sjálfur verið eftirlætisgoð og uppáhald hans. Þá hafði hann fundið mikið til og þótt sárt að sjá svo elskaðan vin hverfa út í hið mikla myrkur. Þá tókust þau á í fyrsta sinn í lífi hans, ástin og dauðinn. En þau áttu eftir að gera það betur síðar. Það þarf ég ekki að rekja hér; við sem þektum hann vel vitum öll hve einkennileg viðskifti þessara afla voru í lífi hans. Og að lokum tókust þau á um hann sjálfan; og sú glíma endaði svo að dauðinn hreif hann á burt frá ungru konu eftir ekki fulls árs hjúskaparsambúð og frá litla barninu þeirra. Óneitanlega virðist því það aflið sem vér nefnum dauða hafa orðið sigursæla í lífi hans. Hann er dáiinn á bezta aldurskeiði, 28 ára gamall eftir ýmis mæðuél þar á meðal alllangvinnan sjúkdóm.

En þetta er ekki nema önnur hliðin á lífi hans, sú hliðin sem vér komum auga á þegar vér förum að virða fyrir oss meginþættina í lífi hans og þá atburðina er marka dýpstu sporin. En þegar vér virðum hina hliðina fyrir oss þá er að mörgu leyti bjartara yfir henni. Fyrst og fremst minnumst vér hins daglega glaðlyndis hans. Hann var einkar glaður í lund og fjörugur og fyrir því var oft svo skemtilegt að vera með honum. Hann var yfirleitt vel gefinn maður, bæði til sálar og líkama og greindur vel og hafði svo mikinn smekk fyrir fegurð og list að slíkt er sjaldgæft um menn sem ekki hafa fengið meiri mentun en hann fékk. Til þess hljóta allir þeir að hafa fundið sem kyntust honum. Og einmitt þessa vegna varð svo mikið af glaðværð í kringum hann hvar sem hann fór og þessir hæfileikar hans gerðu hann vinsælan.

Og innst inni átti hann einnig mikið af góðvild og ástriki þótt það bæri ef til vill ekki eins mikið á því eins og glaðværðinni – og þó urðu allir að finna til þess sem voru með honum daglega. En lundin var annars stórbrotin eins og oft er um þá sem eitthvað mikið er í spunnið. Og ég þykist sannfærður um það að hæfileikar hans voru í raun og veru miklir þótt hann bæri ekki gæfu til að njóta þeirra í fyllra mæli en varð. Á hinu þarf oss ekki að furða svo mjög að ýmsir ófullkomleikar voru kostunum samfara enda má hið sama um okkur flesta ef ekki alla segja. Svona undarlega erum vér mennirnir enn gerðir að sumir þeirra sem beztum hæfileikum eru búnir eiga hvað mest við ýmsan veikleik

og breyskleik að stríða. Veikleikinn birtist oft í nágrenni við mestu hæfileikana.

Tuttugu og átta ára – það er ekki hár aldur og æfi hans var ekki svo fjölbreytt að von sé að hann eigi mörg „spor við tímans sjá“. Og þó er því svo farið hygg ég að vegna einkennilegra hæfileika sinna hafi hann markað það spor í þjóðlíf vort og sögu að það varðveitir nafn hans frá gleysku, ef mér ekki skjátlást mikillega. Ný þekking á sálarlífi manna er óðum að verða til á vorum dögum og sú þekking fæst eingöngu með því að athuga þá menn og það sem umhverfis þá gerist er gæddir eru sams konar hæfileikum og Indriði sálugi var. Þeir menn vekja nú mikla athygli víða um heiminn og þótt enn sé deilt um skýringarnar á fyrirbrigðum þeim sem gerast í sambandi við þá þá er nú fjöldi hinna vitrustu og lærðustu manna á eitt sáttir um það að þessi fyrirbrigði séu líkleg til að veita mannkyninu hina nytsömustu þekkingu með tíð og tíma. Og í þjónustu þessa málefnis léði vinur okkar hæfileika sína um nokkur ár og hefði sjálfsagt gert lengur ef veikindin hefðu ekki hamlað. – Og þeir hæfileikar hans voru miklir og fjölbreyttir. Hann kom hingað til bæjarins einmitt þá er fáeinir menn voru að byrja þessar rannsóknir. Hann hafði áður byrjað að leggja stund á prentið en úr því starfi hans varð lítið. Eftir að hann kom hingað varð miðilsstarfsemin aðalhlutverk hans og hún gerði hann kunnan um allt land. Og verði sá árangur af sálarrannsóknunum í heiminum sem ég hygg og vona þá verður Indriða sáluga getið sem eins af brautryðjendum þess máls hér á landi. Án hans miklu hæfileika væri þekkingin á þeim merkilegu fyrirbrigðum ekki orðin eins mikil hér á landi og hún er – þótt hún sé enn ekki nema í byrjun – né heldur fréttir af því málefni komnar svo víða meðal þjóðflokks vors.

Mér finnst það skylda mín að geta um þetta við kistu hans. Það væri vanþakklæti að gera það eigi og ég þykist þess fullvís að honum þyki vænt um að það sé gert, ekki síst af mér sem var svo nákunnugur honum og honum svo handgenginn um langan tíma. Og ég hygg ég megi fullyrða að enginn maður hafi haft betra tækifæri til að athuga fyrirbrigðin sem gerðust í sambandi við hann en einmitt ég. Og sem þakklætisvott til hans læt ég þess getið hér við kistu hans á hinum helga stað þar sem vér stöndum andspænis dauðanum að ég tel það eitt af höppunum í lífi mínu að ég fékk að kynnast fyrirbrigðunum svo vel

í návist hans. Því að þau varpa ekki aðeins ljósi fram á við, heldur og aftur á bak yfir margt af því í sögu mannkynsins sem liðið er. ...

Við sem í Tilraunafélaginu störfuðum með Indriða sáluga minnumst þaðan margra yndislegra alvörustunda. Ég hygg vér játum það flest að til návistar himnaríkis höfum vér aldrei fundið betur en stundum þar. Vér munum seint gleyma öllum þeim ástúðarorðum sem til voru töluð og allri þeirri umönnun og góðleik sem þar birtist. Ef það hefir alt stafað frá Indriða sáluga sjálfum þá hefir sál hans líka búið yfir því djúpi kærleiks og ástúðar að vér höfum ekki þekt neitt slíkt áður. – Hann leit sjálfur svo á að hann væri aðeins verkfæri í höndum annara sem til æðri veraldar væru komnir og að þeim hefði þar farið svona mikið fram í kærleik og gæsku. Við nokkra þeirra var hann sannfærður um að hann hefði oft talað enda sæi hann þá við og við. Trygð þeirra og góðleik við sig dáðist hann að til hinztu stundar. Hann sagðist enn verða var við vini sína á banalegunni, ekki sízt er að andlátinu dró. Og síðast er ég heimsótti hann í Vífilstaðahælinu hafði hann orð á því við mig að hann undraðist trúfesti þeirra, að þeir yfirgæfu sig aldrei.

Ég ætla mér ekki við þetta tækifæri að leggja neinn dóm á þennan skilning hans né neins annars manns á fyrirbrigðunum. En það er trú mín að Indriði sálugi hafi ekki lifað til einskis og að ávöxtur af starfsemi hans muni síðar vaxa upp þótt enn sjái lítið votta fyrir árangri og þótt starfsemi hans yrði svo endaslepp.

Hins óska ég honum af alhug að hann hafi nú séð vonir sínar rætast: að hann sé nú fluttur yfir á sólríkara land og búinn að finna vini sína í enn fyllra skilningi en hér í heimi. Og ef sú von hans hefir ræzt og von okkar allra sem fastlega trúum að til sé æðri tilvera, þá skilst honum nú betur en áður að guð hafði kallað hann til dýrðlegs starfa þótt sá starfi sé enn örðugur vegna vanþekkingar manna og skamm-sýni.

Sú starfsemi miðar aðallega að því að draga skýluna af dauðanum og sýna mannkyninu öllu að dauðinn sé ekki annað en sendiboði guðs vísdóms og kærleika og að ástin fari því í raun og sannleika aldrei halloka í viðureign sinni við hann.

Indriði var jarðsettur í Reykjavíkirkirkjugarði. Enginn áletraður legsteinn var reistur á gröf hans og skrár um greftanir í garðinum árið 1912 eru glataðar. Enginn veit því hvar gröf hans er. Brynjólfur Þorláksson flutti til Kanada árið 1913 en flutti síðan aftur til Íslands árið 1933. Í endurminningum sínum segir hann:³⁷⁵

Þegar ég dvaldist í Winnipeg í Kanada, kom ég þar einusinni á nokkurskonar tilraunafund. Miðillinn var íslensk kona. * Auk mín voru á fundinum sonur hennar, sem einnig hafði miðilshæfileika, ennfremur íslensk stúlka og enskur leikari við Winnipeg Theatre, maður, sem var gæddur mikilli andlegri orku. Ekkert þeirra vissi nokkura grein á Indriða miðli.

En á þessum fundi talaði af vörum miðilsins persónuleiki, sem sagðist vera Indriði Indriðason. Röddin var lík rödd Indriða heitins. En hitt fannst mér þó miklu meira sannfærandi, hve orðalagið, mál-blærinn og setningaformin voru bókstaflega eins og Indriði talaði í lifanda lífi.

Lýk ég hér endurminningum mínum um Indriða Indriðason miðil, sem var furðulegastur allra manna, er ég hef kynnt á lífsleið minni, og mér hefur orðið minnisstæðari en allir aðrir.

* Ekki er vitað hver íslenski miðillinn í Winnipeg var. Walter Meyer von Erpen hefur upplýst höfunda þessarar bókar um að líklegt sé að hún hafi tilheyrt hópi í kringum lækinn Thomas Glendenning Hamilton (1873 – 1935) og samstarfsmenn hans. Tilraunahópur hans framkallaði borðlyftingu og útfrymisfyrirbæri. „Enski leikarinn“ var sennilega Henry Archibald Vaughan Green (1888 – 1979), lögmaður Canadian Pacific Railway. Hann var lengi þátttakandi og aðstoðarmiðill í Hamilton-tilraunum. Hann var einnig virkur í leikhúslífi Winnipeg, bæði sem leikskáld og leikstjóri. Hann og Einar H. Kvaran höfðu sameiginlegan áhuga á spíritisma og Einar heimsótti Winnipeg milli 1920 og 1930. Þeir hafa því þekkst og Brynjólfur Þorláksson ætti að hafa vitað af rannsóknum dr. Hamiltons.

34. kafli

LOKAORÐ – SANNANIR UM ANNAÐ LÍF

Samtímaheimildir sem enn eru til, bæði útgefin skrif og fundargerðabækurnar sem ekki týndust, lýsa nákvæmlega atvikum og fyrirbærum sem urðu í miðilsstarfi Indriða Indriðasonar. Þær lýsa einnig varúðarráðstöfunum félaga Tilraunafélagsins til að koma í veg fyrir svik. Aðalheimildirnar eru fólgnar í glósum sem skráðar voru þegar fyrirbærin gerðust eða strax á eftir hverjum miðilsfundi. Flestar samtímaheimildirnar skilja mörgum spurningum eftir ósvarað þar sem þær innihalda oft ekki nógu nákvæmar lýsingar á aðstæðum sem hefðu getað skipt öllu máli fyrir vandað og fullnægjandi mat á óskekulleika fyrirbæranna. Í heild má þó segja að samtímaheimildirnar sem til eru styðji sterklega þá niðurstöðu að fyrirbærin hafi í raun verið ósvikin. Vekja má athygli á eftirfarandi röksemdum:

1. Dr. Guðmundur Hannesson reyndi mjög ákaft að finna vísbendingar um svik veturinn 1908–1909 á miðilsfundum þar sem fyllsta rannsóknaröryggis var gætt. Fyrirbærin náðu einmitt hæstum hæðum þá. Flestar greinar Einars H. Kvaran og Haraldar Níelssonar voru skrifaðar á grundvelli samtímaglósa. Sumar voru skrifaðar eftir minni þeirra um atburðina en venjulega gáðu þeir í fundargerðabækurnar til staðfestingar. Þórbergur Þórðarson notaði einnig fundargerðirnar til að sannreyna frásagnir Brynjólfs Þorlákssonar. Ef til vill er ekkert undarlegt að heimildum skuli bera svo nákvæmlega saman þar sem flestir höfundar þeirra leituðu til og byggðu frásagnir sínar á fundargerðabókunum. Samt eru einnig vitnisburðir fólks sem lýsa ákveðnum atburðum eins, jafnvel þótt ekki sé minnst á að að leitað hafi verið í fundargerðabækur (til

dæmis frásagnir Gíslínu Kvaran, Kristjáns Linnet og Þorkels Þorkássonar). Skýrslur Guðmundar Hannessonar eru einnig skrifaðar óháð öllu öðru.

2. Tilraunafélagið bauð mörgum utanfélagsmönnum að sækja miðilsfundi og verða vitni að fyrirbærum Indriða.³⁷⁶ Meðal þeirra voru ákafir efasemdarmenn og sérstakir hæfileikamenn eða virtir borgarar eins og sr. Hallgrímur Sveinsson, biskup Íslands; breski ræðismaðurinn (líklega Ásgeir Sigurðsson); dr. Guðmundur Hannesson; Björn Ólafsson og sýslumaðurinn sem síðar varð hæstaréttardómari (líklega Páll Einarsson (1868–1954)), svo að örfáir séu nefndir. Þeir sem fengu slíkt boð og þáðu það sannfærðust um að fyrirbærin væru ósvikin. Guðmundur Hannesson varð sannfærður um svikaleysi fyrirbæranna en ekki er þó vitað til þess að hann hafi gefið neinar yfirlýsingar til stuðnings eða höfnunar á skilningi spíritismans.
3. Allt sem vitað er bendir til þess að það hafi verið einlægur vilji Tilraunafélagsins að heilindi fyrirbæranna yrði rannsakað að fullu. Forystumenn félagsins voru þekktir sem heiðvirðir menn og voru meðal menntuðustu borgara landsins á þessum tíma. Flestir þeirra voru háskólamenntaðir og sumir gegndu æðstu embættum landsins.
4. Mörg hinna margþættu andlegu fyrirbæra mátti kalla „óvelkomin“. Það gildir til dæmis um hin ofsafengnu skemmdarfyrirbæri í tengslum við „Jón“. Samkvæmt heimildum virðist Indriði hafa óttast innilega þessar ofsafengnu árásir.
5. Sum fyrirbæri Indriða gerðust í fullri dagsbirtu og án þess að hann félli í trans.

Það virðist hafið yfir allan sanngjarnan vafa að yfirskilvitleg fyrirbæri gerðust í miðilsstarfi Indriða Indriðasonar og það sem meira er gætti þar óvenjulegrar fjölbreytni fyrirbæra. Öfl voru að verki sem eru óskýranleg með nútíma vísindalegum aðferðum og eru í mótsögn við grundvallarlögmál.³⁷⁷ Óhjákvæmilegt er í framhaldi af því að spyrja hver séu upptök þessara yfirskilvitlegu fyrirbæra, afla, hæfileika og birtingarmynda? Eiga þau upptök sín eingöngu og aðeins í miðlinum eða komu þau handan

hans og birtust í gegnum hann? Þetta er hin gamla spurning um skilning í anda andatrúar og spíritisma. Skilningur spíritismans felur í sér þá afleiðslu eða svar að lífið haldi áfram eftir dauðann á öðru tilverustigi.

F.W.H. Myers skrifar í bók sinni, *Human Personality and its Survival af Bodily Death*, að „spurningin um líf mannsins eftir dauðann hefur þá einstöku stöðu að vera mitt á milli þess sem hægt er að sanna og ekki hægt að sanna“.³⁷⁸ Annar virtur vísindamaður, hinn kanadískfæddi bandaríski sálkönnuður Ian Stevenson (1918–2007), hefur rökstutt á sinn hógværa hátt að sum fyrirbæri sem finna meg í draugagangi, miðilsstarfi og endurholdgun geti fært sannanir um framhaldslíf.³⁷⁹ Með því að hafa skoðanir Myers og Stevensons í huga má hér kanna af ýtrustu varfærni nokkra þætti í andlegum fyrirbærum í miðilsstarfi Indriða sem máli skipta og hvaða merkingu þeir geti haft fyrir spurninguna um framhaldslíf:³⁸⁰

1. *Upplýsingar og staðreyndir* voru stundum gefnar sem voru ókunnugar miðlinum. Dæmi um þetta var mál Sigmundar Guðmundssonar sem lýsti mörgum atvikum úr lífi sínu sem síðar voru staðfest af eiginkonu hans. Þetta gæti eða gæti ekki skipt máli um spurninguna um framhaldslíf. Það væri hægt að skýra það með því að gera ráð fyrir að Indriði hafi verið gæddur miklum hæfileikum til fjarskynjunar.
2. *Hvatningarþættir*. Má útskýra þá með dulskynjun? Hvatning ein og sér er ekki tæki til að afla upplýsinga. Í málinu varðandi eldsvoðann í Kaupmannahöfn hafði Emil Jensen hvatningu til, þörf fyrir eða áhuga á að fylgjast með eldi í heimahverfi sínu í Kaupmannahöfn en Indriði hefði ekki átt að hafa meiri áhuga á þessum eldi en öðrum eldsvoðum í heiminum. Þar af leiðandi getur þetta mál gefið nokkrar vísbendingar um raunveruleika og heilindi hins framliðna þátttakanda Emils Jensen fremur en dulskynjun hjá Indriða.

3. *Persónugerving* vísar til sálfræðilegra og persónulegra einkenna hins framliðna, svo sem talsmáta hans, orðavals, hugsunarháttar og samræmis í framkomu yfir ákveðinn tíma. Um þetta eru margar vísbendingar í miðilsstarfi Indriða. Sr. Steinn Steinsen og fleiri framliðnir þátttakendur þekktust og voru samþykktir sem ósviknir af fólki sem hafði þekkt þá í jarðlífinu og vegna þess að þeir höfðu sömu persónueinkenni (persónuleika og minningar) og þegar þeir lifðu. Indriði hafði aldrei hitt þá. Þetta framar öllu öðru fékk Har-



Haraldur Nielsson (1868–1928) var guðfræðiprófessor við Háskóla Íslands. Hann var einn af aðalrannsakendunum á miðilsstarfi Indriða og einn af stofnendum Tilraunafélagsins.

ald Níelsson til að trúa³⁸¹ að þessir aðilar væru raunverulegar persónur sem hefðu öðlast framhaldslíf.

4. *Hæfileikar* voru stundum sýndir sem hvorki miðillinn né neinn annar viðstaddur bjó yfir og jafnvel enginn á öllu landinu. Glöggdæmi er sá sérlega fagmannlegi söngur sem fram fór, stundum með kvenrödd og karlrödd á sama tíma. Engir óperusöngvarar bjuggu á Íslandi á þeim tíma sem þessir fundir voru haldnir.
5. Tungutal merkir að tala tungumál sem miðillinn þekkir ekki. Sterkar vísbendingar eru í miðilsstarfi Indriða um að töluð séu tungumál sem hann kunni ekki. Mestallur söngur og tal á erlendum tungumálum var ofar getu Indriða. Þetta bendir til sjálfstæðis framliðnu þátttakendanna frá persónu og getu Indriða og því má líta á það sem sönnun jafnt fyrir heilindum hans og þeirra.

Þetta stutta yfirlit sýnir að sterkar vísbendingar eru um yfirskilvitleg efnisfyrirbæri í miðilsstarfi Indriða Indriðasonar. Auk þess er þar óvenjuleg fjölbreytni fyrirbæra sem skilja má sem sem vísun á framhaldslíf mannsins eftir líkamsdauða hans, eins og Myers kallar það. Birtingarmyndir þessara fyrirbæra geta bent til tilveru annars tilverustígs raunveruleika sem ekki hefur sést nema forsmekkurinn af. Sé það skoðað þannig hefur Indriði verið milliliður (sem er reyndar merking orðsins „miðill“, stundum kallað „millibilsmaður“ í fundargerðunum) eða tenging af fágætum gæðum milli tilverustíganna tveggja.

UM RITUN ÞESSARAR BÓKAR

Vinna höfunda við rannsóknir á miðilsstarfi Indriða Indriðasonar spannar marga áratugi. Ég sem aðalhöfundur bókarinnar las fyrst um Indriða á árunum milli 1960 og 1970, hugsanlega fyrr. Eftir að ég hóf störf við sálfræðideild Háskóla Íslands árið 1973 ræddi ég um Indriða á námskeiði mínu um yfirsíkvitleg fyrirbæri. Loftur Reimar Gissurarson sem var einn af nemendum mínum varð áhugasamur og ákvað að skrifa BA-ritgerð um Indriða og leitaði allra hugsanlegra heimilda sem tiltæk voru. Hann lauk frábærri 205 síðna ritgerð.³⁸²

Byggt á þessu verki skrifuðum við Loftur sameiginlega ritgerðina *The Icelandic Physical Medium Indriði Indriðason* sem birt var sem *Proceeding of the Society for Psychical Research*.³⁸³ Ritgerðin var í framhaldinu endurprentuð að hluta eða í heild í *Renaitre 2000* í Frakklandi, *Luce e Ombra* á Ítalíu og *Parapsykologiske Notiser* í Noregi.

Loftur hélt áfram vinnu sinni og skrifaði í félagi við William Swatos *Icelandic Spiritualism: Mediumship and Modernity in Iceland*.³⁸⁴ Þessi skrif fjölluð að miklu leyti um Indriða og sögu miðla og spíritisma á Íslandi. Í framhaldinu rituðum við sögu dulsálfræði á Íslandi.³⁸⁵ Þá má geta þess að Loftur stundaði rannsóknir um árabil á hugmegin eða hugarorku við Edinborgarháskóla og birti fjölda greina um þær rannsóknir í ritrýndum vísindaritum.

Skömmu eftir árið 2000 fundust tvær fundargerðabækur Tilraunafélagsins óvænt. Þær höfðu að geyma mikið af nýjum upplýsingum.³⁸⁶ Þegar tími gafst til varð ég gagntekinn af þessu efni og afrakstur þess var þrjár langar greinar sem birtar voru í *Proceedings and the Journal of the Society for Psychical Research*³⁸⁷ og einnig í *Journal of Scientific Exploration*³⁸⁸. Brátt varð ljóst að aðeins bók mundi nægja þar sem miðilsstörf

Indriða Indriðasonar verðskulduðu að koma fyrir augu alþjóðlegra lesenda. Bókin kom því út í Bretlandi og Bandaríkjunum árið 2015 hjá White Crow Books.

Nauðsynlegt þótti að íslenskir lesendur hefðu aðgang að þessari samantekt og því er nú ráðist í útgáfu bókarinnar á íslensku hjá Almenna bókafélaginu. Ég kann því þökk fyrir.

Júní 2019

Erlendur Haraldsson PhD.

HEIMILDASKRÁ

- Ágúst H. Bjarnason. (1906). Úr andaheiminum. *Reykjavík*, 7, 12. maí 1906, 81-82.
- Bennett, E.T. (1907). *The Physical Phenomena Popularly Classed under the Head of Spiritualism*. New York: Brentano.
- Berger, A.S., og Berger, J. (1991). *Encyclopedia of Parapsychology and Psychical Research*. New York: Paragon House.
- Berlingske Tidende. (1905). 25. nóvember.
- Bozzano, E. (1982). *Musica Trascendentale*. Rome: Edizione Mediterrane. (1943, fyrsta útgáfa endurskoðuð).
- Broad, C.D. (1950, 1969). *Religion, Philosophy and Psychical Research: Selected Essays* New York: Humanities Press.
- Bushnell, H. (1979). *Maria Malibran. A Biography of a Singer*. University Park, PA: The Pennsylvania State University Press.
- Carrington, H. (1906-1907). An Examination and Analysis of the Evidence for 'Dematerialization' as Demonstrated in Mons. Aksakof's Book.
- Claudewitz, K. (2010). Franek Kluski – Polens store medium. *Dansk Tidsskrift for Psykisk Forskning*. 2, 19-44.
- Coleman, B. (1861). *Spiritualism in America*. Lundúnir: F. Pitman.
- Crookes, W. (1874). *Researches in the Phenomena of Spiritualism*. Lundúnir: J. Burns.
- Crookes, W. (1972). Sittings with Daniel Dunglas Home. In R.G. Medhurst, K.M. Goldney and M.R. Barrington, *Crookes and the Spirit World*. Lundúnir: Souvenir Press.
- Dingwall, E.J. (1922). Einer Nielsen. Review of experiments in Oslo. *Journal of the Society for Psychical Research*, 20 (July 1922), 327-328.
- Dingwall, E.J. (1947). *Some Human Oddities: Studies in the Queer, the Uncanny and the Fanatical*. Lundúnir: Home & Van Th al.

- Dunraven, Jarlinn af. (1924). Experiences in Spiritualism with D.D. Home. *Proceedings of the Society for Psychical Research*, 35, 1-284. Ýmsar eftirprentanir, nýjastar hjá by White Crow Books, 2011: Viscount Adare, *Experiences in Spiritualism with D.D. Home*, með inngangi eftir jarlinn af Dunraven.
- Einar H. Kvaran. (1906). *Dularfull fyrirbrigði*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Einar H. Kvaran. (1908). Nýjar ofsóknir. *Ísafold*, 35, 14. nóvember 1908, 278.
- Einar H. Kvaran. (1910). Metapsýkiske Fænomener på Island. *Sandhedsøgeren*, 6, 42-51.
- Einar H. Kvaran. (1924). Tilraunirnar í S. R. F. Í. *Morgunn*, 5, 21-76.
- Einar H. Kvaran. (1934). Frá landamærunum. *Morgunblaðið*, 21, 6. d. desember 1934.
- Einar H. Kvaran. (1959). Indriði Indriðason. Í Einar H. Kvaran, *Eitt veit ég*. Reykjavík: Sálarrannsóknafélag Íslands.
- Erlendur Haraldsson og Stevenson, I. (1975). A communicator of the “drop in” type in Iceland: The case of Runolfur Runolfsson. *Journal of the American Society for Psychical Research*, 69, 33-59.
- Erlendur Haraldsson og Gerding, J.L.F. (2010). Fire in Copenhagen and Stockholm. Indridason’s and Swedenborg’s ‘Remote Viewing’ Experiences. *Journal of Scientific Exploration*, 24, 425-436.
- Erlendur Haraldsson. (2009). Séra Haraldur Nielsson, sálarrannsóknir og spíritismi. *Studia Theologica Islandica Ritröð Guðfræðistofnunar* [*Proceedings of the Department for Theology and Religious Studies*], 28, 9-21.
- Erlendur Haraldsson. (2010). Seancer med Einer Nielsen i Island. *Dansk Tidsskrift for Psykisk Forskning*, 2, 46-55.
- Erlendur Haraldsson. (2011). A Perfect Case? Emil Jensen in the mediumship of Indridi Indridason. The fire in Copenhagen on November 24th 1905 and the discovery of Jensen’s identity. *Proceedings of the Society for Psychical Research*, 59 (223), 195-223.
- Erlendur Haraldsson. (2012a). Further facets of Indridi Indridason’s mediumship; including ‘transcendental’ music, direct speech, xenoglossy, light phenomena, etc. *Journal of the Society for Psychical Research*, 76(908), 129-149.

- Erlendur Haraldsson. (2012b). Cases of the Reincarnation Type and the Mind-Brain Relationship. Í A. Moreira-Almeida and F.S. Santon (ed.). *Exploring the Frontiers of the Mind-Brain Relationship*, pp. 215-231. New York: Springer.
- Erlendur Haraldsson. (2012c). *The Departed Among the Living. An Investigative Study of Afterlife Encounters*. Guildford, Surrey: White Crow Books.
- Erlendur Haraldsson. (2013). *Modern Miracles. Sathya Sai Baba. The story of a modern day prophet*. Guildford, Surrey: White Crow Books.
- Eufemia Waage. (1949). *Lifað og leikið*. Reykjavík: Bókfellsútgáfan.
- Fjallkonan. (1906). Dularfull fyrirbrigði, lækningatilaunir. *Fjallkonan* 13, 10. mars 1906, 38.
- Fodor, N. (1966). *Encyclopaedia of Psychic Science*. [New Hyde Park, NY]: University Books.
- Gregory, A. (1968). The Physical Mediumship of Rudi Schneider. *Papers Presented for the Eleventh Annual Convention of the Parapsychological Association*. Freiburg: Institut für Grenzgebiete der Psychologie und Psychohygiene, 1968, 76-93.
- Gregory, A. (1985). *The Strange Case of Rudi Schneider*. Metuchen, NJ: Scarecrow Press.
- Grunewald, F. (1922a). Die Untersuchungen der Materialisationsphänomene des Mediums Einer Nielsen in Kopenhagen im Herbst 1921. *Psychische Studien*, 49, 409-430.
- Grunewald, F. (1922b). "Undersøkelsen med mediet Einer Nielsen høsten 1921 i Kjøbenhavn (foreløbig beretning)." *Norsk tidsskrift for psykisk forskning*, 1(3), 98-109.
- Guðmundur Hannesson. (1908-1909). Óbirt drög skrifuð á miðilsfundum Indriða Indriðasonar. 12. desember 1908 to 15. febrúar 1909, 12 síður.
- Guðmundur Hannesson. (1910-1911). *Norðurland, ýmsar dagsetningar* (sjá Guðmundur Hannesson, 1951)
- Guðmundur Hannesson. (1924a). Tveir fundir hjá Tilraunafélaginu. *Morgunn*, 5, 217-226.
- Guðmundur Hannesson. (1924b). Remarkable Phenomena in Iceland. *Journal of the American Society for Psychical Research*, 18, 239-272.

- Guðmundur Hannesson. (1951). Í Svartaskóla. *Morgunn*, 32, 20-46, 143-163. Fyrst prentað í *Norðurlandi*, 1910, 21. desember, 207-209; 1911, 21. janúar, 9-10, 28. janúar, 15-16, 31. janúar, 17-18, 4. febrúar, 23-24, 11. febrúar, 26-27; 1911, 18. mars, 46-47.
- Haraldur Nielsson. (1912). *Indriði Indriðason frá Hvoli, f. 12. okt. 1883, d. 31. ágúst 1912*. Líkræða við jarðarför hans 9. sept. 1912. Óbirt handskrifað handrit.
- Haraldur Nielsson. (1919a). Um svipi lifandi manna. Í Haraldur Nielsson, *Kirkjan og ódauðleikasannanirnar*. Reykjavík: Ísafold, 1-40. Einnig í Haraldur Nielsson, *Lífð og ódauðleikinn*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1951.
- Haraldur Nielsson. (1919b). Wonderful Boy Medium in Iceland. *Light*, 25. október 1919, 344; 1. nóvember 1919, 350; og 8. nóvember 1919, 353.
- Haraldur Nielsson. (1922a). Egne Oplevelser på det Psykiske Område. Í Haraldur Nielsson, *Kirken og den Psykiske Forskning*. Copenhagen: Levin og Munksgård.
- Haraldur Nielsson. (1922b). Some of My Experiences with a Physical Medium in Reykjavik. Í C. Vett (ed.), *Le Compte Rendu Offi ciel du Premier Congrès International des Recherches Psychiques à Copenhague*. Copenhagen, pp. 450-465.
- Haraldur Nielsson. (1923). Poltergeist Phenomena. (A summary of Professor H. Nielsson's paper read at the Second International Congress for Psychological Research in Warsaw in 1923). *Light*, 29. september 1923, 615.
- Haraldur Nielsson. (1924a). Remarkable Phenomena in Iceland. *Journal of the American Society for Psychical Research*, 18, 233-238.
- Haraldur Nielsson. (1924b). Poltergeist Phenomena in Connection with a Medium Observed for a Length of Time, some of them in full Light. Í *L'État Actuel des Recherches Psychiques d'après les Travaux du 2me Congrès International tenu à Varsovie en 1923 en l'Honneur du Dr. Julien Ochorowicz*. Paris: Les Presses Universitaires de France, 148-168.
- Haraldur Nielsson. (1925). Poltergeist Phenomena. *Psychic Science*, 4, 90-111.

- Haraldur Nielsson. (1930). Reimleikar í Tilraunafélaginu. *Morgunn*, 11, 171-198. Einnig í Haraldur Nielsson, *Lífið og ódauðleikinn*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1951, 87-113.
- Home, Daniel Dunglas. (1863). *Incidents in My Life (first series)*; (1872) *Incidents in My Life (second series)*; (1877) *Lights and Shadows of Spiritualism*. Endurútgefið 2007 sem *The Complete D.D. Home* (2 volumes). SDU Publications.
- Home, Julie. (1888, 2009). *D.D. Home: His Life, His Mission*. Guildford, Surrey: White Crow Books (2009 endurprentun).
- Home, Julie. (1890). *The Gift of D.D. Home*. Lundúnir: Kegan Paul.
- Hyslop, J.H. (1907). Replies to Mr. Carrington's Criticism of M. Aksakof. *Journal of the American Society for Psychical Research*, 1, 605-611.
- Hyslop, J.H. (1918). Visions of the Dying. *Journal of the American Society for Psychical Research*, 12, 585-645.
- Ísafold. (1906). Krabbaveiki maðurinn. *Ísafold*, 33, 17. mars 1906, 63.
- Jakob Jónsson. (1984). Persónulegt samtal, 11. desember 1984.
- Jenkins, E. (1982). *The Shadow and The Light. A Defence of Daniel Dunglas Home, the Medium*. Lundúnir: Hamish Hamilton.
- Kant, Immanuel. (1763). Bréf til vinar 10. ágúst 1763.
- Karlotta J. Blöndal. (2015). *Raddað myrkur* [Fundargerðabækur Tilraunafélagsins í Reykjavík]. Reykjavík: Karlotta J. Blöndal í samstarfi við HARBINGER-sýningarými.
- Kragh, J.V. (2008). Mellem Religion og Videnskab. Spiritismen i 1800- og 1900-tallet. *Scandia*, 68(1), 53-77.
- Lamont, P. (2005). *The First Psychic, The Peculiar Mystery of a Notorious Victorian Wizard*. Lundúnir: Little Brown.
- Loftur R. Gissurarson. (1984). *Indriði Indriðason miðill*. BA-ritgerð í sálarfræði við Háskóla Íslands, nr. 266.
- Loftur R. Gissurarson og Erlendur Haraldsson. (1989). The Icelandic Physical Medium Indridi Indridason. *Proceedings of the Society for Psychical Research*, 57, 53-148.
- Loftur R. Gissurarson og Erlendur Haraldsson. (2001). History of Parapsychology in Iceland. *International Journal of Parapsychology*, 12, 29-51.
- Lögrétta. (1908). Andatrúboð. *Lögrétta*, 3, 11. nóvember 1908, 207.

- Matthías Jochumsson. (1940). Matthias Jochumsson og Georg Brandes (1899-1915). Í *Georg og Edv. Brandes: Brevveksling med Nordiske Forfattere og Videnskabsmænd*. København: Morten Borup - Det danske Sprog- og Litteraturselskab. Gyldendalske Boghandel.
- Medhurst, R.G. (1972). *Crookes and the Spirit World*. Lundúnir: Souvenir Press.
- Morselli, E. (1908). *Psicologia e "Spiritismo"* (vol. 1). Turin: Fratelli Bocca.
- Mulacz, Peter. (1939). *The Para-normal: Personal Experiences and Deductions*.
- Myers, F.W.H. (1903). *Human Personality and its Survival of Bodily Death*. Lundúnir: Longmans, Green and Co.
- Norsk selskab for psykisk forskning nedsatte kontrolkomite rapport. (1922). *Norsk Tidskrift for Psykisk Forskning*, 1(3), 110-133.
- Parker, Adrian. (Án árs). Persónuleg samskipti.
- Perla Kolka. (2010). Persónuleg samskipti.
- Politiken. (1905). Fabriksbrand i St.Kongensgade: Kjobenhavns Lampe og Lysekronefabrik i Flamme, *Politiken*, 25. nóvember 1905, 5.
- Poynton, J. (2004). Long Shadow over Psychical Research: An Essay Review of Johnson's Kant on Swedenborg: Dreams of a Spirit-Seer. *Journal of the Society for Psychical Research*, 68(4), 262-268.
- Randall, E.C. (2010). *Frontiers of the Afterlife*. Guildford, Surrey: White Crow Books. (Fyrst útgefin 1922.)
- Reykjavík. (1906a). Dagbók. *Reykjavík*, 7, 27. október 1906, 191.
- Reykjavík. (1906b). Andatrúar-farganið: Lækningatilraunir Öndunganna. *Reykjavík*, 7, 17. mars 1906, 43-44.
- Reykjavík. (1908a). Dularfull fyrirbrigði. *Reykjavík*, 9, 17. nóvember 1908, 202-203.
- Reykjavík. (1908b). Nýr atvinnuvegur: Loddaraskapur, Fjádráttur. *Reykjavík*, 9, 10. nóvember 1908, 197.
- Reykjavík. (1908c). Kuklið. *Reykjavík*, 9, 24. nóvember 1908, 205-206.
- Rogo, D.S. (1970). *NAD: A Psychic Study of Some Unusual "Other-World" Experiences*. New York: University Books.
- Rogo, D.S. (1972). *A Psychic Study of The Music of the Spheres (NAD, Volume II)*. Secaucus, NJ: University Books.
- Sigurður Haralz. (1985). Persónulegt samtal, 16. janúar 1985.

- Stevenson, I. (1982). The Contribution of Apparitions to the Evidence for Survival. *Journal of the American Society for Psychical Research*, 76, 341–358.
- Stevenson, I. (1984). *Unlearned Language: New Studies in Xenoglossy*. Charlottesville: University Press of Virginia.
- Stevenson, I. (2001). *Children Who Remember Previous Lives: A Question of Reincarnation*. Jefferson, NC: McFarland.
- Swatos, W.H., og Loftur R. Gissurarson. (1997). *Icelandic Spiritualism: Mediumship and Modernity in Iceland*. New Jersey: Transaction Publishers.
- Tarchini, P. (1947). La Smaterializzazione del Corpo del Medio Nelle Sedute Medianiche. *Luce e Ombra*, 47, 44-51.
- Thurston, H. (1952). *The Physical Phenomena of Mysticism*. Lundúnir: Burns Oates.
- Trobridge, G. (2004). *Swedenborg: Life and Teaching*. Whitefish, MT: Kessinger Publishing.
- Universitetskomiteen i Kristiania. (1922). *Mediet Einer Nielsen. Kontrolundersøkelser av Universitetskomiteen i Kristiania*. Oslo: Gyldendal, 1922, 71 pages.
- Waddington P. (2007). *Knock, Knock, Knock! Who Is There? Or how chiefly British luminaries were or were not bamboozled by the spirit 'medium' D.D. Home at London, Ealing and Florence in 1855 and what they made thereof thereafter*. Upper Hutt, New Zealand: Whirinaki Press.
- Weaver, Z. (1992). The Enigma of Franek Kluski. *Journal of the Society for Psychical Research*, 58(828), 289-301.
- Wolfe, N.B. (1874). *Startling Facts in Modern Spiritualism*. Cincinnati: no publisher.
- Zorab, G. (1970). Test Sitzings with D.D. Home at Amsterdam. *Journal of Parapsychology*, 34(1), 47-63.
- Þorsteinn Sæmundsson. (Án árs). Persónuleg samskipti.
- Þórbergur Þórðarson. (1942). *Indriði miðill*. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

MYNDASKRÁ

Myndirnar eru í þeirri röð sem þær koma fyrir.

Bls. Myndefni

- 7 Efnismiðillinn Indriði Indriðason.
- 11 Teikning af Tilraunahúsinu.
- 17 Konráð Gíslason.
- 25 Mjóstræti 2, hús Einars H. Kvaran.
- 29 Indriði Indriðason.
- 40 Store Kongensgade.
- 48 Úr fundargerð Tilraunafélagsins.
- 51 Málverk af Emanuel Swedenborg.
- 56 Lofrenz Ferdinand Jensen.
- 62 Fyrsta alþjóðaráðstefnan um sálarrannsóknir.
- 63 Tölusett teikning af þátttakendum á ráðstefnunni.
- 68 Hallgrímur Sveinsson biskup.
- 70 „Norski læknirinn“ Daniel Cornelius Danielssen.
- 71 Björn Jónsson ráðherra.
- 74 Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld.
- 77 Titilsíða bókar Þórbergs Þórðarsonar, Indriði miðill.
- 87 Indriði Indriðason „svindlar“.
- 93 Guðmundur Jónsson Kamban.
- 94 Brynjólfur Þorláksson organisti.
- 100 Handskrifaðar athugasemdaglósur
- 104 Hallgrímur Pétursson sálmaskáld.
- 108 Fundargerðabækurnar tvær.
- 115 „Franska söngkonan“, Maria Felicia Malibran.
- 127 Norska tónskáldið Edvard Grieg.
- 133 Matthías Jochumsson.

- 136 Daniel Dunglas Home efnismiðill.
- 144 Teikning af Daniel Dunglas Home.
- 146 Rudi Schneider efnismiðill.
- 149 Einer Nielsen efnismiðill í transi.
- 150 Einer Nielsen lyftist á miðilsfundi.
- 156 Ágúst H. Bjarnason prófessor
- 170 Þrívíddarljósmynd af tilraunaherberginu.
- 173 Mjóstræti 3, hús prófessors Haraldar Nielssonar.
- 179 Dr. Guðmundur Hannesson.
- 185 Staðsetning á miðilsfundi Guðmundar Hannessonar.
- 195 Guðmundur Hannesson 17 ára
- 205 Indriði Indriðason með ónefndum ættingja.
- 211 Loftmynd frá Kaupmannahöfn.
- 216 Einar H. Kvaran, ritstjóri og rithöfundur.
- 226 Haraldur Nielsson guðfræðiprófessor við Háskóla Íslands.

NAFNASKRÁ

Nöfnum sem aðeins koma fyrir í tilvísunum í heimildir og heimildaskrá er sleppt.

A, Á

Adare, Lord (síðar 4. jarlinn af Dunraven), 135-140

Ari Jónsson, 189

Ágúst H. Bjarnason, 156

Ásgeir Sigurðsson
ræðismaður, 224

B

Bentzen slökkviliðsstjóri, 42-44

Björn Jónsson, 11, 64, 69, 93-94, 99, 102, 152, 160, 171

Björn Kristjánsson, 184-186, 189

Björn Ólafsson, 166, 179, 224

Bozzano, Ernesto, 123

Brandes, Georg, 133

Brynjólfur Þorláksson, 13, 36, 50, 72-77, 79-83, 94-96, 100, 103, 112, 116, 119-120, 125-130, 161, 163, 184, 202-203, 205-210, 222

C

Cox liðþjálfari, 140-141

Crookes, Carrie, 140-141

Crookes, Nellie, 141

Crookes, Walter, 140-141

Crookes, William, 14, 103, 109, 133, 140-141, 143-145, 191, 196

D

Dagný Auðuns, 12

Danielssen, Daniel Cornelius, 67, 69-70, 87, 109, 124-125, 183

d'Espérance, Elizabeth, 66

Dunraven, 3. jarlinn af, 121, 136, 140, 143-144, 147, 191

E

Eufemia Waage, 34

Einar H. Kvaran, 10, 12-13, 15, 17, 22, 24-26, 28-36, 41-42, 45, 50, 53, 55-56, 58, 60, 63-64, 67-71, 75-80, 84, 88-89, 91-92, 96, 99, 101-103, 105, 107-

108,111-112, 114, 118,
122, 124, 129-130, 133,
149, 152-156, 158-160,
163, 166, 173,179, 183,
187, 189, 207-208, 214,
223-224, 228
Engilbert Gíslason, 100

G

Geir T. Zoëga, 118
Gísli Pétursson, 184, 187, 189
Gíslína Kvaran, 41, 63, 224
Grieg, Edvard, 115, 124, 126-
130, 163, 206
Gróa Brynjólfsson, 187
Grunewald, Fritz, 148
Guðmundur Hannesson, 12-
14, 20, 22-23, 27, 33, 111,
113-116, 145, 160-179,
181-192, 195-205, 213,
223-225
Guðmundur Jakobsson, 93
Guðmundur Kamban -
Guðmundur Jónsson, 93-
94, 99-102
Guðný Níelsdóttir, 113-114
Guðni Jónsson, 114
Guðný Guðmundsson, 72
Guðrún Ósvífursdóttir, 163

H

Hafsteinn Björnsson, 105, 110
Halldór Jónasson, 116
Hallgrímur Pétursson, 104-
105, 164
Hallgrímur Scheving, 18

Hallgrímur Sveinsson biskup,
39, 77, 224
Hamilton, Thomas
Glendenning, 222
Haraldur Nielsson, 10, 12-17,
21-22, 26, 28, 30, 32-33,
36-38, 40-42, 45, 50, 55-
58, 61-65, 68, 70, 75-95,
99-103, 107, 111-113, 125,
129-133, 159-160, 166,
170-191, 197-209, 218,
223, 226-227
Hinrik Erlendsson, 64
Hjern, Ole, 53
Home, Daniel Dunglas, 9, 14,
23, 103, 109, 121, 134-
147, 178
Home, Julie (Madame Home),
135
Humphrey, ungfrú, 140

I, Í

Ibsen, Henrik, 127
Indriði Einarsson, 15, 34
Indriði Gíslason, 26, 107, 211
Ingibjörg S. Pálmadóttir, 69
Ingveldur Brandsdóttir, 17

J

Jakob Jónsson, 81
Jensen, Anna Sofie, 58
Jensen, Edvard Julius, 57-58
Jensen, Julie Caroline, 58
Jensen, Lorenz Ferdinand, 56-
58
Jensen, Louise Emilie, 58

Jensen, (Thomas) Emil, 34-35,
38-59, 75-78, 86, 109,
124-126, 164, 211, 225

Jonsson, Inge, 53

Jón Auðuns, 12

Jón Einarsson, 85, 88-106,
110-112, 131, 163, 180,
207-209, 224

Jón Fjeldsted, 103

Jón Jónsson, 69, 153

Jóna Guðnadóttir, 17, 113

Jónas Haralz, 113

Júlíus Ólafsson, 88-89

Jörgen Jörgenson, 164

K

Kant, Immanuel, 51, 53

Karólína Ísleifsdóttir, 179

King, John, 121, 130

Kjartan Ólafsson, 163

Konráð Gíslason, 17-18, 29,
34, 36-37, 65, 69-72, 103,
107, 109, 115, 126, 180,
212-213

Koon, Jonathan, 121, 130

Kristín Símonarson, 86

Kristján Albertsson, 113

Kristján Linnet, 83, 207-208,
224

M

Magnús Ólafsson, 88

Malibran, Francois Eugene,
119-120

Malibran, Maria Felicia, 109,
118-120, 129, 206

Mannsáker, Jon, 126

Matthías Jochumsson, 133

N

Nielsen, Einer, 145-151, 178

O, Ó

Oddný Smith, 212

Ól. Dav. (Ólafur Davíðsson),
199

Ólafur Rósinkrans, 37

P

Páll Einarsson sýslumaður,
224

Páll Oddgeirsson, 100

Perla Kolka, 122

R

Ragnheiður Bjarnadóttir, 69

Runólfur Runólfsson (Runki),
105

S

Schneider, Rudi, 146-151

Schneider, Willi, 146

Sigmundur Guðmundsson, 72,
109-110, 182, 199, 203

Sigríður Björnsson, 78

Sigurður Gunnarsson, 73-74,
79

Sigurður Haralz, 113-114, 159

Skafti Brynjólfsson, 116, 184-
189

Skúli Thoroddsen, 153-155

Soffía Emília Einarsdóttir, 74,
79
Stefán Stefánsson, 155, 159
Stefán Sörensson, 122
Steinn Steinsen, 76, 107- 109,
115, 133, 226
Sveinbjörn Sveinbjörnsson,
74, 115, 126-127, 163
Sveinn Sveinsson, 98
Svendsen, Johan, 126
Swedenborg, Emanuel, 51-54

Þ
Þorgrímur Guðmundsen, 73
Þorkell Þorláksson, 77, 83, 99-
102, 112, 116-117, 208,
224
Þorsteinn Bjarnason, 114
Þór Guðmundsson, 118
Þórarinn B. Guðmundsson, 116-117
Þórbergur Þórðarson, 12, 14, 83,
94, 102, 111-112, 208, 223
Þórður frá Leirá, 73
Þórður í Hala, 154
Þórður Oddgeirsson, 85, 91-
100

ATRÍÐISORÐASKRÁ

A

afefnisgerving, 9, 19, 30, 65, 132

B

bein skrift, 20, 128, 165, 199, 204, 206

borðdans, 15, 18, 22, 24, 140

E

efnisgerving, 9, 19, 22, 27, 30, 34, 55,
58, 65, 67, 71, 75-79, 102, 145,
147, 172

H

heilun, 18, 67-69, 124, 131, 152-153

I

ilmur - lyktarfyrirbæri, 9, 18-19, 25,
28, 67-68, 139, 144, 157, 200

L

ljósfyrirbæri, 9, 18-22, 28-35, 49-50,
55-56, 65, 71, 75-79, 86, 124, 132,
144-145, 151, 163, 165, 199-200
lyfting, 9, 18-19, 28, 35, 65, 71, 86, 97,
132, 144-148, 162, 165, 177-178,
202, 206-207

M

Musica trascendentale, 115-123

O, Ó

odor sancti, 68

ósjálfráð skrift, 20, 24

R

raddfyrirbæri (bein) – tal, söngur, 9,
20-22, 30-31, 37, 69-70, 85, 97,
100, 105, 111-116, 119-123, 126-
132, 142-145, 151, 161-162, 165-
168, 173-175, 197-202, 208-210
reimleikafyrirbæri, 19, 22, 98, 131,
143, 163

S

skyggni - clairvoyance, 47, 54, 117

sýndaruppskurðir, 67, 143

sýnir, 16, 122, 134

T

Tilraunafélagið, 9-14, 22-28, 35

Tilraunahúsið (Sambandshúsið), 11,
17, 20, 22, 32, 78-79, 91-94, 116,
163, 166-168, 179, 191, 202-208

tilvistarsönnun, 24, 28, 70-74, 110,
125, 131, 145, 164, 183

tungutal (xenoglossy), 116-118, 125-
126, 130, 143, 227

V

vindgustur, 18, 33, 132, 144-145, 165,
182, 199-200

VIÐAUKAR

Tímaröð fyrirbæra Indriða Indriðasonar.

<i>Tímabil</i>	<i>Skráð fyrirbæri í samtímaheimildum</i>	<i>Athugasemdir</i>
Byrjun árs 1905 til vors 1905	• Borðdans á hópssamkomu. • Ósjálfráð skrift. • Trans. • Transtal.	Beðið var frá upphafi um einhverjar „sannanir fyrir tilvist“.
Veturinn 1905–janúar 1906	• Lyfting hluta (til dæmis borða og stóla). • Högg á fólk, hluti og vegg. • Ljós fyrirbæri (þ.e. ljósdeplar og stór rauðleit ljósleiftur. • Smellir og brothljóð í loftinu. • Lyfting Indriða sjálfs. • Afefnisgerving handlegs Indriða.	Stutt tímabil efnisgervingar-fyrirbæra er skráð þennan vetur þegar ljós fyrirbærin náðu hámarki.
Frá febrúar 1906 til vors	• Ýmsar tegundir högga. • Lyktarfyrirbæri (ilmur). • Heilunartilraunir. • Sannanir um tilvist.	Indriði veiktist í febrúar 1906. Önnur fyrirbæri en efnisgervingar voru prófuð það sem eftir var vetrar.
Veturinn 1906–1907	• Ljós fyrirbæri. • Efnisgerving mannlegra vera eða líkamshluta. • Færslur og hreyfingar.	Efnisgervingarhæfni Indriða minnkaði verulega í byrjun árs 1907.
Veturinn 1907–1908	• Lyfting hluta. • Ofsafengnar hreyfingar hluta. • Hlutir fljúga um og er fleygt af að því er virðist ósýnilegum kröftum. • Lyfting Indriða sjálfs. • Högg. • Ósýnilegur hljóðfæraleikur. • Ósýnileg upptrekking spiladósar. • Fundarmenn snertir og togað í þá af efnisgerðum höndum. • Bein raddfyrirbæri.	Í desember 1907 urðu ofsafengnar reimeikaupþákomur í kringum Indriða. Fáein ljós fyrirbæri voru skráð þennan vetur.
Veturinn 1908–1909	Sömu fyrirbæri og veturinn áður en einnig: • Gola og vindgustur. • Söngur sjálfstæðra radda. • Bein ritun. • Fundarmenn verða varir við efnisgerða útlími.	Dr. Guðmundur Hannesson gerði umfangsmiklar rannsóknir á heilindum fyrirbæranna allan veturinn.

*Samantekt helstu rannsóknaraðferða dr.
Guðmundar Hannessonar.*

GH: Dr. Guðmundur Hannesson. HN: Prófessor Haraldur Níelsson.

II: Miðillinn Indriði Indriðason.

<i>Aðferð</i>	<i>Stutt lýsing</i>
Lokað rými Tilraunahússins einangrað.	- Svæðið þar sem II sat og ýmsir hlutir voru staðsettir (lúður, borð o.fl.) var einangrað frá öðrum hluta salarins. - GH negldi fast net sem náði frá lofti til gólfs. Það var úr sterku girni með of litla möskva til að hönd kæmist í gegn. Netið var fest á allar hliðar með fjölum sem þræddar voru í gegnum möskvana. Fjalirnar voru vandlega skrúfaðar í loft, vegg og gólf.
Dyr læstar og innsiglaðar.	Dyr að fundarsalnum voru læstar innanfrá og innsiglaðar. Glufan á netinu sem notuð var sem inngangur inn í lokaða rýmið var einnig bundin saman og innsigluð.
Salurinn rannsakaður.	Leitað var vandlega í salnum stuttu fyrir miðilsfund og strax á eftir. Loftið, veggir, gólfjalir og allar sprungur voru vandlega rannsakaðar með tilliti til hugsanlegra svika.
Fundur haldnir í öðrum húsum.	Fyrirbærin gerðust á fundum í öðrum húsum, til dæmis heima hjá biskupnum og GH. Þetta studdi þá skoðun að Tilraunahúsið væri „hreint“. Á sínu eigin heimili valdi GH fundarherbergi rétt fyrir fund.
Sjálflýsandi borðar settir á flesta hluti.	GH setti sjálflýsandi borða á þá hluti sem hreyfðir voru í myrkrinu á fundum. Hann skýrði frá því að hreyfingarnar væru skrítnar og ekki eins og við var að búast ef II (eða vitorðsmaður) hefði framkvæmt þær með því að sveifla hlutunum með línu og / eða stöng.
„Margföld áhrif“.	GH reyndi að skrá hjá sér hvort tvö eða fleiri fyrirbæri gerðust samtímis, þannig að einn einstaklingur hefði varla getað falsað þau. Hann skráði allmörg slík samtímis-fyrirbæri, til dæmis þegar hann fann sterka golu koma úr annarri átt en frá II og gæslumanninum. Að minnsta kosti tvisvar var hann viss um að hafa heyrt tvær sjálfstæðar raddir syngja samtímis sama lagið.
Útilokun vitorðsmanna.	GH valdi vantrúaða til að sitja suma fundina til að leita að hugsanlegum svikara meðal félaga Tilraunafélagsins. Af sömu ástæðu hélt GH einnig fundi þar sem aðeins örfáir einstaklingar sem hann treysti fengu aðgang.
Þögn.	GH hélt fundi með fáum sérvöldum fundarmönnum og án þess að leikið væri á orgelið til að geta betur veitt því eftirtekt ef einhver færi á stjórni í salnum. Hann tók eftir mörgum fyrirbærum í þögn.

Skyndileg framkvæmd án tíma til undirbúnings.	- Stundum bað fundarmaður um bank einhvers staðar í salnum og bankið heyrðist þegar í stað frá þeim stað. GH skráði að hraði svindlara hefði þurft að vera ótrúlegur. - Fundarmenn kveiktu oft ljós um leið og þeir höfðu beðið leyfis. Ekkert grunsamlegt sást á þessum andartökum. - Stundum voru ljós skyndilega kveikt án leyfis.
Leitað á Indriða Indriðasyni fyrir miðilsfundi.	- Föt og hár II voru vandlega skoðuð. - II þurfti að skipta um föt fyrir að minnsta kosti suma fundanna með GH sem horfði á hann gera það. - Föt II voru saumuð saman.
Indriða Indriðasonar gætt.	- Gæslumaður sat hjá II á fundum og hélt í alla útlími hans. - Stundum héldu tveir gæslumenn II. - II var haldið í einu horni fundarherbergis með tveimur gæslumönnum sem sátu báðum megin við hann og héldu honum. - Lína eða strengur var saumaður utan um II. HN hélt í endann á honum. Hann var svo stuttur að II gat ekki teygst sig í þá hluti sem búist var við að gætu hreyfst án þess að HN sæi. - GH setti sjálflýsandi borða á II til að sjá hvar hann væri. - II var látinn sitja í tágastól til að heyra hvort hann hreyfði sig í stólnum eða færi úr honum.
Leitað á gæslumanni.	- Í heimildum er þess oft getið að leitað væri á gæslumanninum (HN) fyrir fundi. - Haldið var í gæslumanninn eins og II á fundum. GH hélt í hönd hans og fann fyrir hnám hans þegar fyrirbærin urðu. - GH setti sjálflýsandi borða á gæslumanninn til að sjá hvar hann væri.
Möguleikar útilokaðir.	- GH notaði alls konar aðferðir til að búa til ljósdepla í því skyni að gá hvort ljósin sem hreyfðust á fundum væru örugglega sjálflýsandi borðinn á hlutunum. Þessir ljósdeplar líktust aldrei þeim sem komu frá borðanum. - Sjálflýsandi borðinn var keyptur erlendis. Hann var ófáanlegur á Íslandi á þessum tíma. - Guðmundur rökstuddi að ekki væri unnt að skýra með náttúrlegum hætti sum fyrirbærin nema með því að nautsterkur karlmaður gengi laus innan netsins. Þrír sterkir menn höfðu ekki getað hrist ræðustólinn sem á síðari fundi var rifinn laus af ósýnilegum krafti.
Hlutirnir sem hreyfðust.	- GH rannsakaði þá hluti sem hreyfðust á fundum, bæði fyrir og eftir miðilsfundi. Hann fann engin falin holrúm í þeim. - Suma hlutina átti Tilraunafélagið ekki. Sítarinn sem hreyfðist oft í loftinu var til dæmis fenginn að láni frá Brynjólfi Þorlákssyni. - II átti enga af þessum hlutum.

*Samanburður fyrirbæra sem gerðust í návist
Indriða miðils (I) og Daniels Dunglas Home (H).*

<i>Transfyrirbæri</i>		
H	I	Miðill fellur í trans.
H		Transtal.
<i>Högg</i>		
H		Snark eins og rafrufanir.
H	I	Smellir í loftinu.
H	I	Bank að ósk fundarmanna.
H	I	Högg sem heyrast á miðlinum sjálfum.
H	I	Há og þung högg.
<i>Vindgustur</i>		
H	I	Kaldur eða heitur vindgustur.
H	I	Nægilega sterkur vindgustur til að feykja pappír.
	I	Vindgustur eins og einhver blási með munninum.
<i>Lyktarfyrirbæri</i>		
H	I	Skyndilegur ilmur í návist miðils.
H	I	Önnur lykt, til dæmis af þangi.
H	I	Lykt festist við fundarmenn eftir snertingu við miðil.
<i>Fyrirbæri tengd tilraunum til heilunar</i>		
H		Undarlegir hitageislar frá miðli.
	I	Skurðaðgerð án áhalda.
	I	Sár læknað algjörlega á fáum mínútum.
<i>Hlutiferla og hlutflutningur</i>		
H	I	Hlutir skjálfa.
H		„Jarðskjálftaáhrif“ – fundarherbergið skelfur eins og í jarðskjálfta.
H	I	Hlutir færast stutta vegalengd.
H		Léttir hlutir færast langa vegalengd.
H	I	Þungir hlutir færast stutta vegalengd.
H	I	Þungir hlutir færast langa vegalengd.
H	I	Gluggatjöld dregin fyrir og frá eftir óskum.
H	I	Ljós slökkt.
H		Hristingur.
H		Hlutir falla ekki af borði sem hristist.
H	I	Léttir hlutir lyftast hátt.
H	I	Þungir hlutir lyftast.
<i>Hlutir hreyfast í loftinu án snertingar</i>		
H	I	Þungir og léttir hlutir hreyfast um langan veg.
H	I	Léttir hlutir hreyfast um langan veg.
	I	Þungir hlutir hreyfast um langan veg.
	I	Hlutir hreyfast eins og þeim hafi verið fleygt af afli.
	I	Hlutur færast milli staða án þess að hreyfingin sjáist.
<i>Fyrirbæri tengd hljóðferum</i>		
H	I	Hljóðfæri leika án þess að neinn snerti þau.
	I	Spiladós spilar af sjálfu sér.
H	I	Hljóðfæri leika en hreyfast í lausu lofti um leið.

<i>Hreyfing og færsla fólks</i>		
H		Miðill gengur um í myrkri án þess að rekast á húsgögn.
	I	Miðill er dreginn eftir gólfinu eða kastað til.
H	I	Miðill er færður til.
H		Annað fólk en miðill er fært til á meðan á fundi stendur.
H	I	Miðill er „fluttur“ langan veg.
<i>Festing hluta eða miðils</i>		
H	I	Fundarmenn geta ekki hreyft til líkama eða limi miðils.
H	I	Fundarmenn geta ekki hreyft við hlutum eða stöðvað hluti á hreyfingu.
H		Hlutir léttast eða þyngjast skv. óskum.
<i>Ljós fyrirbæri</i>		
H	I	Eldleiftur eða eldhnettir.
H		Lítil ljós, stjörnur eða „fosförlögir“ hnettir – hugsanlega sjálflýsandi - í loftinu.
H	I	Lýsandi ský.
	I	Stór og smá ljósleiftur á veggjum.
	I	Ljósrákir, allt að tveir og hálfur til þrír metrar að lengd.
H		Lýsandi hlutir, fatnaður, bréf o.fl.
H		Lýsandi hendur, höfuð o.fl. á miðli.
H	I	Lýsandi efnisgervingar.
<i>Efnisgervingar</i>		
H	I	Aðeins skuggar eða útlit efnisgerðra fingra sjást.
H	I	Aðeins hönd eða fótur sést.
H	I	Aðeins skuggi eða útlínur mannvera sjást.
H	I	Heil efnisgerð mannvera sést.
H	I	Fundarmenn snerta efnisgerða fingur.
	I	Fundarmenn snerta efnisgerða limi eða bók sem ekki fer burt.
	I	Skrímslisleg skepna sést*.
<i>Snertingar frá að því virðist efnisgerðum verum</i>		
H	I	Fundarmenn snertir.
H	I	Hlutir dregnir.
H		Togað í fót fundarmanna.
H	I	Fundarmenn kysstir.
	I	Vandlega festir hlutir losaðir.
	I	Fundarmenn dregnir eða slegnir af afli.
<i>„Eldtilraunin“</i>		
H		Miðill snertir eitthvað sem brennur án þess að meiðast.
<i>Af efnisgerving</i>		
	I	Einn útlímur miðils verður ósnertanlegur.
<i>Breyting á stærð miðils</i>		
H		Lenging.
H		Miðill verður lægri eða minni.
<i>Fyrirbæri tengd kjarnaútdrætti eða framleiðslu</i>		
H		Miðill „dregur til sín“ ilm frá blómi.
H		Vökvi er dreginn úr einhverju, til dæmis áfengi úr brandii.
H		Vökvi „færður“ úr glasi eða settur aftur í glas.
	I	Miðill framleiðir óþekkt efni.

* Mörg öflug fyrirbæri var skráð að hefðu gerst í fullri dagsbirtu í návist Indriða veturinn 1907–1908 sem ásókn eða reimleikar.

<i>Hljóð heyrast í fjarlægð frá miðli</i>		
H	I	Hlátur.
H	I	Hófatak.
H	I	Fótatak.
H		Tónar eða bjöllumliður.
H	I	Skrjáf í klæðnaði eins og einhver sé á hreyfingu.
H		Blístur, vængjatak, fuglstíst.
	I	Suð.
<i>Bein raddfyrirbæri (raddir sem heyrast langt frá miðlinum)</i>		
H	I	Hvísl.
H	I	Fáein orð sögð.
		Raddir tala í gegnum lúðra sem hreyfast í loftinu.
	I	Raddir tala án lúðra.
	I	Raddir syngja.
	I	Tvær raddir syngja í einu.
<i>Fyrirbæri tengd skrift</i>		
	I	Ósjálfráð skrift.
H	I	Andi skrifar í gegnum miðil í transi.
H	I	Bein skrift, það er að segja penni skrifar án þess að neinn snerti hann.
H	I	Undirskrift frægs einstaklings fengin með beinni ritun.
<i>Flutningur í gegnum efni</i>		
	I	Flutningur hlutar í gegnum efni.
	I	Flutningur miðils í gegnum efni.
<i>Fyrirbæri „hugræns“ eðlis</i>		
H	I	Miðill sér sýnir.
	I	Miðill lýsir atburði „beint“, þ.e. þegar hann er að gerast.
H		Miðill „les“ hugsanir annars einstaklings.
H	I	Miðill lýsir liðnum atburðum.
H	I	Miðill staðhæfir að hann sjái látið fólk.
	I	Miðill þekkir látinn einstakling eftir mynd þótt hann hafi aldrei séð hann.
	I	Miðill talar tungumál sem hann kann ekki sjálfur.
H	I	Miðill miðlar þekkingu frá greinilega látnum einstaklingi.
<i>Almennt</i>		
H	I	Tvö eða fleiri fyrirbæri gerast samtímis sem einn maður gæti ekki framkvæmt.
H		Fyrirbæri gerast oft í fullri dagsbirtu.
	I	Fyrirbæri gerast sjaldan í fullri dagsbirtu.
H		Litlum hópi leyft að sitja fundi.
	I	Stórum hópi leyft að sitja fundi.
H		Fyrirbæri gerast sjaldan skyndilega utan funda.
	I	Fyrirbæri gerast oft skyndilega utan funda.

Listi yfir fundarmenn á miðilsfundum, framliðna þátttakendur og aðra einstaklinga sem vottuðu eða gerðu athugasemdir við miðilsstörf Indriða.

Nöfn	Fædd - dái	Starf	Búseta	Aths.
Ari Jónsson				
Agúst H. Bjarnason	1875-1952	náttúrufræðingur	Reykjavík	gagnrýnandi
Ásgeir Sigurðsson	18XX-1936	konsúll Breta	Reykjavík	
Björn Jónsson	1846-1912	Íslandsráðherra	Reykjavík	stofnandi Til-raunafélagsins
Björn Kristjánsson	1858-1939	þingmaður	Reykjavík	
Björn Ólafsson	1862-1909	skurðlæknir	Reykjavík	aðstm. Guðm. Hannessonar
Brynjólfur Þorláksson	1867-1950	dómorganisti	Reykjavík	
Dagný Auðuns	1908-1991		Reykjavík	eiginkona sr. Jóns Auðuns
Daniel Cornelius Danielsson	1815-1894	læknir	Noregur	framliðinn, „norski læknirinn“
Edvard Grieg	1805-1907	tónskáld	Noregur	
Einar H. Kvaran	1859-1938	ritstjóri, skáld	Reykjavík	eiginmaður Gíslínu Kvaran
Engilbert Gíslason	1877-1971		Reykjavík	
Eufemia Waage	1881-1960		Reykjavík	dóttir Indriða Einarssonar
Francois Eugene Malibran	1781-1836	plantekrueigandi	New York	framl., eiginmaður Maria Malibran
Geir T. Zoëga	1857-1928	rektor Latínusk.	Reykjavík	
Gísli Pétursson				
Gíslína Kvaran	1866-1945		Reykjavík	eiginkona Einars H. Kvaran
Gróa Brynjólfsson			Reykjavík	eiginkona Skafta Brynjólfssonar
Guðmundur Hannesson	1866-1946	prófessor, læknir	Reykjavík	eiginmaður Karólínu Ísleifsd.
Guðmundur Jakobsson	1860-1933		Reykjavík	
Guðmundur Jónsson (Kamban)	1888-1945	skáld	Reykjavík	
Guðni Jónsson	1843-?	bóndi	Grimsstaðir	eiginmaður Guðnýjar Nielsd.
Guðný Guðmundsson			Gufudalur	ekkja Sigmundar Guðmundss.
Guðný Nielsdóttir	1856-1947	systir Haraldar Nielssonar	Grimsstaðir	eiginkona Guðna Jónssonar, móðir Jónu Guðnadóttur

Nöfn	Fædd - dái	Starf	Búseta	Aths.
Guðrún Ósvífursdóttir	13. öld			framliðin, sögupersóna
Hallgrímur Pétursson	1614-1674	prestur og skáld	Saurbær	framliðinn, róaði Jón Einarsson
Hallgrímur Sveinsson	1841-1909	biskup	Reykjavík	frændi Haraldar Nielssonar
Haraldur Nielsson	1868-1928	prestur, próf.	Reykjavík	stofnandi Tilraunafélagsins
Hinrik Erlendsson	1879-1930		Reykjavík	
Indriði Einarsson	1851-1939	leikskáld	Reykjavík	frændi Indriða miðils
Indriði Gíslason	1822-1898		Hvoll, Saurbæ	framliðinn, aðalstjórnandi, afi Indriða miðils
Ingibjörg S. Pálmadóttir			Reykjavík	
Ingveldur Brandsdóttir	1892-1941		Reykjavík	fyrri eiginkona Indriða miðils
Jakob Jónsson	1904-1989	prestur	Reykjavík	
John King				framliðinn
Jón Auðuns	1905-1981	prófastur	Reykjavík	eiginmaður Dagnýjar Auðuns
Jón Einarsson	1856-1906	sjómaður	Vestm.	framliðinn, truflandi andi
Jón Fjeldsted	1878-1932		Reykjavík	
Jón Jónsson	-1906	sjúklingur	Reykjavík	
Jóna Guðnadóttir	1892-1909		Reykjavík	síðari kona Indriða miðils, dóttir Guðnýjar Nielsdóttur
Jónas Haralz	1919-2012	bankastjóri	Reykjavík	bróðir Sigurðar Haralz, sonur Haraldar Nielssonar
Július Ólafsson				
Jörgen Jörgenson	1780-1841	ævintýramaður	Danmörk	framliðinn, Jörundur Hundadagakonungur
Karólína Ísleifsdóttir	1871-1927		Reykjavík	eiginkona Guðmundar Hannessonar
Kjartan Ólafsson	13. öld			framliðinn, sögupersóna
Konráð Gíslason	1808-1891	prófessor	Kaupmhöfn	framliðinn, aðalstjórnandi, afabróðir Indriða
Kristín Simonarson				
Kristján Albertsson	1897-1989	rithöfundur	Reykjavík	
Kristján Linnet	1881-1958	sýslumaður	Reykjavík	
Lovísa Jensen				
Magnús Ólafsson	1862-1937	ljósmyndari	Reykjavík	

Nöfn	Fædd - dái	Starf	Búseta	Aths.
Maria Felicia Malibran	1808-1836	söngkona	París	framliðin, eiginkona Francois E. Malibran
Matthías Jochumsson	1835-1920	skáldprestur	Akureyri	
Oddný Smith				framliðin
Ól. Dav.				framliðinn, sennilega stjórnandi
Páll Einarsson	1868-1954		Reykjavík	
Páll Oddgeirsson	1888-1971	kaupmaður	Reykjavík	bróðir Þórðar Oddgeirssonar
Ragnheiður Bjarnadóttir				
Sigmundur Guðmundsson	1838-1897		Gufudalur	framliðinn
Sigríður Björnsson			Reykjavík	frænka Haraldar Nielssonar
Sigurður Gunnarsson	1848-1936	prestur	Stykkish.	eiginmaður Soffíu E. Einaradóttur
Sigurður Haralz	1901-1990	sjómaður	Reykjavík	sonur Haraldar Nielssonar
Sk.Th.				ungur maður
Skafti Brynjólfsson			Reykjavík	eiginmaður Gróu Brynjólfsson
Soffía E. Einaradóttir	1841-1902		Stykkish.	eiginkona Sigurðar Gunnarss.
Stefán Stefánsson		skólastjóri	Reykjavík	kvaðst neitað um aðgang að fundi
Steinn Steinsen	1828-1883	prestur	Hvammur	framliðinn, stjórnandi
Sveinbjörn Sveinbjörnsson	1847-1927	tónskáld	Edinborg	
Sveinn Sveinsson		smiður	Reykjavík	
Thomas Emil Jensen	1848-1898	verksmiðjueigandi	Kaupmhöfn	framliðinn, bruninn í Kaupm.höfn
Þorgrímur Guðmundsen	-1907			framliðinn
Þorkell Þorláksson	1869-1946	sendiráðsritari	Reykjavík	bróðir Brynjólfs Þorlákssonar
Þorsteinn Bjarnason		vinnumaður	Grimsstaðir	
Þórarinn Þ. Guðmundsson			Reykjavík	
Þórbergur Þórðarson	1888-1974	rithöfundur	Reykjavík	
Þórður			Leira	framliðinn
Þórður Oddgeirsson	1883-1966	prestur	Reykjavík	bróðir Páls Oddgeirssonar

Byggt á skrá Walter Meyer zu Erpen og Erlendar Haraldssonar.

Aftanmálsgreinar

TÍLVÍSANIR Í HEIMILDIR

- ¹ Einar H. Kvaran, 1906, 8
- ² Einar H. Kvaran, 1934
- ³ Haraldur Nielsson, 1922b, 450
- ⁴ Haraldur Nielsson, 1924a, 233
- ⁵ Þórbergur Þórðarson, 1942, 1-2
- ⁶ Haraldur Nielsson, 1922b, 452
- ⁷ Karlotta J. Blöndal, 2015
- ⁸ Sjá einkum Guðmundur Hannesson, 1924b; Einar H. Kvaran, 1910; Haraldur Nielsson, 1919b; 1922a; 1925
- ⁹ Haraldur Nielsson, 1922b
- ¹⁰ Haraldur Nielsson, 1924b
- ¹¹ Til dæmis Haraldur Nielsson, 1923
- ¹² Guðmundur Hannesson, 1908 – 1909; 1924a
- ¹³ Haraldur Nielsson, 1924a, 235
- ¹⁴ Einar H. Kvaran, 1906; 1910; Haraldur Nielsson, 1930; Guðmundur Hannesson, 1910 – 1911
- ¹⁵ Haraldur Nielsson, 1922b, 10
- ¹⁶ Haraldur Nielsson, 1922b, 451
- ¹⁷ Einar H. Kvaran, 1934
- ¹⁸ Haraldur Nielsson, 1919b, 344
- ¹⁹ Haraldur Nielsson, 1919b, 344
- ²⁰ Haraldur Nielsson, 1922b, 451
- ²¹ Einar H. Kvaran, 1959, 68-70
- ²² Haraldur Nielsson, 1924a, 235
- ²³ Haraldur Nielsson, 1922a, 30
- ²⁴ Haraldur Nielsson, 1912
- ²⁵ Haraldur Nielsson, 1924b; Þórbergur Þórðarson, 1942
- ²⁶ Þórbergur Þórðarson, 1942, 99
- ²⁷ Guðmundur Hannesson, 1951, 26-27
- ²⁸ Haraldur Nielsson, 1924a, 234-235
- ²⁹ Guðmundur Hannesson, 1910 – 1911, 208
- ³⁰ Einar H. Kvaran, 1934
- ³¹ Þórbergur Þórðarson, 1942, 4
- ³² Haraldur Nielsson, 1924a; 1922b, 452
- ³³ Haraldur Nielsson, 1925; 1930
- ³⁴ Guðmundur Hannesson, 1908–1909, 7
- ³⁵ Þórbergur Þórðarson, 1942
- ³⁶ Einar H. Kvaran 1906, 8-11
- ³⁷ Einar H. Kvaran, 1906, 11
- ³⁸ Einar H. Kvaran, 1906, 16

- ³⁹ Einar H. Kvaran, 1906, 18
⁴⁰ Haraldur Nielsson, 1919b, 344; Einar H. Kvaran, 1906, 12-16
⁴¹ Einar H. Kvaran, 1906, 16-18
⁴² Einar H. Kvaran, 1906, 18
⁴³ Einar H. Kvaran, 1906, 19
⁴⁴ Einar H. Kvaran, 1906, 19
⁴⁵ Haraldur Nielsson, 1919a, 3
⁴⁶ Einar H. Kvaran, 1906, 17
⁴⁷ Haraldur Nielsson, 1919a, 3
⁴⁸ Einar H. Kvaran, 1906, 20 - 22
⁴⁹ Þórbergur Þórðarson, 1942, 97-98
⁵⁰ Einar H. Kvaran, 1906, 20-21; Haraldur Nielsson, 1922b, 452
⁵¹ Einar H. Kvaran, 1906, 20
⁵² Haraldur Nielsson, 1922b, 452
⁵³ Einar H. Kvaran, 1906, 20-21
⁵⁴ Einar H. Kvaran, 1906, 21-22
⁵⁵ Einar H. Kvaran, 1906, 21
⁵⁶ Einar H. Kvaran, 1906, 21
⁵⁷ Einar H. Kvaran, 1906, 22
⁵⁸ Einar H. Kvaran, 1906, 22
⁵⁹ Haraldur Nielsson, 1922b, 452
⁶⁰ Haraldur Nielsson, 1922b, 452
⁶¹ Þórbergur Þórðarson, 1942, 97
⁶² Einar H. Kvaran, 1906, 22-23
⁶³ Einar H. Kvaran, 1906, 22
⁶⁴ Einar H. Kvaran, 1906, 22-23
⁶⁵ Haraldur Nielsson, 1922b, 453
⁶⁶ Haraldur Nielsson, 1922b, 453
⁶⁷ Einar H. Kvaran, 1906, 23; 1910, 45
⁶⁸ Haraldur Nielsson, 1922b, 453
⁶⁹ Einar H. Kvaran, 1906, 23; 1910, 45; Haraldur Nielsson, 1922b, 454-455
⁷⁰ Haraldur Nielsson, 1922b, 454
⁷¹ Einar H. Kvaran, 1910, 45; Haraldur Nielsson, 1922b, 455
⁷² Einar H. Kvaran, 1906, 23
⁷³ Haraldur Nielsson, 1922a, 13
⁷⁴ Haraldur Nielsson, 1919b, 344; 1922b, 455
⁷⁵ Guðmundur Hannesson, 1908-1909, 9
⁷⁶ Einar H. Kvaran, 1906, 24-25
⁷⁷ Eufemia Waage, 1949, 165
⁷⁸ Einar H. Kvaran, 1910, 45; Haraldur Nielsson, 1922b, 455
⁷⁹ Einar H. Kvaran, 1906, 24
⁸⁰ Haraldur Nielsson, 1919, 344; 1922a, 13; 1922b, 455
⁸¹ Einar H. Kvaran, 1910, 46
⁸² Einar H. Kvaran, 1906, 25-26
⁸³ Einar H. Kvaran, 1910, 45; Haraldur Nielsson 1919b, 344; Þórbergur Þórðarson, 1942, 13
⁸⁴ Einar H. Kvaran, 1906, 26
⁸⁵ Einar H. Kvaran, 1906, 26; 1934
⁸⁶ Haraldur Nielsson, 1922a, 12; 1922b, 453
⁸⁷ Haraldur Nielsson, 1922a, 12
⁸⁸ Einar H. Kvaran, 1906, 26; 1934
⁸⁹ Þórbergur Þórðarson, 1942, 13
⁹⁰ Haraldur Nielsson, 1922b, 453-454; sjá einnig Haraldur Nielsson, 1922a, 17-18

-
- ⁹¹ Einar H. Kvaran, 1934
⁹² Einar H. Kvaran, 1906, 38
⁹³ Erlendur Haraldsson og Stevenson, 1975
⁹⁴ Haraldur Nielsson, 1922b, 456
⁹⁵ Einar H. Kvaran, 1910, 46
⁹⁶ Einar H. Kvaranm 1910, 46
⁹⁷ Þórbergur Þórðarson, 1942, 102
⁹⁸ Politiken, 25. nóvember 1905
⁹⁹ Berlingske Tidende, 25. nóvember 1905
¹⁰⁰ Þorsteinn Sæmundsson
¹⁰¹ Þórbergur Þórðarson, 1942, 102-103
¹⁰² Þórbergur Þórðarson, 1942, 100-102
¹⁰³ Broad, 1950; 1969; Erlendur Haraldsson og Gerding, 2010
¹⁰⁴ Kant, 1763
¹⁰⁵ Broad, 1950; 1969
¹⁰⁶ John Poynton, 2004, 262-268
¹⁰⁷ Haraldur Nielsson, 1922a
¹⁰⁸ Einar H. Kvaran, 1910
¹⁰⁹ Einar H. Kvaran, 1910; Haraldur Nielsson, 1922a
¹¹⁰ Einar H. Kvaran, 1910, 46
¹¹¹ Kragh, 2008
¹¹² Einar H. Kvaran, 1906, 27-32; 1910, 45
¹¹³ Einar H. Kvaran, 1906, 29-30
¹¹⁴ Einar H. Kvaran, 1906, 31
¹¹⁵ Haraldur Nielsson, 1919b, 344
¹¹⁶ Haraldur Nielsson, 1922a, 19
¹¹⁷ Haraldur Nielsson, 1922a, 19
¹¹⁸ Einar H. Kvaran, 1906, 32
¹¹⁹ Einar H. Kvaran, 1906, 32
¹²⁰ Þórbergur Þórðarson, 1942, 14-23
¹²¹ Haraldur Nielsson, 1919a, 75
¹²² Haraldur Nielsson, 1919, 344
¹²³ Einar H. Kvaran, 1906, 38; Haraldur Nielsson, 1919a, 19; 1922b, 455-456
¹²⁴ Nánari umfjöllun er í Carrington, 1906-1907, og Hyslop, 1907
¹²⁵ Parker
¹²⁶ Fodor, 1966, 115-116
¹²⁷ Einar H. Kvaran, 1910, 46
¹²⁸ Einar H. Kvaran, 1906, 40-41
¹²⁹ Einar H. Kvaran, 1906, 41
¹³⁰ Einar H. Kvaran, 1906, 37
¹³¹ Einar H. Kvaran, 1906, 40-42
¹³² Thurston, 1952; Erlendur Haraldsson, 2013
¹³³ Einar H. Kvaran, 1906, 42
¹³⁴ Einar H. Kvaran, 1906, 42
¹³⁵ Fjallkonan, 1906, 38
¹³⁶ Fjallkonan, 1906, 38
¹³⁷ Ísafold, 1906, 63
¹³⁸ Einar H. Kvaran, 1906, 38
¹³⁹ Einar H. Kvaran, 1906, 39
¹⁴⁰ Þórbergur Þórðarson, 1942, 53
¹⁴¹ Þórbergur Þórðarson, 1942, 104
¹⁴² Haraldur Nielsson, 1924a, 234
¹⁴³ Einar H. Kvaran, 1910, 47; Haraldur Nielsson, 1922b, 456

- ¹⁴⁴ Einar H. Kvaran, 1934; Haraldur Nielsson, 1922a, 20
- ¹⁴⁵ Einar H. Kvaran, 1934; Haraldur Nielsson, 1922a, 20
- ¹⁴⁶ Einar H. Kvaran 1910, 47
- ¹⁴⁷ Einar H. Kvaran 1910, 47
- ¹⁴⁸ Einar H. Kvaran, 1934
- ¹⁴⁹ Haraldur Nielsson, 1922a, 20
- ¹⁵⁰ Þórbergur Þórðarson, 1942, 99
- ¹⁵¹ Þórbergur Þórðarson, 1942, 99-100
- ¹⁵² Þórbergur Þórðarson, 1942, 100
- ¹⁵³ Þórbergur Þórðarson, 1942, 100
- ¹⁵⁴ Einar H. Kvaran, 1910, 46
- ¹⁵⁵ Haraldur Nielsson, 1919b, 344; 1922a, 22; 1922b, 458
- ¹⁵⁶ Haraldur Nielsson 1919b, 344
- ¹⁵⁷ Haraldur Nielsson, 1922a, 22
- ¹⁵⁸ Haraldur Nielsson, 1922b, 459
- ¹⁵⁹ Haraldur Nielsson, 1922b, 457-458
- ¹⁶⁰ Einar H. Kvaran, 1910, 48-49
- ¹⁶¹ Einar H. Kvaran, 1934
- ¹⁶² Þórbergur Þórðarson, 1942, 4
- ¹⁶³ Þórbergur Þórðarson, 1942, 104
- ¹⁶⁴ Haraldur Nielsson, 1919b, 350; 1922a, 23-24
- ¹⁶⁵ Haraldur Nielsson, 1922a, 23-24
- ¹⁶⁶ Haraldur Nielsson, 1919b, 350
- ¹⁶⁷ Jakob Jónsson, 1984
- ¹⁶⁸ Tarchini, 1947
- ¹⁶⁹ Þórbergur Þórðarson, 1942, 92-96
- ¹⁷⁰ Þórbergur Þórðarson, 1942, 92-96
- ¹⁷¹ Claudewitz, 2010; Weaver, 1992
- ¹⁷² Haraldur Nielsson, 1924b; Einar H. Kvaran, 1910
- ¹⁷³ Haraldur Nielsson, 1930, 171; Þórbergur Þórðarson, 1942, 24
- ¹⁷⁴ *Reykjavík*, 1906a, 185
- ¹⁷⁵ Haraldur Nielsson, 1925, 91; 1930, 172
- ¹⁷⁶ Haraldur Nielsson, 1925, 92
- ¹⁷⁷ Haraldur Nielsson, 1930, 173
- ¹⁷⁸ Haraldur Nielsson, 1924b, 151
- ¹⁷⁹ Haraldur Nielsson, 1925, 92-94; 1930, 176-178
- ¹⁸⁰ Haraldur Nielsson, 1925, 92-93
- ¹⁸¹ Haraldur Nielsson, 1925, 93
- ¹⁸² Haraldur Nielsson, 1924b, 152-153
- ¹⁸³ Haraldur Nielsson, 1922b, 461
- ¹⁸⁴ Haraldur Nielsson, 1924b; 1925; 1930
- ¹⁸⁵ Haraldur Nielsson, 1924b, 148
- ¹⁸⁶ Haraldur Nielsson, 1930, 179
- ¹⁸⁷ Haraldur Nielsson, 1930, 179-181
- ¹⁸⁸ Haraldur Nielsson, 1924b, 154-155
- ¹⁸⁹ Haraldur Nielsson, 1924b, 155
- ¹⁹⁰ Haraldur Nielsson, 1930, 181
- ¹⁹¹ Haraldur Nielsson, 1925, 96; 1930, 181-182
- ¹⁹² Haraldur Nielsson 1930, 181; 1925, 96-97
- ¹⁹³ Haraldur Nielsson, 1925, 97
- ¹⁹⁴ Haraldur Nielsson, 1930, 182-184; Þórbergur Þórðarson, 1942, 24-32
- ¹⁹⁵ Þórbergur Þórðarson, 1942, 31
- ¹⁹⁶ Haraldur Nielsson, 1925, 99

-
- ¹⁹⁷ Haraldur Nielsson, 1925, 99-100
¹⁹⁸ Haraldur Nielsson, 1925, 101-102
¹⁹⁹ Haraldur Nielsson, 1925, 101-102
²⁰⁰ Þórbergur Þórðarson, 1942, 41
²⁰¹ Þórbergur Þórðarson, 1942, 59-60
²⁰² Haraldur Nielsson, 1925, 102-103
²⁰³ Haraldur Nielsson, 1925, 102-103
²⁰⁴ Haraldur Nielsson, 1925, 103; 1930, 188-189; Þórbergur Þórðarson, 1942, 43
²⁰⁵ Haraldur Nielsson, 1925, 103-104
²⁰⁶ Haraldur Nielsson, 1925, 104-105; 1930, 189; Þórbergur Þórðarson, 1942, 43-44
²⁰⁷ Haraldur Nielsson, 1924b, 161
²⁰⁸ Haraldur Nielsson, 1925, 105; 1930, 189-190
²⁰⁹ Þórbergur Þórðarson, 1942, 52-53
²¹⁰ Þórbergur Þórðarson, 1942, 53
²¹¹ Þórbergur Þórðarson, 1942, 45-47
²¹² Erlendur Haraldsson og Stevenson, 1975
²¹³ Erlendur Haraldsson, 2012c
²¹⁴ Crookes, 1874, 1972; Medhurst, 1972
²¹⁵ Myers, 1903, 226-227
²¹⁶ Erlendur Haraldsson, 2009
²¹⁷ Erlendur Haraldsson, 2009; 2012a
²¹⁸ Erlendur Haraldsson, 2012a, 228; Stevenson, 2001, 165
²¹⁹ Haraldur Nielsson, 1922a, 17; 1924a, 234
²²⁰ Haraldur Nielsson, 1925, 108
²²¹ Haraldur Nielsson, 1930, 193-194
²²² Þórbergur Þórðarson, 1942, 87
²²³ Einar H. Kvaran, 1910, 48
²²⁴ Haraldur Nielsson, 1919b, 350
²²⁵ Haraldur Nielsson, 1922b, 459
²²⁶ Sigurður Haralz, 1985
²²⁷ Sigurður Haralz, 1985
²²⁸ Guðmundur Hannesson, 1924a, 217; 223
²²⁹ Þórbergur Þórðarson, 1942, 89
²³⁰ Þórbergur Þórðarson, 1942, 73-78
²³¹ Stevenson, 1984
²³² Þórbergur Þórðarson, 1942, 79-81
²³³ Til dæmis Bushnell, 1979
²³⁴ Þórbergur Þórðarson, 1942, 88
²³⁵ Dunraven, 1924; Randall, 2010
²³⁶ Coleman, 1861, 49-50
²³⁷ Wolfe, 1874, 49-50
²³⁸ Bennett, 1907, 34-35
²³⁹ Peter Mulacz
²⁴⁰ Hyslop, 1918
²⁴¹ Perla Kolka, 2010
²⁴² Bozzano, 1943; 1982
²⁴³ Rogo, 1970; 1972
²⁴⁴ Einar H. Kvaran, 1906, 36-37
²⁴⁵ Þórbergur Þórðarson, 1942, 68-69
²⁴⁶ Haraldur Nielsson, 1922a, 14-15
²⁴⁷ Þórbergur Þórðarson, 1942, 86-87
²⁴⁸ Þórbergur Þórðarson, 1942, 84
²⁴⁹ Þórbergur Þórðarson, 1942, 84-85

- ²⁵⁰ Berger og Berger, 1991, 225-226
²⁵¹ Eufemia Waage, 1949, 165
²⁵² Matthias Jochumsson, 1940, 411-412
²⁵³ Home, 1863 & 1872; endurútgefin 2007
²⁵⁴ Home, 1863 & 1872; endurútgefin 2007, 19
²⁵⁵ Home, 1863 & 1872; endurútgefin 2007, 27
²⁵⁶ Home, 1863 & 1872; endurútgefin 2007, 27
²⁵⁷ Zorab, 1970
²⁵⁸ Dunraven, 1870; 1924; endurútgefin 2011, 7
²⁵⁹ Home, Julie 1888, 1890
²⁶⁰ Lamont, 2005
²⁶¹ Waddington, 2007
²⁶² Jenkins, 1982
²⁶³ Dunraven, 1870; 1924; endurútgefin 2011, 6-7
²⁶⁴ Gregory, 1968; 1985
²⁶⁵ Grunewald, 1922a; 1922b
²⁶⁶ Universitetskomitéen i Kristiania, 1922
²⁶⁷ Norsk Selskab for psykisk forskning, 1922
²⁶⁸ Dingwall, 1922, 327-328
²⁶⁹ Einar H. Kvaran, 1924
²⁷⁰ Erlendur Haraldsson, 2010
²⁷¹ Lögrétta, 1908; Reykjavík, 1908b
²⁷² Lögrétta, 1908, 207
²⁷³ Einar H. Kvaran, 1908, 278
²⁷⁴ *Reykjavík*, 1908a
²⁷⁵ Ágúst H. Bjarnason, 1906, 82
²⁷⁶ Einar H. Kvaran, 1934
²⁷⁷ Sigurður Haralz, 1985
²⁷⁸ *Reykjavík*, 1906b, 43
²⁷⁹ *Reykjavík*, 1908b, 197
²⁸⁰ *Reykjavík*, 1908b, 205-206
²⁸¹ Einar H. Kvaran, 1908c, 278
²⁸² Guðmundur Hannesson, 1924b, 266-267
²⁸³ Guðmundur skrifað, 1951, 147
²⁸⁴ Einar H. Kvaran, 1906
²⁸⁵ Haraldur Nielsson, 1922b 462; 1924a, 235
²⁸⁶ Haraldur Nielsson, 1922a, 27-28
²⁸⁷ Haraldur Nielsson, 1922b, 462; 1924a, 235
²⁸⁸ Guðmundur Hannesson, 1910-1911
²⁸⁹ Guðmundur Hannesson, 1924b
²⁹⁰ Guðmundur Hannesson, 1951; 173
²⁹¹ Guðmundur Hannesson, 1951, 27-31
²⁹² Guðmundur Hannesson, 1951, 27-29
²⁹³ Guðmundur Hannesson, 1951, 30
²⁹⁴ Guðmundur Hannesson, 1924b, 246
²⁹⁵ Guðmundur Hannesson, 1924b, 248
²⁹⁶ Guðmundur Hannesson, 1951, 34
²⁹⁷ Guðmundur Hannesson, 1951, 34-35
²⁹⁸ Guðmundur Hannesson, 1951
²⁹⁹ Guðmundur Hannesson, 1924b, 250
³⁰⁰ Guðmundur Hannesson, 1951, 39-40
³⁰¹ Guðmundur Hannesson, 1951, 41
³⁰² Guðmundur Hannesson, 1951, 41

³⁰³ Guðmundur Hannesson, 1951, 41-42
³⁰⁴ Haraldur Nielsson, 1922b, 463
³⁰⁵ Guðmundur Hannesson, 1951, 44
³⁰⁶ Guðmundur Hannesson, 1951, 45
³⁰⁷ Guðmundur Hannesson, 1951, 163
³⁰⁸ Sjá einkum Dingwall, 1947; Thurston, 1952, 15-18
³⁰⁹ Guðmundur Hannesson, 1908-1909, 1-12
³¹⁰ Guðmundur Hannesson, 1910-1911
³¹¹ Guðmundur Hannesson, 1924b, 258-260
³¹² Guðmundur Hannesson, 1924b, 258
³¹³ Guðmundur Hannesson, 1908-1909, 1-6
³¹⁴ Guðmundur Hannesson, 1951, 145-146
³¹⁵ Guðmundur Hannesson, 1924a
³¹⁶ Guðmundur Hannesson, 1924a, 218-222
³¹⁷ Guðmundur Hannesson, 1924a, 218-220
³¹⁸ Guðmundur Hannesson, 1924a, 220
³¹⁹ Guðmundur Hannesson, 1924a
³²⁰ Guðmundur Hannesson, 1924a, 223-224
³²¹ Guðmundur Hannesson, 1924a, 224
³²² Guðmundur Hannesson, 1951, 149
³²³ Guðmundur Hannesson, 1951, 147
³²⁴ Guðmundur Hannesson, 1951, 147
³²⁵ Guðmundur Hannesson, 1951, 148
³²⁶ Guðmundur Hannesson, 1924b, 261
³²⁷ Guðmundur Hannesson, 1951, 148
³²⁸ Guðmundur Hannesson, 1924a, 262
³²⁹ Guðmundur Hannesson, 1951, 150
³³⁰ Guðmundur Hannesson, 1951, 150
³³¹ Guðmundur Hannesson, 1951, 151
³³² Guðmundur Hannesson, 1951, 151-153
³³³ Guðmundur Hannesson, 1924b, 265; 1951, 153
³³⁴ Guðmundur Hannesson, 1924b, 265
³³⁵ Guðmundur Hannesson, 1951, 154-156
³³⁶ Guðmundur Hannesson, 1924a, 223
³³⁷ Guðmundur Hannesson, 1924a, 267
³³⁸ Guðmundur Hannesson, 1951, 156
³³⁹ Guðmundur Hannesson, 1951, 155-156
³⁴⁰ Guðmundur Hannesson, 1908-1909, 7
³⁴¹ Guðmundur Hannesson, 1908-1909, 9
³⁴² Guðmundur Hannesson, 1951, 163
³⁴³ Guðmundur Hannesson, 1951, 163
³⁴⁴ Þórbergur Þórðarson, 1942, 111
³⁴⁵ Haraldur Nielsson 1919b, 350; 1922a, 23
³⁴⁶ Guðmundur Hannesson, 1951, 147
³⁴⁷ Haraldur Nielsson, 1924a, 29
³⁴⁸ Haraldur Nielsson, 1922b, 464
³⁴⁹ Haraldur Nielsson, 1922a, 27
³⁵⁰ Þórbergur Þórðarson, 1942, 62-65
³⁵¹ Þórbergur Þórðarson, 1942, 63-64
³⁵² Þórbergur Þórðarson, 1942, 64-65
³⁵³ Haraldur Nielsson, 1919b, 350
³⁵⁴ Haraldur Nielsson, 1924b, 462-463
³⁵⁵ Þórbergur Þórðarson, 1942, 82-85

- ³⁵⁶ Þórbergur Þórðarson, 1942, 83
- ³⁵⁷ Þórbergur Þórðarson, 1942, 57-58
- ³⁵⁸ Þórbergur Þórðarson, 1942, 48
- ³⁵⁹ Einar H. Kvaran, 1910, 49
- ³⁶⁰ Haraldur Nielsson, 1924b, 454
- ³⁶¹ Þórbergur Þórðarson, 1942, 54-56; sjá einnig Einar H. Kvaran, 1910, 49
- ³⁶² Þórbergur Þórðarson, 1942, 87
- ³⁶³ Einar H. Kvaran, 1910, 48
- ³⁶⁴ Þórbergur Þórðarson, 1942, 72
- ³⁶⁵ Þórbergur Þórðarson, 1942, 72
- ³⁶⁶ Haraldur Nielsson, 1919b, 350
- ³⁶⁷ Haraldur Nielsson, 1922b, 459
- ³⁶⁸ Haraldur Nielsson, 1922a, 17; 1924a, 234
- ³⁶⁹ Haraldur Nielsson, 1925, 108
- ³⁷⁰ Haraldur Nielsson, 1930, 193-194
- ³⁷¹ Þórbergur Þórðarson, 1942, 88
- ³⁷² Guðmundur Hannesson, 1951, 156-157
- ³⁷³ Haraldur Nielsson, 1922a, 30
- ³⁷⁴ Haraldur Nielsson, 1912
- ³⁷⁵ Þórbergur Þórðarson, 1942, 119
- ³⁷⁶ Haraldur Nielsson, 1930, 198
- ³⁷⁷ Broad, 1969
- ³⁷⁸ Myers, 1903, 79
- ³⁷⁹ Stevenson, 1982; 2001
- ³⁸⁰ Erlendur Haraldsson, 2012b
- ³⁸¹ Haraldur Nielsson, 1922a
- ³⁸² Loftur R. Gissurarson, 1984
- ³⁸³ Loftur R. Gissurarson og Erlendur Haraldsson, 1989
- ³⁸⁴ Swatos og Loftur R. Gissurarson, 1997
- ³⁸⁵ Loftur R. Gissurarson og Erlendur Haraldsson, 2001
- ³⁸⁶ Erlendur Haraldsson, 2009
- ³⁸⁷ Erlendur Haraldsson, 2011; 2012a
- ³⁸⁸ Erlendur Haraldsson og Gerding, 2010